Sérhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 3 kindur framgengnar, skal fjallskil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja til menn í leitir, og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, sem gerð eru á hans kostnað, sökum vanræksla þessarar, helmingi hærra verði en verðlagsskrárdagsverk N.-Ís. er árlega.

13. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallgöngum og heimalandsgöngum skuli hagað. Skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, eftir þörfum, sem stjórni göngum leitarmanna og annist um, að allt fari vel og skipulega fram.

14. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna afhendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit, eða gera önnur þau fjallskil, er hann hefir verið kvaddur til samkvæmt fjallskilaseðli og eigi má fresta, skal hann borga þá vinnu, sem framkvæmd er á hans kostnað, samkvæmt 12. gr. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leitarmanna á hans leitarsvæði, telur óhæfan sökum ófullkomleika eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim, sem sendi hann, eftir því sem hæfa þykir.

15. gr.

Áður en leit byrjar skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði vísað frá, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað, er til leitarinnar þarf, sem vantar, ef þörf krefur, og nokkur kostur er á. Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt, ef eitthvað fer óskipulega fram, að ekki sé farið illa með skepnur, að fatlaðar kindur séu fluttar til byggða, að safnsins sé gætt vel þar til það

2 er í rétt komið og réttarstjóri tekur við stjórn, og yfir höfuð alls þess, er heyrir til
6. jan. góðu skipulagi í leitum.

16. gr.

Þar sem ekki er leitað til rétta, skal búandi hver nákvæmlega láta leita heimaland sitt og reka til réttar geldfénað allan, er þar finnst og hann og heimamenn hans ekki eiga.

17. gr.

Utansveitarmenn, sem geldfénað reka í sveitina til hagagöngu, skulu sem innansveitarmenn skyldir til að hlýða öllum fyrirskipunum hreppsnefndar, er að fjallskilum lúta.

V. KAFLI
Um réttir og réttahöld.

18. gr.

Í hreppi hverjum sé 1 eða 2 lögréttir og smáréttir svo margar, sem hreppsnefnd þykir þörf á.

Bændur þeir, er til smárétta sækja, skulu tafarlaust til lögréttar reka allan þann fénað úr smáréttum, er þeir eða nágrannar þeirra ekki eiga.

Lögréttir skulu vera sem næst afrétt sem kostur er á.

Skilarétt fer fram í lögrétt hverri í seinustu reglulegu leitum.

19. gr.

Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd í samráði við bændur, hvar réttir skuli vera í hreppnum. Hreppsnefnd sér um byggingu rétta og viðhald þeirra og jafnar byggingar- og viðhaldskostnaði þeirra niður á hreppsbúa eftir sauðfjárframtali þeirra það ár, sem rétt er byggð.

Þó má hreppsnefnd láta framkvæma smáviðgerðir á réttum á kostnað sveitarsjóðs.

20. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal það bæta landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er tilkvaddir séu af yfirvaldi eða dómkvaddir. Endurgjald til jarðeiganda sem og kostnaður af matsgerðinni greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

21. gr.

Við rétt hverja skulu vera svo margir dilkar, sem hreppsnefnd telur þörf, til þess að sundurdráttur fjárins geti farið greiðlega fram. Um byggingu dilka og viðhald þeirra fer eftir ákvæðum 19. gr.

22. gr.

Réttarstæði má hreppsnefnd breyta hafi $^2/_3$ fjallskilaskyldra búenda í réttarfélagi samþykkt það. Sé réttarstæði breytt, skal það auglýst í nærliggjandi hreppum. Eigi má synja um réttarstæði þar sem hreppsnefnd ákveður, ef eigi er ræktað land.

23. gr.

Við rétt hverja skal hreppsnefnd skipa réttarstjóra á sína ábyrgð. Réttarstjóri skal sjá um, að innrekstur fjárins byrji svo tímanlega sem hægt er og sundurdráttur fjárins fari greiðlega fram. Eru leitarmenn og fjáreigendur skyldir að hlýða fyrirskipunum hans, meðan á sundurdrætti fjárins stendur. Heimilt er réttarstjóra að láta kanna fé í dilkum, ef honum þykir þörf eða þess er krafist. Hann skal ráðstafa

fé því, er ekki er tekið í réttum og óskilafé, og yfir höfuð sjá um góða reglu í réttum. 2 6. jan.

24. gr.

Réttarstjóri sér um, að allir markleysingjar (ómarkaðir og eyrnaskemmdir) er í safni finnast séu dregnir sér í dilk, og skal þeim, er þess óska, gefinn kostur á að láta ær helga sér lömb sín, sem og koma fram með sönnun fyrir eignarrétti sínum á kindinni, með sérstökum einkennum eða öðru, undir umsjón manns, sem hreppsnefnd hefir til þess skipað. Ber honum ásamt réttarstjóra eða hreppstjóra að úrskurða um, hvort ær hafi helgað sér markleysing eða aðrar sannanir fyrir eignarréttinum séu teknar gildar.

25. gr.

Réttarstjóra ber að annast um, að dreginn sé allur sá fénaður, er séð verður hvar á heima, eftir markaskrám eða þekking áreiðanlegra manna og sem viðstaddir menn fást til að hirða og trúa má fyrir að koma til skila. Má enginn, sem til þess er kvaddur, skorast undan aðstoð við þetta.

Við drátt fénaðar gengur hornamark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimerki, ef eigi eiga fleiri hið sama, fyrir eyrna- og hornmarki, og greinilega áletrað spjald fyrir öðrum merkjum og mörkum. Þó er sá, sem forgangsmerkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess er krafist, hvernig hann hafi eignazt skepnuna, og svo hver annar eigandi merkja.

Enginn má marka kind eða merkja á rétt, nema undir umsjá réttarstjóra.

26. gr.

Í hverri rétt sé við hendina markaskrá sýslunnar ásamt markaskrám nærliggjandi sýslna, og annast hreppsnefnd um útvegun þeirra. Gamlar markaskrár falla úr gildi sem sönnunargagn fyrir eignarrétti á sauðfé, jafnskjótt og nýjum markaskrám hefir verið útbýtt.

27. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum í réttum, skulu reka þá þangað, er réttarstjóri ákveður. Fjárrekstrar að haustlagi skulu ganga bæ frá bæ sem beinasta leið áleiðis, og er hver búandi skyldur að annast þá til næsta búanda. Skulu þeir látnir ganga svo greiðlega sem verða má. Sé illa farið með fé í rekstrum eða þeim týnt, varðar það sektum samkvæmt 33. gr.

28. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá. Til þeirrar leitar skulu fjáreigendur leggja menn til leitar, sem um venjulegar haustleitir væri að ræða. Heimilt er einstökum mönnum að gera eftirleit, þó eigi fyr en hreppsnefnd hefir látið gera slíka leit, eða vissa er fyrir því, að leit verði ekki gerð að ráðstöfun hreppsnefndar. Finni einstakir menn fénað á afrétti eftir 1. nóv., er þeim heimilt að taka fundarlaun; náist ekki samkomulag um þau við eiganda, metur hreppsnefnd fundarlaunin, en ekki mega þau hærri vera en ¼ af verði kindarinnar.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar og klettafé.

29. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar allir, sem ær ekki helga sér, sbr. 24. gr. Óskilafé skal selt af hreppstjóra við opinbert uppboð í skilarétt. Andvirði þess innheimtir hreppstjóri, en hrepsnefnd geymir það

2 til 1. september næsta ár á eftir. Hreppstjóri sendir oddvita sýslunefndar fyrir lok
6. jan. nóvember, til birtingar í Lögbirtingablaðinu, lýsingu óskilafjár. Andvirði þess óskilafjár, sem enginn gefur sig fram sem eiganda að fyrir 1. september næsta ár, rennur í sveitarsjóð. Hreppsnefnd annast geymslu óskilafjár á milli leita. Hún ráðstafar fé úr öðrum hreppum og sýslum, sem óráðstafað er af eigendum í lögrétt hverri.

30. gr.

Finnist óskilafé eftir síðustu leitir, skal sá er finnur tafarlaust koma því til hreppstjóra, er selur það á opinberu uppboði, svo fljótt sem verða má, að undangenginni venjulegri uppboðsbirting. Hreppstjóri geymir óskilafé er þannig finnst, til þess það er boðið upp. Geymslukostnaður á öllu óskilfé, og öðru fé er hreppsnefnd geymir, er 10 aurar á kind um sólarhringinn, þó ekki meira en 2 kr. alls af kindinni. Eigendur fjár, sem í geymslu er, skulu greiða geymslukostnað, ella má halda eftir af fénu því, er geymslukostnaði nemur, og skal það selt á uppboði og eigendum skilað afgangi andvirðis hins þannig kyrrsetta fjár, ef nokkur er.

31. gr.

Nú finnur landeigandi fé annars manns í landi sínu eftir síðustu leitir, og þegar farið er að taka fé að, og skal hann halda því til skila til eiganda, sé hann innanhrepps, en ella til hreppstjóra, er ráðstafar því samkvæmt 30. gr.

32. gr.

Nú hleypur fé í kletta, sem það kemst ekki úr sjálft, og skal þá hreppsnefnd semja við menn um að ná því þaðan, ef óskað er. Skal fjáreiganda skylt að greiða björgunarlaun og skulu þau eigi vera lægri en helmingur andvirðis kindarinnar.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 10 til 200 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

34. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

35. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um fjallskil, nr. 69 frá 6. ágúst 1925.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 til að öðlast gildi 1. febrúar 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1938.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

3
14. jan.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Siglufirði.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 1 síðdegis. Frá 1. júní til 30. september skal sölubúðum lokað frá kl. 7 síðdegis til kl. 8½ árdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðum skal lokað alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágúst, 1. maí, 17. júní og 1. desember.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkv. framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlanir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálftíma.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu eftir áskorun bæjarstjórnar.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renni sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af broti gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði frá 17. ágúst 1935 er hér með úr gildi felld.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1938.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

4

SNORRASJÓÐUR 1930

Ársreikningur 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	135969.34
Aukning á árinu samkvæmt neðan greindum reikningi	—	1907.52
	Kr.	137876.86

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Jarðræktarbréf	kr.	136000.00
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 26 í Búnaðarbanka Íslands	—	1876.86
	Kr.	137876.86

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	7370.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	87.52
	Kr.	7457.52

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:

Ungfrú Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, Hofteigi, til sögu og tungumála náms í háskólanum í Oslo	kr.	900.00
Sigurður Egill Ingimundarson, stúdent, Reykjavík, til efnafræðináms í háskólanum í Þrándheimi	—	900.00
Gunnar H. Ólafsson, stúdent, Ísafirði, til náms í húsgerðarlist í sama skóla	—	800.00
Jóhann Jónasson, stúdent, frá Öxney, Breiðafirði, til kornyrkjunáms og til kynnast nýtízku búnaðarháttum í Noregi	—	600.00
Baldur Bjarnason, stúdent, Reykjavík, til sögu- og landfræðináms í háskólanum í Oslo	—	500.00
Ungfrú Margrét Gísladóttir frá Bergstöðum í Húnavatnssýslu, til framhaldsnáms í vefnaði í Noregi	—	450.00
Ólafur H. Kristjánsson, kennari, til þess að kynna sér lýðskólamál og alþýðufræðslu í Noregi	—	500.00
Eðvald B. Malmquist, búfræðingur, frá Stuðlum í Reyðarfirði, til búnaðarnáms í landbúnaðarkennaraskólanum í Sen í Noregi	—	450.00
Bjarni Fanndal, búfræðingur, frá Stokkahlöðum, til búnaðarnáms í sama skóla	—	450.00
	Kr.	5550.00
Lagt við höfuðstól	kr.	1907.52
	Kr.	7457.52

Reykjavík, 18. jan. 1938.

Búnaðarbanki Íslands

Hilmar Stefánsson. **Þ. Sveinsson.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1938.

Konungsúrskurður um breytingu á konungsúrskurði nr. 1 12. febrúar 1919, um lögun hins klofna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna, undirskrifaður af konungi 13. janúar 1938, nr. 30.

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1938, undirskrifað af konungi 22. janúar 1938, nr. 31.

Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag, nr. 32.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 18. febrúar 1938, nr. 33.

Auglýsing um viðbótarákvæði við samning við Stóra-Bretland um framsal afbrotamanna, frá 31. marz 1873, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 25. febrúar 1938, nr. 34.

Lög um að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð, undirskrifuð af konungi 17. marz 1938, nr. 35.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Sviþjóðar til þess að komast hjá tvísköttun á tekjum og eignum, undirskrifuð af forsætisráðherra 5. apríl 1938, nr. 36

Auglýsing um breyting, um stundarsakir, á allrahæstum úrskurði 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 13. apríl 1938, nr. 37.

Auglýsing um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 76 21. desember 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina, til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í millirikjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur, sé í gildi genginn, undirskrifuð af forsætisráðherra 22. apríl 1938, nr. 38.

Lög um að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð, undirskrifuð af konungi 6. maí 1938, nr. 39.

Konungsbréf um þingsuppsögn, undirskrifað af konungi 11. maí 1938, nr. 40.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu, undirskrifuð af konungi 14. maí 1938, nr. 41.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af konungi 19. maí 1938, nr. 43.

Lög um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, undirskrifuð af konungi 26. maí 1938, nr. 44.

Lög um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, undirskrifuð af konungi 27. maí 1938, nr. 45.

Lög um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, undirskrifuð af konungi 11. júní 1938, nr. 46.

Lög um fasteignasölu, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 47.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 48.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 28 13. jan. 1938 (Lax- og silungsveiði), undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 50.

11. dag júnímánaðar 1938. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 51.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 52.

Lög um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 54.

Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 55.

Lög um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 56.

Lög um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 59.

Lög um húsmæðrafræðslu í sveitum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 60.

Lög um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur), undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 61.

Lög um bókhald, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 62.

Lög um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 63.

Lög um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 64.

Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 65.

Lög um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 66.

Lög um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 67.

Lög um hafnargerð á Raufarhöfn, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 68.

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 69.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 70.

Lög um byggingarsamvinnufélög, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 71.

Lög um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 72.

Lög um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 73.

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 74.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 75.

Lög um byggingar- og landnámssjóð, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 76.

Lög um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 77.

Lög um eftirlit með skipum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 78.

Lög um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 79.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 80.

Lög um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 81.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 82.

Lög um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 83.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 84.

Lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 85.

Lög um lífeyrissjóð ljósmæðra, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 86.

Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 87.

Lög um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 88.

Fjárlög fyrir árið 1939, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 89.

Lög um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 90.

Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við þau, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 91.

Fjáraukalög fyrir árið 1936, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 92.

Lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 93.

Fjáraukalög fyrir árið 1937, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 94.

Lög um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 95.

Lög um breyting á lögum nr. 27 1. febrúar 1936, um iðnaðarnám, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 96.

Lög um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 97.

Lög um rekstrarlánafélög, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 98.

Lög um Fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 99.

Lög um iðnaðarnám, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 100.

5

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári	kr.	118884.68
Aukning á árinu, samkvæmt neðangreindum reikningi	—	242.98
	Kr.	119127.66

Eignum sjóðsins er varið þannig:

1.	Bankavaxtabréf	kr.	30800.00
2.	Jarðræktarbréf	—	15000.00
3.	Veðskuldabréf	—	53500.00
4.	Kreppulánasjóðsbréf	—	14000.00
5.	Innstæða í ávísanasparisjóðsbók Landsbanka Íslands, nr. 2213	—	5827.66
		Kr.	119127.66

Tekjur:

1.	Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	1540.00
2.	— — jarðræktarbréfum	—	825.00
3.	— — veðskuldabréfum	—	2400.00
4.	— — Kreppulánasjóðsbréfi	—	990.90
5.	— — bankainnstæðu (hlaupareikn. kr. 260.42 + sparisjóði kr. 56.66)	—	317.08
		Kr.	6072.98

Gjöld:

1.	Námsstyrkur til Jóns Á. Árnasonar stúdents, frá Vestmannaeyjum, til þess að stunda nám í fiskiðnfræði við háskóla í Kanada	kr.	2785.00
2.	Námsstyrkur til Guðm. Jakobs Sigurðssonar, frá Veðramóti í Skagafirði, til þess að stunda nám við háskóla í Kanada	—	2785.00
3.	Greiddir áfallnir vextir til 20. júlí, af veðskuldabr. er Kanadasjóður keypti samdægurs, og vaxtamiðar pr. 1. nóv. fylgdu með	—	260.00
		Kr.	5830.00
	Lagt við höfuðstól	—	242.98
		Kr.	6072.98

Forsætisráðherrann, 18. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög. 6 13. jan. 1936

Ráðuneytið hefir móttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 27. desember f. á., ásamt erindi hreppsnefndar Ásahrepps, dags. 29. nóvember f. á., um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög, svo og meðmæli sýslunefndarmanna Rangárvallasýslu.

Út af þessu skal hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Ásahreppi í Rangárvallasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Skiptingin ákveðst þannig: Kálfholtskirkjusókn með Vetleifsholtshverfi verður hreppur sér og nefnist Ásahreppur, en Hábæjarkirkjusókn með Bjóluhverfi, Ægissíðu og Rangá verður hinn hreppurinn og nefnist hann Djúpárhreppur.
2. Um fjárskipti hreppanna skal fara sem hér segir:
   Afréttur núverandi Ásahrepps skal vera sameign hinna nýju hreppa. Af fjallskilakostnaði, þ. e. fjallgöngur, réttaferðir, refaeyðing, báta- og sæluhúsviðhald o. fl. skal Ásahreppur bera 4/7 hluta, en Djúpárhreppur 3/7 hluta. Fjallskilasjóði skal skipta í þessum hlutföllum.
   Öllum öðrum eignum, skuldum og skuldbindingum sveitarsjóðsins, sem og þurfamanna framfæri hins núverandi Ásahrepps, þeim er verða þegar skiptingin fara fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Ásahrepps komi 5/11 hlutar, en í hlut Djúpárhrepps komi 6/11, og eftir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa.
3. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skal hinn nýi Ásahreppur kaupa eftir mati núverandi hreppsnefndar, en hreppsnefnd Djúpárhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast. Þó má eigi flytja þær úr Ásahreppi.
4. Hreppsnefndarmenn skulu vera fimm í hvorum hreppi.
5. Aðskilnað hreppanna skal miða við s.l. áramót og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Ásahreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðar Súðavíkurkauptúns. 7 25. febr.

Með bréfi, dags. 18. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðar Súðavíkurkauptúns ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Súðavík sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að utan 300 metra lína úr odda Þormóðarness beint til fjalls.

Að innan 300 metra lína frá Þórðarsteinum á landamerkjum Eyrardals og Hlíðar beint til fjalls.

10. dag júlímánaðar 1938. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7 25. febr.

Að ofan bein lína milli efri endapunkta nefndra lína.
Að neðan sjórinn, stórstraumsfjöruborð.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

8 25. febr.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Vík í Mýrdal.**

Með bréfi, dags. 31. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu hreppsnefndar Hvammshrepps, samþykkta af yður f. h. sýslunefndar, viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Vík í Mýrdal, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Vík í Mýrdal sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Frá sjó í urðinni vestur við Reynisfjall, fyrir vestan Bás, með Blánefi allt í Bandastein, þaðan upp í Blánef aftur og síðan beina línu austan í fjallinu upp á Bakkana og allt í Geitlu, þaðan í rafmagnsstífluna í Víkurá (norðan rafstöðvarinnar), síðan með Víkurá allt að Rana, þaðan beina línu í Hjallarof, síðan fram Sker, eftir lægðinni austan kirkjunnar, og loks beina línu af Skerbrúninni til sjávar við útfall Víkurár.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

9 30. apríl

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, **um takmörk verzlunarlóðarinnar í Höfn í Sléttuhreppi.**

Með bréfi, dags. 16. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Höfn í Sléttuhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Höfn í Sléttuhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að sunnan: Klettur, svonefndur Hamar, sem gengur fram úr brekkunni um 150 metra innan við lendinguna í Höfn, og úr honum bein lína til vesturs.

Að vestan: Lína 100 metra ofan við stórstraumsflæðarmál, meðfram fjallshlíðinni, að takmörkun lóðarinnar að norðan.

Að norðan: Svonefndur Gvendarbrunnur og lækur sá, er rennur þar til sjávar ofan úr fjallinu.

Að austan: Sjórinn. 9

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður 30. apríl
að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stjórnar Búnað- 10
arfélags Íslands, **um styrkhæfar húsabætur á prestssetrum samkvæmt** 13. júní
jarðræktarlögum, sbr. lög nr. 63 frá 1931, um hýsing prestssetra.

Með bréfi, dags. 29. marz þ. á., hefir hin háttvirta stjórnarnefnd spurt um, hvernig reikna beri jarðabótastyrk fyrir styrkhæfar húsabætur hjá prestum þeim, sem byggja upp á prestssetrum með styrk úr ríkissjóði til efniskaupa (járn og sement) og fá líka að láta byggingarkostnaðinn að einhverju leyti ganga til landsskuldargreiðslu.

Út af þessu skal tekið fram, að ráðuneytið verður að líta svo á, að þar sem lög nr. 63 frá 1931, um hýsing prestssetra, ganga miklu lengra í því að styrkja ábúendur þessara ríkisjarða, heldur en nokkur önnur lagaákvæði, til þess að reisa þau mannvirki, sem annars væru styrkhæf samkvæmt jarðræktarlögum, sé ekki rétt að veita styrk af jarðræktarfé líka á hin sömu mannvirki.

Lögin sem lengra ganga í þessu efni og eiga alveg sérstaklega og eingöngu við prestssetrin verða því að teljast tæmandi, og er þar ekki við að bæta neinum fríðindum samkvæmt 9. gr. II. kafla jarðræktarlaganna.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjórans í 11
Reykjavík, **um framfærslu styrkþega, er dvöldu í sjúkrahúsum við** 14. júní
gildistöku framfærslulaganna nr. 135/1935.

Bæjarstjórinn á Ísafirði hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 13. desember f. á., sem ákveður að bæjarsjóður Reykjavíkur skuli vera sýkn af kröfum Ísafjarðarkaupstaðar

1. um greiðslu ⅓ kostnaðar af framfærslu styrkþeganna Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur á Elliheimilinu Grund hér í bænum, allt árið 1935, og
2. að Reykjavíkurkaupstaður verði úrskurðaður til þess að greiða allan framfærslukostnað téðra styrkþega frá gildistöku framfærslulaganna 1. jan. 1936.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði höfðu téðir styrkþegar dvalið árum saman í Elliheimilinu, Sigríður frá árinu 1929, fyrst án meðgjafar frá framfærslusveitinni, Ísafjarðarkaupstað, en árin 1931 til 1934 incl. hafi kaupstaðurinn greitt dvalarkostnað hennar að fullu; Jón Snorri frá því á árinu 1930 og greiddi Ísafjarðarkaupstaður dvalarkostnaðinn að fullu til ársloka 1934. Ráðuneytið verður að vera samdóma lögreglustjóranum um, að sýkna beri Reykjavíkurkaupstað af kröfu Ísafjarðarkaupstaðar um greiðslu ⅓ hluta dvalarkostnaðar téðra styrkþega í Elliheimilinu á árinu 1935, þar sem framfærslusveitin hafi undanfarin ár að öllu leyti staðið straum af framfærslunni og tekið í sínar hendur alla ráðstöfun á styrkþegunum, án milligöngu dvalarsveitarinnar, Reykjavíkurkaupstaðar.

11 14. júní Um síðara kröfuatriðið, framfærsluskylduna eftir 1. jan. 1936, hefir gengið dómur í Hæstarétti 7. marz þ. á. í hliðstæðu máli, þar sem staðfestur er héraðsdómur í málinu Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna gegn Seyðisfjarðarkaupstað.

Í forsendum héraðsdómsins segir svo:

„Í 12. gr. hinna nýju framfærslulaga er svo ákveðið, að sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, eigi framfærslurétt í heimilissveit sinni, þ. e. þar sem hann hafi fast aðsetur og greiði almenn gjöld. Í 13. gr. sömu laga er svo ákveðið, að meðan menn dvelji í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli o. s. frv. eigi þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er var lögheimili þeirra, þ. e. heimilissveit, þegar dvölin á þessum stofnunum hófst. Í 79. gr. laganna segir loks, að um alla þá, sem séu á sveitarframfæri við gildistöku laganna, komi ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.

Í máli þessu verður að telja upplýst, að Hafnarfjörður hafi verið heimilissveit hinnar látnu þegar dvöl hennar á hælinu hófst og hafi því verið það í merkingu framfærslulaganna þangað til hún andaðist og þar eð enginn fyrirvari er gerður um sjúklinga í 79. gr. framfærslulaganna, sem áður er rakin, verður rétturinn að líta svo á, að stefndur hafi losnað við framfærsluskyldu gagnvart Auði sál. við gildistöku þeirra, eða frá 1. janúar 1936 og á greftrunarkostnaði hennar hefir stefndur eigi tekið sérstaka ábyrgð.

Verða málalok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda."

Nú er það upplýst í máli þessu, að framangreindir styrkþegar áttu heimilissveit í Reykjavík þegar dvöl þeirra í Elliheimilinu hófst og ber því samkvæmt téðum hæstaréttardómi að skylda bæjarsjóð Reykjavíkur til þess að standa straum af framfærslu þeirra frá 1. janúar 1936.

Því úrskurðast:

Reykjavíkurkaupstaður skal vera sýkn af kröfu Ísafjarðarkaupstaðar um greiðslu ⅓ hluta af framfærslukostnaði Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur í Elliheimilinu Grund árið 1935, en hinsvegar ber Reykjavíkurkaupstað, sem heimilissveit styrkþeganna, að annast framfæri þeirra að öllu leyti frá 1. janúar 1936.

Þetta tilkynnist yður, herra borgarstjóri, hér með til leiðbeiningar.

12 22. júní **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, **um skiptingu Kirkjuhvammshrepps í tvö sveitarfélög.**

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Kirkjuhvammshrepps og meðmælum sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, um skiptingu Kirkjuhvammshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnast Kirkjuhvammshreppur og Hvammstangahreppur. Hvammstangahreppur nær yfir kauptúnið Hvammstanga og skulu takmörkin vera þessi:

   Að sunnan eru takmörkin þau sömu og þess svæðis, sem reisa má á verzlunarhús á Hvammstanga, þó þannig, að austan þjóðvegarins verða hreppatakmörkin á norðurlandamerkjum býlisins Snæland, þannig að það fylgi Kirkjuhvammshreppi. Að austan takmörk verzlunarlóðarinnar norður að Ytri-Hvammsá, þaðan markar sýsluvegurinn hreppamótin út að landamerkjum Kirkjuhvamms og Kothvamms, þaðan skipti sú landamerkjalína hreppunum að austurtakmörkum félagsgirðingar þeirrar, er tilheyrir býlunum Laufási og

Lyngholti og fleirum. Síðan skipti austurhlið nefndrar félagsgirðingar hreppunum og frá norðausturhorni lands þess, er tilheyrir Lyngholti, skal Hvammstangahreppur takmarkast af línu, er dregin sé beina leið þaðan í suðausturhorn leigulands Bjarna Gíslasonar og þaðan á austurtakmörkum leigulanda Árna Sigurðssonar og Guðmundar Þorsteinssonar í Lundi norður að Grafarlandi, en Grafaland takmarki Hvammstangahrepp að norðan. 12 22. júní

2. Eignum og skuldum Kirkjuhvammshrepps skal skipt þannig: Að hálfu leyti eftir niðurjöfnuðum útsvörum síðastliðin 5 ár og að hálfu leyti eftir mannfjölda á sama tíma, innan þeirra takmarka, sem væntanlegum hreppum eru ákveðin.

   Vísitala þessarar skiptingar er 46% fyrir Kirkjuhvammshreppp og 54% fyrir Hvammstangahrepp.

   Öllum eignum Kirkjuhvammshrepps öðrum en sérstökum sjóðum skal því skipta þannig: að í hluta Hvammstangahrepps komi 54% og í hluta Kirkjuhvammshrepps 46%. Öllum skuldum skal skipta milli hreppanna eftir sama hlutfalli og eignum.

3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Kirkjuhvammshrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig

   Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

   Sá hreppanna, sem ekki hefir greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framleiðslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði, sem er fyrir Kirkjuhvammshrepp 46% og fyrir Hvammstangahrepp 54%. Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annarsstaðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa vegna kostnaðar við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

4. Um skiptingu sjóða fer sem hér segir:
   a. Hvammstangasjóður verði séreign Hvammmstangahrepps.
   b. Samúels-gjafsjóður verði óskipt eign Kirkjuhvammshrepps.
   c. Verðlaunasjóður Ketils Bergssonar og fræðslusjóður Kirkjuhvammshrepps og arfleiðslugjöf Jóns J. Leví verða í sameign hinna nýju hreppa.
   d. Ellitryggingarsjóður Kirkjuhvammshrepps skiptist milli hreppanna eftir hlutfallslegri tölu gjaldenda til hans s.l. 5 ár.
   e. Fjallskilasjóður Kirkjuhvammshrepps skiptist hlutfallslega eftir framtöldum fjallskilaskyldum fénaði s.l. 5 ár.

5. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Kirkjuhvammshrepps, en hreppsnefnd Hvammstangahrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í Kirkjuhvammshreppi, en 3 í Hvammstangahreppi.

7. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. júlí þ. á. og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Kirkjuhvammshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

13
20. jan.

REGLUGERÐ

um réttindi sjúkrasamlagsmanna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómum.

1. gr.

Hver sá, er verður tryggingarskyldur eða leitar tryggingar í sjúkrasamlagi skal leggja fram læknisvottorð, er sýni:

1. Hvort hann er haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi og þá hverjum.
2. Hvort hann hefir notið sjúkrahúss- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinns sjúkdóms og þá hvers.

Um gerð læknisvottorðsins fer eftir fyrirmælum Tryggingarstofnunar ríkisins.

2. gr.

Alvarlegir, langvinnir (kroniskir) sjúkdómar eru fyrst og fremst þeir sjúkdómar, sem sérstaklega eru nefndir í l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómur, fávitaháttur, geðveiki og eiturlyfjanautn), svo og aðrir sjúkdómar, sem að jafnaði haga sér þannig, að sjúklingarnir þarfnast sífelldrar eða margendurtekinnar sjúkrahúss- eða hælisvistar eða stöðugrar meiri háttar læknisþjónustu.

Virkir (aktiv) sjúkdómar eru þeir sjúkdómar, sem ekki liggja niðri, en sjúklingarnir eru enn veikir af.

Sjúkdómar, óviðkomandi öðrum sjúkdómi eru þeir sjúkdómar, sem ekki eru afleiðingar þess sjúkdóms.

Tryggingarstofnun ríkisins gefur út nánari leiðbeiningar fyrir lækna og sjúkrasamlög um ákvæði þessarar greinar og úrskurðar um öll vafaatriði.

3. gr.

Sjúkrasamlagsmeðlimur telst hafa notið sjúkrahúss- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvarandi sjúkdóms ef hann hefir dvalið á sjúkrahúsi eða hæli vegna slíks sjúkdóms, enda hafi liðið 3 mánuðir frá því hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu eða hælinu, þangað til hann þarfnast á ný slíkrar vistar, nema fyrsta legan hafi tekið 26 vikur eða meira.

4. gr.

Heimilt er sjúkrasamlagi að krefjast vottorðs samkvæmt 1. gr. 2. tölulið (sbr. 3. gr.) af þeim sjúkrasamlagsmeðlimum, er þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinns sjúkdóms.

5. gr.

Sjúkrasamlagsmeðlimur, sem veikist af alvarlegum, langvinnum sjúkdómi, nýtur hlunninda vegna þess sjúkdóms eins og hvers annars sjúkdóms, nema hann hafi áður notið sjúkrahúss- eða hælisvistar vegna sjúkdómsins.

Sjúkrasamlagsmeðlimur, sem haldinn er alvarlegum, langvinnum sjúkdómi, og einnig þó um virkan sjúkdóm sé að ræða, nýtur fullra hlunninda vegna allra annara óviðkomandi sjúkdóma, svo og almennrar læknishjálpar og nauðsynlegra lyfja í heimahúsum, vegna hins alvarlega, langvinna sjúkdóms.

6. gr.

Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu í sjúkrasamlagi með sömu skilyrðum og aðrir og njóta sömu réttinda og aðrir. Gamalmenni njóta ekki á kostnað sjúkrasamlags hælis- eða sjúkrahússvistar vegna ellikramar. 13 20. jan.

7. gr.

Börn samlagsmanna yngri en 16 ára, njóta sömu réttinda og aðrir, hvað snertir sjúkrahússvist og læknishjálp, enda háð sömu skilyrðum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar. Öðlast hún gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1938.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

14 27. jan.

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Öll veitingahús og veitinga- eða greiðasölustofur skulu fullnægja ákvörðun heilbrigðisnefndar um hreinlæti og aðbúnað og reglum bæjarstjórnar um húsnæði. Ef út af bregður getur lögreglustjóri lokað veitingahúsi eða veitinga- eða greiðasölustofu.

2. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að heimta þann umbúnað og frágang dyra og hurða samkomu- og veitingahúsa, sem hún telur henta

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

15 1. febr. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð O. C. Thorarensen, lyfsala, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. febrúar 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð O. C. Thorarensen, lyfsala.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður O. C. Thorarensen lyfsala.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sonum hans, fyrst og fremst af fé, er hann sjálfur hafði lagt til hliðar í þessu augnamiði, og er stofnfé sjóðsins, kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, en gert er ráð fyrir að hann megi aukast með gjöfum eða tillögum auk þess sem þessi skipulagsskrá ákveður um aukningu hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a) að styrkja fátæka námsmenn, er stunda lyfjafræði,
b) að styrkja þurfandi lyfsala og lyffræðinga, ekkjur þeirra og ómyndug börn,
c) að styrkja vísindalegar rannsóknir í lyfjafræði, framkvæmdar af íslenzkum ríkisborgurum með lyffræðisprófi.

4. gr.

Sjóðurinn stendur óhreyfður á vöxtum þar til hann er orðinn kr. 10000 — tíu þúsund krónur —. Eftir það má árlega veita úr sjóðnum ⅔ hlutum vaxtanna, er skiptist þannig:

Helmingur af úthlutuðum vöxtum (⅓ hluti ársvaxtanna) gangi til styrktar fátæks námsmanns (eða námsmanna) er stundar lyfjafræði, ef stjórn sjóðsins að öðru leyti telur hann verðan styrks.

Helmingurinn (hinn ⅓ hlutinn) gangi til styrktar þurfandi lyfsölum eða lyfjasveinum, ekkjum þeirra eða ómyndugum börnum þeirra, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Falli niður úthlutun samkvæmt ofanrituðu eitthvert ár, leggst upphæðin við höfuðstól sjóðsins.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund krónur — gengur ⅙ hluti vaxtanna árlega til styrktar vísindalegum rannsóknum í lyfjafræði, framkvæmdum af íslenzkum ríkisborgurum með lyffræðisprófi, en ⅙ leggst jafnan við höfuðstólinn.

Höfuðstóll sjóðsins skal jafnan ávaxtast í verðbréfum, er ríkissjóður Íslands gefur út eða ábyrgist og séu bréfin skráð á nafn sjóðsins.

Þegar úthlutað er vöxtum, er átt við þá nettó upphæð, er fram kemur eftir að nauðsynlegur rekstrarkostnaður sjóðsins hefir verið dreginn frá.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn:

1) Skrifstofustjóri í því ráðuneyti er á hverjum tíma hefir eftirlit með slíkum styrktarsjóðum.

2) Meðan nokkur af afkomendum O. C. Thorarensen lyfsala í beinan karllegg er á lífi, og hefir leyst af hendi lyffræðispróf, er hann sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, og ræður aldur ef um fleiri er að ræða. Sé enginn slíkur afkomandi til, kýs félagsskapur starfandi lyfsala á þeim tíma mann í stjórnina. 15 1. febr.
3) Verði stofnuð hér á landi kennsludeild fyrir lyffræðinga, er forstöðumaður þeirrar deildar sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, eða annar maður er hann tilnefnir. Þangað til tilnefna ofangreindir tveir stjórnendur þriðja mann í sjóðstjórnina.

6. gr.

Sjóðstjórninni ber að auglýsa eftir umsækjendum um styrki úr sjóðnum árlega í blaði því er flytur opinberar auglýsingar, og reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í sama blaði.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 28. desember 1937.

Stefán Thorarensen,
lyfsali í Reykjavík.

F. h. Odds C. Thorarensen lyfsala á Akureyri,
Stefán Thorarensen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjöf Hannesar Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. febr. 1938. 16 2. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjöf Hannesar Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með dánargjöf dr. phil. Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar, samkvæmt arfleiðsluskrá hans dagsettri 11. júlí 1931, nefnist Gjöf Hannesar Þorsteinssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn háskólaráðsins, er skal varðveita eignir hans og sjá um, að þær séu gerðar arðbærar. Peningaeign sjóðsins skal geymd í Landsbanka Íslands eða varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, jarðræktarbréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum álíka tryggum verðbréfum. Svo má og, ef það þykir henta, kaupa fyrir fé sjóðsins fasteignir, er tryggt þykir að eiga og öruggt að gefi arð. Handrit þau, sem nú eru eign sjóðsins, skal háskólaráðið reyna að selja, en þó er því óheimilt að selja þau til útlanda.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan árlega leggja við hann a. m. k. 1/10 af arði þeim, sem sjóðurinn hefir haft af eignum sínum það ár. Gróði, sem sjóðurinn hlýtur við kaup eða sölu á verðbréfum eða öðrum eignum, skal allur lagður við höfuðstólinn.

16 2. febr.

4. gr.

Þeim hluta af arði sjóðsins, er eigi skal leggja við höfuðstólinn samkv. 3. gr., má verja á þessa leið:

a. Til styrktar ungum námsmönnum, sem leggja stund á íslenzka sagnfræði við Háskóla Íslands.
b. Til rannsókna og rita um íslenzka sögu og persónusögu, ásamt ættfræði.
c. Til útgáfu rita um þau efni, sem getur í b-lið þessarar greinar, sérstaklega rita frá síðari öldum, eftir siðaskipti.

5. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum, eftir tillögum heimspekisdeildar. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega, og skal hann endurskoðaður með sama hætti sem reikningar annara sjóða háskólans. Reikninginn skal birta í árbók háskólans.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

17 25. febr.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Ljósvetninga", útgefin að mandatum á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. febr. 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Ljósvetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður Ljósvetninga".

2. gr.

Sjóðurinn er eign sveitarfélags Ljósavatnshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu, og má hagnýta hann aðeins á þann hátt sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald og gerir árlega fulla grein fyrir reikningum hans, bæði gagnvart sveitarmönnum og héraðsstjórn.

Fé sjóðsins — sem 31. des. 1937 nam kr. 1685.76 — skal ávaxta í Sparisjóði Kinnunga, í Landsbanka Íslands, í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms, í bóklegum fræðum eða verklegum greinum, fátæka en efnilega unglinga, sem lögheimili eiga í Ljósavatnshreppi.

5. gr. 17

Sjóðurinn skal ávaxtast óskertur þar til hann hefir náð 2000 — tvö þúsund — 25. febr.
krónum. Eftir það skal ávalt leggja ⅓ ársvaxta við höfuðstólinn, auk þess sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum: gjöfum, áheitum o. fl.

6. gr.

Þeim vöxtum sjóðsins sem ekki eru lagðir við höfuðstól, skal árlega verja sem menningarstyrk handa námfúsum, efnilegum og fátækum unglingum, einum eða fleiri, samkv. 4. gr.

7. gr.

Ár það sem sjóðurinn tekur til starfa skal á vorhreppaskilaþingi Ljósavatnshrepps kjósa 3 menn í úthlutunarnefnd. Nefnd þessi tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, úthlutar styrk og ávísar honum hjá sveitarstjórn. — Kosning nefndarmanna gildir til 4 ára í senn og fer fram samtímis hreppsnefndarkosningum. Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps kýs 1 mann í úthlutunarnefnd, en kosningabærir sveitarmenn hina tvo. — Jafnan sé þess gætt, að í nefndinni eigi sæti 2 konur, sín úr hvorri kirkjusókn hreppsins (Ljósavatns- og Þóroddsstaðarsóknum).

Hver kjósandi er skyldur að taka kosningu og endurkosningu í úthlutunarnefnd, sem er heill heilsu og innan 60 ára að aldri. Nefndin vinnur kauplaust.

8. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum sé komin til úthlutunarnefndar fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Skal umsókn hverri fylgja vottorð um aldur, heimilisfang og námshæfileika, frá presti og kennara sveitarinnar, einnig meðmæli tveggja heiðvirðra karla eða kvenna í sveitinni.

9. gr.

Nú er það almennur vilji sveitarmanna að breyta að einhverju leyti þessari skipulagsskrá og er það heimilt, þó því aðeins að í engu sé breytt 1.—4. gr. hér að framan.

Ljósavatnshreppi, 4. janúar 1938.

F. h. sveitarfélags Ljósavatnshrepps.

Kristbjörg Marteinsdóttir. Sig. Sigurðsson. Baldvin Baldvinsson.

REGLUGERÐ 18

28. febr.

um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupi skattgreiðanda.

1. gr.

Nú eru skilyrði til lögtaks á tekju- eða eignarskatti til ríkissjóðs fyrir hendi, og er þá heimilt að láta borga hinn vangoldna skatt af launum skattgreiðanda, er hann tekur af almanna fé, eða kaupi því, er hann á rétt á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari, án tillits til þess, hvort skattgreiðandi getur bent á næga muni til lögtaks eða ekki.

2. gr.

Heimilt er fógeta að kveða á um borgun skatta samkvæmt framansögðu á heimili skattgreiðanda, sé hann þar sjálfur mættur, eða einhver af hans hálfu, sem gefið getur skýrslu um heimilishagi hans, sbr. 3. mgr. 3. gr., og atriði þau, sem getið er í 4. mgr. greinar þessarar.

18 28. febr.

Haldi kaupgreiðandi skrifstofu í sambandi við atvinnurekstur þann, er skattgreiðandi vinnur að, getur fógeti og sett rétt sinn þar, en ella á þeim stað, sem kaupið eða launin eru greidd af hendi, eða á vinnustaðnum eða heimili kaupgreiðanda. Skal rétturinn settur þar fyrir kaupgreiðanda sjálfum, starfsfólki hans eða heimilisfólki, og skal skattgreiðanda jafnan gefinn kostur á að mæta í réttinum, verði því við komið án verulegrar tafar.

Ennfremur getur fógeti boðað skattgreiðanda, og ef þess gerist þörf kaupgreiðanda hans, fyrir sig á skrifstofu sína eða annan ákveðinn stað, í því skyni að kveða á um fastsetningu kaups hans.

Þeim, sem samkvæmt framansögðu mæta fyrir fógetarétti, skal skylt að gefa þar skýrslu um atvinnu skattgreiðanda, launakjör hans, upphæð kaups, greiðslumáta þess og gjalddaga, og um önnur þau atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun skatta af kaupi skattgreiðanda.

Nú mætir kaupgreiðandi eigi fyrir fógetarétti löglega tilkvaddur eða gefur eigi þá skýrslu, er hann er krafinn um, og skal hann þá sæta þingviti eftir þeim reglum, er gilda um vitni. Mæti skattgreiðandi eigi eða gefi hann eigi fullnægjandi skýrslu, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 37. gr. aðfararlaganna.

3. gr.

Að fengnum upplýsingum þeim, sem ræðir um í 2. gr., kveður fógeti á um það með úrskurði, hvort hinn vangoldni skattur skuli greiddur af kaupi eða launum skattgreiðanda. Skal upphæð sú, sem greiða á, tiltekin í úrskurðinum, svo og hvenær hún skuli greidd og hverjum, og má, ef þörf gerist, skipta henni niður í fleiri kaupgreiðslutímabil og skal þá tiltekin sú upphæð, er tekin skuli af kaupi eða launum skattgreiðanda fyrir hvert greiðslutímabil.

Úrskurð þennan skal fógeti tilkynna kaupgreiðanda og skattgreiðanda bréflega, séu þeir ekki staddir í réttinum, er úrskurðurinn er kveðinn upp.

Þegar úrskurða skal samkvæmt þessari grein, skal taka hæfilegt tillit til heimilishags skattgreiðanda, og þess gætt, að eigi sé gengið svo nærri honum um skattheimtuna að hætta sé á, að hann geti eigi séð sér og sínum farborða.

4. gr.

Nú hefir úrskurður gengið samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, og er kaupgreiðanda þá skylt að halda eftir á hverjum kaupgreiðsludegi þeirri upphæð af kaupi eða launum skattgreiðanda fyrir það kaupgreiðslutímabil, er úrskurðað var að þá skyldi haldið eftir. Upphæð þessa skal kaupgreiðandi, innan tveggja virkra daga frá kaupgreiðsludegi, greiða beint til fógeta eða innheimtumanns hans, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

5. gr.

Hvorki skattgreiðandi né kaupgreiðandi mega slíta vinnusamningi sínum fyrir það eitt, að úrskurðað hefir verið, að skattur skuli greiddur af væntanlegu kaupi skattgreiðanda.

Nú hefir kaupgreiðandi greitt út kaup eða laun skattgreiðanda án þess að halda eftir upphæð, er úrskurður kvað á að eftir skyldi haldið, eða hann greiðir eigi fógeta eða innheimtumanni hans, svo sem segir í 4. gr., fé, er hann hélt eftir samkvæmt úrskurði, og má þá gera lögtak í eignum kaupgreiðanda fyrir því fé.

6. gr.

Úrskurði samkvæmt 3. gr. geta skattgreiðandi og kaupgreiðandi, annar eða báðir, svo og innheimtumaður skattsins, fyrir hönd ríkissjóðs, skotið til hæstaréttar. Um málskot fer eftir venjulegum reglum um málskot fógetaréttarúrskurðar.

Nú hefir úrskurði samkvæmt 3. gr. verið áfrýjað, og frestar þá sú áfrýjun eigi 18
skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupi eða launum, samkvæmt ákvæðum úr- 28. febr.
skurðarins, eða að greiða það fé til fógeta eða innheimtumanns hans.

7. gr.

Fyrir fógetagerð þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttar- og vottagjöld sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við gerðina greiði skattgreiðandi, og má kveða á í úrskurðinum, að þau skuli greidd af kaupi hans eða launum ásamt skattinum.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 115, 28. desember 1932, um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupi skattgreiðanda.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 6, 9. júní 1935, 45. gr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar 19
Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum í Dalasýslu", útgefin á 12. marz
venjulegan hátt 12. marz 1938 að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar, frá Hornsstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem við undirrituð systkini leggjum fram sem stofnendur nefnds sjóðs, til minningar um foreldra okkar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að styrkja fátæka sjúklinga til læknishjálpar í fjórum hreppum Dalasýslu, sem eru: Hvammssveit, Laxárdalur, Haukadalur og Miðdalir, enda séu sjúklingar þeir, sem styrksins njóta, ekki á sveitarframfæri, og skulu afkomendur nefndra hjóna ganga fyrir, að öðru jöfnu.

4. gr.

Verja má allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar því, sem í 3. gr. segir, þegar þeir nema 400 kr. Höfuðstólinn má þó aldrei skerða, og skulu hálfir vextir,

19 ásamt gjöfum þeim, sem nefndum sjóði kunna að hlotnast, leggjast við höfuð-
12. marz stóllinn, þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —; eftir það skal 1/10 hluti ársvaxta leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: Gísli Þorsteinsson, Þorgeirsstaðahlíð, prófastur og héraðslæknir Dalasýslu. Þegar Gísli Þorsteinsson lætur af störfum, skal sýslunefnd Dalasýslu skipa mann í hans stað og skal hann skipaður til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hann skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórnin færi ennfremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda reikninga sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar og annað honum viðkomandi, semur ársreikning og leggur hann fyrir sýslunefnd Dalasýslu til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins gerðir í janúarmánuði ár hvert.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 20. febrúar 1938.

Steinunn Guðmundsdóttir. **Ólafur Guðmundsson.** **Jón Kr. Guðmundsson.**

20 # AUGLÝSING
21. marz

um framkvæmd 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Hér með er auglýst, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, til þess

a) að falla frá innheimtu á aðflutningsgjöldum af salti frá 1. apríl n.k. til áramóta, og endurgreiða aðflutningsgjöld af salti, sem flutt hefir verið hingað til lands eftir síðustu áramót,

b) að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á næstu saltfiskvertíð. Endurgreiðslur þessar fara fram að lokinni vertíð, en nánar verður auglýst síðar hvaða skilríki þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofannefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur hefir verið samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12% frá 1. apríl n.k. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 21. marz 1938.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

21
31. marz

um frestun á framkvæmd 2. gr. reglugerðar 14. maí 1937 um gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota í landhelgi.

Ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar um möskvastærð dragnóta skulu ekki koma í gildi fyrr en 1. janúar 1939.

Jafnframt eru veiðarfæraverzlanir og aðrir hlutaðeigendur aðvaraðir um að flytja ekki til landsins dragnætur með minni möskva en um ræðir í téðri reglugerðargrein.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

22
6. apríl

um útbúnað á síldveiðiskipum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 93 3. maí 1935, eru hér með sett eftirandi ákvæði.

Skip sem stunda síldveiðar með herpinót skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn meter á lengdina og ekki yfir 2 m. á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm. þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Farmrúmsop (lúkur). Á öllum nýjum skipum skulu lúkukarmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lúkukörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áður nefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lúkuhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþyktinni), og falla vel og ávalt skal rígbyrgja farmrúmsop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótvirkast sé að létta skipið. Ennfremur skulu vera venjuleg austurop, framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Ennfremur skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir aftan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsiglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Ennfremur skulu vera handrið á stýrishúsi og vélarúmi þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nót. Þar sem fleiri bátar en einn eru saman um nót, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát þegar þeir fara til lands með afla.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

23
7. apríl

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Til þess að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar, skal leggja skatt á allar fasteignir, hús og lóðir og önnur mannvirki í kaupstaðnum, að undanskildum fasteignum sem notaðar eru í þágu ríkisins, fasteignum bæjarfélagsins, kirkjum og öðrum líknar- og menningarstofnunum.

2. gr.

Fasteignaskatturinn skal árlega vera eins og hér segir:

a. Af verzlunarlóðum og lóðum, þar sem atvinnurekstur á sér stað, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2% — tvo af hundraði —.
b. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum og byggingum, sem notaðar eru til atvinnureksturs, svo og bryggjum, olíu- og bensíngeymum, skal greiða 1% — einn af hundraði —.
c. Af íbúðarhúsum og meðfylgjandi lóðum skal greiða 0,7%. Undanskilin eru tún, matjurtagarðar og þerrireitir.

3. gr.

Skattur sá, sem um getur í 2. gr., skal lagður á eftir fasteignamati og annast bæjargjaldkeri innheimtu hans.

Leigjandi greiðir skatt af leigulóðum.

4. gr.

Skatt þann, er um ræðir í 2. grein, skal reikna af heilum hundruðum króna af virðingarverði fasteignar, en því, sem umfram er, skal sleppa og nái virðing ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

5. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal, ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hún brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

6. gr.

Ef fasteignaskattur er ekki greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga skal greiða 1% dráttarvexti á mánuði frá gjalddaga, þar til upphæðin er greidd að fullu.

Skatt þennan, ásamt dráttarvöxtum, má taka lögtaki.

7. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal í fyrsta sinn vera 15. maí 1938, en síðan skal gjalddagi vera 15. janúar ár hvert, í fyrsta skipti 15. janúar 1939.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 23 7. apríl

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri í Borgarfirði", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1938. 24 8. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal og að Hvanneyri í Borgarfirði.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarfélags Íslands, 8. júlí 1937. Stofnfé hans er þrjú þúsund krónur — gjöf frá firmunum I. G. Farben & Norsk Hydro. Verkefni sjóðsins er að verðlauna nemendur er ljúka námi við bændaskólana og færastir reynast að verklegri og bóklegri kunnáttu við brottfararpróf frá skólunum.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 3000 — þrjú þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og að minnsta kosti helmingur vaxta, sem eigi koma til úthlutunar til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Hið upprunalega stofnfé og það sem þannig bætist við má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún úthlutar verðlaunum úr sjóðnum, samkvæmt tillögum skólastjóranna á Hólum og Hvanneyri og fastráðinna kennara við þá skóla.

3. gr.

Hin fyrstu 10 starfsár sjóðsins — í fyrsta sinn vorið 1939 — skal árlega veita einum nemanda við hvorn skóla verðlaun úr sjóðnum. Verðlaunin skulu veitt þeim nemendum er að dómi skólastjóra og fastráðinna kennara við skólana, og samkvæmt prófun, hafa sýnt bezta kunnáttu í verklegum og bóklegum námsgreinum samanlagt. Aldrei má veita nemanda verðlaun, nema að verkleg kunnátta hans sé meiri en í meðallagi.

Eftir að liðin eru 10 ár, sem verðlaun hafa verið veitt úr sjóðnum, má árlega veita tveimur nemendum við hvorn skóla verðlaun á sama hátt.

Til verðlauna þessara má árlega verja allt að helmingi af rentum sjóðsins á undanförnu almanaksári.

4. gr.

Verðlaun þau, sem veitt eru samkvæmt 3. gr. skulu, öðru fremur, vera nytsamar búfræðibækur. Með hverjum verðlaunum skal afhenda verðlaunaskjal, undirritað af stjórn sjóðsins.

24 8. apríl

Verðlaun og verðlaunaskjöl skal afhenda um leið og nemendum eru afhent prófskírteini, að afloknu burtfararprófi frá bændaskólunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um verðlaun úr sjóðnum, verðlaunaveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda reikningsfærslu sjóðsins algerlega aðskildri frá reikningum Búnaðarfélags Íslands eða annara sjóða félagsins, og skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Búnaðarritinu eða því riti Búnaðarfélagsins, er kann að koma í þess stað.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gjört ársreikning sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og af sömu mönnum og ársreikningar Búnaðarfélags Íslands, og fylgja þeim til endurskoðunar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda Íslands.

9. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. marz 1938.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands,

Steingr. Steinþórsson.

25 12. apríl

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar. Heimili þess og varnarþing er að Flögu í Þistilfirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði og arð af henni með því:

a. Að stunda lax- og silungsklak.
b. Að stunda lax- og silungsveiði sameiginlega á einum stað eða fleiri í hverju fiskihverfi á félagssvæðinu.

3. gr.

Félagið annast allt klak fyrir þessar ár:

Hafralónsá, en í henni eiga veiðirétt: Syðri-Brekkur, Hallgilsstaðir, Tungusel, Þorsteinsstaðir, Syðra-Lón, Hvammur og Gunnarsstaðir.

Laxá, en í henni eiga veiðirétt: Gunnarsstaðir, Holt og Laxárdalur.

Hölkná, en í henni eiga veiðirétt: Laxárdalur, Syðra-Áland og Ytra-Áland. 25
Sandá, en í henni eiga veiðirétt: Ytra-Áland, Syðra-Áland, Leirlækur, Flaga 12. apríl
og Fjallalækjarsel.
Svalbarðsá, en í henni eiga veiðirétt: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúðá, Flautafell, Garður, Hermundarfell, Brekknakot og Sævarland

Hefir félagið rétt til að veiða í þeim stofnfisk þann, sem nauðsynlegur er og eftir því sem bezt hentar. Hver veiðideild leggur þó til stofnfisk fyrir sína á eftir því sem deildin telur sér hag að. Hinsvegar hefir hver veiðideild, eftir að veiði byrjar í ánum, að öðru leyti óskertan rétt til veiði í sinni á.

4. gr.

Vötn þau, sem nefnd eru í 3. gr., skulu alfriðuð fyrir netjaveiði í næstu fimm ár, en eftir þann tíma ráðstafar stjórn viðkomandi veiðideildar veiðinni í sinni á. Með samþykki aðalfundar má þó veita veiðileyfi takmarkaðan tíma þeim, er bætur þurfa fyrir tapaða veiði.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn með samþykki viðkomandi veiðideildar að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið skiptist í 5 veiðideildir eftir fiskihverfum og ræður hver deild veiðimann í sínu fiskihverfi. Hver deild nýtur að fullu ágóða af veiði í sínu fiskihverfi, þó eftir ákvæðum aðalfundar, sbr. 15. gr.

7. gr.

Félagið starfrækir lax- og silungsklak á þeim stað, er félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við klakið skal skipta á deildir félagsins í hlutfalli við rétt þeirra til seiðanna og á félagsmenn eftir því sem arðskrá ákveður. Þóknun fyrir stofnfisk ákveður aðalfundur í hvert sinn með hliðsjón verðs á sölulaxi. Deildir félagsins eiga hlut í seiðum frá klakstöðinni þannig: Hafralónsá 25%, Laxá 10%, Hölkná 20%, Sandá 20% og Svalbarðsá 25%. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan hefst sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

9. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður klakstjóra og gerir við hann samning um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þann samning. Hún hefir eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir umsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

25 12. apríl

10. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal hann boðaður með 15 daga fyrirvara og fundarefnis getið í fundarboði. Fundurinn er lögmætur ef meiri hluti stjórnar og ⅔ fulltrúa eru mættir. Allir félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi, en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Fulltrúar skulu kosnir frá veiðideildum félagsins, einn fyrir hver 10% laxseiða frá klakstöðinni, þó þannig, að hálfur tugur reiknast sem heill.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann ákveður laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða helmingur fulltrúa æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum kostnaði, sem af henni leiðir, skal skipt niður á félagsmenn hverrar deildar eftir því sem arðskrá ákveður. Arðskrá skal samin fyrir hverja deild og undirskrifuð af minnst ⅔ hlutaðeigandi deildarmanna og öðlast hún gildi, er hún hefir verið samþykkt á aðalfundi félagsins og staðfest af atvinnumálaráðherra.

14. gr.

Aðalfundur ákveður um úthlutun arðs samkvæmt arðskrá. Þó má reikningshaldari í samráði við stjórn félagsins greiða til deilda allt að 80% af andvirði seldrar veiði um leið og sala fer fram, en afgangi þeim, sem eftir verður, þegar greiddur er allur kostnaður, þar með laun stjórnar, ráðstafar aðalfundur til uppbótar á andvirði seldrar veiði og til að leggja í sjóði félagsins.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, allt að kr. 500.00, og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema ⅔ mættra fulltrúa á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta ef ⅔ fulltrúa samþykkja það, og skiptast eignir þess og skuldir samkvæmt gjald- og arðskrá félagsins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, sbr. lög nr. 79 23. júní 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

26
12. apríl

GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Þistilfjarðar.

Gjöld og arður skiptist milli jarða á félagssvæðinu eftir neðangreindum hundraðstölum:

I.	Hafralónsveiðideild:	
	1. Syðri-Brekkur	8%
	2. Hallgilsstaðir	18—
	3. Tungusel	8—
	4. Þorsteinsstaðir	8—
	5. Syðra-Lón	8—
	6. Gunnarsstaðir	16—
	7. Hvammur	34—
II.	Laxárveiðideild:	
	1. Laxárdalur	50%
	2. Holt	42—
	3. Gunnarsstaðir	8—
III.	Hölknárveiðideild:	
	1. Laxárdalur	50%
	2. Syðra-Áland	34—
	3. Ytra-Áland	16—
IV.	Sandárveiðideild:	
	1. Flaga	46%
	2. Fjallalækjarsel	4—
	3. Leirlækur	18—
	4. Syðra-Áland	8—
	5. Ytra-Áland	24—
V.	Svalbarðsárveiðideild:	
	1. Svalbarð	21%
	2. Svalbarðssel	10—
	3. Kúðá	19—
	4. Flautafell	22—
	5. Garður	19—
	6. Hermundarfell	2—
	7. Brekknakot	1—
	8. Sævarland	6—

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

27
20. apríl

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af öllum fasteignum á löggiltri verzlunarlóð Siglufjarðar eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.

2. gr.

a) Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnum og görðum 0,4%.
b) Af húsum, sem notuð eru bæði fyrir íbúð og verzlun 0,7%.
c) Af síldarsöltunarstöðvum, öðrum húsum en þeim, sem um getur í a- og b-lið og öðrum mannvirkjum 1%.
d) Af öðrum lóðum 2%.

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

4. gr.

Skatt þenna skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937.

Skatt þenna má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

28
25. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sængurkonusjóð Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sængurkonusjóð Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórunni Á. Björnsdóttur, ljósmóður, Bókhlöðustíg 11, Reykjavík, í tilefni af 50 ára ljósmóðurafmæli hennar 12. des. 1932, samkvæmt gjafabréfi dags. 24. júlí 1934.

2. gr. 28
Sjóðurinn heitir „Sængurkonusjóður Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður". 25. apríl

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er 15000 kr. í peningum og upplag og útgáfuréttur bókarinnar „Nokkrar sjúkrasögur".

4. gr.
Sjóðinn skal ávaxta í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða í verðbréfum, er kunna að koma í stað verðdeildarbréfanna, ef veðdeildinni kann að verða breytt, þó skulu það aðeins vera 1. veðréttarbréf, tryggð í fasteignum.

5. gr.
Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir að höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð, má nota hálfa vexti til úthlutunar árlega. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — má úthluta úr honum ¾ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxtanna. Ekki má úthluta öllum vöxtum fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —.

6. gr.
Tilgangur sjóðsins er að létta fátækum konum í Reykjavík sængurleguna í fæðingardeild Landsspítalans. Styrksins geta orðið aðnjótandi giftar og ógiftar barnshafandi konur, þó því aðeins að þær standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, er veittur hefir verið á síðustu 3 — þremur — árum frá því að leitað er styrks úr sængurlegusjóðnum.
Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins skriflegar.

7. gr.
Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, héraðslækninum í Reykjavík, eða þeim embættismanni, er kemur í hans stað, ef breyting verður gerð á embættaskipaninni, forstöðukonu Kvennaskólans í Reykjavík og skrifstofustjóra þeirrar deildar Stjórnarráðs Íslands, er lækna- og heilbrigðismál heyra undir.

8. gr.
Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.
Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur hans og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

10. gr.
Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal reikningur gerður síðast í marzmánuði ár hvert.

11. gr.
Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

28 12. gr.
25. apríl Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

13. gr.
Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

29 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð handa ekkjum og mun-
26. apríl aðarleysingjum í Svalbarðsstrandarhreppi", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. apríl 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum. Stofnfé kr. 250.00.

2. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrst og fremst ekkjur og börn þeirra manna, er farast af slysum eða á annan sviplegan hátt og lítil eða engin efni hafa átt til framdráttar sér og sínum, enda megi á þennan hátt forða hlutaðeigendum frá sveitarframfærslu.

3. gr.
Tilgangi sjóðsins skal ná á þennan hátt:
a. Með því að gefa út minningarspöld og hafa þau ætíð til sölu á hentugum stað (t. d. símastöðinni).
b. Með því að halda 1 eða 2 arðberandi samkomur á hverju ári.
c. Með því að fá karla og konur í sveitinni til þess að greiða árgjöld í sjóðinn.
d. Með því að sveitarsjóður leggi sjóðnum árlega fé, eftir ákvörðun og samþykkt almenns sveitarfundar (1. fundi ársins).

4. gr.
Af árlegum tekjum sjóðsins má verja $\frac{4}{5}$ til styrktar samkv. 2. gr., en $\frac{1}{5}$ leggist við höfuðstólinn, ásamt ársvöxtum, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það má verja til styrktar öllum árstekjunum og $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti leggist árlega við höfuðstólinn.
Nú álítur stjórn sjóðsins ekki þörf á að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár og leggjast þá allar tekjurnar og vextirnir við höfuðstólinn það sinn

5. gr.
Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal hreppsnefnd kjósa 1 mann, almennur sveitarfundur annan, en sýslunefnd skipi þriðja manninn, og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.
Kosning stjórnar gildi til þriggja ára. Endurskoðun reikninga sjóðsins skal hinn árlegi endurskoðandi sveitarsjóðsreikninga annast.

6. gr.

29
26. apríl

Stjórn sjóðsins hafi fund með sér í septembermánuði ár hvert og oftar, ef þörf er á. Skal hún á fundum sínum ræða um og ákveða styrkveitingar samkvæmt ákvæðum 3. greinar, stafliðum A, B, C og D. — Hún sæki um fé handa sjóðnum úr sveitarsjóði, samkv. D-lið 3. greinar og leggur fyrir almennan sveitarfund (janúarfund) áætlun um styrkveitingar úr sjóðnum yfirstandandi ár.

Stjórnin haldi gerðabók og færi í hana allar fundargerðir og ályktanir. Hún haldi reikningabók, er í séu ritaðir allir reikningar sjóðsins. Hún færi og minningabók, er í séu skráðar allar minningargjafir og æfiágrip þeirra, sem minnst er, stutt en greinilegt.

Stjórn sjóðsins annist um að fé sjóðsins sé ávaxtað í tryggum peningastofnunum, ríkisskuldabréfum eða bankavaxtabréfum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

30
27. apríl

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík frá 23. september 1936.

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um ¾ hluta þess siglingatíma, sem krafist er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, sem prófið veitir. Þetta ákvæði nær þó eigi til þeirra, sem lesa vilja undir hið minna fiskimannapróf. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild hins meira fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafist er til þess að fá hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkuninni 6.

Hafi prófsveinn eigi nægan siglingatíma til þess að fá viðeigandi stýrimannsskírteini strax að afloknu prófi, skal siglingatími hans, talinn í mánuðum og þrítugustu hlutum úr mánuði, skráður á prófvottorðið með tölum og bókstöfum.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók. Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna ákveður ráðuneytið.

30 3. gr.

27. apríl 24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skipting tímans á viku milli námsgreinanna:

Námsgreinar:	Nemendadeild undir hið minna fiskimannapróf	Nemendur til hins meira fiskimannaprófs og farmannaprófs. Fyrsti bekkur	Síðari bekkur nemenda hins meira fiskimannaprófs	Farmannaprófsnemendur		Nemendadeild skipstjóraefna á varðskipum
				Annar bekkur	Þriðji bekkur	
Stærðfræði	5	12	2	3	2	3
Siglingafræði	16	3	10	9	10	»
Íslenzka	4	4	4	3	3	»
Danska	»	3	3	2	2	»
Enska	»	3	3	3	2	3
Þýzka	»	4	»	3	2	3
Sjóréttur	2	»	2	2	1	»
Heilsufræði	2	1	1	1	1	»
Bókhald	»	1	1	1	1	»
Viðskiptafræði	»	»	1	»	1	»
Eðlisfræði	»	1	1	1	1	»
Vélfræði	»	»	2	2	2	»
Landafræði, veðurfræði	»	»	1	1	1	»
Sjómennska	7	6	5	7	9	»
Stórskotafræði	»	»	»	»	»	3
Ljósfræði	»	»	»	»	»	1
Mælingafræði	»	»	»	»	»	1
Alþjóðaréttur	»	»	»	»	»	2
Alþjóðamerki	»	»	»	»	»	4
Líkamsæfingar	»	1	1	1	1	3
Samtals á viku	36	39	39	39	39	23

Ennfremur er öllum fiskimanna- og farmannaprófsnemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku tvisvar á mánuði. Þessir nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Heimilt er skólastjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu síðari hluta vetrar, en þó eigi fyr en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

31
27. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur frá 23. september 1936.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðin:

1. Að hafa verið háseti eftir 16 ára aldur í 24 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 6 mánuði og háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið getur öðrum nemöndum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þessi atriði skal afhenda siglingafræðikennara námskeiðsins.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók.

Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

Siglingatíma prófsveins í mánuðum og þrítugustu hlutum úr mánuði skal skrá á prófvottorð hans, með tölum og bókstöfum. Við öflun þess tíma, sem á vantar til þess að fá hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, skal eins mánaðar siglingatími sem formaður á skipi yfir 10 rúmlestir, jafngilda tveggja mánaða siglingatíma sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir. Þó skal leggja fram vottorð fyrir minnst 12 mánaða siglingatíma sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir, áður en stýrimannsskírteini sé veitt.

Til hásetatíma samkvæmt þessari grein má einnig telja siglingatíma sem vélamaður á skipi milli 15 og 30 rúmlestir.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Við minna fiskimannaprófið skulu gefnar 13 einkunnir, sem sé:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 2 skrifl. og 2 munnlegar úrlausnir	4
– sjómennsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega úrlausn (siglingareglur) og 1 verklega úrlausn	2
– íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnl. og 1 skriflega úrlausn	2
– sjórétti: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– hjúkrunarfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– notkun sextants: 1 einkunn	1
– ritleikni: 1 einkunn	1

3. gr.

20. gr. breytist þannig að á eftir:

Í hjúkrunarfræði ..... „ stig,

komi ný lína svo hljóðandi:

— notkun sextants ..... „ stig.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

32
27. apríl

REGLUGERÐ

um stuðning til bænda er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, samanber lög nr. 25 13. jan. 1938.

1. gr.

Við úthlutun þess fjár, sem lagt er fram úr ríkissjóði til stuðnings bændum í sveitum þeim, er mæðiveikin geysar í, og tjón hafa beðið af völdum veikinnar, skal farið eftir þeim reglum, sem settar eru í þessari reglugerð.

2. gr.

Nefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipar til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins, skal afla sér sem gleggstra upplýsinga um tjón það, er bændur hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, svo og um öll þau önnur atriði, sem hún álítur að máli kunni að skipta um hag bænda og afkomu.

Nefndin getur krafið um skýrslur í því formi, er henni þykir henta, eða afrit af skattskýrslum aðilja, eða útdrætti úr þeim skýrslum. Ennfremur getur nefndin krafizt þess, að verzlunarfyrirtæki og lánsstofnanir, sem bændur, er stuðnings kynnu að eiga að njóta, skipta við, láti henni í té upplýsingar um viðskipti þeirra.

3. gr.

Hver hreppsnefnd á svæðinu skipar einn mann til þess að vera til aðstoðar um úthlutun fjárins, að því er snertir þann hrepp. Þessir hreppsfulltrúar skulu aðstoða við söfnun skýrslna hver í sínum hreppi. Hreppstjórar skulu og láta nefndinni í té útdrætti eða afrit af þeim skýrslum, sem þeir hafa með höndum, og úthlutunarnefndin kynni að óska eftir.

Hver sýslunefnd á svæðinu skipar í sama skyni tvo menn, er vinna samsvarandi verk fyrir sína sýslu og hreppsfulltrúi fyrir sinn hrepp.

4. gr.

Það skal vera meginregla við úthlutun stuðningsfjárins að reyna, eftir því sem unnt er, að koma í veg fyrir, að bændur verði vegna þess tjóns, sem þeir hafa beðið af völdum veikinnar, að hætta búskap, eða að jarðir og bú bænda verði selt vegna greiðslufalls á vöxtum og öðrum umsömdum greiðslum.

5. gr.

Þá er úthlutunarnefndin hefir fengið þær skýrslur, sem getur í 2. gr., gerir hún yfirlitsskýrslu um hvern hrepp, þar sem fram kemur fjármissir hvers einstaks bónda og svo hreppsins í heild, enn fremur aðrar upplýsingar, er nefndin telur við þurfa.

Til grundvallar við úthlutunina skal leggja hlutfallslegan tekjumissi fjáreigenda af völdum mæðiveikinnar, að frádregnum tekjuauka vegna bústofnsauka, auknum tekjum af vinnu utan heimilis, vaxtatekjum og leigu eftir fasteignir, er eigandi notar ekki sjálfur.

6. gr.

Við úthlutun styrks til greiðslu á vöxtum af veðlánum skal þess gætt, að vaxtatillagið hækki í hlutfalli við tekjumissi af fjárfelli, þó þannig, að áður hafi verið dreginn frá tekjuauki af öðrum búpeningi, auknar vinnutekjur utan heimilis og tekjur af eignum, sbr. 5. gr.

Þeir sem misst hafa samkv. þessu 10—20% fá 1,5% vaxtatillag.
— — — — — — frá 20—30% — 2 % —
— — — — — — — 30—40% — 2,5% —
— — — — — — — 40—50% — 3 % —
— — — — — — — 50—60% — 3,5% —
— — — — — — yfir 60% — 4 % —

Á sama hátt skal reikna tekjumissi af fjármissi leiguliða þegar úthlutað er styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Þeir leiguliðar er hafa misst 10—20% fá 20% eftirgjaldsins.
— — — — — frá 20—40% — 40% —
— — — — — — 40—60% — 60% —
— — — — — yfir 60% — 80% —

Vaxtatillag og greiðsla upp í eftirgjald skal þó aldrei fara fram úr því, sem svarar helmingi af tekjumissi viðkomanda.

Þeir sem hafa misst minna en 10% af heildartekjum sínum koma ekki til greina við úthlutun vaxtatillags og styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að um leið fari fram uppgerð á afborgun og hinum hluta vaxtanna fyrir það ár hjá viðkomandi lánsstofnun, eða að það fáist að minnsta kosti eins árs greiðslufrestur á afborguninni.

7. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til sýslu- eða hreppavega, skiptir úthlutunarnefnd milli einstakra hreppa í hlutfalli við heildartekjumissi hvers hrepps, samanber niðurlag 5. gr.

Hreppsfulltrúi úthlutar vinnu til einstaklinga í samráði við sveitarstjórn, á þann hátt, sem um getur í 5. gr.

Sýslunefnd ákveður í samráði við vegamálastjóra, að fengnum tillögum sýslufulltrúa og hreppafulltrúa í hvaða vegum skuli unnið. Við ákvörðunina skal þess gætt, að þeim, sem vinnunnar eiga að njóta, sé gert það svo auðvelt sem unnt er, en jafnframt sé tekið tillit til vegaþarfar í einstökum hreppum, eftir því sem hægt er.

Vegamálastjóri hefir yfirumsjón með vegagerð þessari og öllum greiðslum og reikningsskilum, er hana snerta.

8. gr.

Þeir bændur, sem njóta vilja hlutdeildar í styrk til byggingar gróðurhúsa við jarðhita, skulu senda umsóknir um það til úthlutunarnefndar fyrir 1. maí ár hvert. Skulu þeir mynda með sér félag, þar sem öllum bændum í þeim hreppi eða næstu hreppum er gefinn kostur á þátttöku. Félagsreglur og kostnaðaráætlun fyrir byggginguna sé samþykkt af landbúnaðarráðuneytinu. Félag með færri en 5 félögum kemur ekki til greina.

Styrkur til gróðurhúsa getur numið allt að ⅓ stofnkostnaðar.

9. gr.

Styrkur til stofnunar rjómabúa kemur aðeins til greina í þeim héruðum, sem hafa álitleg skilyrði til mjólkurframleiðslu að dómi nefndarinnar og hafa hvorki greiðan aðgang að mjólkurvinnslubúum né mjólkursölu. Hvert bú sé eign samvinnufélagsskapar bænda í því héraði og samþykki landbúnaðarráðuneytið starfsreglur þess.

Styrkur til rjómabúa getur numið allt að helmingi stofnkostnaðar.

10. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til viðbótarjarðræktarstyrks, skal skipt milli hreppa og einstaklinga eftir sömu reglum og vegafénu, sbr. 7. gr.

32 27. apríl

Fyrir framræslu og túnasléttun má greiða allt að tvöföldum viðbótarstyrk, en fyrir túnauka og nýja matjurtagarða greiðist allt að jafnháum viðbótarstyrk við þann, sem ákveðinn er í 9. gr. jarðræktarlaganna. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Öll framkvæmd þessara jarðabóta skal vera í samræmi við ákvæði jarðræktarlaganna, enda votti trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands, að jarðabæturnar séu heppilega ráðnar og muni koma að tilætluðum notum. Búnaðarfélag Íslands annast útborgun styrksins.

Ákvæði 11.—17. gr. jarðræktarlaganna koma ekki til greina um þann viðbótarstyrk, sem veittur er samkv. þessari grein.

Viðbótarstyrkur, sem ekki er unnið fyrir á því ári, sem hann er veittur, fellur niður.

11. gr.

Hámark þeirrar upphæðar, sem hver einstakur maður getur fengið í vegafé og viðbótarjarðræktarstyrk samanlagt, er helmingur af tekjumissi þeim, er hann hefir orðið fyrir vegna fjármissisins.

Svo fljótt sem hægt er skal tilkynna oddvita, hve mikill styrkur kemur í hlut hreppsins sem vegafé og jarðræktarstyrkur, svo að bændum gefist kostur á því í tíma að taka ákvörðun um það, hvernig þeir færi sér hann í nyt.

12. gr.

Allir þeir, sem starfa að úthlutun styrktarfjár samkvæmt þessari reglugerð, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir komast að vegna starfs síns og snertir efnahag einstakra manna.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25, 13. janúar 1938, um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

33 28. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð barnaskóla Svalbarðsstrandar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð barnaskóla Svalbarðsstrandar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður barnaskóla Svalbarðsstrandar". Stofnfé hans er 100 — eitt hundrað — krónur.

2. gr. 33

Sjóðinn skal efla og auka með ágóða af skemmtisamkomum, gjöfum og áheitum 28. apríl
einstakra manna og félaga.

3. gr.

Takmark sjóðsins er að gera barnaskóla Svalbarðsstrandar að efnalega sjálfstæðri stofnun, með því að bera uppi allan þann kostnað, er leiðir af starfrækslu skólans eða fræðslu barna í hreppnum, að þeim hluta sem ríkið ekki kostar fræðsluna; að styrkja unglinga í hreppnum til framhaldsnáms utan sveitar; og að styrkja hverskonar menningar- og mannúðarmál innan sveitarinnar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða né gera hann að eyðslueyri. Skulu árlegir vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, ásamt öðru því fé, er sjóðnum kann að áskotnast, þar til sjóðurinn er orðinn 8000 — átta þúsund — krónur. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 8000 kr. skal sjóðurinn taka til starfa, og skal þá árlega veita úr honum styrk til barnaskólans, eða fræðslu barna í Svalbarðsstrandarhreppi, er nemi allt að $\frac{5}{6}$ hlutum ársvaxta hans, en $\frac{1}{6}$ hlutinn skal leggjast við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Úr því má styrkur þessi nema allt að $\frac{9}{10}$ hlutum ársvaxtanna, en $\frac{1}{10}$ hlutinn leggst við höfuðstóilnn.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að árlegir vextir hans eru 300 — þrjú hundruð — krónum hærri en allur árlegur kostnaður við barnaskólann, eða fræðslu barna í hreppnum, fram að 14 ára aldri, að meðaltali 5 síðustu árin, eftir reikningum skólanefndar, skal veita fátækum og efnilegum unglingum í Svalbarðsstrandarhreppi, jafnt konum sem körlum, styrk úr honum til framhaldsnáms utan sveitar, hvort heldur það nám er verklegt eða bóklegt. Þó má samanlagður styrkur til barnaskólans og framhaldsnáms unglinga aldrei fara fram úr $\frac{49}{50}$ hlutum ársvaxtanna, $\frac{1}{50}$ hluti ársvaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn árlega.

Ennfremur má veita styrk úr sjóði þessum til hverskonar menningar- og mannúðarmála innan sveitarinnar, þegar sjóðurinn er þess megnugur að dómi sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Svalbarðsstrandar, en verði sparisjóðurinn lagður niður, eða hætti störfum á annan hátt, skal fé Menningarsjóðs barnaskóla Svalbarðsstrandar ávaxtað í þeirri peningastofnun landsins, sem á þeim tíma telst tryggust og býður bezt kjör.

6. gr.

Sjóðnum skal sjórnað af þrem mönnum. Skal forstöðumaður eða skólastjóri barnaskólans í Svalbarðsstrandarhreppi vera sjálfkjörinn formaður sjóðsins, en hina tvo kýs almennur hreppsfundur á sama hátt og til sama tíma og kosið er í hreppsnefnd.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins ber ennfremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er kosnir séu á hausthreppaskilum. Skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins síðan birtir á fyrsta almennum hreppsfundi ár hvert.

33 28. apríl

9. gr.

Að liðnum 50 árum er þáverandi stjórn sjóðsins heimilt að breyta skipulagsskrá þessari, í samræmi við breytta tíma. Þó má aldrei skerða höfuðstól sjóðsins né gera hann að eyðslueyri, og ætíð skal sjóðurinn styrkja menntun barna og unglinga, og efla mannúðar- og menningarmál innan sveitarinnar, eins og gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, enda fáist á þeirri breytingu samþykki fjölmenns hreppsfundar og konungleg staðfesting.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

34 28. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns prófasts Guðmundssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns prófasts Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Guðnýju Þorsteinsdóttur, ekkju séra Jóns Guðmundssonar, fyrrum prófasts að Nesi í Norðfirði, og heitir „Minningarsjóður Jóns prófasts Guðmundssonar".

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur. Er sjóðurinn eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðsins.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í bankavaxtabréfum, eða á annan jafntryggan hátt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast fyrir gjafir, áheit eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn. ¼ hluti vaxtanna leggist einnig við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist ⅕ hluti vaxtanna við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins á þann hátt, sem segir í 5. grein.

5. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal árlega varið til að styrkja þá háskólanemendur, sem ekki hafa nægilegan fjárkost til að kosta sig sjálfir við háskólann. Forgangsrétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir stúdentar, sem eiga heima í Skorrastaðaprestakalli, þ. e. Neskaupstað og Norðfjarðarhreppi, þannig að styrkur úr sjóðnum verði eigi veittur öðrum, fyrr en allir stúdentar, búsettir á fyrrgreindu svæði, sem ekki geta kostað sig sjálfir við háskólann, hafa hlotið árlegan styrk úr sjóðnum, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Árbók Háskólans.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórarins Stefáns Eiríkssonar á Torfastöðum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. maí 1938. 35 13. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórarins Stefáns Eiríkssonar á Torfastöðum.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um elskaðan son okkar undirritaðra prestshjóna að Torfastöðum, Þórarins Stefáns, sem fæddur var að Torfastöðum 29. júlí 1908 og dáinn einnig þar 23. febrúar 1926. Er sjóðurinn stofnaður á 27. afmælisdegi hans eða 29. júlí s. l. Skal hann ætíð kenndur við nafn hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — sem er andvirði orgelharmoniums, er við gáfum barnaskólanum í Reykholti, þegar hann var reistur veturinn 1927—28, til minningar um fyrnefndan son okkar, en breyttum í sjóðsstofnun með samþykki skólanefndar, og seldum eigendum Skálholtsstaðar fyrir kirkjuharmoníum þar. Skal sjóðurinn því vera ævarandi eign barnaskólans.

3. gr.

Sjóðurinn eykst af vöxtum (sbr. 6. gr.), gjöfum og áheitum. Skal hann ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Torfastaðaprestakalls og kona hans og skólastjóri barnaskólans í Reykholti. Sé presturinn ókvæntur, þá getur hann kosið til eins árs í senn þriðja mann í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að glæða áhuga barnanna fyrir íslenzku og íslenzkum fræðum og jafnframt að auka þekkingu þeirra á því sviði. Þessum tilgangi viljum við ná með því, að veita bókaverðlaun því eða þeim börnum, sem skara fram úr skólasystkinum sínum við fullnaðarpróf í að tala og rita rétt og fallegt mál, í skýrum og áheyrilegum lestri, sýna snirtilegastan (sic) og skipulegastan frágang á skriflegum verkefnum sínum, svo og eru bezt að sér í sögu Íslands, þó að því áskyldu, að það eða þau, er komið geta til greina við verðlaunaúthlutun, samkvæmt framangreindu, séu siðsöm og hafi mátt teljast í því efni til fyrirmyndar skólasystkinum sínum.

Vali verðlaunabókanna skal haga sem bezt að kostur er samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Úthlutun verðlaunanna fari árlega fram 29. júlí eða næsta sunnudag fyrir eða eftir, beri hann ekki upp á sunnudag.

Stjórn sjóðsins (sbr. 4. gr.) dæmi um verðlaunahæfni barnanna, enda sé prestur og kona hans viðstödd fullnaðarpróf í skólanum í ofangreindum námsgreinum. Komi þeim eigi saman um, hvert eða hver börn skuli hljóta verðlaunin, ræður afl atkvæða og sömuleiðis um önnur atriði, sem eigi fæst samkomulag í. Ekkert barn getur þó komið til greina við úhlutun verðlaunanna nema það hafi að minnsta kosti náð, í umræddum námsgreinum, hæstu fyrstu einkunn.

35
13. maí

6. gr.

Árlega og ávallt skal leggja ¼ — einn fjórða — hluta vaxtanna við höfuðstólinn. Hið annað vaxtanna gangi til verðlauna eftir þeim reglum, sem 7. gr. tekur fram.

7. gr.

Af þeim ¾ — þrem fjórðu — hlutum vaxtanna, sem árlega koma til útborgunar, samkvæmt 6. gr., má verja til bókaverðlauna allt að kr. 50.00 — fimmtíu krónum — (sbr. 5. gr.) sé aðeins um eitt fullnaðarprófsbarn að ræða, sem skari fram úr. En séu þau tvö, sem lítill eða enginn munur verði gerður á, má og veita önnur verðlaun. Undir þeim kringumstæðum má veita til verðlaunanna allt að kr. 75.00 — sjötíu og fimm krónum —. Hlutfallið á milli fyrstu og annara verðlauna ákveður í hvert skipti stjórn sjóðsins.

Finnist henni í eitthvert skipti, að ekkert fullnaðarprófsbarnanna hafi unnið til verðlaunanna þá leggjast í það sinn allir vextirnir við höfuðstólinn (sbr. 5. gr.).

8. gr.

Nú kemst útborgunarhluti vaxtanna (¾ hlutar þeirra) upp í kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fram yfir hámark bókaverðlaunanna til fullnaðarprófs barns (barna) eða þar yfir, þá má veita ungmenni, karli eða konu, sem áður hefir tekið fullnaðarpróf við barnaskólann í Reykholti, námsstyrk við aðra skóla, héraðsskóla, gagnfræðaskóla, kvennaskóla, menntaskóla eða háskóla, enda leggi hlutaðeigandi nemandi fram vottorð viðkomandi kennara um mikla ástundun og góð framför í íslenzkum fræðum (sjá 5. gr.), svo og siðferðisvottorð þeirra fyrir liðið skólaár. Námsstyrkur þessi má aldrei vera minni en kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — í senn til sama nemanda, og aldrei meiri en sem svari hálfum námskostnaði hans hvert liðið skólaár.

Verði sjóðurinn þess megnugur, þá má veita námsstyrk úr honum fleirum gömlum nemendum frá Reykholtsbarnaskóla í senn eftir framanskráðum reglum, þó aldrei nema einum við hvern skóla sama skólaárið.

Sjóðsstjórnin úthlutar námsstyrkjunum á sama degi og bókaverðlaununum (sjá 5. gr., 3. málsgr.).

9. gr.

Verði barn eða ungmenni, sem fengið hefir áður verðlaun eða námsstyrk úr sjóðnum, hjálparþurfi vegna veikinda eða slysa, svo að það geti ekki haldið áfram námi sínu, þá má veita því sjúkrastyrk úr sjóðnum, sem svari þeim námsstyrk, er það ella hefði fengið, enda sé það, vegna efnaskorts, þurfandi fyrir slíkan styrk og njóti ekki sveitarstyrks.

10. gr.

Komi þeir tímar, að vaxtahluti sá, sem til útborgunar á að falla (¾ hlutar) verði svo mikill, að eigi þurfi hans alls við til verðlauna, námsstyrkja eða sjúkrastyrkja (sbr. 5., 8. og 9. gr.), þá má verja því, sem umfram er til eflingar barnaskólanum í Reykholti, sérstaklega bókasafni hans í íslenzkum fræðum til styrktar, en þar næst íþróttalífi skólans til eflingar.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins, undirritaðan af stjórn sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Við skólauppsögn á vorin skal reikningurinn með fylgiskjölum lesinn upp og þessi skipulagsskrá þá einnig kynnt aðstandendum barnanna.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu árlega birtir í Lögbirtingablaðinu. 35 13. maí

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki stofnenda þessa minningarsjóðs.

13. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Torfastöðum í Biskupstungum, á síðasta vetrardag 1936.

Sigurlaug Erlendsdóttir. **Eiríkur Þ. Stefánsson.**

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Mývetninga", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. maí 1938. 36 18. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Mývetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Mývetninga. Hann er stofnaður árið 1912 af ungmennafélaginu Mývetningur með kr. 100.00 til minningar um látna félaga. Síðan hefir ungmennafélagið aukið sjóðinn með nokkrum hluta árlegra tekna sinna. Minningargjafir um dána menn hafa sjóðnum borizt að upphæð kr. 625.00. Árið 1935 samþykkti hreppsfundur í Skútustaðahreppi, að til sjóðsins skyldu renna kr. 2440.00, en það er meiri hluti brunabótasjóðs hreppsins, sem honum féll þá til eignar, er ný landslög um brunatryggingar gengu í gildi. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4015.51, þar af kr. 1465.51 í sparisjóðsbók nr. 184 í Sparisjóði K. Þ. í Húsavík og kr. 2550.00 í Innlánsdeild K. Þ. í Húsavík.

2. gr.

Sjóðurinn er sameign hreppsbúa í Skútustaðahreppi, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita hjálp ungu og gömlu fólki í Skútustaðahreppi, er verður fyrir veikindum, enda njóti það ekki slysabóta eða annarar slíkrar hjálpar úr opinberum sjóðum á sama tíma. Við úthlutun styrks úr sjóðnum koma þessar ástæður til greina: læknisvitjanir, læknisaðgerðir, lyfjakaup, sjúkrahúsvist, langvarandi lega í heimahúsum og vinnutjón.
2. Að veita hjálp, ef þörf er á, konu, börnum eða öldruðum foreldrum hinna sjúku, hafi þau verið á þeirra framfæri.

4. gr.

Við stofnfé sjóðsins skal árlega leggja að minnsta kosti helming ársvaxta. Minningargjafir skulu og ávallt leggjast við höfuðstólinn. Hinum helming ársvaxta og öllum öðrum tekjum má verja árlega til styrktar, ef mikil nauðsyn er á. Komi

36 það ár eða þau ár, að slík nauðsyn sé eigi fyrir hendi, skulu allir ársvextir og
18. maí aðrar tekjur sjóðsins það ár leggjast við höfuðstólinn.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn 10000 krónur má verja öllum ársvöxtum og öðrum árstekjum sjóðsins, að undanteknum minningargjöfum, til styrkveitinga samkvæmt skipulagsskránni, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins, aðrar en vextir samkvæmt 4. gr., eru: Minningargjafir og aðrar gjafir, áheit, ágóði af samkomum og öðru, er hentugt þykir til fjáröflunar slíkum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal einn þeirra kosinn af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, annar af almennum sveitarfundi hreppsbúa og hinn þriðji af ungmennafélagi sveitarinnar. Sé ekkert ungmennafélag starfandi í hreppnum, skulu ungir menn frá 15—30 ára að aldri ráða kosningu hins þriðja manns. Kosning í stjórn sjóðsins fer fram samtímis kosningu í hreppsnefnd og gildir sama tíma. Tveir menn skulu og kosnir samtímis af almennum hreppsfundi til endurskoðunar reikninga sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald og annast um að hann sé ávaxtaður á tryggum stað. Hún skal einnig hafa á hendi úthlutun úr sjóðnum, og bóka í þar til ætlaða bók allar ályktanir, er starf hennar varða. Þar skal og innfæra aðalreikning sjóðsins fyrir ár hvert. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í desembermánuði ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal á ári hverju, meðan sjóðnum er mest þörf á að vaxa, til þess að geta gegnt hlutverki sínu, leggja sig fram um að afla sjóðnum tekna með gjöfum, áheitum, frjálsum framlögum, samkomuágóða eða öðru því líku. Skal gera grein slíkrar starfsemi og árangurs hennar árlega í gerðabók sjóðstjórnar.

9. gr.

Þeir, er óska styrks af sjóðnum, skulu fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert senda stjórninni beiðni um það. Þó má sjóðstjórnin veita styrk samkvæmt skipulagsskránni án þess umsókn hafi borizt frá styrkþurfa.

10. gr.

Að 10 árum liðnum má þáverandi stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá þessari, ef breyttir tímar krefjast breytinga á skipulagsatriðum í þessum efnum. Þyki þá eða síðar eigi lengur ástæða til að láta sjóðinn starfa að því marki og á því sviði, sem honum er afmarkað með skipulagsskrá þessari, skal velja sjóðnum sem allra skyldast verkefni því, sem hann hefir nú.

11. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Mývatnssveitar, dags. 31. okt. 1912.

12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og stjórn Sjúkrasjóðs Mývatnssveitar og ungmennafélaginu Mývetningur. 36 18. maí

Gautlöndum, 10. febrúar 1937.

Jón Gauti Pétursson. **Sigurður Einarsson.** **Páll Jónsson.**
Sigfús Hallgrímsson. **Hermann Hjartarson.** **Jónas Helgason.**
Óskar Illugason.

AUGLÝSING

37
26. maí

um breyting á samþykkt nr. 56 5. júní 1937, um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

2. grein, 1. mgr. orðist svo:
Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema föstudaga kl. 8 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:
2. grein, 4. mgr. orðist svo:
Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka stofunum eigi síðar en kl. 1 síðdegis. Þó má jafnan vera opið til kl. 6 síðdegis laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

38
31. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest, er vinnur.
b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

38 31. maí

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út. Útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi af þeim eða öðrum orsökum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 1. júní 1939.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. maí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

39 1. júní

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 18 12 apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum að á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skulu þær opnaðar eigi fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 6 e. h. alla virka daga, að laugardegi undanskildum, en þann dag skal þeim lokað eigi síðan en kl. 2 e. h.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir nr. 21 10. paríl 1931 og nr. 57 31. júlí 1936, um viðauka við samþykkt nr. 18 12. apríl 1921. 39 1. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gunnl. E. Briem.

GJALDSKRÁ
vatnsveitu Dalvíkurþorps.

40 3. júní

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Upphæð vatnsskattsins er þannig:

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús.

Af húsum virtum upp í	5000 kr.	greiðist	.....	5 ‰
— — — yfir	5000 —	upp í 10000	greiðist	4½—
— — — —	10000 —	greiðist	.....	4 —

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annara en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, og til hverrar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 5 kr. og fyrir hvern stórgrip 4 kr. árlega og fyrir vatnshana utanhúss greiðist 4 kr.

3. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 20 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 10 aura fyrir hverja tunnu síldar og 20 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. við afhendingu fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en 6 krónur fyrir fiskiskip og 15 krónur önnur skip, enda hefir enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa til skipa, nema vatnsveitan sjálf. Vatnsvirkjari skal sjá um afhendingu vatns til skipa.

4. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum allt að 20%, þó má gjaldið aldrei fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. maí og 1. október ár hvert og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga. Skatturinn greiðist í fyrsta sinn 1. júlí 1938. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vantalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

41
8. júní

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðdæla.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Miðdæla. Heimili þess og varnarþing er á þingstað hreppsins, Nesodda.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með:

1. Laxaklaki.
2. Að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiða í Miðá, Tungá og Svalbarðafossi og Hundadalsá í Miðdalahreppi í Dalasýslu. Félagsmenn eru ábúendur allra þeirra jarða, sem veiðiréttur fylgir, en þær eru þessar:

Harrastaðir, Stóri-Skógur, Miðskógur, Kirkjuskógur, Kvennabrekka, Kringla, Svalbarð, Sauðafell, Erpstaðir, Þórólfsstaðir, Fellsendi, Gröf, Breiðabólsstaður, Hlíðartún, Skallhóll, Hundadalur fremri, Hundadalur neðri, Bær, Skörð, Hamraendar, Gilsbakki, Harðaból, Skógskot.

4. gr.

Veiðiaðferð og veiðitæki félagsmanna skal aðalfundur ákveða til eins eða fleiri ára í senn, innan þeirra takmarka, sem lög mæla fyrir.

5. gr.

Félagsstjórninni er heimilt að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu. Arður af slíkri veiði skiptist milli félagsmanna eftir arðskrá.

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði og ræður það þá mann sem stendur fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri. Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi. Allt í samræmi við félagsstjórn.

7. gr.

Til þess að auka laxveiðina skal félagið setja svo mörg laxaseiði í árnar, sem ástæður leyfa, og eigi minna en 50 seiði fyrir hvern lax sem veiðist á félagssvæðinu.

Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum sem arðskrá félagsins til tekur.

8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn samfleytt.

Að jafnlöngum tíma liðnum er hann skyldur að taka við kosningu. Formaður skal kosinn á aðalfundi ár hvert. 41 8. júní

9. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í febrúar eða marz ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

a. Ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði.
b. Sé ⅓ félagsmanna og meiri hluti stjórnar mættur á fundinum.

Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur. — Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram tillögur og áætlun um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga.

Hann ákveður um laun stjórnar.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Félagsfund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjalddagi allra gjalda félagsmanna er 20. okt. ár hvert. Reikningar skulu fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og aðrar tekjur, svo og öllum gjöldum er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna.

Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur í ársreikningi félagsins. Verði útgjöld meiri en tekjur skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum sem arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

16. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema ⅔ félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

41 17. gr.

8. júní Félaginu má slíta ef ⅔ félagsmanna samþykkja það. Eignir, sem félagið kann þá að eiga, skiptast milli félagsmanna samkvæmt arðskrá. Á sama hátt skulu félagsmenn greiða skuldir félagsins, ef einhverjar eru.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

42

8 júní.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðdæla.

Bæjanöfn:	Arður og gjöld.
Harrastaðir	19,5%
Stóri-Skógur, Skógskot	2,0—
Miðskógur	3,5—
Kirkjuskógur	0,5—
Kvennabrekka	1,2—
Kringla	0,3—
Svalbarð	1,5—
Sauðafell	12,5—
Erpstaðir	0,4—
Þórólfsstaðir	3,0—
Fellsendi	1,0—
Gröf	3,0—
Breiðabólsstaður	2,5—
Hlíðartún	2,6—
Skallhóll	3,0—
Hundadalur fremri	5,0—
Hundadalur neðri	1,0—
Bær	2,0—
Skörð	8,5—
Hamraendar	5,0—
Snóksdalur, Gilsbakki	15,5—
Harðarból	6,5—

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Magnúsar Einars- **43**
sonar, söngstjóra og söngfrömuðs á Akureyri", útgefin á venjulegan hátt að man- 8. júní
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. júní 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Magnúsar Einarssonar söngstjóra og söngfrömuðs á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Magnúsar Einarssonar sjóður" og er stofnaður til minningar um Magnús Einarsson, söngstjóra og söngfrömuð.

Stofnfé hans er gjöf frá nokkrum Geysismönnum, kr. 60.00.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru 10% af nettótekjum hvers söngmóts, er söngfélagið „Hekla" heldur. Þar að auki veitir sjóðurinn móttöku gjöfum og áheitum, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóður þessi skal standa undir stjórn söngfélagsins „Hekla", og vera ávaxtaður í útibúi Landsbankans á Akureyri, og skulu vextirnir ávallt leggjast við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn að upphæð kr. 5000.00.

Heimilt er að geyma sjóðinn í skuldabréfum tryggðum með ríkisábyrgð.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 5000.00, sbr. 3. gr., er stjórn söngfélagsins „Hekla" heimilt að ráðstafa allt að helmingi árlegra vaxta, til söngmenningarmála í Norðlendingafjórðungi hinum forna, til styrktar söngkennslu og raddþjálfun kóranna, sem í söngfélaginu eru, söngstjóranáms, eða fyrir bezt samin íslenzk kórlög o. fl. er lýtur að sömu átt. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, er stjórninni heimilt að ráðstafa $^2/_3$ af árlegum vöxtum sjóðsins í sama augnamiði, og þegar hann er orðinn kr. 20000.00 að upphæð, má stjórnin úthluta $^3/_4$ af vöxtum hans til sömu menningarmála og að framan er skráð. Yrði sjóðurinn megnugur þess, að stjórnin teldi fært að styrkja söngfélög, sem í sambandinu eru, til að koma upp söngskálum til æfinga, er henni heimilt að veita styrk til þess. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, fyr en hann er orðinn kr. 30000.00, og aldrei má skerða hann meira, ef hann nær þeirri upphæð, en að ávallt séu liggjandi í honum kr. 20000.00.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af stjórn söngfélagsins „Hekla" og haldi hún gerðabók og færi í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir hverri þeirra, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Stjórnin færi ennfremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið og skal sjóðsstjórnin hafa gert ársreikning sjóðsins og hafa lagt hann fram á fundi söngfélagsins „Hekla" eigi síðar en 15. marz ár hvert.

43
8. júní

6. gr.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins hafa endurskoðendur söngfélagsins „Hekla“ á hendi. Verði sjóðurinn afhentur bæjarstjóra, bæjarfógeta og sóknarpresti Akureyrarkaupstaðar (sbr. 7. gr.) skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga Akureyrarkaupstaðar meðan sjóðurinn er í höndum framanritaðra embættismanna.

7. gr.

Leggist söngfélagið „Hekla“ niður eða hætti störfum, skal stjórn þess afhenda bæjarstjóra, bæjarfógeta og sóknarpresti Akureyrarkaupstaðar sjóðinn til varðveizlu samkvæmt skipulagsskrá þessari, en fari svo, að nýtt samband kórfélaga í Norðlendingafjórðungi rísi upp aftur og verði starfrækt með svipuðu fyrirkomulagi og að framan getur, ber þessum mönnum að afhenda stjórn þess félags sjóðinn til fullra umráða, þó að því áskildu, að það félag skuldbindi sig í einu og öllu að fara með sjóðinn samkvæmt þessari skipulagsskrá, og kæmi það fyrir að þetta félag leystist upp eða hætti störfum, er stjórn þess skylt að skila sjóðnum í hendur sömu manna, sem þá verða að ábyrgjast hann og ráðstafa honum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Þá er reikningar sjóðsins hafa verið endurskoðaðir og samþykktir á fundi söngfélagsins „Hekla“, skulu þeir birtir í víðlesnu dagblaði, útgefnu á Akureyri.

9. gr.

Verja má nokkru fé úr sjóðnum samkvæmt 8. gr. félagslaganna, til skápsmíðar eða annars umbúnaðar um fánann, ef hann yrði afhentur Akureyrarbæ til geymslu.

44
10. júní

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefir látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað, eftir því sem nánar verður ákveðið, ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita, eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjón með lagningu holræsa um kauptúnið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt sem skólplögnum utan- og innanhúss tilheyrir ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsanet kauptúnsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá færa til þess starfa.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamatsverði, sem hér segir:

Af	húsum	virtum	allt að	2000	krónur	greiðist	16 krónur
—	—	—	2000—	3000	—	—	8‰
—	—	—	3000—	5000	—	—	7—
—	—	—	5000—	7000	—	—	6—
—	—	—	7000—	10000	—	—	5—
—	—	—	yfir	10000	—	—	4—

44
10. júní

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefir lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. október en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 200 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

45
10. júní

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna og tölu fjölskyldna í hverju íbúðarhúsi sem hér segir:

I. FLOKKUR

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús:

Af	húsum	virtum	allt að	2000	krónur	greiðist	5 ‰
—	—	—	2000—	3000	—	—	4 —
—	—	—	3000—	5000	—	—	3½—
—	—	—	5000—	7000	—	—	3 —
—	—	—	7000—	10000	—	—	2½—
—	—	—	yfir	10000	—	—	2 —

Þá skal vatnsskattur aldrei vera lægri en 10 krónur af hverju íbúðarhúsi. Ef tvær fjölskyldur eða fleiri búa í sama húsi skal vatnsskatturinn af því húsi vera minnst 10 krónur á hverja fjölskyldu.

45 10. júní

II. FLOKKUR

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki og til hverrar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 2 krónur árlega. Fyrir hvern nautgrip í fjósi fráskildu íbúðarhúsi 4 krónur, en 2 krónur fyrir hvern nautgrip í fjósi áföstu við íbúðarhús. Fyrir hest greiðist 2 krónur.

2. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 12 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu síldar og 10 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 krónur fyrir hvert tonn eða hluta úr tonni, og greiðist vatnið strax við vatnstöku.

3. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%. Þó má gjaldið aldrei fara fram úr 6‰ (6 af þúsundi) af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns nr. 96 10. sept. 1935.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

46 29. marz

GJALDSKRÁ

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvotta skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 16 aurar.
Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 8 aurar.
Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar.
Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.

2. gr.

Gjald þetta fellur í gjalddaga um leið og fiskur er fluttur út eða til annara hafna innanlands.

3. gr.

Sjóveitugjald þetta greiðist á skrifstofu hafnarsjóðs um leið og greitt er vörugjald af fiski útfluttum úr kaupstaðnum og skal kvittað fyrir greiðslu gjaldsins á farmskírteini. Fisk má ekki afgreiða til útflutnings eða annara hafna innanlands fyrri en gjaldið hefir verið greitt.

4. gr.

Endurgjald fyrir sjó til véla skal vera 16 aurar fyrir hverja smálest sjávar. Skulu mælar settir upp á leiðslurnar á kostnað þeirra, sem vélarnar eiga. Gjald samkvæmt þessari grein skal greitt fyrir sjónotkun frá 1. janúar 1935, og skal gjaldið áætlað, miðað við þá eyðslu, sem verður, eftir að mælarnir eru teknir í notkun. Gjalddagar á vélagjaldinu skulu vera í lok hvers mánaðar, og skal gjaldið greitt á skrifstofu hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir sjó til salerna og baða skal greiða 20 krónur árlega, sem greiðast skulu 1. október.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu tryggð með lögveði í húseign þeirri, sem sjónotkunin fer fram í, næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

8. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir sjóveituna frá 24. apríl 1936, nr. 27.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. sept. 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, til að öðlast gildi 1. apríl 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

46
29. marz

REGLUGERÐ

47
4. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkauptún frá 7. desember 1935.

Í 24. gr. b-lið falli burt síðari málsliðurinn: „Þó ekki meira á ári en 1 krónu fyrir hverja smálest."

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gidi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

48
29. apríl

ERINDISBRÉF

fyrir aukaprestana í Dómkirkjusöfnuðinum.

Með bréfi dags. 13. þ. m. hefir dóms- og kirkjumálaráðherra falið mér að útbúa erindisbréf það, er hér fer á eftir og gert er í samráði við hina föstu presta og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins.

1. gr.

Aukaprestar þeir, sem kallaðir hafa verið til að inna af hendi kirkjulegt starf í dómkirkjusöfnuðinum, samkvæmt heimild í fjárlögum fyrir 1938, 22. XXVI, eru fyrst og fremst kallaðir til að vera hinum skipuðu sóknarprestum (dómkirkjupresti og öðrum presti til aðstoðar í starfi þeirra innan safnaðarins.

Ber dómkirkjupresti að kynna þá fyrir söfnuðinum með innsetningu og fyrirbæn, svo sem venja er til.

2. gr.

Hvorum aukapresti um sig er jafnframt ætlað ákveðið umdæmi, sem sérstakur verkahringur hans í úthverfum sóknarinnar, annað austanvert við bæinn, hitt sunnan og vestanvert við hann.

a. Hið sérstaka umdæmi austanbæjar aukaprests er öll byggðin frá Rauðarárstíg inn að Elliðaám, svo og sá hluti sóknarinnar, sem liggur innan Öskjuhlíðar og sunnan Elliðaánna.

b. Hið sérstaka umdæmi vestanbæjar aukaprests er öll byggðin í suðvesturhluta sóknarinnar frá Sólvallagötu sunnanmegin götu (og áframhaldi hennar vestur að sjó), suður að Skerjafirði, ásamt Seltjarnarnesi öllu.

3. gr.

Innan þessara umdæma er aukaprestunum skylt að halda uppi guðsþjónustum að forfallalausu alla sunnu- og helgidaga ársins, að inna af hendi þau aukaverk, sem um er beðið, og vinna í samráði við hina föstu presta og sóknarnefnd að hverri kirkjulegri og kristilegri starfsemi, sem telst til hlutverks sérhvers kristins kennimanns og sálusorgara og miðar að eflingu guðs ríkis innan umdæmis þeirra hvors um sig.

4. gr.

Starfi aukaprestanna hvors í sínu umdæmi skal þannig hagað, að meðfram sé unnið að því að þar myndist sjálfstæðar söknir með sérstökum sóknarkirkjum, þar sem reglulegar guðsþjónustur fari fram og kirkjulegar helgi-athafnir verði um hönd hafðar.

5. gr.

Heimilt er öllum meðlimum dómkirkjusafnaðarins að kalla aukaprestana til kirkjulegra aukaverka og aukaprestunum heimilt að vinna öll slík prestsverk innan safnaðarins fyrir hvern þann, er þess óskar.

6. gr.

Aukaprestunum er einnig skylt að leysa af hendi öll þau embættisverk, sem sóknarprestar dómkirkjusafnaðarins kynnu að fela þeim og eins í forföllum þeirra eða fjarveru um stundarsakir að halda uppi starfi þeirra.

7. gr.

Meðan kirkjum hefir ekki verið fjölgað í Reykjavíkurdómkirkjuprestakalli, eru aukaprestunum heimil afnot dómkirkjunnar til hvers konar guðsþjónustuhalds og til

framkvæmdar prestsverka, sem óskað er, að fari fram í kirkju eða eiga að fara þar fram, en þó ávallt eftir fullu samkomulagi við hina föstu presta dómkirkjunnar og eftir að kirkjuhaldara hefir verið gert aðvart um það með nægilegum fyrirvara. 48 29. apríl

8. gr.

Til sérhverrar frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, hvar og hvenær sem er innan dómkirkjusafnaðarins, hafa aukaprestarnir með öllu óbundnar hendur.

9 gr.

Aukaprestarnir taka árlega manntal í þeim hluta umdæma sinna, sem liggja utan kaupstaðarins og bæjar-manntalið því leiðir hjá sér.

10. gr.

Aukaprestar bera alla ábyrgð á öllum prestsverkum, sem þeir framkvæma, svo og á öllu starfi sínu, er þeir vinna á eigið eindæmi, hvort heldur er innan hins sérstaka verkahrings þeirra eða annarsstaðar innan safnaðarins.

11. gr.

Um öll þau mál, varðandi starf aukaprestanna, sem vafa kunna að vera undirorpin, ber þeim að ráðfæra sig við dómkirkjuprest áður en til framkvæmda kemur.

12. gr.

Aukaprestarnir eiga sæti á héraðsfundi prófastsdæmisins með fullum atkvæðisrétti eins og aðrir prestar héraðsins.

13. gr.

Aukaprestunum er og heimilt að sitja fundi sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins, eins og hinum föstu prestum við dómkirkjuna, unz sérstakar sóknarnefndir hafa verið skipaðar fyrir umdæmi þeirra. En ekki hafa þeir atkvæðisrétt á þeim fundum.

14. gr.

Aukaprestunum er gert að skyldu, hvorum um sig, að halda bók yfir þau prestsverk, sem þeir vinna hvar sem er innan safnaðarins og að innfæra þau síðan, í lok hvers mánaðar, í aðalprestsþjónustubók prestakallsins hjá dómkirkjuprestinum, sem einum ber að gefa vottorð, sem um er beðið eða útskriftir úr embættisbókum prestakallsins.

15. gr.

Í lok hvers árs er aukaprestunum skylt að senda dómkirkjupresti skýrslu um guðsþjónustuflutning þeirra á umliðnu ári og um starfsemi þeirra allsyfir.

Biskupinn yfir Íslandi.

Reykjavík, 29. apríl 1938.

Jón Helgason.

49
8. júní

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga, skammstafað F. V. Á. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, og eru þær þessar:

Ölfusá: Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágar, Hraunshóll, Flóagafl, Hallskot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi I og II, Arnarbæli, Auðsholti og hjál., Kirkjuferja, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I og II, Eyði-Sandvík, Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II og III, Hellir og Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

Sog: Alviðra, Torfastaðir I og II, Norðurkot, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður, Syðri-Brú.

Hvítá: Skrúðvangur, Öndverðarnes, Hraunkot, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir, Vaðnes, Langholt I og II, Hallandi, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli I og II, Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir I og II, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Hjálmholt, Laugar, Árhraun, Gíslastaðir, Vatnsnes, Hamrar I og II, Útverk, Miðbýli, Fjall I og II, Iða I og II, Skálholt I og II, Laugarás, Auðsholt I til IV, Höfði, Hvítárholt, Bræðratunga, Halakot, Ásakot, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Borgarholtskot, Bryðjuholt, Kópsvatn, Gróf, Skipholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir, Einiholt, Haukholt, Foss, Hlíð, Gýgjarhóll, Gýgjarhólskot, Brattholt, Tungufell, Jaðar.

Brúará og **Hagaós:** Hverakot, Kringla, Bjarnastaðir, Þórisstaðir, Reykjanes, Mosfell, Sel, Spóastaðir, Hagi, Miklaholt, Syðri-Reykir, Böðmóðsstaðir, Efri-Reykir, Efsti-Dalur I og II.

Tungufljót: Hrosshagi, Torfastaðir, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I og II.

Fullsæll: Tjörn, Brekka.

Andalækur: Miðhús, Úthlíð, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Stritla.

Litla-Laxá: Efra-Langholt I og II, Langholtskot, Snússa, Efra-Sel, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir, Gröf, Grafarbakki I og II, Hvammur, Högnastaðir, Ós, Reykjadalskot, Reykjadalur, Hruni, Þverspyrna, Berghylur, Kluftir, Flúðir.

Stóra-Laxá: Unnarholt, Unnarholtskot, Bolafótur, Eiríksbakki, Ósabakki, Syðra-Langholt I og II, Birtingaholt, Reykir, Sandlækur, Sandlækjarkot, Skarð, Glóra, Háholt, Hrepphólar, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð, Sólheimar, Laxárdalur, Hörgsholt, Kaldbakur, Hrunakrókur.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að gera laxveiði á félagssvæðinu sem arðmesta með því

a) að reka laxaklak,
b) að breyta til um veiðiaðferðir,
c) að útrýma sel og öðrum veiðivargi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt landslögum.

4. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur

fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en fimm ára í senn, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slík veiðileyfi yrði til umræðu. Þó skulu jarðeigendur, sem hafa stundað stangarveiði fyrir landareign sinni, og sem kjósa að notfæra sér hana framvegis á sama hátt, hafa forgangsrétt til veiðiréttarins fyrir landareign sinni. 49 8. júní

Félagsstjórn er og heimilt að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum ef hentara þykir.

5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax eða silung í vötnum á félagssvæðinu nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið sé veitt.

6. gr.

Félagið rekur laxaklak á þeim stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Leggja skal áherzlu á það, að klekja út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

7. gr.

Æðsta vald í öllum félagsmálum hefir aðalfundur. Hann skal haldinn ár hvert fyrir lok febrúarmánaðar. Til aukafundar getur félagsstjórnin kvatt, þegar henni þykir þess þörf. Skylt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur, ef ⅔ félagsmanna eru á fundi eða hafa gefið öðrum, sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta fyrir sig.

Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema þar, sem samþykkt þessi mælir fyrir um aukinn meirihluta.

Til funda skal kvatt með skriflegri tilkynningu til hvers félagsmanns eða tvítekinni tilkynningu í útvarpi með hálfs mánaðar fyrirvara.

8. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál í þeirri röð, sem hér segir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda lagðir fram og úrskurðaðir.
3. Kosið í stjórn félagsins samkv. 11. gr., bæði aðalmenn og varamenn.
4. Kosinn 1 endurskoðandi úr flokki félagsmanna til tveggja ára og annar til vara.
5. Stjórnin lýsir eftir föngum hugmyndum sínum um rekstur félagsins á næsta starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp kunna að verða borin.

9. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykktum þessum þarf ⅔ atkvæða á lögmætum aðalfundi. Til þess að slíta félaginu þarf ályktun um það að hafa verið samþykkt á tveim lögmætum fundum í röð með eigi færri en ⅔ atkvæða. Ef fundur verður ekki lögmætur sökum fámennis, skal kveðja til fundar á ný innan þriggja vikna. Skal þá tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess, að ekki mættu nógu margir á hinum fyrra fundi til þess, að hann væri lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir mæta á honum.

10. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarsamþykktir orðréttar og stutta skýrslu um annað, sem gerist á félagsfundum. Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok

49 8. júní og bornar undir atkv. Skulu þær síðan undirritaðar af fundarstjóra, skrifara og viðstöddum stjórnarmönnum.

11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og 3 varamönnum, og skal jafnan 1 aðalstjórnarnefndarmaður, að minnsta kosti, vera af eftirtöldum svæðum: 1. Ölfushreppur. 2. Sandvíkurhreppur og Eyrarbakki. 3. Hraungerðishreppur og Grímsnes. 4. Gnúpverja- og Hrunamannahreppur og Skeið. 5. Biskupstungur og Laugardalur. Varamaður gengur til fulls í stjórnina ef aðalmaður deyr eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórninni í þeirri röð, að fyrstur kemur sá, sem kosinn var með flestum atkvæðum, o. s. frv.

Stjórn félagsins, aðalmenn og varamenn, skulu kosnir til þriggja ára í senn, og ganga þeir úr stjórninni á víxl, fyrsta árið 1, annað árið 2 samkv. hlutkesti, og síðan eftir aldri í stjórninni.

Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn félagsins nema um jafnmörg ár og hann hefir áður verið í stjórninni. Með samþykki hans má endurkjósa hann.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmætur ef meir en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók, og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær.

12. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli félagsfunda, sér um framkvæmdir fyrir félagið, heldur reikninga þess og kveður til félagsfunda.

Félagsstjórnin hefir heimild til að taka lán fyrir félagið og getur skuldbundið það og eignir þess með ályktunum sínum og samningum.

13. gr.

Arði af starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir. Gildir hún til tveggja ára í senn, nema fyrirfram sé ákveðið að hún skuli gilda um skemmri tíma. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram næsta tímabil.

Félagsmenn greiða kostnað af starfsemi félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 10—1000 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Nú er félaginu slitið, og sé það þá í skuld umfram eignir, skal jafna henni niður á félagsmenn í sama hlutfalli og þeir tóku arð. Eignir þær, sem félagið kynni að eiga skulu afhentar sýslunefnd Árnessýslu til vörzlu, unz fiskræktar- eða veiðifélag er stofnað aftur á sama svæði.

Samþykkt þessi staðestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

50
14. júní

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 73, 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun o. fl.

I. KAFLI
Um gjaldeyrisverzlunina.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri og því er öllum þeim, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyrir, skylt að selja hann til nefndra banka, útibúa eða gjaldeyrisskiptistöðva þeirra, með þeim undantekningum, sem ræðir um í 2. og 3. gr. eða leiða af fyrirmælum þeirra greina, og óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri af öðrum en nefndum bönkum, með þeim undantekningum, sem ræðir um í 2. og 3. gr. eða leiða af fyrirmælum þeirra greina.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem er fólgin, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til gjaldeyris telst myntaðir peningar, peningaseðlar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í peningum.

Þegar nefndir bankar, útibú eða gjaldeyrisskiptistöðvar þeirra, taka á móti erlendum peningum gegn greiðslu í íslenzkum peningum, skal fara eftir skráðu kaupgengi.

2. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, sbr. ákvæði 2., 3. og 4. mgr. sömu greinar, taka að því leyti til erlends gjaldeyris, sem hér búsettir menn og hérlend félög og aðrar ópersónulegar stofnanir eiga eða eignast erlendis, að þessum aðiljum er óheimilt að selja þenna gjaldeyri til annara en banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr. Aðiljar þessir — að undanteknum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. 3. gr. — mega þó selja erlendis erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast þar fyrir starfsemi eða vinnu, sem þar er innt af hendi og þar er greitt fyrir, en hvorki má láta þenna síðastnefnda gjaldeyri fyrir íslenzkan gjaldeyri til annara en banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., né láta fyrir þenna erlenda gjaldeyri koma aðra greiðslu, sem hér er eða á að fara fram hér.

Enn fremur er skipverjum á íslenzkum skipum heimilt að selja erlendis erlendan gjaldeyri, sem þeir fá greiddan í erlendri höfn samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 19. maí 1930, en hvorki má láta þenna erlenda gjaldeyri fyrir íslenzkan gjaldeyri til annara en banka þeirra, útibúa eða gjaldeyrisskiptistöðva, sem um ræðir í 1. gr., né láta fyrir þenna erlenda gjaldeyri koma aðra greiðslu, sem hér er eða á að fara fram hér.

3. gr.

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annara farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farar-

50 tækjanna þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna
14. júní að gera gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri.

Þeir, sem ætla að kaupa og greiða hér á landi vörur, sem síðan á að flytja til útlanda, og samkvæmt fyrirmælum 6. gr. reglugerðar þessarar eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri, sem renna skal til banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., skulu afhenda bönkunum erlenda gjaldeyrinn og fá vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi greitt fyrir erlenda gjaldeyrinn íslenzkan gjaldeyri, sem þessir menn megi greiða og kaupa fyrir útflutningsvörur, enda verði vottorð um þetta lagt fyrir tollstjórana eða umboðsmenn þeirra, þegar afhent er skýrsla sú, sem ræðir um í 7. gr.

Þeir, sem taka á móti andvirði útfluttra vara þegar öðruvísi stendur á en segir í 2. mgr. þessarar greinar, sbr. ákvæði 6. gr. og 6. liðs b. 8. gr., skulu án ónauðsynlegrar tafar afhenda það bönkum þeim, sem ræðir um í 1. gr.

4. gr.

Allir, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hvort sem eru skipverjar og farþegar á skipum eða farþegar og starfsmenn á öðrum farartækjum, skulu á fyrstu höfn, sem skipið eða farið tekur hér á landi, gefa og afhenda tolleftirlitsmanni, sem afgreiðir skipið eða farið, skýrslu um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir hafi eða flytji til landsins frá útlöndum, ásamt skýrslu um það, hvort og ef svo er hversu mikinn íslenzkan gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytji til landsins frá útlöndum og hvernig hann sé til kominn, svo og skuldbinding um það, að afhenda einungis Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h.f., útibúum eða löggiltum gjaldeyrisskiptistöðvum þeirra, allan þann erlenda gjaldeyri, sem þeir komi til að skipta eða nota á annan hátt hér á landi.

5. gr.

Bankar þeir, er nefndir eru í 1. gr., selja erlendan gjaldeyri samkvæmt leyfum gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og fari salan að öðru leyti fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur um hana. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

Ef sérstaklega stendur á, er bönkunum heimilt, með samþykki eigenda, að taka við greiðslu á erlendum kröfum til geymslu í lokuðum reikningum í íslenzkum krónum.

Ráðstafanir þær, sem bankarnir kunna að hafa gert um inneignir útlendinga í íslenzkum reikningum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

II. KAFLI
Um útflutning vara.

6. gr.

Útflytjendum íslenzkra afurða og annara vara er skylt að láta fyrir þær koma erlendan gjaldeyri og afhenda hann til banka þeirra, sem ræðir um í 1. gr., með þeim undantekningum, sem taldar eru hér á eftir.

Skylda sú, sem ræðir um í 1. mgr., til að skila erlendum gjaldeyri fyrir vörur, sem fluttar eru frá landinu, tekur ekki til:

1. Skipa, annara en þeirra, sem seld eru til útlanda og afskráð eru hér sem íslenzk skip. Tilsvarandi gildir um flugtæki.
2. Innstæðumuna, vista og annara nauðsynja, sem voru í skipinu eða farartækinu

þegar það kom hingað frá útlöndum og ekki hafa verið fluttar úr skipinu eða farartækinu hér.

3. Annara vara, sem voru í skipi eða öðru farartæki, þegar það kom hingað frá útlöndum og ekki hafa verið fluttar úr því. Þetta tekur þó ekki til afla íslenzkra veiðiskipa.
4. Fatnaðar og annara nauðsynja, sem heyra til skipverjum í skipum og starfsmönnum í öðrum farartækjum, sem fara til útlanda, að svo miklu leyti sem farangur þessi er til eigin nota skipverjanna eða starfsmannanna í skipinu eða farartækinu, að áliti tolleftirlitsmanns.
5. Fatnaðar og annara nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin nota á ferðalaginu.
6. Notaðra heimilismuna og annara nauðsynja manna, sem eru að flytja til útlanda.
7. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
8. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

7. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina útfluttu vöru, og afrit af farmskirteini eða fylgibréfi yfir vöruna, ef það hefir verið gefið út fyrir henni, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefir farið fram, en ef salan fer fram síðar, þá skuldbinding um að afhenda sölureikning, þegar salan hefir átt sér stað.

Sölureikningar fyrir útfluttum vörum skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal söluverðið gefið upp í íslenzkri mynt og skal miða við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í töluliðunum 1—5 í 6. gr. Hinsvegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

8. gr.

Skýrsla sú eða yfirlýsing, sem ræðir um í 7. gr., skal vera skrifleg og tilgreina eftirtöld atriði:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef salan hefir farið fram, annars fob. gangverð varanna.
3. Allan kostnað, sem greiddur er í íslenzkum gjaldeyri og fellur á vörurnar eftir að þær eru komnar um borð í skipið eða farartækið, sem flytur vörurnar til útlanda, svo sem flutningsgjald og vátrygging.
4. Ákvörðunarstað varanna.
5. Nafn og heimili viðtakanda varanna.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
   a. Hafi vörurnar verið greiddar fyrir fram, ber útflytjanda að leggja fram vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi móttekið andvirðið í erlendum gjaldeyri, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr.
   b. Eigi greiðsla að fara fram síðar, ber útflytjendum að undirrita skuldbinding um það, að skila andvirðinu í erlendum gjaldeyri til bankanna og skal þá tilgreint hvenær og í hvaða banka greiðslan sé væntanleg.

50 14. júní

c. Hafi útflytjendur heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar til að ráðstafa andvirðinu sjálfir, ber þeim að leggja fram fyrir tollstjóra eða umboðsmenn þeirra heimildarskjal þar að lútandi til áritunar.

9. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63, 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd, ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 7. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63, 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra, fyrst um sinn og þar til er önnur skipun verður á því gerð, senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annara farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefir tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolleftirlitsmanni áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefir tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða farstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar eða verða greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefir gengið eða á að ganga.

10. gr.

Bankarnir skulu senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd vikulega sundurliðaða skýrslu um allar innborganir, sem þeim berast í erlendum gjaldeyri. Skal í skýrslu þessari greind fjárhæð, greiðsludagur, hver hafi afhent bankanum fjárhæðina og fyrir hvað greiðslan sé.

11. gr.

Eigendum íslenzkra veiðiskipa, sem selja eigin afla erlendis, skal heimilt að ráðstafa þeim hluta andvirðisins, sem nauðsyn krefur, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og nauðsynja skips þar til er það kemur til hafnar hér á landi, en skylt er þeim að gera gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum, svo og að afhenda bönkunum alt annað andvirði aflans.

III. KAFLI
Um innflutning vara.

12. gr.

Engar vörur — þar með talin skip og önnur farartæki, sem keypt eru hingað til lands — má flytja til landsins, með þeim undantekningum, sem taldar eru hér á eftir, nema fyrir liggi leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar.

Leyfi nefndarinnar þarf ekki til þess að flytja til landsins:

1. Skipsinnstæðumuni og innstæðumuni í öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, og munir þessir eru tilheyrandi skipinu eða farartækinu og verða ekki fluttir úr þeim í land, í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan landhelginnar.
2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í skipum eða öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, og vistir þessar og nauðsynjar verða áfram í skipinu því til notkunar, skipverjum, starfsmönnum annara farartækja og farþegum til neyzlu eða notkunar í skipinu eða farartækinu, enda séu

vistir þessar og nauðsynjar ekki tollskyldar eftir tolllögum. Um innsiglun vistaforða og annara nauðsynja í skipi eða öðrum farartækjum fer eftir tollögum. 50 14. júní

3. Aðrar vörur, sem eru í skipi eða öðru farartæki, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, og vörur þessar eru ekki settar hér á land eða fluttar í annað skip eða farartæki á höfnum inni eða innan landhelginnar, enda sé tolleftirlitsmönnum afhentar skrár yfir vörur þessar og vörurnar innsiglaðar af þeim, ef við verður komið.
4. Fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin nota skipverjanna sjálfra eða starfsmannanna í skipinu eða farartækinu.
5. Fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
6. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað.
7. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annara, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

13. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annara farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar þarf til að flytja megi hingað til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en þeir veita ekki slíkt samþykki nema fyrir liggi leyfi nefndarinnar til að flytja vörurnar inn.

Póstafgreiðslumenn afhenda ekki vörur, sem koma í pósti, nema fyrir liggi leyfi nefndarinnar til að flytja vörurnar inn.

14. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum og umboðsmönnum þeirra innflutningsleyfi fyrir vörum og innkaupsreikninga yfir þær, ef þær hafa verið keyptar erlendis, áður en vörurnar eru teknar til tollmeðferðar, en þegar vörur eru tollskoðaðar skal bera innflutningsleyfin saman við innkaupsreikningana og vörurnar.

IV. KAFLI

Um innflutning og útflutning íslenzks gjaldeyris og gjaldeyrisskýrslur við brottför.

15. gr.

Það er bannað að flytja til útlanda íslenzkan gjaldeyri, með þeim undantekningum, sem hér segir:

1. Hér búsettir menn, er ferðast til útlanda sem farþegar og ætla að koma hingað aftur, mega hafa með sér allt að 350 kr. til þess — og að eins til þess — að greiða með fæði, þjónustugjald og annan áþekkan kostnað með skipi eða öðru farartæki frá Íslandi til erlendrar hafnar, og farseðil, fæði, þjónustugjald og annan áþekkan kostnað frá erlendri höfn til Íslands, enda gefi þessir menn skýrslu um það, áður en þeir fara til útlanda, hversu mikla peninga þeir hafi með sér til útlanda í þessu skyni, svo og skuldbinding um það, að láta þessa

50 peninga einungis af hendi til greiðslu á nefndum kostnaði, og við komu sína aftur
14. júní hingað til lands skýrslu um það, hvort þeim peningum, sem þeir höfðu meðferðis til útlanda, hefir öllum verið varið til greiðslu á framannefndum kostnaði.

2. Skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum ber hinsvegar að gefa og afhenda yfirlýsing um það, áður en skip leggur úr síðustu höfn héðan til útlanda, að þeir hafi ekki meðferðis eða flytji til útlanda íslenzkan gjaldeyri. Tolleftirlitsmönnum er þó heimilt að leyfa skipstjórum á farþegaskipum og farstjórum á öðrum farþegafarartækjum, sem verða í förum milli Íslands og útlanda, að hafa með sér íslenzka peninga til þess að geta gefið til baka við greiðslur á farseðlum, fæði, þjónustugjaldi og öðrum kostnaði, sem farþegar, samkvæmt ákvæðunum í tölulið 1 í þessari grein, mega greiða utan Íslands í íslenzkum peningum, en leyfi þetta er þó bundið því skilyrði, að skipstjórarnir og farstjórarnir skuldbindi sig til að afhenda ekki peninga þessa utan Íslands til annars en að gefa til baka við greiðslu á framannefndum leyfilegum greiðslum í íslenzkum peningum, og að þeir séu skyldir til að gefa skýrslu um notkun þessara peninga í þessu skyni, ef ástæða þykir til.

16. gr.

Það er bannað að flytja til landsins frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri, með þeim undantekningum, sem hér segir:

1. Hér búsettir menn, sem hafa ferðast héðan til útlanda og koma hingað aftur frá útlöndum, mega flytja hingað óeyddar eftirstöðvar af 350 kr., sem þeir tóku með sér til að greiða með kostnað þann, sem um ræðir í 1. tölulið 15. gr.
2. Skipverjar á skipum og starfsmenn á öðrum farartækjum, sem eru í förum milli Íslands og útlanda og koma hingað, mega flytja hingað þá peninga, sem þeir hafa tekið á móti frá farþegum til greiðslu á kostnaði þeim, sem ræðir um í 1. tölulið 15. gr., enda séu peningar þessir greiddir til skipverjanna eða starfsmannanna af farþegum, sem þeir vita eða mega vita, eftir öllum atvikum að dæma, að séu búsettir hér og hafi ferðast héðan til útlanda og hafi haft með sér allt að 350 kr. Undanþága þessi er enn fremur bundin því skilyrði, að skipverjarnir eða starfsmennirnir eru skyldir til þess að skýra frá því, munnlega eða skriflega, ef tolleftirlitsmaður mælir svo fyrir, hversu mikið og frá hverjum þeir hafi tekið á móti íslenzkum peningum utan Íslands til greiðslu á kostnaði, sem um ræðir í 1. tölul. 15. gr. Enn fremur eru skipverjarnir eða starfsmennirnir skyldir til, ef ástæða þykir til, að sýna tolleftirlitsmanni kvittun frá útgerð skips eða annars farartækis eða umboðsmanni útgerðarinnar hér fyrir því, að þeir hafi tekið á móti íslenzkum peningum, sem skipshöfnin eða áhöfn farartækisins hefir tekið á móti fyrir skipsins hönd eða útgerðarinnar.
3. Skipstjóra eða farstjóra er heimilt að flytja inn óeyddar eftirstöðvar af íslenzkum skiptipeningum, sem tolleftirlitsmaður hefir leyft honum að taka með til útlanda, samkvæmt heimild í 2. tölulið 15. gr.
4. Heimilt er að flytja inn ávísanir, sem gefnar eru út erlendis á banka þá, sem ræðir um í 1. gr., enda innleysi bankarnir ekki ávísanir þessar, nema tilsvarandi erlendur gjaldeyrir hafi komið fyrir, ef um því líkar greiðslur er að ræða, sem erlendur gjaldeyrir á að koma fyrir, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
5. Þá er og heimilt að flytja inn ávísanir, sem erlendar póststjórnir gefa út, enda komi tilsvarandi erlendur gjaldeyrir fyrir þær.

17. gr.

Allir, sem búsettir eru hér á landi og ætla að ferðast til útlanda, með þeim undantekningum, sem taldar eru þegar hér á eftir, skulu gefa, áður en þeir leysa farseðil, eða ef þeir ferðast ókeypis, áður en þeir fara, skýrslu um það, hvort þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða hvort þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf.

Hér búsettir menn, sem skráðir eru sem skipverjar á skip eða heyra til áhafnar á öðrum farkosti, sem ætlar til útlanda, eru undanþegnir því að gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, enda taki þeir laun sem skipverjar eða starfsmenn á farartækinu og ætli ekki að láta afskrá sig í erlendri höfn og koma því með skipinu eða farartækinu þegar það kemur hingað aftur frá útlöndum. Enda þótt skipstjórar séu ekki skráðir í skiprúm, tekur þó hér umrædd undanþága til þeirra, enda verði þeir ekki eftir í útlöndum.

Það liggur undir úrskurð hlutaðeigandi tollstjóra, hverjir skuli taldir hér búsettir og því skyldir til að gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, og ef vafi telst á um það, hvort maður geti talizt búsettur hér, skulu skipstjórar og farstjórar eða afgreiðslumenn skipa og annara farartækja ekki selja slíkum mönnum farseðil eða leyfa þeim far, fyr en hlutaðeigandi tollstjóri hefir kveðið á um það, hvort maðurinn skuli gefa eða ekki gefa skýrslu þá, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Allir, sem fara héðan til útlanda og ekki gefa skýrslu þá, sem um ræðir í 17. gr., skulu áður en þeir leysa farseðil, eða ef þeir ferðast ókeypis, áður en þeir fara, gefa skýrslu um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytja til útlanda og hvort þeir hafi flutt hann hingað frá útlöndum eða fengið hann annarsstaðar, svo og yfirlýsing um það, að þeir hafi ekki meðferðis eða flytji til útlanda íslenzkan gjaldeyri.

V. KAFLI
Um umsóknir til gjaldeyris- og innflutningsnefndar o. fl.

19. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd með hæfilegum fyrirvara, ásamt þeim skýrslum og gögnum, sem nefndin telur nauðsynleg. Nefndinni er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem henni þykir ástæða til.

20. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip eða farartæki, sem vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, sem hagstofustjóri ákveður.

VI. KAFLI
Um leyfisgjald.

21. gr.

Til þess að standast kostnað við gjaldeyris- og innflutningsnefnd skulu allir þeir, sem fá innflutningsleyfi, greiða gjald 2‰ — tvo af þúsundi — af fjárhæð þeirri, er leyfið hljóðar um, þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi. Gjald þetta

50 greiðir leyfishafi til þess tollstjóra, umboðsmanns hans eða póstafgreiðslumanns,
14. júní þar er hann vísar innflutningsleyfinu fram í fyrsta sinn, og greiðist þá gjaldið af öllu leyfinu.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. geta sett upp sérstakar gjaldeyrisskiptistöðvar, þar sem þeim þykir þurfa, svo og falið ákveðnum stofnunum eða einstökum mönnum að skipta erlendum gjaldeyri ferðamanna.

Landsbankinn skráir daglega kaupgengi á erlendum peningum og tilkynnir það útibúum sínum, Útvegsbankanum og gjaldeyrisskiptistöðvum.

23. gr.

Tolleftirlitsmönnum ber að framkvæma eftirlit til þess að tryggja það, að íslenzkur gjaldeyrir sé ekki fluttur til útlanda og frá útlöndum hingað. Einnig ber póstafgreiðslumönnum að framkvæma eftirlit með bréfa- og bögglasendingum til þess að tryggja það, að íslenzkur gjaldeyrir sé ekki fluttur til og frá útlöndum í pósti.

24. gr.

Ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir, skulu farþegar, skipverjar og starfsmenn á farartækjum skyldir til að staðfesta fyrir þeim skýrslur þær og skuldbindingar, sem ræðir um í 4., 15., 17. og 18. gr. og gefnar skulu á þar til gerð eyðublöð.

Þegar nefndar skýrslur og skuldbindingar hafa verið útfylltar, skulu skipstjórar eða farstjórar láta safna þeim og afhenda þær tolleftirlitsmönnum svo tímanlega, að afgreiðsla skips eða farartækis þurfi ekki að tefjast verulega vegna athugunar og staðfestingar á skýrslum þessum og skuldbindingum.

25. gr.

Skipverjar á herskipum, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir, sem eftir þjóðréttarreglum njóta hér exterritorialréttar, þurfa ekki að gefa skýrslur þær og skuldbindingar, sem um ræðir í reglugerð þessari. Fjármálaráðherra veitir, ef honum þykir ástæða til eftir atvikum, afbrigði eða undanþágu frá skýrslugerð þeirri, sem ræðir um í 4., 15. og 18. gr., fyrir farþega og skipverja á skemmtiferðaskipum.

26. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal gera eyðublöð undir skýrslur þær og skuldbindingar, sem ræðir um í reglugerð þessari. Nefndin skal senda eyðublöð þessi til tolleftirlitsmanna til útbýtingar.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd lætur gera, ef henni þykir ástæða til, sérstök eyðublöð undir skýrslu þá og yfirlýsing, sem gera skal yfir vörur þær, er seldar eru í skip eða önnur farartæki, sem eru í utanlandsförum og taka hér vörur til eigin nota eða neyzlu og notkunar farþegum og skipverjum eða starfsmönnum í öðrum farartækjum en skipum.

27. gr.

Allar skýrslur og skuldbindingar, sem ræðir um í reglugerð þessari, skulu tolleftirlitsmenn og póstafgreiðslumenn senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Einnig skulu þeir senda nefndinni afrit af sölureikningum og afrit af farmskírteinum, sem afhenda ber samkvæmt 7. gr.

28. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd ber að halda spjaldskrá yfir gjaldeyrisskýrslur, sem farþegar og skipverjar gefa við komu frá útlöndum og brottför til útlanda, og gefa tolleftirlitsmönnum allar upplýsingar úr skýrslum þessum, sem tolleftirlitsmenn þurfa við eftirlit sitt.

29. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. 6. gr., og getur hún sett þau skilyrði fyrir veitingu slíkrar undanþágu, sem henni þykir ástæða til.

Enn fremur getur gjaldeyris- og innflutningsnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, veitt undanþágu frá öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sérstaklega stendur á.

VIII. KAFLI
Hegningarákvæði o. fl.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Það telst meðal annars brot á reglugerð þessari að brjóta þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum, að rjúfa þær skuldbindingar, sem menn hafa tekið á sig samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar, að gefa rangar þær yfirlýsingar, sem fyrirskipaðar eru í reglugerð þessari, og vanrækslа í að gefa yfirlýsingar þessar og skuldbindingar.

Nú finnst í vörzlum skipverja og farþega á skipum eða farþega og starfsmanna á öðrum farartækjum eða í skipi eða öðru farartæki gjaldeyrir, sem skipverjar, farþegar eða starfsmennirnir gáfu ekki upp á eyðublöð þau, sem fyrirskipað er í reglugerð þessari að útfylla áður en farið er til útlanda, og er það brot á reglugerð þessari og telst, að slíkan gjaldeyri hafi verið reynt að flytja til útlanda á ólöglegan hátt. Sama gildir ef gjaldeyrir, sem tilheyrir skipi eða öðru farartæki, finnst þar og skipstjóri eða farstjóri hafa ekki gefið hann upp á fyrirskipuð eyðublöð, sem útfylla ber áður en skipið eða farartækið fer til útlanda. Ef gjaldeyrir finnst í vörum eða farangri, sem afhentur hefir verið til útflutnings, skal litið svo á, að átt hafi að flytja hann út á ólöglegan hátt.

Sama gildir undir sömu kringumstæðum, eftir því sem við á, er skip eða annað farartæki kemur frá útlöndum.

31. gr.

Auk refsingar þeirrar, sem ræðir um í 30. gr., er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á reglugerð þessari og skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum.

Þá er og heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

32. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign ríkissjóðs.

50 33. gr.
14. júní Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 129 31. des. 1937.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

51 **Staðfesting konungs** á skipulagskrá fyrir „Landvarnarsjóð Hjörseyjar" útgefin
20. júní á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. júní 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landvarnarsjóð Hjörseyjar.

Sjóðurinn er stofnaður 26. febr. 1936. Stofnfé sjóðsins eru kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur — gjöf frá Guðmundi Bjarnasyni, klæðskerameistara, Aðalstræti 6, Reykjavík. Verkefni sjóðsins er að verja Hjörsey á Mýrum fyrir hverskonar skemmdum af völdum eyðandi náttúruafla.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og sá hluti vaxta, sem ekki kemur til úthlutunar, samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands (aðaldeild). Hið upprunalega stofnfé og það, sem þannig bætist við, má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún veitir fé til þeirra framkvæmda, sem heimilt er að styrkja samkvæmt skipulagsskrá þessari. Ávallt skal leita umsagnar hreppsnefndar Hraunhrepps og trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands í Borgarfirði, eða þess manns, sem kemur í hans stað, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

3. gr.

Vextir allir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann hefir náð 5000 krónum. Úr því falla ½ — hálfir — vextir til útborgunar, unz sjóðurinn nemur 10000 krónum. Þá falla til útborgunar ¾ — þrír fjórðu hlutar — ársvaxta, þar til sjóðurinn nemur 50000 krónum. Úr því falla 9/10 — níu tíundu hlutar — vaxtanna til útborgunar. Vaxtahlutar þeir, sem til útborgunar falla, skulu leggjast í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins jafnóðum, til ráðstöfunar fyrir stjórn sjóðsins, eftir því sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eigendur eða ábúendur Hjörseyjar til þess að gera varanlegar varnir gegn landbroti eða öðrum skemmdum á landi eyjarinnar, af sjávargangi, uppblæstri eða öðrum eyðandi náttúruöflum.

5. gr.

Nú telur eigandi eða ábúandi Hjörseyjar að nauðsyn beri til að varnir séu gerðar til verndar eynni, og skal hann þá leita álits Búnaðarfélags Íslands um hvort ráðist skuli í framkvæmdir. Búnaðarfélagið lætur síðan athuga skemmdirnar. Telji félagið þörf á vörnum, heitir það framlagi eftir því sem tekjur sjóðsins, sem verja má til landvarna, hrökkva til og stjórn Búnaðarfélagsins telur þurfa að verja til verksins. Verkið skal unnið undir yfirumsjón Búnaðarfélagsins. Forgangsrétt að vinnu fyrir framlag úr sjóðnum skulu heimilismenn í Hjörsey hafa, og þar næst aðrir íbúar Hraunhrepps.

6. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin (stjórn Búnaðarfélags Íslands) að ekki þurfi að verja öllu fé sjóðsins, er til útborgunar fellur, til þess að verja Hjörsey gegn landeyðingu af völdum náttúrunnar, samkvæmt fyrirmælum 4. og 5. greinar skipulagsskrárinnar. Er stjórn sjóðsins þá heimilt, enda hafi höfuðstóll sjóðsins náð 10000 krónum, að verja nokkru eða öllu af því sem til útborgunar fellur á þann hátt sem hér segir:

a. Til styrktar ábúendum Hjörseyjar, ef þeir verða fyrir miklu tjóni á búpeningi vegna þess að búfé flæði, eða farist á annan voveiflegan hátt.
b. Til sömu, ef þeir verða fyrir stórfelldu tjóni á húsum eða öðrum mannvirkjum, vegna ofviðris eða annara svipaðra orsaka.
c. Til þess að verðlauna þann eða þá ábúendur Hjörseyjar, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands eru til sérstakrar fyrirmyndar um jarðræktarframkvæmdir eða húsabætur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn.

Í gerðabók skal færa skipulagsskrá sjóðsins, umsóknir um styrk frá ábúendum Hjörseyjar, allar styrkveitingar og verðlaunaveitingar, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda reikningsfærslu sjóðsins algerlega aðskilinni frá reikningum Búnaðarfélags Íslands eða annara sjóða félagsins, og skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Búnaðarritinu, eða því riti Búnaðarfélagsins sem kemur í þess stað.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gert ársreikning sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og af sömu mönnum og ársreikningar Búnaðarfélags Íslands og fylgja þeim til endurskoðunar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júní 1938.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Steingr. Steinþórsson.

52 20. júní **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur frá Litlabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. júní 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur frá Litlabæ, sem andaðist 9. maí 1937.

1. gr.

Sjóðurinn heiti: Minningarsjóður Ragnhildar Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 600 króna gjöf frá Helga Sigvaldasyni, samkvæmt gjafabréfi dags. 9. maí 1938.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa á hverjum tíma: Prófastur, sóknarprestur og sóknarnefndarformaður að Kálfatjarnarkirkjusókn. Skal prófastur vera formaður sjóðsstjórnarinnar, að öðru leyti skipti hún sjálf með sér verkum. Komi svo fyrir, að prestur að Kálfatjarnarsókn, sé jafnframt prófastur, þá skal þriðji stjórnarmaður kosinn af viðkomandi söfnuði.

4. gr.

Sjóðurnin tekur við minningargjöfum um látna menn, konur sem karla, og skal sjóðsstjórnin sjá um að hafa til minningarspjöld í því skyni. Þá tekur og sjóðurinn við áheitum og hverskonar gjöfum frá öllum, er vilja styrkja hann.

Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra og fleira, ef óskað er. Einnig skal hann bókfæra áheit og aðrar gjafir til sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera: að vernda og hlynna að grafreit Kálfatjarnarkirkju, með því fyrst og fremst að koma um hann girðingu, er bezt mætti verða til frambúðar.

6. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða, nema það, sem nauðsynlegt er vegna hans sjálfs, svo sem: ritföng, útgáfu minningarspjalda o. fl., þangað til hann er að upphæð orðinn kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —. Þá má verja úr honum ⅘ ársvaxta til framkvæmda þess, er getur í 5. gr.

Einn fimmta hluta ársvaxta og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða, heldur leggist þær upphæðir við höfuðstólinn, og verður sjóðsstjórnin að sjá svo um, að innan hvers tíu ára tímabils, frá því að sjóðurinn hefir náð þeirri áskyldu upphæð, að úr honum megi nota hluta af vöxtunum, verði þær athafnir framkvæmdar sem sú upphæð stenzt.

7. gr.

Ávaxta skal fé sjóðsins á þann hátt sem stjórn hans telur tryggast og hagkvæmast.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, sem og allar fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Þá ber henni

einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana árs- 52
reikning hvern. Henni ber ennfremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önn- 20. júní
ur skilríki á öruggum stað.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber gjaldkera að gera reikning yfir tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður af tveim mönnum, sem kosnir skulu árlega á viðkomandi safnaðarfundi.

10. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

53
22. júní

um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 23. desember 1927.

Í stað „bæjarfógeti" í 4. gr. samþykktarinnar og síðar í henni komi: bæjarstjóri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58 28. nóvember 1919, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

54
28. júní

um sýsluvegasjóð í Árnessýslu.

1. gr.

Í Árnessýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru, eða síðar verða lagðir eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma. Sýsluvegir eru þeir, sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut, neðan Selvogsheiðar, að túnhliði á Bjarnastöðum.
2. Hraunsvegur af þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
3. Arnarbælisvegur af þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
4. Hverageröisvegur af þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
5. Grafningsvegur frá Alviðru að Villingavatni.
6. Sólheimavegur frá Borg, um Eyvík, að Sólheimum.
7. Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á Grímsnesbraut nálægt Svínavatni.

54 8. Laugardalshólavegur frá Miðdalskoti um Laugardalshóla, að Böðmóðsstöðum.
28. júní 9. Laugarásbraut frá Brúará um Skálholt að Laugarási, með hliðarálmu að Auðsholtsferju.
10. Tjarnarbraut frá Torfastöðum um Tjörn að Miðhúsum.
11. Bræðratungubraut af þjóðveginum austan Fellskots að Króksferju, og frá ferjustaðnum að Bræðratungu.
12. Iðubraut frá Ósabakka að Iðuferju.
13. Langholtsvegur frá Laxárbrú um Syðra-Langholt að Unnarholti.
14. Hrafnkelsstaðavegur af þjóðveginum nálægt Hellisholtalæk, að Hrafnkelsstaðamel.
15. Hrunavegur af þjóðveginum heim að Hruna.
16. Hlíðarvegur frá Þjórsárholti um Hæl að Hlíð.
17. Laxárdalsvegur af þjóðveginum við Ása, um Mástungur að Laxárdal.
18. Háholtsbraut af sýsluveginum hjá Geldingaholti að Háholti.
19. Ólafsvallavegur frá vegamótum við Blesastaði austan Arakots að Ólafsvöllum.
20. Vorsabæjarvegur (Skeið) frá vegamótum austan Húsatófta að Fjalli.
21. Gaflsvegur af Villingaholti að Gafli.
22. Kolsholtsvegur af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda, um Vatnsholt að Kolsholti.
23. Hamarsvegur frá vegamótum við Gaulverjabæ að Hamarshjáleigu.
24. Partavegur frá Tungu að Fljótshólum.
25. Vorsabæjarvegur (Gaulverjabæjarhr.) af Gaulverjabæjarvegi að Vorsabæjarhjáleigu.
26. Stokkseyrarvegur frá Kaðlastöðum um Þorpið austur fyrir Sjónarhóla.
27. Brattholtsvegur frá símastöðinni á Stokkseyri að Holti.
28. Vegur um Eyrarbakkaþorp frá 70 km. steini að Kaupfélagi Árnesinga.
29. Flóagaflsvegur af Eyrarbakka að Blesarima, án afleggjara.
30. Votmúlavegur frá Eyrarbakkavegi um Votmúla á Gaulverjabæjarveg nálægt Smádölum.
31. Kaldaðarnesvegur frá Eyrarbakkavegi um Sandvík út að Klöppum.
32. Reykjavegur af Flóavegi vestan Hraungerðis að Efstaskurði.
33. Langholtvegur (Hraungerðishr.) af þjóðveginum hjá Túni að Efstaskurði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, og af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaupstöðum. Þó er hreppsfélagi heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki vera lægri en 2‰ og ekki hærri en 6‰ af landverði samkvæmt fasteignamati, og hálfu minna af húseignum.

4. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 frá 1885.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

55
12. apríl

um fasteignamat.

Almenn ákvæði um matið.

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár. Undirbúningur hins fyrsta mats samkv. lögum um fasteignamat frá 6. jan. 1938 skal hefjast þegar á árinu 1938. Undirmatinu skal lokið eigi síðar en fyrir 1. júní 1940 og yfirmati eigi síðar en við árslok 1941. Fasteignabók skal fullprentuð fyrir árslok 1942.

2. gr.

Fasteign hver skal metin sanngjörnu söluverði. Til hliðsjónar við matið skal hafa þær nettótekjur, er af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja eða vissa er að hún öðlist á næstu árum, leigumála þann, er á jörðinni er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna, og virðingu til lántöku og brunabóta, þegar um húseign er að ræða.

Fasteignir allar skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum, en bæjarfógetar í kaupstöðum (lögmaðurinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, semja skýrslur um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er yfirfasteignamatsnefnd lætur prenta, og skal hún senda þær formönnum undirmatsnefnda áður en fasteignamatið á að hefjast.

Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu semja skrár þessar, strax og þeim hafa borizt eyðublöðin, og hafi sent þær formönnum undirmatsnefnda eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa fengið eyðublöðin til útfyllingar. Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska, og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi, og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar. Ennfremur skal meta sér hluta hvers eiganda að jörð og bæjarhúsum ef eigendur eru fleiri en einn.

Sé beitilandi eða öðrum hluta fasteignarinnar ekki skipt með ákveðnum merkjum, þá skulu eignarhlutföll metin eftir skráðum eignarheimildum.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir eða lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum. Eyðijörð, sem hefir sérstök landamerki en nytjuð frá annari jörð, skal þó ávallt metin sér, nema eigandi krefjist annars.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi, sem seld eru undan jörðinni.

Verði ágreiningur milli undirmatsnefnda og aðilja hvort meta skuli fasteign sér

55 eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til
12. apríl yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

5. gr.

Við mat jarðeigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.
2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag, ef jörðin er í leiguábúð.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja eða veðsetja, sbr. jarðræktarlög, nýbýlalög og lög um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefir verið veittur til þeirra samkv. sérstökum lögum.

7. gr.

Afréttarlönd sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga. Á sama hátt skal taka til greina við matið ef jörðin á engan upprekstur.

Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að eigi verði um villst hver hún er.

Nafngreina skal eiganda og notanda hennar, og nefna stöðu þeirra og heimili, og ef þeir eru fleiri en einn, þá hversu mikinn hluta eignarinnar þeir eigi eða noti. Geta skal þess hvort landamerki og lóðarmörk eru ágreiningslaus.

Skipun matsnefnda.

9. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn tíunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, til 10 ára í senn í yfirfasteignamatsnefnd og skal einn þeirra vera formaður. Sömuleiðis skipar hann varamenn í yfirmatsnefnd jafnmarga og til jafnlangs tíma.

10. gr.

Tíunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, skipar fjármálaráðherra 3 menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi.

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefnda eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna samkv. fyrirmælum 11. gr.

Undirfasteignamatsmenn skulu búsettir í því héraði eða bæ, sem þeir starfa í að matinu. 55 12. apríl

11. gr.

Varamenn yfirfasteignamatsnefndar taki sæti hver fyrir sinn aðalmann, ef aðalmaður deyr eða af öðrum sérstökum ástæðum ekki getur sinnt störfum í nefndinni, svo og ef yfirmatsnefnd þarf að úrskurða kæru út af fasteign, er matsmaður á sjálfur eða skyldmenni hans að feðgatali.

Varamenn undirmatsnefnda taka sæti ef aðalmenn forfallast, á sama hátt og um er getið gagnvart yfirmatsnefnd, svo og ef meta þarf fasteign er matsmaður á sjálfur eða skyldmenni hans að feðgatali.

12. gr.

Formaður yfirmatsnefndar hefir fast árskaup, sem fjármálaráðherra ákveður, en aðrir matsmenn í yfir- og undirmatsnefndum taka þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal sú þóknun ákveðin af ráðherra á hverjum tíma, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar og með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Laun matsmanna og allur annar kostnaður er af matinu leiðir, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður og húsaleiga í þarfir matsins greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd skal í gerðabók sinnar nefndar, undirrita drengskaparheit um að hann skuli rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi.

Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum.

Störf yfirfasteignamatsnefnda.

14. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til formanna undirmatsnefndar. Gerð eyðublaða skal vera þann veg farið, að eyðublöðin útfyllt af undirmatsnefndum samkvæmt upplýsingum, eigenda eða notenda, og annara sem upplýsinga er leitað til, samkv. 21. gr., skuli vera sem gleggst lýsing á fasteigninni.

Yfirmatsnefnd ákveður einnig gerð eyðublaða þeirra er hreppstjórar og bæjarfógetar eiga að útfylla samkv. 3. gr. þessarar reglugerðar.

15. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd skal semja, og senda undirmatsnefndum, reglur til að meta eftir, áður en þær hefja starf sitt.

16. gr.

Yfirmatsnefnd skal hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda, undir yfirumsjón fjármálaráðherra.

Hún skal þegar í upphafi leggja áherzlu á að samræmi verði sem bezt í matinu, bæði milli fasteigna sama umdæmis, og á milli einstakra matsumdæma, og skal formaður eða einstakir nefndarmenn, ferðast á milli undirmatsnefnda í því skyni, ef nefndin telur þess þörf.

17. gr.

Þegar undirmatsnefndir hafa lokið störfum sínum, skal yfirmatsnefnd endurskoða og samræma mat allra fasteigna á landinu. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd, og eiganda eða notanda fasteignarinnar.

55 12. apríl

Að loknu hverju aðalmati semur yfirfasteignamatsnefndin og lætur prenta fasteignamatsbók samkvæmt matsgerðum undirmatsnefnda, með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefndar. Skal bókin svo löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindin án endurgjalds.

18. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd skal úrskurða kærur þær er til hennar berast samkv. 4. og 25. gr.

19. gr.

Formaður yfirmatsnefndar skal ásamt 2 mönnum öðrum, sbr. 27. gr., framkvæma mat nýrra húsa í Reykjavík milli þess er aðalmat fer fram, svo og fasteigna þar, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti.

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því að aukamat fari fram á húsum þeim er byggð eru milli þess er aðalmat fer fram, og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat sem aðalmat væri. Nefndin skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar er verða á fasteignamati við aukamat eða endurmat.

Menn þeir er framkvæma endurmat og aukamat skulu ávallt hafa fyrirliggjandi eyðublöð undir matið og sér yfirmatsnefnd um gerð þeirra og útsendingu.

Störf undirfasteignamatsnefnda.

20. gr.

Undirfasteignamatsnefndir skulu athuga fasteignir allar er þeim ber að meta. Þær skulu útfylla eyðublöð þau er yfirmatsnefnd lætur prenta, sbr. 14. gr., til að fá sem gleggsta lýsingu af fasteigninni, kostum hennar og göllum, og meta svo fasteignina til peningaverðs, samkvæmt lögum nr. 3 frá 6. jan. 1938 og reglugerð þessari.

21. gr.

Formaður undirmatsnefnda eða annar meðnefndarmanna, skulu ferðast um og skoða fasteignir þær, er þeir eiga að meta, útfylla eyðublöð þau er um getur í 14. og 20. gr. samkvæmt upplýsingum notenda, eða eigenda, ennfremur skulu þeir leita hliðstæðra upplýsinga um jörð hverja og húseign hjá kunnugum mönnum s. s. hreppstjórum í sveitum, til þess að tryggja sér sem fullkomnasta þekkingu á verðmæti eignarinnar.

22. gr.

Þegar skoðun fasteigna og útfylling eyðublaða er lokið, skal undirmatsnefnd í sameiningu semja lýsingu á hverri einstakri fasteign, eftir lýsingu notenda, áliti nefndarinnar og upplýsingum kunnugra manna, í 2 samhljóða eintökum, og meta svo fasteignina til verðs samkv. 20. gr. þessarar reglugerðar.

Matsverð fasteignarinnar skal innfært sundurliðað á eyðublöð þau er notuð eru til þessa, og annað eintakið sent yfirfasteignamatsnefnd ásamt öðrum plöggum matsins, en hitt eintakið skal geymast á viðkomandi sýslu- eða bæjarskrifstofu.

23. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar sem hann óskar að verði teknar til greina við matið.

24. gr.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa það á venjulegan hátt, hvenær þær liggji frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

25. gr.

Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar, eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök, máli sínu til stuðnings, eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi, í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar aðfinnslur og kærur er undirmatsnefnd berast skal hún athuga og úrskurða. Að því búnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar ásamt kærum og aðfinnslum, er fram hafa komið við matið, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu, kæranda skal hún einnig senda úrskurð sinn. Aðila er heimilt að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur fullnaðarúrskurð á málið.

26. gr.

Undirmatsnefndir skulu hefja störf sín það snemma að mati sé lokið, matsgögn hafi legið frammi ákveðinn tíma, kærufrestur sé útrunninn, og matsgögn öll komin til yfirfasteignamatsnefndar fyrir 1. júlí 1940.

Endurmat og viðbótarmat.

27. gr.

Milli þess er aðalmat fer fram samkv. 1. gr. skal meta öll ný hús og skattskyld mannvirki, svo og fasteignir sem vegna sérstakra ástæðna breytast að verðmæti sbr. 28. gr.

Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annarsstaðar þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þessa starfa kveðja tvo menn. Skipar fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Í Reykjavík skal þó mat þetta framkvæmt af formanni yfirmatsnefndar, sbr. 19. gr., og tveim mönnum öðrum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu.

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því, að aukamat fari fram þegar ástæða er til og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat eins og aðalmat væri, sbr. 19. gr.

28. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni, milli þess er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirfasteignamatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan hvort endurmat skuli fara fram eða ekki.

29. gr.

Aukamati og endurmati samkv. 27. og 28. gr., ber að ljúka fyrir 1. des. ár hvert og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því sem segir í 25. gr. Í janúar næstum á eftir skal senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar.

30. gr.

Aukamatsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Sá sem krefst endurmats samkv. 28. gr. greiði þó þann matskostnað er af því leiðir, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

56
29. apríl

PRÓFREGLUGERÐ
fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, og reglugerð 23. sept. 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað til þeirra útheimtist.

I. KAFLI
Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Burtfararpróf, önnur en minna fiskimannaprófið, skulu haldin í aprílmánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda atvinnumálaráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður, og skulu beiðninni fylgja vottorð um, að umsækjandi fullnægi þessum kröfum:

1. Að hann fullnægi kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hann hafi þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
3. Að hann kunni sund.
4. Að hann sé eigi haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum skaðvænn.
5. Að hann hafi óflekkað mannorð.
6. Skírnarvottorð.

Svo skal hann og senda vottorð um þann undirbúning, er hann hefir fengið.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki, sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna. Orðabækur mega prófsveinar ekki hafa við úrlausnir stíla.

4. gr.

Við burtfararprófin skulu, auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar atvinnumálaráðuneytið til þess sérfræðinga eftir þörfum. Það skipar einn þeirra formann prófnefndarinnar.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin, hvorir í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnunum vera í svo mörgum eintökum að minnsta kosti, að hver prófsveinn fái eitt.

6. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar, sem ganga undir samskonar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið, en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar fyrir verkefnið, svo og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa.

7. gr. 56

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið 29. apríl
sér til eftirlitsmanns.

8. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur, mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Kennarar skólans mega ekki vera eftirlitsmenn, að minnsta kosti ekki við þær greinar, sem þeir hafa kennt. Eftirlitsmenn bera ábyrgð á, að engum brögðum sé beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu. Hinir skipuðu prófdómendur eru eftirlitsmenn. Ef prófdómendur eru eigi eins margir og eftirlitsmenn þurfa að vera, þá skipar atvinnumálaráðuneytið eftirlitsmenn eftir þörfum.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitið, að hann hafi eigi staðizt prófið.

9. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann átt ótekið próf í, jafnskjótt og því verður við komið á sama próftíma.

10 gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

11. gr.

Áður en prófið byrjar, skal prófnefndin semja próftöflu, er skal undirrituð af formanni prófnefndarinnar og fest upp í stýrimannaskólanum, minnst degi áður en prófið byrjar. Skulu prófdómendur og prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnlegar spurningar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og má aðeins eitt verkefni vera á hverjum seðli. Við prófið dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Prófsveinar skulu prófaðir eftir stafrófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyr.

13. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu eða verkefni, skulu prófdómendur gefa einhverja af einkunnum þeim, er hér segir: 8, 7⅔, 7⅓, 7, 6⅔, 6⅓, 6, 5⅔, 5⅓, 5, 4⅔, 4⅓, 4, 3⅔, 3⅓, 3, 2⅔, 2⅓, 2, 1⅔, 1⅓, 1, 0.

II. KAFLI
Prófkröfur.

14. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna og um einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar. Þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna óþekkta tölu í hlutfallslíkingu.

56 Þekking á beinum og bjúgum línum, hringum og línum þeirra, flatarmáli hrings,
29. apríl þríhyrnings og ferhyrnings.

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. *Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd, kompáslínum og kompásstrikum.*
   Skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afviki, kompáslínum og kompásstrikum.
2. *Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; skyn á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.*
   Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvísun og misvísunarlínum, halla og hallalínum, segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verði fundin af stefnum og miðunum á sjókortum, ennfremur grein á segulskekkjutöflum og stýristöflum og notkun þeirra. Þekking á skriðmæli og vegmæli og hlutum þeirra, á grunnlóði og djúplóði og notkun allra þessara áhalda.
3. *Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.*
   Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Mercatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línum, hvað standa eigi á sjókortum, og hvernig þau eru notuð.
4. *Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.*
   Þekking á tilgangi skipsdagbókar, hvað og hversu í hana skuli ritað; að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna þá stefnu á kortinu, sem halda á, og leiðrétta þá stefnu fyrir straumi og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir áttavitanum, að finna þá vegalengd, er halda skal, og hve langt um líði, þangað til komizt verði til ákveðins staðar.
5. *Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.*
   Til þess skal nota sjávarfallatöflur og flóðmun eða flóðbið.
6. *Að kunna að nota sextant, til þess að geta fundið stað skipsins með jarðlægum athugunum.*
   Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markréttingu og hvernig hún finnst, og á mælingu horna milli jarðlægra punkta.

Sjómennska (munnleg og verkleg):

Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Þekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska.

Skyn á hirðingu og meðferð á skipum, reiða, seglum, siglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur; ennfremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Skyn á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu, sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd; samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiskonar talíum, og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiskonar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum; notkun rekakkera, olíu og

öryggislína, neyðarstýris, skyn á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa, á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir 2 akkerum og í vetrarlægi (mooring), á notkun bjargbelta og bjarghringa, útsetning og inntöku báta, á björgun manns, er dettur útbyrðis; helztu grundvallaratriði í seglasaum og að geta annast smáviðgerðir á seglum. 56 29. apríl

Skyn á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiskonar veiðarfæri, bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefir á endingu þeirra.

Nemöndum er og skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipverja.

Þekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri, og á réttindum og skyldum þeirra á skipinu; á valdi og ábyrgð skipstjóra á eigin gerðum og gerðum skipverja, réttindum og skyldum þeirra á skipinu og á ráðningu skipverja.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og við algengustu kvillum. Að kynnast sóttvarnarreglum, sem skipum er skylt að hlýða.

Nauðsynleg þekking á að nota þau lyf og tæki, sem lyfjakista skipsins hefir.

15. gr.

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur:

1. *Í reikningi: Notkun logaritma.* Margföldun, deiling, veldisupphafning og rótarútdráttur með logaritmum. Þekking á veldi talna og tvíveldisrótarútdrætti.
2. *Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Réthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.* Þekking á flötum þríhyrningum, ferhyrningum, sporbaugum, kúlum og sporbaugskúlum. Kunnátta í að skipta beinum línum, að draga upp og fella línu beint niður á aðra, að draga línu samhliða annari beinni línu, að afmarka horn, er sé jafnstórt öðru tilteknu horni, að skipta horni í tvo jafnstóra hluta, að skipta hring í 2, 4, 6 eða 8 jafnstóra hluta.
3. *Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra réthyrndra þríhyrninga eftir henni.* Þekking á hornaföllum og notkun þeirra við útreikning á flötum, réthyrndum þríhyrningum.
4. *Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.*

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til minna fiskimannaprófsins og ennfremur:

1. *Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og*

56 29. apríl

hvarftíma himinhnatta. Þekking á heimsásnum, miðhiminbaug, rektascensionsbaugum, deklinationsbaugum, tímabaugum, sjónbaug, azimutbaugum, hæðabaugum, rektascension, deklination, tímahornum, hvirfilhornum (azimuti), hæð, viki (amplitude), afstöðu heimsássins við sjónbauginn, dag- og náttbogum himinhnatta, æsæjum og ósæjum stjörnum, hinni daglegu hreyfingu, áhrifum breiddar og deklinationar á hæð himinhnatta. Þekking á sólbrautinni og hreyfingu sólarinnar eftir henni. Grein á stjörnudegi, stjörnutíma, sóldegi, sóltíma, meðaldegi, meðaltíma, meðalsól, tímajöfnuði, hjálparstærðunum „R" og „E", trópisku sólári, almanaksári. Ristími, hágöngutími og hvarftími himinhnatta skal fundinn með viðeigandi töflum.

2. *Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta, og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.* Þekking á lækkun hafsbrúnar, geislabroti, sjónarmun (parallaxis) og á hálfum þvermæli. Finna skal og nota hæðarleiðréttingarnar, annaðhvort hverja fyrir sig eða allar í einu. Breiddina skal finna af hæðarathugun sólar eða fastastjörnu í háboga og lágboga.
3. *Þekking á sextanti og notkun hans.*
4. *Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks (amplitude)-athugun sólar og með azimutathugun sólar eða stjarna. Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar. Þekking á hallasegulskekkju.* Misvísun og segulskekkju skal finna með því að miða sólina, þegar hún rís eða rennur, eða með því að mæla hæð sólarinnar eða fastastjörnu og miða hana samtímis. Misvísun og segulskekkju skal og finna með því að miða pólstjörnuna og finna azimut hennar úr viðeigandi töflum. Þekking á orsökum hallasegulskekkju, og hvernig hún verði fundin og notuð. Þekking á miðunarspjaldi, misvísun og breytingum á henni, á halla, breytingum á honum og áhrifum hans á kompásinn. Skyn á hinum ýmsu tegundum segulskekkju, orsökum hennar og breytingum á henni. Þekking á segulskekkjutöflum og hvernig þær eru búnar til.
5. *Staðarákvarðanir með radíó-miðunum.* Upp á radíó-miðanir skal heimfæra viðeigandi leiðréttingar og finna með þeim stað skipsins.

Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morsestafrófi. Þekking á að gefa og taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum og fjarlægðarbendingum, svo og með ljós- og hljóðmerkjum eftir Morsestafrófi.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómennsku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er stöðu þeirra heyra. Prófsveinninn skal þekkja orðflokkana og hljóðvörpin og kunna nokkuð í beygingum. Hann skal geta samið sæmilega stílaða og stafsetta ritgerð um efni, er snertir sjómennsku.

Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta ***lagt*** *út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sérstaklega* ***um*** *líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er sjómennsku snertir.* Prófsveinninn verður að kunna nokkur helztu atriði danskrar málfræði.

56
29. apríl

Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, sem gerist á sjó. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helztu atriði enskrar málfræði.

Sjóréttur (munnlegur):
Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra. Þekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, réttindum og skyldum hans á skipinu, um vald skipstjóra og ábyrgð á eigin gerðum og gerðum skipverja; skilyrðum til að vera stýrimaður og vélstjóri, réttindum og skyldum þeirra á skipinu, og réttindum annara skipverja; um ráðningu skipverja.

Hjúkrunarfræði (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, sem stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. *Algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.*
2. *Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.*
3. *Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.*
4. *Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur á skipum, hirðingu þeirra og umgengni alla, matvæli og fæði skipverja.*

Bókhald:
Að kunna það bókhald, sem staðan útheimtir. Helztu atriði tvöfaldrar bókfærslu.

Vélfræði:
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.
Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

16. gr.

Til farmannaprófsins útheimtist:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):
Hið sama og til hins meira fiskimannaprófs og ennfremur:

1. *Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með viðlægum og frádrægum stærðum með tölum og bókstöfum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar líkingar.* Þekking á, hvað átt er við með veldi og rót og með logaritmum. Grundvallaratriði bókstafareiknings og leysing einfaldra líkinga með einni og tveim óþekktum stærðum.
2. *Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu koordinatkerfi.* Þekking á breytingu hornafallanna í þríhyrningafræðinni í rétthyrndu koordinatkerfi.
3. *Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og afstaða flata innbyrðis. Þekking á prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalningi og á línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaþríhyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.* Þekking á jafnskiptum mælikvarða og strengkvarðanum; að draga hring gegnum 3 gefna punkta; að draga sneiðboga yfir tilnefnt horn; að finna óþekkta parta í þríhyrningi með uppdrætti. Þekking á flatarmáli þríhyrninga, ferhyrninga, marghyrninga og hringflata. Þekking á rúmmáli tenings, prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
Hið sama og til hins meira fiskimannaprófs og ennfremur:

1. *Kompásleiðréttingar.* Reglurnar um leiðréttingu kompássins með segulstöngum og hlutum úr deigu járni.

56 29. apríl

2. *Þekking á segulskekkjumæli (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.*
3. *Djúpmælar. Að búa til vaxandi kort. Hættuhorn.* Þekking á helztu djúpmælitækjum ásamt bergmálsdýptarmælum. Þekking á helztu aðferðum við tilbúning vaxandi sjókorta, og á mismunandi mælikvörðum þeirra. Notkun hættuhorna, bæði láréttra og lóðréttra.
4. *Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af athugun tunglsins í hágöngu (háboga).* Tímahorn himinhnattarins skal finna með því að nota sjóúrið og lengdina; við athugun himinhnattar fyrir utan hádegisbauginn skal finna breiddina annaðhvort með því að reikna kúluþríhyrninginn milli hvirfildepils, himinskautsins og himinhnattarins, eða með því að reikna út hæðaraukann, sem leggja á við tvímiðjuhæðina til þess að fá hæðina í hágöngu. Tunglið skal aðeins mælt í háboga.
5. *Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.* Þekking á því, hvar sjóúrið á að vera í skipinu, hversu með það skuli fara, þegar það er í skipinu eða flutt í skipið eða úr því. Stöðu sjóúrsins skal finna með tímaathugun við himinhnetti, bæði yfir hafsbrún og gerfilágflöt, við samanburð á öðru úri og við tímamerki.
6. *Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.* Hér skal nota tímahornsútreikninginn og meðaltímann í Greenwich.
7. *Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum, byggðum á athugun sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.* Þekking á jafnhæðarbaugum og stefnu staðarlínu í sambandi við jafnhæðarbauga; finna skal stað skipsins með því að mæla samtímis hæð tveggja himinhnatta, eða mæla hæð himinhnatta á mismunandi tíma og taka tillit til þess, er siglt hefir verið milli athugananna; staðarlínan á kortinu sé fundin með útreikningi tveggja punkta í jafnhæðarbaug eða með einum punkti og azimuti (annaðhvort hæðar- eða tímaazimuti); ennfremur með hæðaraðferðinni. Misvísun og segulskekkju skal einnig finna með hæðar- eða tímaazimuti, með töflum eða reikningi.
8. *Fyllri þekking á himintunglum.* Almennt yfirlit yfir sólkerfið, og að þekkja helztu reiki- og fastastjörnur.
9. *Í dagbókarhaldi:* Einkum þau atriði, er snerta skipseigendur, vátryggjendur og eigendur farms.
10. *Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.* Skyn á Gyro-kompásum, radíómiðunartækjum, rafmagnsvegmælum og öðrum rafvélum, sem notaðar eru við siglingar. Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

Vélfræði (munnleg):
Þekking algengustu eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar. Þekking á algengustu mótorvélum, einkum Dieselvélum og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (munnleg):
Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta; þyngdarlögmál. Samstilling og sundurliðun afla. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðalatriði hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg, munnleg og verkleg):
Hið sama og til hins meira fiskimannaprófs og ennfremur:
1. *Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skrúfu og stýris. Vatnsþéttar skiljur og tæm-*

ingartæki. Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Aðalhlutar skips- 56
ins: Kjölur, bönd, langbönd, stefni, súðir, þilför, skiljur, skipting skipsins í 29. apríl
vatnsþétt rúm. Helztu smíðaefni og samskeyting þeirra. Helztu útreikningar, er snerta djúpristu, afturhlæðni og stöðugleika, fermingu og affermingu skipa. Viðhald járn- og tréskipa. Hleðsluborð og hleðslumerki, og yfirlit yfir lög og reglur um þau efni. Stjórn og beiting skipa á höfnum inni, þröngum siglingaleiðum og í rúmsjó.

2. *Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu. Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Línubyssur og önnur bjargtæki. Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h. Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði.* Stjórn og meðferð báta undir ýmsum kringumstæðum, bæði við land og í rúmsjó; notkun báta við björgun úr sjávarháska; brimlending, og hvernig flutt eru út akkeri með bátum. Útreikningur á þeirri áreynzlu, sem losunartæki verða fyrir. Helztu ráðstafanir og hvers ber að gæta við flutning ýmiskonar farms. Hirðing og loftræsting farm- og kolarúma. Vatn sem kjölfesta. Björgunarráðstafanir á skipi og mönnum við skipströnd, í rúmsjó og við árekstur. Íkveikjuhætta af farmi, eldsvoði, eldsvarnir og slökkvitæki. Skemmdir á skipi og farmi. Rekakkeri. Neyðarstýri. Að lægja sjó með olíu eða lýsi. Meðferð og notkun línubyssu, bjargstóls og annara bjargtækja. Að draga skip og að leggja skipi í rétt. Staða stýrimannsins á skipinu og skyldur þær, sem á honum hvíla, bæði á ferðinni og við land.

Landafræði og veðurfræði (munnleg):
Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir. Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort. Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma. Orsakir hitabeltisstorma, og hvernig beri að sigla til að forðast þá eða komast úr þeim.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenzkri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenzkt mál, í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar. Prófsveinn skal sýna réttan skilning á því, sem hann hefir lesið, og þekkja orðflokkana og beygingar þeirra nokkurnveginn vel. Hann skal og þekkja helztu hljóðbreytingar málsins, og kunna að aðgreina nokkuð höfuðsetningar og aukasetningar.

Danska (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómennsku snertir, og að geta gert léttan danskan stíl.
Prófsveininn verður að kunna helztu atriði danskrar málfræði og geta talað málið, einkum um þau efni, er varða stöðu hans.

Enska (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac" og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um

56 29. apríl

það, er sjómennsku tilheyrir. Prófsveinn verður að kunna helztu atriði enskrar málfræði og geta talað málið nokkurnveginn, einkum um þau efni, er snerta stöðu hans.

Þýzka (skrifleg og munnleg):
Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku.

Sjóréttur (munnlegur):
Nokkru fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar.

Hjúkrunarfræði (munnleg):
Nokkru fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg og munnleg):
Þau atriði, er farmenn skipta mestu, og staða þeirra heimtar. Að kunna svo tvöfalda bókfærslu, að hann geti fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rekstursreikning þess. Helztu atriði almennrar viðskiptafræði.

17. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins útheimtist:

Stórskotafræði (munnleg og verkleg):
1. *Þekking á byssum varðskipa ríkisins, notkun þeirra og hirðingu.*
2. *Þekking á fjarlægðamælum og notkun þeirra.*

Ljósfræði (munnleg):
Þekking á frumatriðum ljósfræðinnar, prismaglerjum og öðrum sjónglerjum.

Mælingafræði og stærðfræði (skrifleg og munnleg):
1. *Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana.*
2. *Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar í vaxandi kort.*
3. *Þekking á leiðréttingu sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.* Flokkun og nákvæmni mælistaða, og hvers ber að gæta við val þeirra til staðarákvarðana. Að kunna að leiðrétta horn, sem mæld eru með sextanti milli mishárra mælistaða, þegar kunn eru hæðarhorn af mælistöðunum. Fyllri kunnátta í stærðfræði en til farmannaprófs, einkum í bókstafareikningi, líkingum og hornafræði.

Alþjóðamerki (verklegt):
Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Leikni í að nota handflögg til merkjagjafa eftir alþjóðareglum. Áherzla skal lögð á merkjagjafir eftir Morse-stafrófi og með tveim handflöggum eftir alþjóðareglum.

Alþjóðaréttur (munnlegur):
Helztu ákvæði millirikjasamninga um gæzlu landhelginnar og um fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.

Enska (skrifleg og munnleg):
Fyllri kunnátta í að tala og rita málið, en krafizt er til farmannaprófs.

Þýzka (skrifleg og munnleg):
Sama kunnátta og í ensku.

Líkamsæfingar:
Kunnátta í algengri leikfimi og æfing í að stjórna leikfimisflokki. Róðraræf-

ingar og kunnátta í að stjórna bátum. Krafizt er þeirrar kunnáttu, sem nauðsynleg er til þess að geta stjórnað þeim æfingum í leikfimi, sem hægt er að viðhafa á skipi. Ennfremur róðraræfingar eftir settum reglum og kunnátta í að stjórna bæði róðrar- og vélbátum. Prófsveinn sé æfður í að gefa fyrirskipanir í því, er að þessu lýtur, kveðjum og viðeigandi framkomu sem yfirmaður. 56 29. apríl

III. KAFLI
Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófin. Fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

18. gr.

Við *hið minna fiskimannapróf* skulu gefnar 13 einkunnir, sem sé:
Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir .. 4
Í notkun sextants: 1 einkunn 1
Í sjómennsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega úrlausn (siglingareglur) og 1 verklega úrlausn 2
Í íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn 2
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í hjúkrunarfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í ritleikni: 1 einkunn 1

Við *hið meira fiskimannapróf* skal gefin 21 einkunn, sem sé:
Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í siglingafræði: 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 2 einkunnir fyrir 2 munnlegar úrlausnir og 1 einkunn fyrir kunnáttu í að nota sextant 7
Í sjómennsku: 1 einkunn fyrir munnlegar úrlausnir í alþjóða siglingareglum og neyðarbendingum, 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn í almennri sjómennsku og viðhaldi skipa og veiðarfæra, 1 einkunn fyrir kunnáttu í verklegri sjóvinnufræði og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar 4
Í íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í dönsku: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í ensku: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í sjórétti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna: 1 einkunn 1

Við *farmannaprófið* skulu gefnar 33 einkunnir, sem sé:
Í stærðfræði: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í siglingafræði: 6 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 3 einkunnir fyrir 3 munnlegar úrlausnir og 1 einkunn fyrir kunnáttu í að nota sextant 10
Í sjómennsku: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn í alþjóða siglingareglum og neyðarbendingum, 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn í almennri sjómennsku og í skipagerð, 1 einkunn fyrir kunnáttu í verklegri sjóvinnufræði og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar 5
Í landafræði og veðurfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2

56 29. apríl

Í dönsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í þýzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í sjóréttí: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í heilsufræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í bókhaldi: 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn 1
Í viðskiptafræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í vélfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í eðlisfræði: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna: 1 einkunn 1

Við *skipstjórapróf á varðskipum ríkisins* skulu gefnar 12 einkunnir, sem sé:
Í stórskotafræði: 1 einkunn fyrir munnlega og verklega úrlausn 1
Í mælingafræði og stærðfræði: 2 einkunnir fyrir munnlegar og skriflegar úrlausnir 2
Í alþjóðamerkjum: 1 einkunn fyrir verklegar úrlausnir 1
Í alþjóðarétti: 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn 1
Í ensku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í þýzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn 2
Í líkamsæfingum: 2 einkunnir fyrir hæfni í þessum greinum 2
Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna: 1 einkunn 1

19. gr.

Til þess að standast próf útheimtist:
Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.
Í íslenzku og siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4 í hvoru.
Meðaleinkunn minnst 4.
Hæstu og lægstu aðaleinkunnir við prófin verða því sem hér segir:
Við *hið minna fiskimannapróf:* Hæsta einkunn 104 stig, lægsta einkunn 52 stig.
Við *hið meira fiskimannapróf:* Hæsta einkunn 168 stig, lægsta einkunn 84 stig.
Við *farmannapróf:* Hæsta einkunn 264 stig, lægsta einkunn 132 stig.
Við *skipstjórapróf á varðskipum ríkisins:* Hæsta einkunn 96 stig, lægsta einkunn 48 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin ..... 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 6—7
2. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 4—5

20. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefir staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skírteinið skal gefið út á íslenzku og ensku — þó aðeins á íslenzku fyrir minna fiskimannaprófið —, eftir þeim fyrirmyndum, sem hér fara á eftir:

1. fyrirmynd. 56
29. apríl

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefir staðizt

hið minna fiskimannapróf

samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík,

og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	.....	stig
– siglingafræði	4 —	.....	—
– notkun sextants	1 —	.....	—
– siglingareglum	1 —	.....	—
– sjómennsku	1 —	.....	—
– íslenzku	2 —	.....	—
– sjórétti	1 —	.....	—
– hjúkrunarfræði	1 —	.....	—
– ritleikni	1 —	.....	—

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ...., og hefir hann því staðizt prófið

með ..... einkunn.

..... 19....

....

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 104 stig.
Til þess að standast prófið þarf:
Í siglingareglum ekki lægra en .. 5 stig
– íslenzku minnst ..... 8 —
– siglingafræði minnst ..... 16 —
– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 52 stig.

Siglingatími fyrir próf:

56 **2. fyrirmynd.**
29. apríl

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefir staðizt

hið meira fiskimannapróf

samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1	eink.	.....	stig
– siglingafræði	6	—	.....	—
– notkun sextants	1	—	.....	—
– siglingareglum	1	—	.....	—
– merkjagjöfum	1	—	.....	—
– sjómennsku	2	—	.....	—
– íslenzku	2	—	.....	—
– dönsku	1	—	.....	—
– ensku	1	—	.....	—
– sjórétti	1	—	.....	—
– bókhaldi	1	—	.....	—
– heilsufræði	1	—	.....	—
– vélfræði	1	—	.....	—
– ritleikni	1	—	.....	—

Aðaleinkunn ..... stig

sem verður meðaleinkunnin ...., og hefir hann því staðizt prófið með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19....

.....
forstöðumaður.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 168 stig.
Til þess að standast prófið þarf:
Í siglingareglum ekki lægra en .. 5 stig
– íslenzku minnst ..... 8 —
– siglingafræði minnst ..... 24 —
– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 84 stig.

Siglingatími fyrir próf:

3. fyrirmynd. 56
29. apríl

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefir staðizt

farmannapróf

samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík,

og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	2	eink.	stig
– siglingafræði	9	—	—
– notkun sextants	1	—	—
– siglingareglum	1	—	—
– merkjagjöfum	1	—	—
– sjómennsku	3	—	—
– landafræði og veðurfræði	1	—	—
– íslenzku	2	—	—
– dönsku	2	—	—
– ensku	2	—	—
– þýzku	2	—	—
– sjórétti	1	—	—
– heilsufræði	1	—	—
– bókhaldi	1	—	—
– viðskiptafræði	1	—	—
– eðlisfræði	1	—	—
– vélfræði	1	—	—
– ritleikni	1	—	—
		Aðaleinkunn	stig

sem verður meðaleinkunnin ...., og hefir hann því staðizt prófið

með ..... einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19....

.....

forstöðumaður.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 264 stig.
Til þess að standast prófið þarf:
Í siglingareglum ekki lægra en .. 5 stig
– íslenzku minnst ..... 8 —
– siglingafræði minnst ..... 36 —
– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 132 stig.

Siglingatími fyrir próf:

56 29. apríl

4. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn) .....

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár) .....

hefir staðizt

skipstjórapróf á varðskipum ríkisins

samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík,

og hlotið þessar einkunnir:

Í stórskotafræði	1	eink.	stig
– mælingafræði	2	—	—
– alþjóðamerkjum	1	—	—
– alþjóðarétti	1	—	—
– ensku	2	—	—
– þýzku	2	—	—
– líkamsæfingum	2	—	—
– ritleikni	1	—	—
		Aðaleinkunn	stig

sem verður meðaleinkunnin ...., og hefir hann því staðizt prófið

með ..... einkunn.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 96 stig.

Til þss að standast prófið þarf 48 stig.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, ... árið 19....

.....

forstöðumaður.

21. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók, sem atvinnumálaráðuneytið löggildir, og sem geymist í stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers prófsveins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim, sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa öll skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ítarlega skýrslu um prófið. Forstöðumaður skólans sér um, að prófbókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófvottorðin undirritar forstöðumaður einn.

22. gr. 56

Með reglugerð þessari er felld úr gildi prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, 16. apríl 1926. 29. apríl

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 57

yfir berklavarnasjóð Ólafs Halldórssonar konferenzráðs árið 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi:

1.	Innstæða í sparisjóðsbók í Búnaðarbanka Íslands	kr. 1240.27
2.	Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	— 200.00
	Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	— 57.52
		Kr. 1497.79

Tekjur:

1.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu 1937	kr. 49.52
2.	Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands	— 8.00
		Kr. 57.52

Höfuðstóll í árslok 1937:

1.	Bankainnstæða	kr. 1297.79
2.	Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	— 200.00
		Kr. 1497.79

Forsætisráðherrann, 18. marz 1938.

Hermann Jónasson.

57

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1938 til jafnlengdar 1939.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	227	92	227	92	190
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	34	83	208	98	174
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	24	17	290	04	242
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	26	75	214	00	178
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	16	83	168	30	140
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	166	25	166	25	139
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	159	00	212	00	177
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	80	216	00	180
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	24	148	80	124
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	34	160	80	134
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	75	90	00	75
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	18	00	108	00	90
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

57

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	4	33	64	95	54
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	69	38	76	32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	7	62	45	72	38
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	93	41	58	35
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	6	50	52	00	43
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	6	14	73	68	61
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	53	127	20	106
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	58	»	»	172
43.	— 1 lambsfóður ..... á	9	33	»	»	187
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			212	50	177
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			153	90	128
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			108	00	90
	Eftir E. eða í lýsi			64	95	54
	Eftir F. eða í skinnavöru			63	16	53
	En meðalverð allra landaura samantalið			602	51	502
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			120	50	100

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 18. febrúar 1938.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 21. apríl 1938.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

58

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1938 til jafnlengdar 1939.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	208	67	208	67	174
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	30	27	181	62	151
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	30	27	181	62	151
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	25	45	203	60	170
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	21	45	257	40	214
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	25	13	201	04	168
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	14	83	148	30	124
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	153	67	153	67	128
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	136	43	181	91	152
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	74	208	80	174
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	16	139	20	116
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	26	151	20	126
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	73	87	60	73
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	19	75	118	50	99
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

58

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	71	38	84	32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	8	36	50	16	42
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	67	40	02	33
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	9	17	73	36	61
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	8	40	100	80	84
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	»	»	»	»	»
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	26	25	157	50	131
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	20	00	240	00	200
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	93	»	»	179
43.	— 1 lambsfóður ..... á	8	54	»	»	171
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			190	87	159
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			146	70	122
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			118	50	99
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			60	64	50
	En meðalverð allra landaura samantalið			516	71	430
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			129	18	107

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 21. febrúar 1938.

Magnús Gíslason.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1938.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

59

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1938 til jafnlengdar 1939.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	198	00	198	00	165
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	21	60	129	60	108
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	22	40	134	40	112
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	17	40	139	20	116
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	14	40	172	80	144
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	15	80	126	40	105
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	8	20	82	00	68
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	178	00	178	00	148
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	130	00	173	33	144
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	43	171	60	143
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	87	104	40	87
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	02	122	40	102
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	62	74	40	62
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

59

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	8	50	34	00	28
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	6	50	39	00	32
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	4	60	27	60	23
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	4	00	32	00	27
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	3	50	42	00	35
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	15	67	94	02	78
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	60	144	00	120
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	8	75	105	00	87
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	7	30	»	»	146
43.	— 1 lambsfóður ..... á	6	20	»	»	124
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			148	19	123
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			118	20	98
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			»	»	»
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			58	95	49
	En meðalverð allra landaura samantalið			325	34	270
	og skipt með 3 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			108	45	90

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 12. janúar 1938.

Gísli Sveinsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 19. apríl 1938.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

60

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1938 til jafnlengdar 1939.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	202	14	202	14	168
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	21	43	128	58	107
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	24	36	146	16	122
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	19	43	155	44	130
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	15	00	180	00	150
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	18	36	146	88	122
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	7	79	77	90	65
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	165	71	165	71	138
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	112	14	149	52	125
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	27	152	40	127
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	79	94	80	79
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	21	145	20	121
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	59	70	80	59
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

60

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	8	83	35	32	29
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	6	00	36	00	30
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	33	31	98	27
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	7	67	61	36	51
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	4	67	56	04	47
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	42	100	80	84
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	7	86	»	»	157
43.	— 1 lambsfóður ..... á	7	71	»	»	154
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu			150	26	125
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			115	80	96
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			»	»	»
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	269	64	269	64	225
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	35	00	210	00	175
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	27	04	324	48	270
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	30	14	241	12	201
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	18	93	189	30	158
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	212	14	212	14	177
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	174	64	232	85	194
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	2	07	248	40	207
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	42	170	40	142
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	42	170	40	142
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	85	102	00	85
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	0	78	140	40	117
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	18	98	113	88	95
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	40	72	244	32	204
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

74

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	4	46	66	90	56
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	69	38	76	32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	9	56	57	36	48
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	39	38	34	32
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	56	134	40	112
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	10	11	»	»	202
43.	— 1 lambsfóður ..... á	12	64	»	»	253
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			239	93	200
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			172	80	144
	Eftir C. eða í ullartóvöru			140	40	117
	Eftir D. eða í fiski			179	10	149
	Eftir E. eða í lýsi			66	90	56
	Eftir F. eða í skinnavöru			67	22	56
	En meðalverð allra landaura samantalið			866	35	722
	og skipt með 6 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			144	39	120

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 8. marz 1938.

Sig. Eggerz.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 21. apríl 1938.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

75

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Þingeyjarsýslu

frá 16. maímánaðar 1938 til jafnlengdar 1939.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	241	39	241	39	201
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	35	00	210	00	175
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	35	86	286	88	239
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	25	37	304	44	254
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	27	33	218	64	182
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	15	82	158	20	132
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	207	50	207	50	173
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	187	00	249	33	208
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	88	225	60	188
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	31	157	20	131
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	28	153	60	128
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	65	78	00	65
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	15	91	95	46	80
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	30	91	185	46	155
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

75

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	2	67	40	05	33
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	8	75	35	00	29
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	8	50	51	00	42
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	18	31	08	26
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	45	108	00	90
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	23	55	141	30	118
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	11	29	541	92	462
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	69	»	»	174
43.	— 1 lambsfóður ..... á	11	17	»	»	225
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			234	55	195
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			153	60	128
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			140	46	117
	Eftir E. eða í lýsi			40	05	33
	Eftir F. eða í skinnavöru			56	27	47
	En meðalverð allra landaura samantalið			624	93	520
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			124	99	104

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 28. febrúar 1938.

Júl. Havsteen.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 21. apríl 1938.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

76

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs árið 1937.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun		kr. 388933.50
2.	Vantalin eign á f. á.		— 687.50
3.	Innborgað á árinu		— 8469.16
4.	Vextir á árinu:		
	a. Af lánum	kr. 9701.04	
	b. — hlaupareikningi	— 2071.71	
	c. — innlánsskírteinum	— 5431.20	
	d. — veðdeildarbréfum	— 2093.25	
	e. — kreppulánasjóðsbréfum	— 28.35	
		kr. 19325.85	
	f. Vangoldnir vextir	— 2395.85	
			— 21721.40
5.	Endurgreitt af lánum		— 10484.96
6.	Arður af bréfaskiptum og kaupum		— 826.10
7.	Til jafnaðar við gjaldalið 2		— 3700.00
8.	— — — — 5		— 1673.90
9.	— — — — 4		— 14196.30
			Kr. 450692.82

Gjöld:

1.	Tekið út		kr. 9819.55
2.	Ný lán veitt		— 3700.00
3.	Kostnaður		— 475.00
4.	Vaxtaafgangur		— 14196.30
5.	Keypt bréf (nafnverð 2000.00)		— 1673.90
6.	Keyptir vextir		— 8.70
7.	Til jafnaðar við tekjulið 5		— 10484.96
8.	— — — — 4, f		— 2395.85
9.	Eign í árslok:		
	a. Í lánum	kr. 202851.04	
	b. - hlaupareikningi	— 67991.97	
	c. - innlánsskírteinum	— 90498.97	
	d. - veðdeildarbréfum	— 45900.00	
	e. - kreppulánasjóðsbréfum	— 630.00	
	f. Hjá reikningshaldara	— 66.58	
			— 407938.56
			Kr. 450692.82

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 13. janúar 1938.

Jón Helgason.

SKÝRSLA

76

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands árið 1937.

Kirkjur:	Eign í árslok 1936. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1937. Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3134.37	»	»	125.37	3259.74
2. Hofteigskirkja	2965.60	»	»	118.62	3084.22
3. Kirkjubæjarkirkja ...	8268.34	»	»	330.73	8599.07
4. Hjaltastaðarkirkja ...	1961.86	»	»	78.47	2040.33
5. Eiðakirkja	801.09	»	»	32.04	833.13
6. Áskirkja í Fellum ...	5468.48	300.00	»	224.73	5993.21
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2358.29	»	»	94.33	2452.62
8. Hofskirkja í V.f.	1735.78	281.36	»	72.23	2089.37
S.-Múlaprófastsdæmi:					
9. Vallaneskirkja	6.19	»	»	0.24	6.43
10. Þingmúlakirkja	1719.45	»	»	68.77	1788.22
11. Klippstaðarkirkja	255.06	»	»	10.20	265.26
12. Vestdalseyrarkirkja .	26.87	»	»	1.07	27.94
13. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
14. Neskirkja í Norðf. ..	8.10	»	»	0.32	8.42
15. Stöðvarkirkja	13.92	»	»	0.55	14.47
16. Eydalakirkja	8701.43	»	»	348.05	9049.48
17. Hofskirkja í Álftaf. .	459.33	»	»	10.37	469.70
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
18. Stafafellskirkja	2250.58	»	»	90.02	2340.60
19. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
20. Kálfafellsstaðark.	56.39	»	»	2.25	58.64
21. Hofskirkja í Öræfum	6903.19	120.00	»	279.72	7302.91
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
22. Prestsbakkakirkja ...	5195.96	»	400.00	193.10	4989.06
23. Reyniskirkja	496.41	»	»	19.75	516.16
24. Grafarkirkja	2416.86	»	»	96.67	2513.53
25. Kálfafellskirkja	1048.49	»	»	41.93	1090.42
26. Skeiðflatarkirkja	537.91	»	»	21.51	559.42
27. Langholtskirkja	5869.07	»	200.00	228.76	5897.83
Flyt	62662.71	701.36	600.00	2489.80	65253.87

76

Kirkjur:	Eign í árslok 1936. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1937. Kr. au.
Flutt	62662.71	701.36	600.00	2489.80	65253.87
Rangárvallaprófastsdæmi:					
28. Stórólfshvolskirkja ..	74.03	250.00	252.00	2.96	74.99
29. Oddakirkja	54.87	»	»	2.19	57.06
30. Kálfholtskirkja	82.98	»	»	3.31	86.29
31. Krosskirkja	1610.24	200.00	»	65.74	1875.98
32. Ásólfsskálakirkja	17.30	»	»	0.69	17.99
33. Eyvindarhólakirkja ..	4058.90	»	»	162.35	4221.25
34. Breiðabólstaðark.	23.10	»	»	0.92	24.02
35. Skarðskirkja	49.36	»	»	1.97	51.33
36. Landakirkja í Vestm.	708.65	»	700.00	7.34	15.99
Árnesprófastsdæmi:					
37. Mosfellskirkja í Grn. .	1265.31	»	»	65.61	1330.92
38. Þingvallakirkja	857.82	»	»	34.31	892.13
39. Strandarkirkja	143370.86	4990.56	638.20	5734.80	153458.02
40. Gaulverjabæjark.	145.30	»	»	5.81	151.11
41. Haukadalskirkja	124.78	»	»	4.98	129.76
42. Hraungerðiskirkja ...	1042.92	»	»	41.71	1084.63
43. Stokkseyrarkirkja ...	2473.73	»	»	98.95	2572.68
44. Ólafsvallakirkja	234.96	»	»	9.39	244.35
45. Miðdalskirkja	7.48	»	»	0.30	7.78
46. Eyrarbakkakirkja ...	91.73	»	»	3.66	95.39
47. Kotstrandarkirkja ...	»	35,00	»	0.70	35.70
Kjalarnessprófastsdæmi:					
48. Grindavíkurkirkja ...	378.48	»	»	15.13	393.61
49. Brautarholtskirkja ..	193.00	»	»	7.72	200.72
50. Reynivallakirkja	6335.93	»	4097.98	212.70	2450.65
51. Lágafellskirkja	23.24	»	»	0.93	24.17
52. Njarðvíkurkirkja	44.95	»	»	1.79	46.74
53. Útskálakirkja	6.74	»	»	0.26	7.00
Borgarfj.prófastsdæmi:					
54. Saurbæjarkirkja	1651.87	»	»	66.07	1717.94
55. Hallgrímskirkja	20297.65	39.00	»	811.90	21148.55
56. Reykholtskirkja	2977.16	174.92	»	121.83	3273.91
57. Lundarkirkja	9.38	»	»	0.37	9.75
58. Bæjarkirkja	290.67	»	»	11.62	302.29
Mýraprófastsdæmi:					
59. Stafholtskirkja	9943.51	100.00	»	399.74	10443.25
Flyt	261109.61	6490.84	6288.18	10387.55	271699.82

76

Kirkjur:	Eign í árslok 1936. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1937. Kr. au.
Flutt	261109.61	6490.84	6288.18	10387.55	271699.82
60. Síðumúlakirkja	55.20	»	»	2.20	57.40
61. Hvammskirkja í Nd.	2390.38	»	»	95.61	2485.99
62. Borgarkirkja	2010.75	»	»	80.43	2091.18
Snæfellsnessprófastsdæmi:					
63. Breiðabólstaðark. ...	1354.47	200.00	»	54.16	1608.63
64. Miklaholtskirkja	8.98	»	4.37	0.36	4.97
65. Narfeyrarkirkja.	647.33	»	»	25.89	673.22
66. Ytra-Rauðamelsk. ...	1080.83	»	»	43.23	1124.06
67. Kolbeinsstaðakirkja.	4.84	»	»	»	4.84
Dalaprófastsdæmi:					
68. Stóra-Vatnshornsk. ..	18.65	»	»	0.75	19.40
69. Snóksdalskirkja	3601.87	»	»	144.03	3745.90
70. Hvammskirkja	26.98	»	»	1.07	28.05
Barðastrandarpróf.dæmi:					
71. Selárdalskirkja	57.40	»	»	2.29	59.69
72. Sauðlauksdalskirkja .	3471.15	»	»	138.85	3610.00
73. Staðark. á R.nesi ...	»	200.00	»	»	200.00
74. Flateyjarkirkja	28.13	»	»	1.12	29.25
75. Gufudalskirkja	519.27	60.45	»	21.38	601.10
76. Brjámslækjark.	14.85	»	»	0.59	15.44
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
77. Holtskirkja	3014.61	37.87	2500.00	65.33	618.81
78. Mýrakirkja	1536.50	»	»	61.46	1597.96
79. Sæbólskirkja	2.35	»	»	»	2.35
80. Staðark. í Súg.f.	83.18	»	»	3.32	86.50
81. Hraunskirkja	1794.48	»	»	71.77	1866.25
82. Núpskirkja	4848.95	950.00	»	206.62	6005.57
Strandaprófastsdæmi:					
83. Staðark. í Stgrf.	3742.97	350.00	»	150.88	4243.85
84. Prestsbakkak.	2041.61	»	»	81.66	2123.27
85. Staðark. í Hrf.	1386.34	»	»	55.45	1441.79
86. Árnesskirkja	4951.32	80.00	500.00	200.72	4732.04
87. Óspakseyrark.	3054.87	»	»	122.19	3177.06
Húnavatnsprófastsdæmi:					
88. Staðarbakkakirkja ...	55.77	»	»	2.23	58.00
Flyt	302913.64	83.1669	9292.55	12021.14	314011.39

Kirkjur:	Eign í árslok 1936. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1937. Kr. au.
Flutt	302913.64	8369.16	9292.55	12021.14	314011.39
89. Melstaðarkirkja	4214.05	»	»	168.56	4382.61
90. Hofskirkja í Skg. ..	1330.09	»	»	53.20	1383.29
91. Bergsstaðakirkja	3.50	»	»	»	3.50
92. Höskuldsstaðak. ...	1880.14	»	»	75.20	1955.34
93. Efranúpskirkja	22.50	»	»	0.90	23.40
94. Spákonfellskirkja ..	1.65	»	»	»	1.65
95. Blönduósskirkja	193.46	»	»	7.74	201.20
96. Tjarnarkirkja á Vn.	30.16	»	»	1.20	31.36
97. Auðkúlukirkja	978.43	»	»	39.13	1017.56
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
98. Sauðárkrókskirkja .	2711.30	»	»	108.45	2819.75
99. Rípurkirkja	9.57	»	»	0.38	9.95
100. Glaumbæjarkirkja ..	12.40	»	»	0.49	12.89
101. Mælifellskirkja	13.65	»	»	0.54	14.19
102. Barðskirkja	3474.26	»	»	138.96	3613.22
103. Fellskirkja í Slh. ..	339.85	»	»	13.59	353.44
104. Hólakirkja	80.30	»	»	3.21	83.51
105. Goðdalakirkja	926.49	»	»	37.06	963.55
106. Miklabæjarkirkja ..	1440.54	»	»	57.62	1498.16
107. Flugumýrarkirkja ..	22.94	»	»	0.91	23.85
108. Ketukirkja	877.53	»	»	35.10	912.63
109. Viðvíkurkirkja	1155.89	»	»	46.23	1202.12
110. Hvammskirkja í L. .	453.31	»	»	18.13	471.44
111. Knappsstaðakirkja ..	297.22	»	»	11.88	309.10
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
112. Grímseyjarkirkja ...	26.01	»	»	1.04	27.05
113. Glæsibæjarkirkja ..	171.54	»	»	6.86	178.40
114. Kaupangskirkja	8.26	»	»	0.33	8.59
115. Saurbæjarkirkja	5982.34	»	»	239.29	6221.63
116. Munkaþverárkirkja .	11828.05	»	»	473.12	12301.17
117. Lögmannshlíðark. .	146.68	»	»	5.86	152.54
118. Akureyrarkirkja ...	18816.39	»	»	752.65	19569.04
119. Bægisárkirkja	145.18	»	»	5.60	150.78
120. Vallakirkja	37.92	»	»	1.51	39.43
121. Tjarnarkirkja	3.50	»	»	»	3.50
122. Stærra-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
123. Laufáskirkja	1038.97	»	252.00	31.47	818.44
Flyt	361588.34	8369.16	9544.55	14357.35	374770.30

Kirkjur:	Eign í árslok 1936. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1937. Kr. au.
Flutt	361588.34	8369.16	9544.55	14357.35	374770.30
124. Hálskirkja	902.80	»	»	36.11	938.91
125. Þóroddsstaðakirkja .	232.37	»	»	9.39	241.76
126. Skútustaðakirkja ...	60.45	»	»	2.41	62.86
127. Brettingsstaðak.	114.41	100.00	»	4.57	218.98
128. Illugastaðakirkja ...	12.72	»	»	0.50	13.22
129. Grenjaðarstaðark. ..	4082.29	»	»	163.29	4245.58
130. Grenivíkurkirkja ...	1590.49	»	»	63.62	1654.11
131. Draflastaðakirkja ...	3.58	»	»	»	3.58
132. Þönglabakkakirkja .	2591.44	»	»	103.65	2695.09
133. Neskirkja í Aðaldal .	446.72	»	275.00	16.83	188.55
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
134. Skinnastaðakirkja ..	2959.02	»	»	118.36	3077.38
135. Presthólakirkja	87.69	»	»	3.50	91.19
136. Ásmundarstaðak. ...	1.19	»	»	»	1.19
137. Svalbarðskirkja	5209.59	»	»	208.38	5417.97
138. Víðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
139. Sauðaneskirkja	115.59	»	»	4.62	120.21
Samtals	380000.07	8469.16	9819.55	15092.58	393742.26

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 14196.30 bætt við ofangreinda upphæð kr. 393742.26, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum kr. 407938.56.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 13. janúar 1938.

Jón Helgason.

77

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðsins árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	33500.00	
b. Veðskuldabréf	—	2400.00	
c. Inneign í Söfnunarsjóði	—	34290.88	
d. Inneign í sparisjóði	—	6527.38	
e. Hjá gjaldkera	—	278.03	
			kr. 76996.29
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1718.25	
b. — veðskuldabréfi	—	120.00	
c. — inneign í Söfnunarsjóði	—	1783.08	
d. — — - sparisjóði	—	238.91	
			— 3860.24
3. Gjafir til sjóðsins			— 253.00
4. Gróði á bréfakaupum og skiptum			— 1320.00
			Kr. 82429.53

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu			kr. 1600.00
2. Keyptir bréfavextir			— 73.85
3. Eign í árslok 1937:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	37500.00	
b. Veðskuldabréf	—	2400.00	
c. Eign í Söfnunarsjóði	—	35573.96	
d. Eign í sparisjóði	—	5106.69	
e. Hjá gjaldkera	—	175.03	
			— 80755.68
			Kr. 82429.53

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

78

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	23100.00	
b. Innstæða í sparisjóði	—	3741.88	
c. Hjá reikningshaldara	—	24.19	
			kr. 26866.07
		Flyt	kr. 26866.07

		Flutt	kr. 26866.07	78
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1165.00		
b. — innstæðu í sparisjóði	—	141.54		
			— 1306.54	
3. Gróði af bréfaskiptum og kaupum			— 400.00	
			Kr. 28572.61	

Gjöld:

1. Styrkur veittur			kr. 400.00	
2. Keyptir vextir			— 45.00	
3. Eign í árslok:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	25100.00		
b. Innstæða í sparisjóði	—	3003.42		
c. Hjá reikningshaldara	—	24.19		
			— 28127.61	
			Kr. 28572.61	

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 79

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	2300.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	4022.79		
c. — í sparisjóði	—	645.03		
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00		
			kr. 14067.82	
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	116.25		
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	209.14		
c. — — í sparisjóði	—	39.12		
d. Eftirgjald eftir Ytra-Vallholt	—	350.00		
			— 714.51	
3. Gróði á bréfaskiptum og kaupum			— 220.00	
			Kr. 15002.33	

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum í Hegranesþingi			kr. 350.00	
2. Vaxtakaup			— 6.35	
3. Eign í árslok:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	2300.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	4231.93		
c. — í sparisjóði	—	1014.05		
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00		
			— 14645.98	
			Kr. 15002.33	

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

80

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3700.00	
b. Innstæða í sparisjóði	—	792.55	kr. 4492.55
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	197.50	
b. — sparisjóðsinnstæðu	—	38.15	— 235.65
3. Gróði á bréfakaupum og skiptum			— 260.00
			Kr. 4988.20

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00	
b. Vaxtakaup	—	7.45	
c. Í sparisjóði	—	980.75	kr. 4988.20
			Kr. 4988.20

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

81

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Thóru Melsteð árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
Í söfnunarsjóði	kr.	1077.04	
2. Vextir á árinu	—	56.00	kr. 1133.04
			Kr. 1133.04

Gjöld:

Eign í árslok 1937:		
Í Söfnunarsjóði	kr.	1133.04
		Kr. 1133.04

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 82

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4900.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	10654.64	
c. — í sparisjóði	—	1075.68	
e. Hjá gjaldkera	—	118.83	
			kr. 16749.15
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	273.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	554.00	
c. — — í sparisjóði	—	32.75	
			— 859.75
3. Gróði á bréfakaupum og skiptum			— 200.00
			Kr. 17808.90

Gjöld:

1. Keyptir vextir	kr.	22.50	
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	—	5900.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	11208.64	
c. — í sparisjóði	—	558.93	
d. Hjá gjaldkera	—	118.83	
			kr. 17808.90
			Kr. 17808.90

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 83

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	29870.53	
2. Vextir á árinu	—	1553.24	
			kr. 31423.77
			Kr. 31423.77

Gjöld:

Eign í árslok 1937:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 31423.77
	Kr. 31423.77

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

84

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1936:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1800.00		
b. Innstæða í sparisjóði	— 682.76		kr. 2482.76
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 85.00		
b. — sparisjóðsinnstæðu	— 28.50		— 113.50
			Kr. 2596.26

Gjöld:

1. Úthlutað á synodus		kr. 90.00
2. Eign í árslok 1937:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 1800.00	
b. Innstæða í sparisjóði	— 706.26	— 2506.26
		Kr. 2596.26

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

85

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar lectors Melsteð árið 1937.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun 1937:			
Innstæða í sparisjóði			kr. 2565.26
2. Vextir á árinu:			
a. Af sparisjóðsinnstæðu	kr. 74.00		
b. — veðdeildarbréfum	— 50.00		— 124.00
3. Grætt á bréfakaupum			— 400.00
			Kr. 3089.26

Gjöld:

1. Vaxtakaup		kr. 45.00
2. Eign í árslok 1937:		
a. Veðdeildarbréf	kr. 2000.00	
b. Sparisjóðsinnstæða	— 1044.26	— 3044.26
		Kr. 3089.26

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. marz 1938.

Jón Helgason.

YFIRLIT 86

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1937.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	885 270.33	
	b. Ræktunarsjóður	—	5 292 664.23	
	c. Veðdeild	—	1 285 770.10	
	d. Byggingar og landnáms sjóður	—	2 432 848.73	
	e. Viðlagasjóður	—	1 601 767.95	
				kr. 11 498 321.34
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	765 387.57	
	b. Ræktunarsjóður	—	402 165.00	
	c. Veðdeild	—	27 645.00	
	d. Landnámssjóður	—	16 060.00	
	e. Viðlagasjóður	—	159 170.00	
				— 1 370 427.57
3.	Víxlar			— 1 413 873.39
4.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	39 080.01	
	b. Byggingar og landnáms sjóður	—	3 315.24	
				— 42 395.25
5.	Lán í hlaupareikningi			— 81 929.65
6.	Óinnheimtar tekjur:			
	a. Ræktunarsjóður	kr.	67 681.39	
	b. Veðdeild	—	50 139.40	
				— 117 820.79
7.	Innanstokksmunir			— 13 507.28
8.	Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 1 154 000.00
9.	Útibú á Akureyri			— 508 487.77
10.	Kreppulánasjóður			— 1 063 232.34
11.	Nýbýlasjóður			— 19 378.98
12.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda			— 49 537.55
13.	Varasjóður Ræktunarsjóðs			— 240 528.97
14.	Fasteignir			— 44 462.91
15.	Bankainnstæða og peningar í sjóði			— 249 814.08
				Kr. 17 867 717.87

86 **Skuldir:**

1.	Skuld við ríkissjóð:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 319 674.80	
	b. Byggingar og landnáms sjóður	—	600 000.00	
				kr. 1 919 674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði og á skírteinum			— 2 370 274.98
3.	Innstæða í hlaupareikningi			— 515 585.43
4.	Innstæða á reikningslánum			— 8 542.15
5.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	30 762.24	
	b. Ræktunarsjóður	—	16 726.80	
	c. Veðdeild	—	4 195.76	
	d. Viðlagasjóður	—	47 246.58	
	e. Landnámssjóður	—	33 952.66	
				— 132 884.04
6.	Ábyrgðir			— 1 154 000.00
7.	Jarðræktarbréf í umferð			— 2 722 700.00
8.	Veðdeildarbréf í umferð			— 1 350 000.00
9.	Skuldir á fasteignum			— 38 585.67
10.	Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	123 196.41	
	b. Viðlagasjóður	—	36 115.19	
				— 159 311.60
11.	Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga			— 20 868.57
12.	Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	254 767.30	
	b. Ræktunarsjóður	—	3 518 816.61	
	c. Byggingar og landnáms sjóður	—	1 410 811.20	
	d. Viðlagasjóður	—	2 287 007.44	
	e. Veðdeild	—	3 888.08	
				— 7 475 290.63
				Kr. 17 867 717.87

Reykjavík, 1. júlí 1937.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1938.

Opið bréf um að hans konunglega tign Knud, Íslands prins og Danmerkur, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 14. júní 1938, nr. 101.

Auglýsing um yfirlýsingu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samkynja hlutleysisákvæði, undirskrifuð af forsætisráðherra 14. júní 1938, nr. 102.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 17. júní 1938, nr. 103.

Auglýsing um innköllun hinna eldri Landsbankaseðla, undirskrifuð af fjármálaráðherra 7. júlí 1938, nr. 104.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af konungi 26. júní 1938, nr. 105.

Auglýsing um verzlunarsamning milli Íslands og Haïti, undirskrifuð af forsætisráðherra 2. ágúst 1938, nr. 106.

Bráðabirgðalög um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909, undirskrifuð af konungi 2. september 1938, nr. 107.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, undirskrifuð af konungi 28. september 1938, nr. 108.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi 14. nóvember 1938, nr. 109.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 6. desember 1938, nr. 110.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 10. desember 1938, nr. 111.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um skiptingu Vindhælishrepps í þrjú sveitarfélög.

87
22. nóv.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Vindhælishrepps og meðmælum sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, um skiftingu Vindhælishrepps í þrjú hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Vindhælishreppi í Austur-Húnavatnssýslu skal skipt í þrjú sveitarfélög, er nefnast: Skagahreppur, Höfðahreppur og Vindhælishreppur, og skulu takmörkin vera þessi:
   Vindhælishreppur takmarkast að norðan af Hrafná, Höfðahreppur (kauptúnshreppurinn) frá Hrafná að landamerkjum Háagerðis og Harastaða að norðan og Skagahreppur þaðan og að nyrðri endamörkum núverandi Vindhælishrepps.
2. Skuldum núverandi Vindhælishrepps skal skipt milli fyrirhugaðra hreppa að hálfu leyti hlutfallslega eftir meðalútsvarsupphæð s. l. 5 ár og að hálfu leyti eftir fólksfjölda í hverjum hreppshluta.
3. Eftirgreindum eignum Vindhælishrepps skal skipt á sama hátt og skuldum:
   a. Eftirstöðvar samkvæmt hreppsreikningum.
   b. Verðbréf.

12. dag desembermánaðar 1938. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

87 c. Skuldir annarra hreppa.
22. nóv. d. Fasteignir.
e. Andvirði Bakkakots.
f. Útistandandi lán og fyrirframgreiðslur.

4. Barnaskólasjóði skal skipt hlutfallslega eftir tölu barna innan 14 ára aldurs.
5. Amtmannsgjafasjóður og Gjafasjóður Kristmundar Þorbergssonar verða í sameign hinna nýju hreppa, en arði sjóðanna, sem falla til úthlutunar, skal skipt milli hreppanna í hlutfalli við fólkstölu í hverjum hreppi.
6. Fjallskilasjóður Vindhælishrepps skal fyrst um sinn vera í sameign hinna nýju hreppa. Jafnframt skulu gangnaskil vera sameiginleg, á meðan ekki breytist afstaða til skilaréttar.
7. Hlutaðeigandi hreppsnefndir semja sín á milli, hvort refaveiðar skuli vera sameiginlegar.
8. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Vindhælishrepp. Hreppsnefnd hvers hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu fyrir sameiginlega styrkþega, sem heima eiga innan hvers hrepps fyrir sig.

   Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hver hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega, og skal þá framfærslukostnaðinum jafnað hlutfallslega.

   Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annarsstaðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa, vegna framfærslu sameiginlegra styrkþega.
9. Ellitryggingarsjóður Vindhælishrepps skiptist milli hinna nýju hreppa í hlutfalli við fólkstölu í hverjum hreppi.
10. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Vindhælishrepps, en hreppsnefndir Skagahrepps og Höfðahrepps skulu eiga aðgang að þeim, þegar þær þarfnast.
11. Sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að meta fasteignir hreppsins í því augnamiði, að hver hinna nýju hreppa kaupi þær fasteignir, er verða innan hans takmarka.
12. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hverjum hinna nýju hreppa.
13. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar n. k., og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar.

88
6. maí

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

Lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

I. KAFLI
Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri, svo sem á vegum, samkomustöðum, veitingastöðum og í réttum, mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, tafar við störf, eða óþæginda fyrir viðstadda.

Á almannafæri má ekki sýna af sér móðgandi háttalag, svo sem með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, viðhafa áflog, ölæðislæti eða aðra hneykslanlega hegðun.

2. gr.

Drukkna menn, sem valda hávaða og óspektum, má setja í varðhald, ef þeir skipast ekki við munnlegar áminningar lögregluvaldsins, auk þess sem þeir sæta löglegum sektum.

II. KAFLI
Um umferð.

3. gr.

Ekki má aðhafast neitt, sem spillir eða tálmar umferð á opinberum vegum.

4. gr.

Enginn má aka á reiðhjóli eða bifreið um vegi, þegar dimmt er, án þess að hafa logandi ljósker á þeim.

5. gr.

Mætist menn á vegum, skulu þeir ávallt víkja til vinstri handar.

III. KAFLI
Um friðun og vernd á eignum.

6. gr.

Enginn má skemma eða óhreinka opinberar eignir, hverju nafni sem nefnast og ætlaðar eru til almenningsafnota.

7. gr.

Enginn má spilla eignum einstakra manna né í heimildarleysi fara yfir túngirðingar, sáðlönd eða tún utan vegar, nema um kirkjustíg sé að ræða eða götutroðninga

88 fyrir gangandi fólk, því þá gildir sú venja, sem verið hefir. Girðingum má eigi spilla
6. maí né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

8. gr.

Engum er heimilt að tileinka sér neinar nytjar í löndum einstakra manna, svo sem egg, fjallagrös, veiði fugla eða fiska né annað, án leyfis landráðanda.

IV. KAFLI

Um veitingar og almennar skemmtisamkomur.

9. gr.

Á almennum veitinga- og samkomustöðum og í réttum má enginn hafa í frammi hávaða eða ósæmilega hegðun, og er húsráðanda, forstöðunefnd eða réttarstjóra skylt að afstýra því eftir megni.

10. gr.

Þeir sem hafa á hendi gistihúshald eða fengið hafa leyfi til veitinga almennt, skulu hafa lokað kl. 11 á kvöldin, og gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu vera farnir burt kl. 11½. Þó getur lögreglustjóri framlengt tímann í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

11. gr.

Eigi má halda fleiri almennar dans- og skemmtisamkomur í hverjum hreppi sýslunnar á ári en sex; þó getur sýslunefnd ákveðið lægri tölu um eitt ár í senn. Skal þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. september, slitið ekki síðar en kl. 11 að kvöldi, en á öðrum tímum árs eigi síðar en kl. 3 að nóttu, nema hreppstjóri telji ófært veður.

12. gr.

Enginn má halda opinberar danssamkomur, nema með leyfi hreppstjórans í þeim hreppi, þar sem samkoman skal haldast. Sá sem leyfi er veitt, skal greiða eftir ákvæðum hreppstjórans í hvert sinn gjald í viðkomandi sveitarsjóð 5—50 krónur.

Skal hreppstjóri hlutas til um að skipta leyfðum samkomum sem jafnast niður á starfandi félög í hreppnum. Leyfi fyrir almennar héraðssamkomur, svo og til hlutaveltu, skulu veitt af lögreglustjóra. Forstöðunefnd samkomu skal gæta þess, að hún komi eigi í bága við almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Umsóknir og leyfi skulu jafnan skrifleg vera.

13. gr.

Hreppstjóra er skylt að vera sjálfur — eða hafa fulltrúa — á hverri opinberri skemmtisamkomu í hreppnum og gæta þar reglu. Skal forstöðunefnd skemmtunar greiða honum kr. 2.00 fyrir hverja klukkustund, þó ekki yfir 14 kr. fyrir eina samkomu. Við þetta starf ber hreppstjóra jafnan að bera einkennishúfu hreppstjóra. Fari nokkuð það fram á samkomu, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni. — Ákvæði þessarar greinar gilda um lögreglustjóra þegar um héraðsmót er að ræða.

14. gr.

Þegar skemmtanir eru haldnar innanhúss, að kvöldi dags og fram á nótt, skulu forstöðumenn skemmtananna gæta þess eftir föngum, að ekki stafi brunahætta af eldfærum þeim, sem notuð eru í húsinu. Banna má reykingar í samkomusal.

V. KAFLI
Um almennt hreinlæti.

15. gr.

Skylt skal þeim, sem ljær eða leigir hús til samkomuhalds, að hlíta fyrirmælum héraðslæknis um hreinlæti og þrifnað.

16. gr.

Búfé skal deytt á löglegan hátt. Sulli og mein úr sláturfé skal brenna eða grafa dyggilega niður. Forstöðumenn sláturhúsa skulu vandlega gæta alls þrifnaðar innan húss og utan.

VI. KAFLI
Um hunda.

17. gr.

Hundar, sem ráðast á menn eða búfé eða elta stjórnlaust skepnur í högum, skulu réttdræpir.

Bannað er að láta hunda fylgja sér á samkomur eða til kirkju.

18. gr.

Skylt er öllum hundaeigendum að koma hundum sínum til hreinsunar á hausti hverju, eftir fyrirmælum hinna skipuðu hundalækna.

VII. KAFLI
Um brunamál og eldsvoða.

19. gr.

Að því er snertir eldstæði skal fara eftir gildandi lögum og reglum.

20. gr.

Enginn má kveikja í sinu nema fyrri hluta dags og með samþykki þeirra, sem hlut geta átt að máli.

VIII. KAFLI
Ýmisleg ákvæði.

21. gr.

Ekki er verzlunarmönnum leyfilegt að afhenda tóbak börnum innan 14 ára aldurs.

22. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

23. gr.

Hver vinnufær karlmaður er skyldur, ef lögregluvaldið krefst þess, að veita því aðstoð til að afstýra óspektum og annari óreglu, eða hefta þá, er slíku valda.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum allt að 1000 krónur, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

88 6. maí

25. gr.

Kostnaður sá, sem leiða kann af framkvæmd á samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði, þó má greiða kostnað við aðfengna lögreglu við héraðsmót úr sýslusjóði, ef lögreglustjóri leyfir mótið og telur nauðsyn á aukinni og öflugri lögreglu við slík tækifæri.

26. gr.

Mál, sem rís út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í viðkomandi sveitarsjóð. Þó skulu sektir fyrir brot, sem framan eru á héraðsmótum, renna í sýslusjóð.

27. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild stjórnartíðindanna, og auk þess prentuð sérstaklega á kostnað sýslusjóðs til útbýtingar meðal allra búenda í sýslunni á kostnað sýslusjóðs.

28. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gera á sama hátt og samþykktina sjálfa.

29. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 6. maí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

89 29. júní

REGLUGERÐ

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr.

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal vera söltuð í hreinar, þéttar, vel bentar og ógallaðar tunnur. Undir matjessíld má ekki nota tunnur, sem í hefir verið saltað árið áður, en tunnur, sem hefir verið saltað í á sömu vertíð, má nota, hafi þær verið vel þrifnar utan og innan og séu að öðru leyti góðar. Gamlar tunnur, þó ónotaðar séu, sem eru orðnar vatnssósa, eða tunnur úr efni, sem pækill getur seitlað gegnum, eru óhæfar umbúðir.

2. gr.

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal merkjast eins og hér segir:

Á efri botn:

1. Efst á botninn beint eða í boga orðin „ISLAND MATJES“ með stafahæð 2,8 til 3 cm á ¼ tunnu og 2,5 cm á ½ tunnu.
   Á tunnur, sem senda á til Ameríku, skal merkja „ICELAND“ í stað ISLAND.
2. Þar fyrir neðan skal, ef síldin er flokkuð eftir stærð, merkja með orðum, er tákna stærðarflokkinn.

I. EXTRA LARGE, II. LARGE, III. MEDIUM, allt í 2 cm stafahæð á ¼ tunnu og 1,8 cm á ½ tunnu. Leyfilegt er að merkja tunnur, er ætlaðar eru til sölu í Evrópu, með framangreindum merkjum á máli þess lands, er varan er ætluð til. 89 29. júní

3. Þar fyrir neðan merkist vörumerki saltandans (söltunarstöðvar) eða fullt nafn hans.

Vörumerkið má vera greinilegt fangamark eða mynd og fangamark. Vörumerkinu er ætlaður staður á bilinu frá ¼—⅓ af hæð botnsins og upp að ⅔—¾ af hæðinni, talið neðan frá.

4. Fyrir neðan vörumerkið merkist í beinni línu tölustafir, er tákni söltunartölu og mánaðardag þann, er síldin er söltuð, t. d. ef 12. söltun fer fram 18. ágúst, merkist þannig: 12—18—8.

Söltunartölu og mánaðardag skal ávallt merkja áður eða um leið og tunnum er lokað við fyrstu söltun.

5. Neðst á botninn komi í boga nafn verstöðvarinnar s. s.: SIGLUFJÖRÐUR, HRÍSEY o. s. frv.

Á neðri botn:

1. Á þeirri síld, sem flutt er til Norðurlanda og Miðevrópu: Þríhyrningur, lengd grunnlínu 28 cm og hæð 14 cm (½ tunnu 24—12 cm). Innan í þríhyrningnum stafirnir S I M með stafahæð S og M 5 cm, en I 6,5 cm. (½ tn. S og M 4 cm I 5,8). Breidd strikanna, er marka þríhyrninginn 1 cm, (á ½ tn. ½ cm).
2. Þar fyrir neðan orðin: ISLAND MATJES, í einni línu, stafahæð 4,2 cm (½ tunnu 3 cm).
3. Þar fyrir neðan orðið: ORIGINAL. Stafahæð 2,6 cm.
4. Þar fyrir neðan orðið: LANDSALZUNG. Stafahæð 2,6 cm (½ tunnu 2 cm).

Á síld, sem flutt er til Ameríku, merkist á neðri botn:

Efst á botninn: Merki það, er Síldarútvegsnefnd hefir látið löggilda fyrir Ameríkusíld, þar undir í tveimur línum orðin: NORTHERN ICELAND CURED HERRING, með stafahæð 2 cm á ¼ tn., en 1,7 cm á ½ tn. Neðst á botninn á að merkja í tveim línum: PRODUCE OF ICELAND, net weigth 250 lbs. á ¼ tn. og 125 lbs. á ½ tn. Stafahæð á ¼ tn. 2 cm, á ½ tn. 1,7 cm. Milli línanna CURED HERRING og PRODUCE OF ICELAND er autt bil 8 cm breitt á ¼ tunnu, en 6,5 cm á ½ tn. Bil þetta er ætlast til, að matsmenn noti fyrir gæðaflokka- og aðra matsstimpla.

Auk þeirra merkja, sem að framan eru talin, skal matsmaður brennimerkja hverja metna og útflutningshæfa tunnu með gæðaflokksmerkjum þeim, sem hér eru sýnd.

3. gr.

Matjessíld skal meta til þriggja gæðaflokka eins og hér segir:

A. Afbragðsflokkur, merki S U N.


I. Góð, jöfn ágúst-síld, merki S I M.


II. Snemmveidd, en góð júlí-síld, og síld síðar veidd, en blönduð að gæðum, merki NORTHERN LIGHT.

Merki S U N. Til þessa flokks má eingöngu telja síld af beztu tegund og jafna að gæðum, sem er blæfalleg, fallega löguð, þykk, feit og bragðgóð, hvít á fiskinn, með heilan óskemmdan kvið, rétt og þétt raðað, vandlega hreinsuð og vel unnin að öllu leyti, hæfilega og jafnt ápökkuð og með upprunalegum blóðpækli, laus við súr, sætu og þráa og aðrar skemmdir, og hafa útlit fyrir að vera haldgóð, með pækilstyrkleika 18—21° fullsöltuð, pækilstyrkleiki seinveiddrar síldar má vera allt að 23°.

Merki S I M. Til þessa flokks skal telja ágúst-síld og síðar veidda, sem, þótt hún ekki geti talist til S U N flokks, vegna þess að hún er að einhverju

89
29. júní


SUN


SIM


NORTHERN
LIGHT


NORD
LICHT


BRANDED
IN
ICELAND
1938


IN ISLAND
EINGEBRANNT
1938

leyti blönduð illa löguðum síldum, verður að vera feit og bragðgóð og yfirleitt fallega löguð og jöfn að stærð og gæðum, án áberandi rýrra og lítilla síldа, laus við horsíld og að öllu leyti vel verkuð og óskemmd. Til S I M flokks skal að öllu öðru leyti en tegundargæða, gera sömu kröfu og til S U N flokks. 89 29. júní

Merki NORTHERN LIGHT. Til þessa flokks skal meta hina venjulegu júlí-síld; ber þó frekar að miða við síldargæðin en tímabilið, sem hún er veidd á. Hér er átt við síld, sem ekki er vel löguð, og fitan ekki orðin vel föst í fiskinum. Síldin á þó að vera feit og bragðgóð og má ekki vera blönduð nýhrygndum, eða horsíldum. Til þessa merkis skal líka telja ágúst-síld, eða seinna veidda síld, sem er blönduð áberandi rýrum eða smáum síldum, eða ekki er yfirleitt nógu feit til þess að geta talizt til merkjanna S U N og S I M.

Til þessa flokks skal telja alla síld, sem hefir misst upprunalegan blóðþækil, eða hefir daufan eða glæran þækil, en er að öðru leyti góð og óskemmd vara.

Að öðru leyti en hér er tekið fram, skal gera sömu kröfu til þessa flokks og merkjanna S U N og S I M.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, skal leyfilegt að umpakka matjessíld, t. d. ef matsmaður neitar að gefa síldinni matsvottorð vegna galla á verkun, sem hægt er að lagfæra með umpökkun, en síldin að öðru leyti góð vara, eða ef saltandinn þarf nauðsynlega vegna sölumöguleika að umpakka úr stærri ílátum í minni eða gagnkvæmt.

Ef matsmaður hefir synjað matsvottorðs, vegna þess að síldin var of sölt, má leyfa að umpakka síldina eða lækka saltmagn hennar á annan hátt, án þess að þó sé um útvötnun að ræða.

Ávalt skal leita álits og leyfis matsstjóra til að umpakka matjessíld og skal, þegar síldin að því loknu er metin á ný, geta þess í skoðunarbeiðni og af hvaða ástæðum síldin var umpökkuð.

Umpakkaða síld má ekki meta til S U N ..... eða S I M ..... merkis, nema að síldin að útliti, blæfegurð og öllum gæðum sé í engu verulegu frábrugðin þeirri síld, sem metin er í þessa flokka.

Að öðru leiti skulu matsmenn, með tilliti til gæða síldarinnar, fella hana um einn flokk, ef útlit hennar hefir breytzt við umpökkun.

5. gr.

Sé matjessíld flokkuð eftir stærð, skulu stærðarflokkar vera 3.

1. stærðarflokkur, síld frá 35 cm og lengri.
2. stærðarflokkur, síld frá 32—35 cm.
3. stærðarflokkur, síld frá 29—32 cm.

Mæla skal frá snjáldri aftur á sporðblökuenda.

Ef flokkunin er svo ónákvæm, að fleiri en 15 síldar í tunnu séu annað hvort meira en einum cm lengri eða styttri en í tilgreindum stærðum, skal álíta síldina óflokkaða eftir stærð, og skal merkingu hagað eftir því.

Flokkun síldar eftir stærð (lengd) getur engin áhrif haft á gæðaflokkunina, hversu vel sem stærðarflokkun er framkvæmd, hækkar síldin ekki í gæðaflokki fyrir það. Því ráða einungis tegundargæði. Heimilt er eftir tillögum matsstjóra að merkja á neðri botn hverrar tunnu stykkjatöluna þannig, að leiki á 30 síldum, t. d. 340/370—370/400.

6. gr.

Matsstjóri gefur út almennar leiðbeiningar um verkun matjessíldar, þar sem nánar skal tekið fram um kröfur þær, sem matsmenn skulu gera viðvíkjandi útliti,

89 29. júní

ápökkun og annari meðferð síldarinnar svo og vinnubrögðum með tilliti til þess, að öllum hlutaðeigendum verði ljóst, hvers er krafizt, og til hægðarauka fyrir saltendur sérstaklega, til þess að þeir geti látið framkvæma verkunina þannig, að síldin lendi í sem beztum gæðaflokkum.

7. gr.

Ef seinveidd síld, sem verkuð er á sama hátt og matjessíld, en að dómi matsmanna ekki getur talizt Matjes vegna þess, hve hún hefir þroskuð svil eða hrogn, hefir þykkt roð og er orðin seig á fiskinn, skal meta hana eftir sömu reglum, hvað (tegund) gæði og stærð snertir eins og áður er tekið fram í reglugerð þessari um Matjessíld. Matsstjóri hefir heimild til að fyrirskipa, að síldin skuli merkjast með sérstöku merki, þannig, að í staðinn fyrir orðið „MATJES" á efri og neðri botni, komi orðið FILLING eða FULL eftir því, hve svil og hrogn eru þroskuð. Í stað orðanna „FILLING" eða „FULL" má matsstjóri ákveða önnur nöfn, sem tákna það sama.

Síldin merkist „FILLING" þegar svilin eru orðin það stór, að þau komi vel í ljós frammi í kverkaropinu, en „FULL", þegar svilin eða hrognin eru yfirleitt það stór orðin, að þau fylli kviðarhol síldarinnar.

8. gr.

Áður en mat fer fram skal síldin vera komin í öruggt ástand, þ. e. gegnsölt og útséð um, að hún ekki skemmist vegna saltleysis.

Matið skal að jafnaði framkvæmt rétt áður en útskipun fer fram, eða eins skömmum tíma áður og við verður komið. Ef útskipun dregst lengur en ráð var fyrir gert, skal matsmaður fullvissa sig um, að síldin á þeim tíma hafi ekki orðið fyrir skemmdum eða breytzt, svo að varan sé í ósamræmi við áður gefið skoðunarvottorð. Skulu útflytjendur í þessu falli tilkynna matsmanni með hæfilegum fyrirvara, hvenær flytja eigi síldina út.

Þegar að loknu mati, skal matsmaður afhenda skoðunarbeiðanda viðurkenningu um, að matið hafi farið fram, og um úrslit þess.

Fullkomið matsvottorð skal, nema sérstaklega standi á, ekki afhendast fyr en við útskipun síldarinnar.

Matsvottorð skulu útgefin af matsmanni og samþykkt af matsstjóra. Ef matsstjóri, vegna fjarveru, ekki getur samþykkt matsvottorð, má hann fela matsmanni að gefa út og afhenda fullkomið matsvottorð.

Síld sú, er meta skal samkvæmt skoðunarbeiðni, skal vera aðskilin frá annari síld og raðað þannig, að matsmaðurinn geti fengið glöggt yfirlit yfir það, er meta á, og komist hindrunarlaust að hvaða tunnu sem er.

Raða skal hverri söltun sér, og ef flokkað er í stærðir, þá hverjum einum stærðarflokki sér.

Saltandi skal hafa til taks, þegar mat fer fram, nægilegt aðstoðarfólk og nauðsynleg áhöld, eftir því sem matsmaður telur þurfa. Skal saltandi sjá um, að matsmaður geti óhindraður og óáreittur framkvæmt starf sitt, og bægja frá öllu óviðkomandi fólki.

9. gr.

Matið fer þannig fram, að opna skal 15% af þeim tunnum, sem meta á, og skulu þær teknar á víð og dreif. Matsmaður lætur tæma alveg 2% og velur til þess tunnur, sem hann álítur að sé helzt galla von í.

Síðan skoðar hann minnzt 3% af tunnunum með því að tæma þær til hálfs, og síðan skoðar hann 10% á þann hátt, sem honum þykir við þurfa til að geta fellt öruggan dóm um síldina.

Þetta er lágmark um skoðun, en ef matsmanni þykir ástæða til, skal hann láta opna eins margar tunnur og hann álítur nauðsynlegt.

Ef einhverjir þeir gallar koma í ljós, sem hægt er að ganga úr skugga um með 89
því eingöngu að opna tunnurnar, t. d. þrái, misjöfn pökkun, eða því um líkt, getur 29. júní
saltandi krafizt, að matsmaður skoði allar tunnurnar og, eftir að hinar gölluðu tunnur eru fráteknar, fengið matsvottorð og merkingu á hinum ógölluðu.

10. gr.

Síldarsaltandi, sem óskar eftir mati, skal afhenda matsmanni skriflega beiðni á þar til gerðum eyðiblöðum, er fást hjá matsmönnum.

Ef síldarsaltandi lætur ekki flytja síldina út sjálfur, má síldarútflytjandi undirrita skoðunarbeiðnina, en jafnan skal í þeim tilfellum fylgja yfirlýsing frá saltanda síldarinnar, verkstjóra, eða eftirlitsmanni stöðvar þeirrar, er síldin var söltuð á, um að varan sé óskemmd, jöfn að gæðum og matshæf og í góðum umbúðum.

11. gr.

Matsmenn skulu halda dagbók um matsstörf sín og færa inn í þær allt, er máli skiptir, um framkvæmd matsins. Dagbækur þessar skulu gefnar út og staðfestar af matsstjóra. Matsmenn skulu hafa eftirlit með útskipun og hleðslu metinna tunna í útflutningsskip. Skulu þeir gæta þess, að tunnur séu vel og greinilega merktar, hreinar og pækilfullar. Þeir skulu líta eftir því, að tunnum sé vel raðað í lestarúmin, og ekki skal leyfilegt að hlaða ½ tn. í fleiri en 8 hæðir, og ½ tn. í 10 hæðir. Við þessi og önnur störf, sem ekki þarf sérþekkingar við, mega matsmenn taka sér aðstoðarmenn, geti þeir ekki annað þeim sjálfir. Aðstoðarmönnum skal greitt samkvæmt gildandi kauptaxta á staðnum.

12. gr.

Um allt, er viðkemur mati á matjessíld og flokkun hennar, en ekki er sérstaklega tekið fram í reglugerð þessari, skulu hlutaðeigendur leita álits matsstjóra og hlíta úrskurði hans.

13. gr.

Eftir að síldin hefir verið skoðuð, metin og merkt (brennimerkt), má ekki umpakka síldinni eða á nokkurn hátt hrófla við henni, eða opna tunnur nema með leyfi matsmanns í því umdæmi, þar sem síldin er.

Ef sýna þarf metna síld væntanlegum kaupanda, skal matsmanni tilkynnt það í tíma, og er óheimilt að sýna síldina nema matsmaður sé viðstaddur.

Ef metnar og merktar tunnur hafa verið opnaðar, og hróflað við síldinni í leyfisleysi eða að matsmanni fjarstöddum, er honum heimilt að afmá matsmerkin og synja um matsvottorð.

14. gr.

Síldarmatið á að vera trygging þess, að varan sé í samræmi við þessa reglugerð, á þeim tíma, er matið fer fram. Matsmennirnir eiga því að miða mat sitt og gæðaflokkun við ástand síldarinnar, er þeir skoða, og á þeim tíma er skoðun fer fram, þó með tilliti til þess, að varan hafi útlit fyrir að vera haldgóð. Matsmennirnir geta ekki gagnskoðað hverja tunnu, og þeir geta ekki haft stöðugt eftirlit með hirðingu síldarinnar, eftir að þeir hafa brennimerkt tunnurnar.

Saltendur ábyrgjast samkvæmt skoðunarbeiðni, að varan sé jafngóð í þeim tunnum, sem matsmenn opna ekki, og í þeim, sem þeir skoða í.

Matið leysir ekki saltendur eða síldareigendur undan þeirri skyldu að hirða vel um síldina og forða henni frá skemmdum eftir að matið fer fram.

Ef matsmenn verða varið við, að síldin í metnum og brennimerktum tunnum, hefir tekið breytingum til hins verra, frá því hún var metin, og þar til að hún var skoðuð aftur, skulu þeir, ef þörf gerist, afmá brennimerkin og merkja á ný, í samræmi við ástand vörunnar, eða synja matsvottorðs og merkingar, ef ástand síldar-

89 innar gefur tilefni til þess. Hið sama gildir, ef það sannast, að rangt hefir verið
29. júní skýrt frá í skoðunarbeiðni, þannig, að í hinum óskoðuðu tunnum var verri síld en í þeim skoðuðu.

15. gr.

Síldarsaltendur eða þeir, sem þurfa að láta meta síld, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á stöðvum þeim, er síldin á að metast á, til þess að hægt sé að koma brennimerkingaráhöldum síldarmatsins í samband við raflagnir stöðvarinnar.

Þar sem ekki er rafmagn til afnota, leggi matsbeiðendur til nauðsynleg tæki til hitunar brennimerkjanna.

Fyrirkomulag á raftenglum og hitunartækjum til merkingar sé fyrirkomið og hagað eftir tillögum matsstjóra.

Matsbeiðendur greiða kostnað við hitun merkjatækjanna.

16. gr.

Matsgjald það, 25 aurar af hverri matjessíldartunnu, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 53/1938, skal greitt til lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

17. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessíld án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari fer sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

90 **REGLUGERÐ**
20. júlí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu frá 20. desember 1931.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar koma V. og VI. kafli, svo hljóðandi:

V. KAFLI

10. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

11. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið á farmskránni, greiðist ekkert gjald.

12. gr. 90

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur: 20. júlí

a. Nýr og saltaður fiskur óverkaður, nýjar fiskafurðir og síld, þegar þetta er flutt í land í höfninni eða flutt hingað frá öðrum verstöðvum.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem eru fluttar úr landi.

c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.

d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi, (varðskipi) og í herskip.

13. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri og formaður skips (eða báts) gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hreppstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

14. gr.

Vörugjald greiðist þannig:

A. Aðfluttar vörur:

1. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg kol, salt, sement, olíur, kornvöru, sykur og járnvörur.
2. fl. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, glysvarningur, ávextir, vínföng og lyfjavörur.
3. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. fl. Gjald 5 aurar fyrir hverja tunnu: Tómar, uppsettar eða óuppsettar.
5. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet trjáviðar og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

B. Brottfluttar vörur:

1. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg ull, dúnn, hert og söltuð skinn.
2. fl. Gjald 10 aurar fyrir 100 kg fiskur, lýsi, síld, hrogn, þurrkuð bein, kjöt, gærur og aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet aðrar afurðir, sem reiknast eftir rúmmáli.

Minnsta vörugjald er þó 25 aurar.

Öll vörugjöld renna í hafnarsjóð Búðakauptúns.

VI. KAFLI

15. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður hans á Búðum, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

90 20. júlí

16. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalds og bryggjugjalds, en ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipi, unz gjöld eru greidd.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

18. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskylt skip.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Búðakauptúns.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi fallnar 10.—14. gr. hafnarreglugerðar fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu frá 20. des. 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

91 20. júlí

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Mýrasýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annarstaðar, þar sem almenningur

kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu. 91 20. júlí

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarstaðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúnsins eða annarstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

91 20. júlí

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúnsins eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð megi gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það,

eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni. 91 20. júlí

18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

19. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI
Umferð um vegi.

20. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

21. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

22. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða, sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt.

23. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

24. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

91 20. júlí

25. gr.

Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

26. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum kauptúnsins, ef slík umferð álýzt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

27. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða ef þurfa þykir.

28. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

29. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

30. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km. hraða þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km. og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

31. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er reksrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá.

32. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

33. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hljólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum, og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til bjart er orðið að morgni. 91 20. júlí

Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

34. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 60 2. júní 1921, eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefir valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill hirða þá.

V. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað einstakra manna.

36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

37. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki

91 20. júlí

má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

43. gr.

Hverjum sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

44. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

46. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýninga o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar, og nægileg hrákaílát til staðar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

48. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

50. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

91
20. júlí

VII. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

51. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

52. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúnsins og á hverju býli í sveitum, ennfremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

53. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

54. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

55. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

56. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR 91
Viðaukaákvæði, er taka til Borgarneskauptúns. 20. júlí

VIII. KAFLI
Sérákvarðanir um umferðina innan kauptúnsins.

57. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

58. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

59. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leyfar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans, skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

60. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

61. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lægri en 60 cm.

62. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spítnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

91 63. gr.

20. júlí Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

64. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

IX. KAFLI

Um umferð á götum kauptúnsins.

65. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnsins.

66. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kauptúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

67. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinu megin á götunni.

68. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúninu, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

X. KAFLI

Um skepnuhald o. fl. í Borgarneshreppi.

69. gr.

Hæns eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í afgirtu svæði eða tryggri vörzlu, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

70. gr.

Það er á ábyrgð eigenda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúninu eða grennd þess, hvorki skemmi neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í kauptúninu, eða um það, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé eða hross ganga laus innan heimalands kauptúnsins. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og ennfremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

71. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins. Lausa hesta á flækingi um götuna ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

72. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs og eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnsins.

73. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan, eða láta fyrirfarast að aftra því, þegar hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. — Hundar, sem ráðast á menn, eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega ekki vera lausir um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum kauptúnsins. — Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

74. gr.

Skylt er hreppsnefnd að láta rannsaka einu sinni á ári, hvað margir hundar eru í kauptúninu, og skal hún ákveða, hverjir skulu taldir nauðsynja hundar. Einnig er þeim skylt að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju, samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð um lækningu hunda af bandormum.

75. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnsins, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

76. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnsins til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

91
20. júlí

XI. KAFLI
Um mannvirki og lóðir í Borgarneskauptúni.

77. gr.

Enginn má byggja á landi hreppsins neinskonar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við höfnina má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar.

XII. KAFLI
Um eftirlit með börnum í kauptúninu.

78. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 10 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnsins.

Á dansleikjum mega börn innan 13 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kveldi.

XIII. KAFLI
Um almennt hreinlæti í Borgarneskauptúni.

79. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hvar húsráðandi, við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúninu, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

80. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

81. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

82. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla, eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

83. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XIV. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

84. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Mýrasýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um Borgarneshrepp.

85. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XV. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

86. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

87. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

88. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans skv. samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

91 89. gr.
20. júlí Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.
Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

92
21. júlí

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febrúar 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum, verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda síldarlýsi, þorskalýsi, síldarmjöl, fiskimjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.
Enn fremur verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.
Umsóknunum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.
Útflutningur án leyfis samkvæmt framansögðu varðar sektum samkvæmt lögum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

93 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars Helgasonar,
26. júlí garðræktarstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 26. júlí 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.

1. gr.
Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.

2. gr.
Sjóður þessi er stofnaður með gjöfum frá einstökum mönnum og stofnunum til minningar um mikil og vel unnin störf Einars Helgasonar, garðræktarstjóra, í þágu garðræktarinnar í landinu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir hans, gjafir og áheit, er honum kann að hlotnast.

4. gr.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað. Vextir leggjast við höfuðstól, þar til innstæðufé hans nemur krónum 10000.00. Fé má þá veita úr sjóðnum samkvæmt 6. og 7. gr., sem nemur árlega helming ársvaxta sjóðsins, en hinn helmingur vaxtanna leggist við höfuðstólinn. Höfuðstólsinnstæðu sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim verðlaun, er komið hafa upp heimilisgarðrækt, svo til fyrirmyndar sé.

6. gr.

Við veitingu verðlauna úr sjóðnum koma þessi skilyrði til greina:

1. Að hlutaðeigandi hafi komið upp blóma- og trjágarði við heimili sitt, er til fyrirmyndar sé hvað viðvíkur vali á gróðri, verndun hans og umhirðu allri.
2. Að hlutaðeigandi hafi skarað fram úr um fjölbreytilega ræktun og hagnýtingu matjurta til heimilisnotkunar.
3. Hver sá, er óskar að njóta verðlauna úr sjóðnum, skal sækja um það skriflega. Skal fylgja beiðninni uppdráttur og lýsing af heimilisgörðunum, ásamt meðmælum frá meirihluta hreppsnefndar í viðkomandi hreppi, um að verðlaunin verði veitt, og þess sé ætíð gætt við úthlutun verðlauna, að fátækari maður sitji fyrir hinum ríkari að öðru jöfnu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörinn er í stjórnina formaður Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Einn stjórnarnefndarmaður sé kosinn á aðalfundi sambandsins, en þriðji sé ættmenni Einars Helgasonar, tilnefndur af ekkju hans meðan hún lifir, en síðan af niðjum þeirra hjóna, að ekkju hans látinni.

8. gr.

Stjórnarnefnd annast veitingar verðlauna úr sjóðnum og hefir umsjón með honum að öllu leyti. Hún skal halda gerðabók, sem hún ritar í veitingar verðlauna og aðrar framkvæmdir í þágu sjóðsins. Stjórnin vinnur kauplaust.

9. gr.

Árlega skulu gerðir, af stjórn sjóðsins, jafnaðarreikningar hans, og er reikningsár hans almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarsambands Kjalarnesþings.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa í byrjun hvers árs hve mörg verðlaun verði veitt það ár og hve há þau eru. Komi engin beiðni um verðlaun fram innan árs, leggst sú upphæð, sem úthluta bar, við innstæðu sjóðsins.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. júní 1938.

Kristín Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

94 26. júlí **um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 82 24. sept. 1929.**

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Á eftir 52. grein komi ný grein, sem verði 53. grein:

Bifreiðarstjóri skal gæta þess rækilega, að þannig sé gengið frá hlassi á bifreið hans, að ekkert geti fallið af, og þegar tómtunnur eru fluttar, skal bifreiðarstjóra skylt að hafa net, er sé nægilega sterkt að dómi lögreglunnar, til þess að slá yfir þær

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júlí 1938.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

95 28. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 18. júlí 1928.

Aftan við 2. mgr. 36. gr. komi nýr málsliður svo hljóðandi:

Nú hefir lögreglustjóri tekið skipsskjöl í sínar vörzlur til tryggingar greiðslu lögmætra gjalda í ríkissjóð, og er honum þá óheimilt að láta skjölin af hendi nema sýnd sé kvittun frá gjaldkera hafnarsjóðs Siglufjarðar, er sýni að öll gjöld skips til hafnarsjóðs hafi verið að fullu greidd.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

96
29. júlí

um breyting á reglugerð, um notkun vatns og vatnsskatt í kauptúninu í Keflavík, nr. 55 21. júní 1928.

1. gr.

Aftan við a. lið 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þó skulu þeir, sem vatnsþrær hafa og vatnsleiðslur úr vatnsbólum hreppsins ekki greiða meir en 1½‰.

2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar falli burtu og breytist greinatalan eftir því.

Aftan við 8. gr. reglugerðarinnar, sem verður 7. gr., bætist: Hann er og tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1938, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

97
5. ágúst

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kauptúnum til greiðslu kostnaðar vegna skipulagsmála.

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir 1. júlí 1938 í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefir verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3‰ í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta eftir 1. júlí 1938, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur ⅕ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið greiðist til umboðsmanns Brunabótafélags Íslands í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík til tollstjóra. Gjaldið er fallið í gjalddaga, þegar er brunabótavirðing húseignar hefir farið fram, og má taka það lögtaki.

4. gr.

Innheimtumenn standa skil á gjaldinu til ríkissjóðs jafnóðum og það innheimtist, að frádregnum innheimtukostnaði.

97 5. ágúst

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64, 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

98 12. ágúst

AUGLÝSING

um austurrísk vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að menn með austurrísk vegabréf þurfi eftir 1. september 1938 að fá staðfestingaráritun (visum) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

99 12. ágúst

REGLUGERÐ

um biskupskosningu.

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal kirkjumálaráðherra sjá um, að biskupskosning fari fram innan þriggja mánaða frá því embættið losnaði.

2. gr.

Kosningarrétt hafa allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskólans, svo og hinn fráfarandi biskup, gegni hann enn embætti, þegar kosning fer fram. Enginn getur þó farið með meir en eitt atkvæði, enda þótt hann gegni fleiri embættum.

Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni.

3. gr.

Undirbúning og framkvæmd kosningarinnar skal kirkjumálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé skrifstofustjóra í kirkjumálaráðuneytinu sem formanni, einum manni tilnefndum af stjórn Prestafélags Íslands og einum manni tilnefndum af kirkjumálaráðherra. Kjörstjórn þessi sé skipuð svo fljótt sem því verður við komið, þegar biskupskosning á fram að fara.

Nú vanrækir stjórn Prestafélags Íslands að tilnefna mann í kjörstjórnina innan þess tíma, er ráðherra ákveður, og skal þá ráðherra tilnefna manninn.

4. gr.

Jafnskjótt og kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla og senda þegar einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem kosningarrétt hefir, og skal hún um leið tilkynna hverjum þeirra hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendast milli kjósenda og kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kosningin skal vera leynileg, og skal kjörseðill þannig gerður: 99

Kjörseðill og fylgibréf skulu vera samföst á einu blaði, en aðgreind með rif- 12. ágúst
línu. Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír og svo þykkum, að skrift sjáist ekki í gegnum hann þó að borið sé upp við birtu. Kjörseðillinn skal vera brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að loka megi honum sem spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu vera aðgreindir frá sjálfum kjörseðlinum með riflínu, svo auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn.

5. gr.

Á kjörseðli skulu prentaðar þrjár punktalínur, hver niður af annari, og skulu þær merktar með tölustöfum 1, 2 og 3. Skal hver kjósandi rita í línur þessar nöfn þeirra þriggja manna, er hann vill tilnefna sem biskupsefni; hafi kjósandi tilnefnt fleiri menn en þrjá eða færri en þrjá, er atkvæði hans í heild sinni ógilt.

Á fylgibréfið ritar kjósandi nafn sitt og heimilisfang.

Sá, sem tilnefndur er fyrstur á löglegum kjörseðli, telst hafa fengið heilt atkvæði, sá, sem tilnefndur er annar, tvo þriðju atkvæðis, og sá, sem tilnefndur er þriðji, einn þriðja hluta atkvæðis.

6. gr.

Talningu skal haga þannig, að kjörstjórnin opnar umslögin og rannsakar, hvort kjósandinn samkvæmt fylgibréfinu hafi kosningarrétt og hvort löglega sé kosið. Nú telur kjörstjórn kosninguna gilda, og rífur hún þá atkvæðaseðilinn frá fylgibréfinu og lætur hann í venjulegan kjörkassa.

Þegar öll kjörbréfin, sem borizt hafa til kjörstjórnar, hafa þannig verið athuguð, og atkvæðaseðlarnir látnir í kjörkassa, þá skal hann hristur svo seðlarnir blandist vel saman og síðan opnaður og atkvæðin talin.

Verði ágreiningur innan kjörstjórnarinnar um það, hvort atkvæðaseðill skuli talinn gildur, eða um annað, er lýtur að framkvæmd kosningarinnar, þá skal afl atkvæða ráða úrslitum.

7. gr.

Jafnskjótt og talning hefir farið fram, skal kjörstjórn tilkynna kirkjumálaráðherra úrslit kosningarinnar. Hafi aðeins einn þeirra manna, sem tilnefndir hafa verið, hlotið $^3/_5$ greiddra atkvæða, er hann rétt kjörinn biskup. Hafi fleiri menn hlotið svo hátt atkvæðamagn, er sá þeirra rétt kjörinn, er flest atkvæði hlaut. Hafi fleiri menn hlotið $^3/_5$ greiddra atkvæða og séu atkvæði þeirra jöfn, skal embættið veitt þeim þeirra, sem kirkjustjórnin telur bezt til þess fallinn. Hafi enginn þeirra manna, er tilnefndir hafa verið, hlotið $^3/_5$ greiddra atkvæða, skal embættið veitt þeim þeirra þriggja, sem flest atkvæði fengu, en kirkjustjórnin telur bezt til þess fallinn.

8. gr.

Nú vill kjósandi kæra yfir framkvæmd kosningar, og skal kæra hans þá komin til kjörstjórnar innan 14 daga frá talningu atkvæða. Kjörstjórn úrskurðar kæruna og ræður afl atkvæða úrslitum, ef ágreiningur verður innan kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til kirkjumálaráðherra innan 14 daga frá því, að hann var uppkveðinn.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

100
17. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár frá 7. september 1921.

Við 9. gr.
Fyrir nöfnin „Hvirfilvallarétt og Flautafellsrétt" komi: Tungurétt og Garðsrétt.

Við 21. gr.
Í stað orðanna „fern fjallskil" komi: þrenn fjallskil.

Við 22. gr.
Orðin „og 4. fjallskila 16. október" falli niður.

Við 27. gr.
Í stað orðanna „um leið og önnur, þriðja og fjórða fjallskil fara fram" komi: um leið og fjallskil fara fram.

Við 29. gr.
Á eftir orðunum „nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ" bætist: eða hreppi o. s. frv.

Við 31. gr.
og þær breytingar, sem síðar hafa verið á henni gerðar:
Orðin „fyrir lamb hvert .... hrút eldri en veturgamlan kr. 10.00" (incl.) falli burt. Í stað þeirra komi:

Fyrir lamb hvert	kr.	4.00
— veturgamla kind	—	6.00
— dilká með dilk	—	9.00
— dilká með 2 dilkum	—	12.00
— mylka á	—	5.00
— gelda á	—	6.00
— sauð 2ja vetra og eldri	—	7.00
— hrút eldri en veturgamlan	—	10.00

og aftan við greinina bætist:
Sýslunefndin samræmi fundarlaunin við verð fjárins á hverjum tíma.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

101
18. ágúst

um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað, samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af:

a. Öllum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum, olíugeymum, geymsluportum o. þ. h.
b. Öllum byggingarlóðum samkv. skipulagsuppdrætti, byggðum og óbyggðum, með tilheyrandi girðingum, svo og geymsluplássum og upplagsplássum. Skipulagðar byggingarlóðir á erfðafestulöndum bæjarins verða þó ekki gjaldskyldar, fyrr en þær eru leigðar til bygginga.

Undanþegnar þessum skatti eru fasteignir bæjar og ríkis og aðrar fasteignir, ætlaðar til opinberra- eða almenningsþarfa, samkv. 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937.

2. gr.

Fasteignaskatturinn reiknast þannig:

a. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., a-lið getur, 0,5%.
b. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., b-lið getur, 1,5%.

3. gr.

Skattinn skal telja af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum af hundruðum sleppt.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert. Árið 1938 er gjalddaginn þó 1. september. — Sé skatturinn eigi greiddur innan tveggja mánaða frá gjalddaga, falla á hann sömu dráttarvextir og greiddir eru af útsvörum.

5. gr.

Skattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Skattinn, ásamt dráttarvöxum, má taka lögtaki.

6. gr.

Með reglugerð þessari er niður fallið lóðargjald, sótaragjald og öskuskattur samkv. eldri lögum og reglugerðum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

102
19. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á erindisbréfi fyrir héraðslækninn á Akureyri.

Skv. 1. gr. laga nr. 21 frá 13. júní 1933, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf, sem samið er af landlækni.

ERINDISBRÉF
fyrir héraðslæknirinn á Akureyri.

1. gr.

Embættisstörf, heilbrigðiseftirlit, heilsuverndarstarfsemi.

Héraðslæknirinn á Akureyri skal hafa að höfuðstarfi hin eiginlegu embættisstörf héraðslækna, sbr. 1. gr. í erindisbréfi héraðslækna frá 26. júní 1934. Hann aðstoðar heilbrigðisstjórnina við framkvæmd laga, reglugerða og annara opinberra fyrirmæla, að því leyti sem varðar heilbrigðismál í héraði hans og á þann hátt, að í héraðinu og í Akureyrarkaupstað sérstaklega megi verða sem fullkomnast opinbert heilbrigðiseftirlit og hverskonar opinberar ráðstafanir til eflingar almennri heilbrigði, ekki aðeins almennar og sérstakar sóttvarnir: Farsóttavarnir, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir, holdsveikisvarnir, sullaveikisvarnir o. s. frv., heldur og hverskonar heilsuverndarstarfsemi: Nákvæmt skólaeftirlit, eftirlit með húsakynnum fólks (íbúðum og samkomuhúsum) og almennum þrifnaði, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðvum, eftirlit með framleiðslu, meðferð og hollustuháttum matvæla og annarar neyzlu- og nauðsynjavöru o. s. frv., allt í samræmi við lög, reglugerðir og önnur opinber fyrirmæli, sem um þessi og þvílík efni gilda á hverjum tíma.

2. gr.

Almenn leiðbeiningarstarfsemi.

Héraðslæknirinn lætur sér ekki nægja að vaka yfir sem fullkomnastri framkvæmd laga, reglugerða og annara opinberra fyrirmæla, er varða starfsemi hans samkvæmt 1. gr., heldur skal hann og hafa vakandi auga á hverju því, er miðar til eflingar almennri heilbrigði innan héraðs hans, og gera sér far um að leiðbeina almenningi í héraðinu um allt þar að lútandi, enda svari sem greiðast öllum fyrirspurnum, er honum kunna að berast um þessi efni.

3. gr.

Ráðunautar bæjarstjórnar, sveitarstjórna og lögreglu. Réttarlæknisstörf.

Til þess er ætlast, að umsagnar héraðslæknis sé leitað um öll heilbrigðismál, er bæjarstjórn Akureyrar og aðrar sveitarstjórnir í héraðinu taka til meðferðar, enda sé hann kvaddur til ráða við allar opinberar framkvæmdir í héraðinu, þar sem heilbrigðisfræðileg sérþekking er nauðsynleg eða er líkleg til að geta orðið að liði. Einnig er ætlast til þess, að lögreglan í héraðinu kveðji héraðslækni sér til ráðuneytis, þegar ástæða gefst til, og þar á meðal til hverskonar réttarlæknisstarfa. Þessi störf er héraðslækninum og skylt að taka að sér og rækja vandlega.

4. gr.

Heilbrigðisfræðilegar rannsóknir.

Héraðslæknirinn skal, að svo miklu leyti sem erfiðleikar eru á að ná til þeirra heilbrigðisfræðilegu rannsókna varðandi starfsemi hans, er heilbrigðisstjórnin sér landinu fyrir í heild, annast slíkar rannsóknir sjálfur eftir því, sem framkvæmanlegt er, enda gefa héraðslæknum í nágrannahéruðum kost á að leysa slíkar nauðsynlegar rannsóknir af hendi einnig fyrir þá.

5. gr.

Skýrslugerðir.

Héraðslæknirinn skal, auk þess að annast heilbrigðisskýrslugerðir fyrir hérað sitt eftir sömu reglum og aðrir héraðslæknar, vera við því búinn að gera sérstakar ítarlegar skýrslur yfir hinar ýmsu greinar heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisráðstafana, er hann sérstaklega annast eða hefir umsjón með (heilsuverndarstöð, skólaeftirlit, matvælaeftirlit, heilbrigðisfræðilegar rannsóknir o. s. frv.), og á þann hátt, er fyrir verður mælt.

6. gr.

Trúnaðarmaður landlæknis gagnvart öðrum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í héraðinu.

Héraðslæknirinn skal vera trúnaðarmaður landlæknis, að því er snertir eftirlit með öðrum læknum, lyfsölum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum í héraðinu.

7. gr.

Lækningastarfsemi.

Til þess að héraðslækninum gefist tími til að rækja hin eiginlegu embættisstörf, sem honum er gert að hafa að höfuðstarfi, takmarkast réttur hans og skylda til að stunda lækningar á þann hátt, er hér segir:

a. Hann heldur opinni lækningastofu með einnar klukkustundar viðtalstíma á dag, en stundar að öðru leyti ekki almennar lækningar í kaupstaðnum, sbr. þó síðari bókstafsliði þessarar greinar.
b. Hann má ekki vera almennur sjúkrasamlagslæknir.
c. Hann má stunda sjúklinga með farsóttir, er sóttvörnum er beitt gegn, hvort heldur er í heimahúsum, í skipum eða á sjúkrahúsi, og er æskilegt, að hann hafi þá lækningastarfsemi með höndum. Hið sama gildir um stundun sjúklinga með smitandi kynsjúkdóma.
d. Hann gegnir læknisvitjunum í héraðið utan kaupstaðarins, þegar ekki næst til annars læknis eða þegar þess er sérstaklega krafizt. En víkja skal hann sér undan þeim störfum, að svo miklu leyti, sem þau eru til hindrunar hinum eiginlegu embættisstörfum hans, og ekki er líklegt, að það geti orðið að baga.
e. Hann má starfa sem fastur skólalæknir við skóla kaupstaðarins, eftirlitslæknir með almennri íþróttastarfsemi, fastur lögreglulæknir o. s. frv.
f. Hann má starfa sem fastur læknir við heilsuverndarstöð Akureyrar, og er æskilegt, að hann veiti henni forstöðu.
g. Hann má starfa sem trúnaðarlæknir Sjúkrasamlags Akureyrar og Tryggingarstofnunar ríkisins, að því er snertir hérað hans, svo og annast tilsvarandi störf fyrir bæjarstjórn Akureyrar.

102
19. ágúst

8. gr.

Starfsemi ósamrýmanleg embættinu.

Héraðslæknirinn má ekki taka að sér neinskonar ráðunauts- eða heilbrigðiseftirlitsstörf fyrir einstök atvinnufyrirtæki, né yfirleitt þvílík störf, er ætla má, að komið geti í bága við þau trúnaðarstörf, er hann annast fyrir hið opinbera.

9. gr.

Erindisbréf héraðslækna.

Að öðru leyti gilda um starfsemi héraðslæknisins ákvæði í Erindisbréfi héraðslækna frá 26. júní 1934, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

10. gr.

Aukagreiðslur.

Ríkið greiðir ekki héraðslækninum sérstaklega fyrir embættisstörf hans samkvæmt þessu erindisbréfi nema sérstaklega sé ákveðið í lögum, né heldur ber honum, án sérstakra fyrirmæla í lögum, þóknun fyrir vottorð, gefin í embættis nafni til afnota fyrir hið opinbera.

11. gr.

Skrifstofuhald.

Ríkið greiðir að hálfu á móti bæjarsjóði Akureyrar kostnað við skrifstofuhald héraðslæknisins, enda náist samningar við kaupstaðinn um tilhögun skrifstofuhaldsins, og fari kostnaðurinn ekki fram úr umsömdu hámarki.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

103
31. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu 1938 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. ágúst 1938. **104** 31. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu, handa ekkjum og börnum manna, búsettra í Loðmundarfirði og Seyðisfirði, er í sjó drukkna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu handa ekkjum og börnum manna búsettra í Loðmundarfirði og Seyðisfirði, er í sjó drukkna“, og er stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Gunnars Þorbergssonar Oddson, er lést í Mountain í Norður-Dakota 31. janúar 1937.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Í þrjú ár frá dánardegi sjóðstofnandans, Gunnars Þorbergssonar Oddson, skal leggja alla vexti við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum skal leggja einn þriðja hluta ársvaxta við höfuðstólinn, en tveimur þriðju hlutum varið árlega til styrktar ekkjum og börnum manna búsettra í Seyðisfirði og Loðmundarfirði, er í sjó hafa drukknað, og skal við úthlutun styrks tekið tillit til efna og ástæðna þeirra, er styrks leita. Sjóðstjórninni skal þó heimilt, ef að höndum ber stórslys á sjó, er veldur drukknun margra manna, að úthluta öllum ársvöxtum á því ári, er slíkt skeður.

Verði vöxtum ekki ráðstafað svo sem að framan greinir, skulu þeir allir leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefir sýslunefnd Norður-Múlasýslu á hendi. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, 2 er sýslunefndin kýs á aðalfundi ár hvert, en hinn 3. skal vera sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. Auk þess skal kjósa 1 varastjórnanda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún annast auglýsingar um styrk úr sjóðnum, ákveður styrkveitingar allar og semur reikning sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag sjóðsins og rekstur. Stjórnin skal og ennfremur halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almannaksárið. Reikning sjóðsins skal sýslunefnd endurskoða, úrskurða og birta.

6. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

105 2. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð skáldkonu Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð skáldkonu Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður skáldkonu Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirrituðum eiginmanni með 1000 — eitt þúsund — króna framlagi, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, en auka má sjóðinn með viðbótartillögum frá stofnanda hans eða öðrum arfleiðsluáheitum og minningargjöfum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, skal ½ — hálfum — vöxtum hans árlegum varið samkvæmt fyrirmælum 4. gr., en hinn helmingur ársvaxtanna lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 15 — fimmtán þúsund — krónur, má þá verja ¾ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna í sama augnamiði, en einn fjórði hluti ársvaxtanna leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, en úr því má verja öllum vöxtum til styrktar samkvæmt 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja — eftir efnum hans — eina eða fleiri gáfaðar og námfúsar stúlkur til skólanáms, einkum með trjá-, blóma- og garðræktarnám fyrir augum, og skulu afkomendur Höllu ganga fyrir, að öðru jöfnu, af umsækjendum úr Nauteyrar- og Geiradalshreppum. — Námsmeyjar úr öðrum byggðarlögum koma ekki til greina, nema þær sanni skyldleika sinn við velnefnda Höllu Eyjólfsdóttur.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að fært þykir að auka starfssvið hans einhverntíma í framtíðinni, skal leyfilegt að verja vissri upphæð árlega til allskonar skógræktar í Nauteyrar- svo og Geiradalshreppi. — Að öðru leyti má aldrei breyta aðaltilgangi sjóðsins.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins séu hlutaðeigandi sóknarprestur, skólastjóri skólahéraðs Nauteyrarhrepps og hreppsnefndaroddvitinn, og velja stjórnarnefndarmenn sér formann af nefndarmönnum, og skal hann auglýsa í víðlesnu blaði fyrir hvaða tíma umsóknir um styrk úr sjóðnum séu komnar til hans, og að úthlutun styrks eða styrkja úr sjóðnum fari ávallt fram fyrir 1. september ár hvert.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsækjendur um styrk úr sjóðnum, úthlutun styrksins, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. — Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum, er stjórnin kýs.

7. gr. 105

Skipulagsskrá þessi öðlist konunglega staðfestingu, og óskast þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, svo og árlegur reikningur sjóðsins, sem stjórnarnefndin semur fyrir 1. febrúar ár hvert, þegar sjóðurinn samkvæmt 3. gr. hefir tekið til starfa. 2. sept.

Staddur í Reykjavík, 31. ágúst 1938.

Gunnar Steinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ 106

8. sept.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

5. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Þó sé minnsta gjald 15 kr. fyrir önnur skip en fiskiskip. Heimilt er bæjarstjórn að veita ívilnun á vatni ef skip taka vatn að mun í einu. Þegar um smærri innlend fiskiskip er að ræða, sem lítið vatn nota og ekki til annars en neyzlu, er bæjarstjóra heimilt að semja við hlutaðeigendur um fast gjald yfir heilt ár eða heila vertíð að upphæð allt að 25 kr. eftir stærð skipanna. Skip, sem vatnsveitan hefir afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni, áður en vatnið er greitt.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. september 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Borgarhrepps“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. september 1938. 107 19. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Borgarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarhrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Brunabótasjóður Borgarhrepps, sem varð eign hreppsins samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, og er að upphæð kr. 11114.02.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands eða Sparisjóði Mýrasýslu. Hann má einnig ávaxtast í fyrirtækjum, sem Borgarhreppur ber ábyrgð á, gegn ekki lægri vöxtum en innlánsvöxtum í Sparisjóði Mýrasýslu.

107 4. gr.

19. sept. Árlega skal leggja ⅕ vaxta við höfuðstól, en ⅘ má verja til almennrar menningarstarfsemi í hreppnum. Skal því fé varið til einkasímalagninga, á meðan þess er þörf, en síðan til annarar menningarstarfsemi eftir því, sem hentast þykir á hverjum tíma. Ef vaxtahluta þeim, sem fellur til útborgunar, er eitthvert ár ekki úthlutað að nokkru eða öllu leyti, leggst það fé við höfuðstól, svo og gjafir, áheit og annað það fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn hreppsnefndar Borgarhrepps, og þarf meirihluta hennar á lögmætum hreppsnefndarfundi til að samþykkja styrkveitingar úr sjóðnum, sem má þó aldrei vera fyrir lengri tíma en eitt ár í senn, nema því aðeins að samþykki lögmæts sveitarfundar sé fyrir hendi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, reikninga og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega lagður fram með hreppsreikningnum og endurskoðaður með honum.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi að Brennistöðum, 22. maí 1938.

HREPPSNEFND BORGARHREPPS

Ólafur Ólafsson. **Guðmundur Ásmundsson.** **Sigurmon Símonarson.**
Einar Sigurðsson.

108

22. sept.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktarfélag Þingvallavatns.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Þingvallavatns. Heimili þess og varnarþing er í Valhöll við Öxará.

2. gr.

Félagssvæðið takmarkast af öllum þeim jarðeignum, er land eiga að Þingvallavatni.

3. gr.

Verkefni félagsins er að auka mergð silungs í Þingvallavatni með klaki og öðrum þeim ráðstöfunum, er síðar kunna að verða teknar.

Félagið tekur til eignar og umráða klakhúsið að Skálabrekku með eignum þess og réttindum, og hagnýtir það eftir því sem við verður komið.

108
22. sept.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, kosnir á fyrsta aðalfundi til þriggja ára. Einn þeirra er formaður, og skal hann kosinn sérstaklega. Fyrstu tvö árin gengur einn úr stjórn á aðalfundi eftir hlutkesti, og síðan, er þeir hafa setið þrjú ár í stjórn.

Kosning fer fram skriflega. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún ræður mann (eða menn) til þess að gæta klaksins og til þess að veiða klaksilung og semur um þóknun og aðra skilmála, sem þar að lúta.

Formaður er fulltrúi félagsins og framkvæmdarstjóri, og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum. Hann boðar og til funda allra í samráði við meðstjórnarmenn sína og stýrir fundum.

Stjórnin er ólaunuð.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara, og skal fundarefnis getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári ásamt áætlun um kostnað.

Þá leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins til úrskurðar fundarins.

Kosinn skal og maður í stjórnina og tveir endurskoðendur til eins árs.

Til þess að breyta samþykktum félagsins þarf samþykki tveggja þriðju félagsmanna og til félagsslita tveggja þriðju akvæðisbærra félagsmanna.

7. gr.

Kostnaður við félagsstarfsemina jafnast niður á félagsmenn að hlutfalli eftir löggiltri gjaldskrá og öðlast hún gildi ef tveir þriðju allra félagsmanna samþykkja hana

8. gr.

Stjórn félagsins boðar aukafundi þegar henni þykir ástæða til, eða helmingur félagsmanna óskar þess, og skal fundarefni tilgreint í fundarboði.

9. gr.

Reikningsár er almanaksárið.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum, allt að 1000 kr., er renna í sýslusjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

109
22. sept.

GJALDSKRÁ

Fiskræktarfélags Þingvallavatns.

Mjóanes	12,0%	Kaldárhöfði	3,5%
Þingvellir	7,5—	Heiðarbær	4,5—
Skógarkot	4,0—	Heiðarbær	4,5—
Kárastaðir	6,0—	Úlfljótsvatn	3,5—
Nesjavellir	7,0—	Villingavatn	3,5—
Ölfusvatn	5,0—	Arnarfell	5,0—
Miðfell	5,0—	Vatnskot	5,0—
Skálabrekka	4,5—	Krókur	3,5—
Hagavík	4,5—	Sandey	2,5—
Nesjar	5,5—	Brúsastaðir	3,5—
			100,0%

Gjaldskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

110
27. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta.

1. gr.

Alþýðuflokkurinn hefir stofnað sjóð, sem nefnist „Minningarsjóður Jóns Baldvinssonar forseta".

Stofnfé sjóðsins eru framlög að upphæð kr. 1000.00 frá Hinu íslenzka prentarafélagi, frá verkakvennafélaginu Framsókn kr. 500.00 og frá Bókbindarafélagi Reykjavíkur kr. 100.00, samtals kr. 1600.00.

Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands h.f.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unga og efnilega Alþýðuflokksmenn og konur til utanfarar, sérstaklega Norðurlanda, til náms þess, sem má verða alþýðuhreyfingunni og jafnaðarstefnunni á Íslandi til eflingar.

3. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með frjálsum framlögum einstaklinga og félaga, sölu minningarspjalda og á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegt og viðeigandi. 110 27. sept.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal ráðstafað þannig:

a. Allar beinar tekjur skulu lagðar í sjóð til ávöxtunar.
b. Allir vextir sjóðsins skulu varðveittir með sjóðnum, þar til hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —, en þá má verja öllum vöxtunum samkv. 2. gr., ef stjórn sjóðsins telur það heppilegt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn:

1. Forseti Alþýðuflokksins.
2. Baldvin Jónsson lögfr., meðan hans nýtur við. Eftir hans tíma ákveður stjórn Alþýðuflokksins mann í hans stað.
3. Formaður Hins íslenzka prentarafélags.
4. Formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur.

Forseti Alþýðuflokksins er formaður sjóðstjórnarinnar og, ef atkvæði eru jöfn á fundum stjórnarinnar, ræður hans atkvæði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
Endurskoðendur Alþýðuflokksins eru jafnframt endurskoðendur sjóðsins.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. september 1938. 111 28. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Forlagsboghandler, Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn skal bera heitið „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er stofnaður eru eignir hans krónur 10000.00, og skal fyrir höfuðstólinn kaupa dönsk skuldabréf, er á hverjum tíma er heimilt að nota til ávöxtunar ómyndugra fjár.

111 28. sept.

Eignir sjóðsins skulu hljóða á nafn sjóðsins, og skal eftir því sem við verður komið vera skráð á þær, að þær séu hans eign, og skal auk þess á þær skráð viðeigandi afhendingarbann.

3. gr.

Skuldabréfaeign stofnunarinnar skal fyrir milligöngu sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn vera komið fyrir í umboðsdeild „Bikuben", og skal hún hafa umsjón hennar.

Ársvextina skal greiða rektor háskóla Íslands, og skal þeim varið svo sem í 5. gr. segir.

4. gr.

Vöxtum sjóðsins skal ráðstafað af nefnd þriggja háskólakennara í íslenzkri tungu og bókmenntum og sögu við heimspekisdeild háskólans í Reykjavík. Nefndin skal kosin af deildinni ásamt rektor háskólans. Kosning fer fram þriðja hvert ár. Endurkosning er heimil.

5. gr.

Nefnd sú, er ræðir í 4. gr., skal árlega mega ráðstafa $^{9}/_{10}$ vaxtaupphæðar þeirrar, sem umboðsdeild „Bikuben" hefir greitt rektor háskólans.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tíundi hluti sá, sem eftir er, leggst við höfuðstólinn, og skal með hann farið samkvæmt reglunum í 1. og 2. málsgrein 2. greinar, en þó aðeins þar til höfuðstóllinn alls er orðinn krónur 100000.00, en eftir það má greiða út alla vaxtaupphæðina.

Nú eru skuldabréf, sem eru eign sjóðsins, dregin út til greiðslu, og skal þá andvirði þeirra varið eins og segir í 2. gr.

Sama gildir um sérhverja aukningu á eigum sjóðsins, og skal slík aukning skráð á skipulagsskrána.

6. gr.

Er úthluta skal vextaupphæðinni, sker nefnd sú, er um ræðir í 4. gr., úr því, hvort hana skuli hljóta einn eða fleiri styrkþegar.

Upphæðinni skal einkanlega varið til þess að vinna úr eða gefa út fornislenzk rit í útgáfum, sem hafa alþjóðlegt gildi, eða til þess að vinna úr eða gefa út rit um þessi efni (rannsóknir íslenzkra fornmennta) eða til ferðastyrkja handa íslenzkum fræðimönnum eða stúdentum til málfræðilegra, bókmenntalegra eða sagnfræðilegra rannsókna í dönskum söfnum.

7. gr.

Styrkþegi hlýtur styrkinn sem séreign, og eigi má framselja hann eða veðsetja, eigi má heldur kyrsetja hann eða gera í honum fjárnám eða aðra aðfarargerð.

8. gr.

Ekki má gera rétt til styrks úr sjóðnum að dómstólamáli, heldur sker nefnd sú, er um ræðir í 4. gr., úr því, og er það fullnaðarúrskurður.

9. gr.

Á hverju ári skal „Bikuben" gera reikningsskil fyrir eignum sjóðsins.

Nefndin gerir einnig á hverju ári reikningsskil um það, hvernig vaxtaupphæðinni hefir verið varið og úthlutað.

Reikningsárið er almanaksárið.

Áður en 3 mánuðir séu liðnir frá því að almanaksárið er útrunnið, skulu reikningar þessir fengnir í hendur endurskoðunarnefnd, sem gengur úr skugga um, að eignirnar séu til og úrskurðar reikningana.

Í endurskoðunarnefndinni eru 2 menn, og skal annar þeirra vera sá maður, 111
sem á hverjum tíma er sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Hinn nefndarmaður- 28. sept.
inn skal kosinn, og gerir bókaútgefandi Ejnar Munksgaard það, meðan hann lifir. Að sjóðsstofnanda látnum skal hinn maðurinn kosinn af nefnd þeirri, er um ræðir í 4. gr.

Sá maður endurskoðunarnefndarinnar, sem kosinn er, skal kosinn til 3 ára í senn. Heimil er endurkosning.

10. gr.

Skyldi svo fara, að heimspekideild Háskóla Íslands hætti störfum, eru framangreindar reglur í gildi eftir sem áður — þó svo, að vaxtaupphæðir, sem enn ekki hefir verið úthlutað, skulu afhentar stjórnarnefnd Árna Magnússonar sjóðsins við háskóla Kaupmannahafnar, og kemur stjórnarnefnd sú í stað nefndar þeirrar, sem um ræðir í 4. gr.

Reglur þær, sem getur í 2. málsgr. 3. gr. eru í gildi eftir sem áður, þó svo að formaður stjórnarnefndarinnar kemur í stað rektors við háskóla Íslands.

Ef svo kynni að fara, koma danskir vísindamenn til greina við styrkveitingu úr sjóðnum til jafns við íslenzka, með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í 6. gr.

Kaupmannahöfn, hinn 23. maí 1938.

Ejnar Munksgaard.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð J. C. Möller frá 6. okt- 112
ber 1938", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. sept.
28. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð J. C. Möller frá 6. október 1938.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Námssjóður J. C. Möllers frá 6. október 1938".

Heimili sjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, er við stofnun hans kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — í bréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

Fé eða verðmæti sjóðsins, sem alltaf skal vera skráð á nafn sjóðsins, ber að ávaxta og varðveita eftir sömu reglum, sem gilda um fé ómyndugra.

Hagnað allan, sem verða kann við útdrátt skuldabréfa, ber að leggja við höfuðstólinn.

3. gr.

Árlegum vöxtum skal, að frádregnum nauðsynlegum stjórnarkostnaði, úthluta einu sinni á ári til eins eða tveggja efnilegra íslenzkra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í einhverjum af hinum teknisku háskólum á Norðurlöndum, þó sérstaklega til þeirra, sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsfræði, og þá einkum til þeirra, er stunda eða ætla sér að stunda nám í Den tekniske Højskole í Kaupmannahöfn.

Ef að eitt eða fleiri ár líða, án þess að stjórn sjóðsins telji nokkurn umsækjanda hæfan til styrks, þá skulu vextirnir á því tímabili leggjast við höfuðstólinn.

112 28. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, einn valinn af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, annar af kennslumálaráðuneytinu, en þann þriðja tilnefnir stofnandi sjóðsins, á meðan hann lifir og óskar að nota sér þann rétt, en eftir það sendiherra Íslands eða sá fulltrúi Íslands í Kaupmannahöfn, er fer með málefni landsins þar.

Sá, sem tilnefndur er af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, er formaður sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Stjórnin skal hafa nákvæmt bókhald yfir tekjur og gjöld sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir af kennslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun styrkja fer fram og með hvaða hætti úthlutunin skuli auglýst.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

113 8. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Haralds prófessors Níelssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. október 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Haralds prófessors Níelssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Haralds prófessors Níelssonar, og er hann stofnaður til minningar um Harald prófessor Níelsson á 10 ára dánardegi hans, hinn 11. marz 1938. Sjóðurinn var stofnaður af Háskóla Íslands, en aukinn með gjöfum vina og aðdáenda Haralds Níelssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðs.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal ávaxta sem tryggilegast, með því að kaupa fyrir fé sjóðsins bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur álíka trygg verðbréf.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera eftir hver áramót, og skal endurskoða þá með sama hætti sem reikninga annara sjóða háskólans og birta í Árbók háskólans.

5. gr.

Af vöxtum eða öðrum arði af eignum sjóðsins skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti einn fimmta hluta við höfuðstól hans. Afganginum skal eftir nánari ákvörðun háskólaráðs varið til þess að bjóða erlendum eða innlendum fræðimönn-

um að flytja eitt eða fleiri erindi við háskólann og til útgáfu erinda þeirra á prenti. Skulu erindin gefin út jafnóðum á íslenzku og, ef ástæða þykir til, einnig á einhverju erlendu máli, og skal það ritsafn bera nafn Haralds Níelssonar. Að jafnaði skal reynt að bjóða einum fyrirlesara á hverju ári, en þó er háskólaráði heimilt að láta fyrirlestrahald falla niður eitt eða fleiri ár í senn, ef efnahagur sjóðsins eða aðrar ástæður mæla með því, og má þá leggja saman tekjur fleiri ára til þess að kosta einn fyrirlesara. 113 8. okt.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók háskólans.

AUGLÝSING 114 20. okt.

um breyting á reglugerð nr. 32 27. apríl 1938, um stuðning til bænda, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Aftan við 5. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar komi nýr málsliður svo hljóðandi:

Þó skal þeim bændum, sem ekki hafa getað unnið fyrir úthlutuðum jarðabótastyrk á árinu 1938, heimilt að vinna fyrir honum á árinu 1939 til viðbótar þeim styrk, sem þeim kann að verða úthlutað á því ári.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 25 13. janúar 1938, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. október 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 115 25. okt.

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

a-liður 74. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leið loftlínu skal valin þannig, að þveranir vega, síma eða annara loftlína verði sem fæstar og, að þverunarhorn séu sem stærst.

2. gr.

85. gr. reglugerðarinnar breytist sem hér segir:

a-liður orðist þannig:

Taugar þeirra lína, sem þverast, mega ekki vera festar á sömu stöng.

c-liður orðist þannig:

Forðast skal bugður á lágspennuloftlínu við þverun, ef unnt er, enda skal, ef bugða er, vera tryggt, að vírar lágspennuloftlínu geti eigi lagst á símavíra við það að kúla fer af krók eða benzli vírs losna e. þvl.

e-liður orðist þannig:

Þar sem línurnar þverast skulu gerðar á lágspennulínunni eftirfarandi varúðarráðstafanir, eftir því hvor við á eða henta þykir, til hlífðar símalínunum:

115 1. Lágspennulína sé lögð falltraustri lagningu (sbr. 94. gr.) á þverunarhafi og má
25. okt. lóðrétt fjarlægð milli símavíra og lágspennutaugar þá hvergi vera minni en 1,5 m.

2. Lágspennulínan sé úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír 10 mm² gildum að minnsta kosti. Þverunarhafið sé ekki yfir 25 m. og lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má hvergi vera minni en ⅕ hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.

f-liður falli burt.

g-liður verði f-liður og orðist þannig:

Skemmsta lárétt fjarlægð frá stöng lágspennulínunnar, stagi og þess konar, til símavírs, skal vera að minnsta kosti ½ hluti bilsins á milli stangarinnar og næstu stangar símalínunnar. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 1,5 m.

3. gr.

Aftan við b-lið 89. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður, sem verður c-liður:

c. Þar sem heimtaugar að húsum liggja nálægt hvor annari og sérstaklega er örðugt að fullnægja ákvæðum b-liðar, má enn minnka bilið niður úr ofangreindu, ef auk þess er gætt eftirfarandi ákvæða:

1. Heimtaugar séu úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír að minnsta kosti 10 mm² gildum.
2. Haf sé ekki yfir 25 m.
3. Bilið milli símavírs og lágspennutaugar sé hvergi minna en ⅕ hluti fjarlægðarinnar frá mælistað bilsins til næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Það má þó ekki vera minna en 0,8 m. og það þarf eigi að vera meira en 2 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

116 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Lögreglusjóð Reykjavíkur" útgefin
26. okt. á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. október 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lögreglusjóð Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lögreglusjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af andvirði fundinna fjármuna, sem eigandi hefir ekki gefið sig fram að, samkvæmt opnu kansellibréfi 8. júní 1811. Upphæð sjóðsins er nú kr. .....

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. Andvirði fundinna fjármuna, samkvæmt opnu kansellibréfi 8. júní 1811.
2. Sektir, sem gerðar eru á hendur lögregluþjónum í starfa sínum samkvæmt þar um settum reglum.
3. Tillög lögregluþjóna, eins og þau verða ákveðin af félagsskap lögregluþjóna.
4. Vextir.
5. Gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja allskonar menningarstarfsemi og félagslíf innan lögreglunnar í Reykjavík með fjárstyrkjum.

Meðal þess, sem ætlast er til að sjóðurinn styrki, skal þetta sérstaklega talið:

1. Íþróttastarfsemi innan lögreglunnar.
2. Hljómlistalíf innan lögreglunnar og önnur skemmtistarfsemi.
3. Hópferðir lögregluþjóna og útilíf meðal þeirra.
4. Félagsherbergi og samkomustaður fyrir lögregluna.
5. Útgáfur rita um lögreglumálefni.
6. Námsferðir einstakra lögregluþjóna.
7. Starfsemi, er miðar að því, að skýra fyrir almenningi störf lögreglunnar og aðstöðu og efla samvinnu milli lögreglunnar og almennings.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal hafa vörzlu sjóðsins, annast ávöxtun hans, reikningshald og innheimtur hans vegna. Ber honum að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Félagsskapur lögregluþjóna í Reykjavík skal kjósa þriggja manna sjóðsnefnd, er ákveði fjárveitingar úr sjóðnum og vinni að því að afla honum tekna. Nefndin skal kosin í janúarmánuði til 1 árs í senn. Til fundarins skal boða með tveggja sólarhringa fyrirvara og nefndarkosningar getið í fundarboði. Til þess að nefndarkosning sé lögleg skulu að minnsta kosti helmingur starfandi lögregluþjóna vera mættir á fundi.

Nefndin skal halda gerðabók, og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæðu fyrir þeim, samþykktir nefndarinnar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Núverandi eign sjóðsins leggst í fastasjóð. Í fastasjóð skal renna ⅓ — einn þriðji — hluti allra árstekna sjóðsins, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt af gefendum. Vextir af fastasjóði leggjast við hann.

8. gr.

⅔ — tveir þriðju — hlutar tekna sjóðsins, annara en vaxta af fastasjóði, er starfsfé hans, sem veita má árlega úr honum í samræmi við 4. gr. Nú er árlegu starfsfé sjóðsins ekki öllu eytt á því ári, og ákveður þá sjóðsnefnd, hvort það, sem umfram er, skuli renna í fastasjóð, eða lagt við starfsfé næsta árs.

9. gr.

Úr fastasjóði má ekki veita fé fyr en hann er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Úr honum skal einungis veitt til stærri framkvæmda, er hið árlega

116 starfsfé sjóðsins stendur ekki undir, svo sem til byggingar félagsbústaða, íþróttavalla og þess háttar.
26. okt.

Fjárveitingar úr fastasjóði mega aldrei nema meiru en það, að höfuðstóllinn, kr. 50000, sé óskertur. Sjóðsnefnd skal leita samþykkis lögreglustjóra um fjárveitingar úr fastasjóði.

10. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í íslenzkum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, ræktunarsjóðsbréfum, eða sparisjóði, sem nýtur ábyrgðar ríkisins eða á annan eigi ótryggari hátt.

Þó má lögreglustjóri veita lán úr sjóðnum til fyrirtækja, er félagsskapur lögregluþjóna kann að gangast fyrir, að stofnuð sé í samræmi við 4. gr., enda séu örugg veð fyrir og lánveitingin samþykkt af sjóðsnefnd.

11. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega og leggja fram á fundi í félagi lögregluþjóna. Skal hann borinn undir atkvæði til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama fundi og sjóðstjórn, til eins árs í senn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er sett í samráði við stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur.

117 22. nóv.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 1%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum ..... 1—
3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0,5—

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1939, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 30. gr. laga nr. 106 23. júní 1936. 117 22. nóv.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til að öðlast gildi 1. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

118 24. nóv.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. desember þ. á. allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 27. október 1937, um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

119 25. nóv.

AUGLÝSING

um aðflutningsgjald af kassaefni um fisk til útflutnings.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir ákveðið að nota heimild 22. gr. XII. fjárlaga fyrir árið 1939 og innheimta frá þessum tíma til ársloka 1939 aðflutningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið annað meir en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Jafnframt verður endurgreiddur mismunur á aðflutningsgjöldum, sem innheimt hafa verið af slíkum kassaefnum á þessu ári, og aðflutningsgjöldum, sem innheimt hefðu verið af kassaefnum, ef þau hefðu verið reiknuð sem um almennan trjávið hefði verið að ræða.

Þetta er hér með birt almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

120 26. nóv. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Vegasjóð Fellahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. nóvember 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vegasjóð Fellahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vegasjóður Fellahrepps" og er stofnaður með kr. 2000 af andvirði seldra tófuyrðlinga árið 1929.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera það, að hjálpa til að leggja vegi færa bifreiðum um Fellahrepp og viðhalda þeim eftir því, sem tekjur hans leyfa. Framlög úr sjóðnum til vegabóta, móti framlagi sýslu- eða ríkissjóðs, gangi fyrir framlagi hreppsbúa.

3. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum, áheitum og fleiru.

4. gr.

Nú þegar má verja hálfum vöxtum sjóðsins í þágu veganna, en þegar vextirnir eru orðnir kr. 300.00, má verja ⅔ vaxtanna til veganna. Hinn hluti vaxtanna og aðrar tekjur sjóðsins, skulu ávallt leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Sveitarstjórn Fellahrepps skal annast ávöxtun vegasjóðsins, reikningshald hans og bera ábyrgð á honum eins og öðrum eignum hreppsins. Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að fé sjóðsins sé ávallt á tryggum stað, svo sem í Landsbanka Íslands, banka-

vaxtabréfum, jarðræktarbréfum, eða á öðrum jafn tryggum stað, að dómi sýslu- 120
nefndar Norður-Múlasýslu. Ber sjóðstjórnum að færa sérstaka bók yfir tekjur, gjöld 26. nóv.
og eignir sjóðsins, og færa í hana ársreikning hans. Skal sjóðstjórnin halda reikningshaldi sjóðsins aðskildu frá reikningum hreppsins.

6. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal sendur endurskoðanda sveitarsjóðsreikninganna til endurskoðunar, ásamt hreppsreikningi, og síðan sýslunefnd Norður-Múlasýslu til samþykktar og birtingar í sýslufundargerðinni. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

7. gr.

Sjóðstjórnin haldi sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, tillögur sjóðstjórnar um framlög úr sjóðnum, samþykktir hreppsfunda og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Eigi má veita framlög úr sjóðnum til vegabóta í hreppnum, nema tillögur þar um, hvort heldur frá sjóðstjórn eða öðrum, hafi verið bornar upp á almennum lögmætum hreppsfundi og samþykktar þar.

9. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf samþykki lögmæts hreppsfundar Fellahrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og konungsstaðfestingu.

Sjóðinn má leggja niður, að fengnu samþykki hreppsfundar Fellshrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og stjórnarráðsins.

10. gr.

Leita skal samþykkis sýslunefndar Norður-Múlasýslu á skipulagsskrá þessari, og konungsstaðfestingar á henni.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi 14. apríl árið 1936.

Í HREPPSNEFND FELLAHREPPS

Einar Einarsson. **Hallgrímur Ólafsson.** **Gunnlaugur Eiríksson.**

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Múlasýslu, 27. maí 1937.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING 121

28. nóv.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 13. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Á eftir „ósæmilegum orðum“ í 2. málslið 1. mgr. 7. greinar komi: vera áberandi ölvaður.

2. mgr. falli burtu.

121 2. gr.

28. nóv. Í stað 1. mgr. 12. greinar komi:

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem taldar eru í þessari grein.

Íslenzkar afurðir, aðrar en fisk, getur bæjarráð, að fengnu áliti heilbrigðisnefndar, heimilað að selja á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verzlunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða, og er því heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, er það telur nauðsynlegt, vegna hreinlætis og annars.

Um sölu á fiski eru settar sérstakar reglur.

Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra.

3. gr.

Á eftir orðinu „bifreiðar" í 16. gr. komi: reiðhjól.

4. gr.

Aftan við 1. málslið 17. gr. komi:

Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp föst auglýsingaspjöld, eða aðrar varanlegar auglýsingar, svo sem ljósaauglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.

5. gr.

Við 18. gr. bætist:

Gluggaþvott má ekki framkvæma síðar en kl. 10 árdegis og ekki nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu eða getur valdið truflun á umferð á annan hátt. Í götubrunna og göturæsi má ekki hella gólfskolpi né öðrum óhreinindum, sem saurga götuna.

6. gr.

19. gr. orðist þannig:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 20, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

7. gr.

Í stað orðanna „boðum eða bendingum" í 2. málslið 1. mgr. 28. greinar komi: boðum, bendingum eða umferðarmerkjum.

Aftan við 1. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðarmerkja, hvernig þeim skuli komið fyrir og þýðingu þeirra. Skal lögreglustjóri gefa út nauðsynlegar skýringar á umferðarmerkjum, og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu, en auglýsingu þeirra að öðru leyti hagar hann eftir því, sem hann telur þörf.

8. gr.

Á eftir „gangandi mönnum“ í 1. málslið 29. gr. komi: og mega menn ekki halda þar kyrru fyrir eða staðnæmst þar til langframa, svo truflun valdi.

Aftan við greinina bætist:

Ef fótgangandi vegfarendur fara yfir götuna, skulu þeir fara beina stefnu yfir þvera götuna, og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská milli horna. Þar sem gangbrautir eru markaðar yfir götur við gatnamót eða annarsstaðar, er fótgangandi vegfarendum skylt að fara eftir þeim innan markalína þeirra. Vegfarendum er óheimilt að láta fyrir berast á götum eða stígum, lengur en nauðsyn krefur til þess að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt þótt umferð sé engin samtímis á sama eða nærliggjandi svæði.

Við gangbrautir skulu bifreiðastjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð framundan ökutækinu eða á leið í veg fyrir það. Ennfremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilega færis að komast yfir götu eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbraut, nema nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

9. gr.

2. mgr. 36. gr. orðist þannig:

Bifreiðastjórar, sem aka bifreið, er ekki hefir umgetin tæki, svo og vagnstjórar, ríðandi menn og hjólreiðarmenn, skulu gefa merki, er þeir breyta stefnu, nema staðar eða draga verulega úr ferð. Skulu bifreiðastjórar rétta þá hönd sína, sem nær er miðju bifreiðarinnar, til hægri eða vinstri, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta sömu hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð eða stöðva. Aðrir ökumenn, ríðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það.

10. gr.

40. gr. orðist svo:

Þegar talað er um bifreið í þessari samþykkt, er átt við ökutæki, sem samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma telst til bifreiða.

11. gr.

Í upphafi 41. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefir samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin, eða, ef aðstæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

121 28. nóv.

12. gr.

1. mgr. 42. gr. orðist svo:

Um gerð bifreiða fer eftir þeim lögum og öðrum reglum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Aftan við 1. málslið 2. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Ákvæði þessi koma eigi til framkvæmda, fyrr en bæjarstjórn, að fengnum tillögum lögrglustjóra, ákveður.

Á eftir orðunum „sterk" í síðustu mgr. komi: né þannig stillt.

13. gr.

Í stað „R. E." í 1. mgr. 44. gr. komi: R.

2. og 3. mgr. falli burtu.

14. gr.

Orðin „sé fullra — og" í 1. mgr. 45. gr. falli burtu.

15. gr.

Í stað „18" í 1. mgr. 46. gr. komi: 25.

16. gr.

1.—3. mgr. 48. gr. falli burtu.

Við síðustu mgr. 48. gr., sem verður 1. mgr., bætist:

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

17. gr.

Í stað „18" í d-lið 1. mgr. 50. greinar komi: 25.

Á eftir e-lið í 1. mgr. sömu greinar komi nýr liður svo hljóðandi:

f. Enginn má aka reiðhjóli, ef hann, sakir áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum, er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.

2. mgr. sömu greinar orðist svo:

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Ennfremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem er yngri en 14 ára.

Á eftir f-lið sömu greinar komi liður svo hljóðandi:

g. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu, skuli skrásetja hjá lögreglustjóra og merkja samkvæmt reglum, er bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Skal í þessum reglum ákveðið allt fyrirkomulag skrásetningarinnar og merkjanna, og hvaða gjald eigandi (umráðamaður) reiðhjóls skuli greiða fyrir skrásetningu þess og einkenni. Ákvörðun bæjarstjórnar og reglur þessar skal lögreglustjóri birta í Lögbirtingablaðinu.

18. gr.

2. mgr. 79. greinar falli burtu.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. nóvember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Utanfarasjóð Austur-Skaftfellinga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 2. desember 1938 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 122 2. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir náms- og utanfarasjóð Austur-Skaftfellinga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af gjöf Jóns Ívarssonar kaupfélagsstjóra og konu hans Guðríðar Jónsdóttur. Hann er sem stendur til ávöxtunar í innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Höfn á Hornafirði, og nemur kr. 2981,67 — tvö þúsund níu hundruð áttatíu og einni krónu og 67/100 — hinn fyrsta dag janúarmánaðar 1938.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, sem fara skal með eftir reglum, er settar eru með skipulagsskrá þessari, og vera íbúum Austur-Skaftafellssýslu til nota.

2. gr.

Sjóðnum stjórna 3 menn, sem valdir skulu þannig: Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu og Kaupfélag Austur-Skaftfellinga kjósa sinn manninn hvort, á aðalfundum sínum. Hinn þriðji, sem er formaður stjórnarinnar, velur gefandi sjálfur, meðan hann er á lífi, en að honum látnum skulu fastir starfsmenn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga velja hann. Kjörtími stjórnarinnar er fimm ár, og skal hin fyrsta stjórn vera fullskipuð sumarið 1938.

3. gr.

Ef Kaupfélag Austur-Skaftfellinga hættir störfum og önnur samskonar stofnun tekur ekki við starfsemi þess, skal sýslunefnd kjósa alla stjórnina, og velur hún sér þá sjálf formann.

4. gr.

Sjóðsstjórnin skal ávaxta sjóðinn sem bezt, annaðhvort með því að kaupa fyrir hann ríkistryggð skuldabréf eða láta hann ávaxtast á annan hátt hjá banka, Söfnunarsjóði eða annari fjárhagslega öruggri stofnun í landinu. Árlega skal stjórnin gera skilagrein um sjóðinn og senda sýslunefnd, sem hefir yfirskoðun hans á hendi, svo og Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga og gefanda eða þeim, er kemur í hans stað, eitt eintak hverjum, ásamt nánari greinargerð, þegar veitt hefir verið fé úr sjóðnum.

5. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal verja tveim þriðju hlutum fimmta hvert ár — í fyrsta sinn í byrjun árs 1942 — til þess að styrkja einn eða tvo efnilega menn úr Austur-Skaftafellssýslu til utanfarar í náms- eða kynningarerindum, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Hinn hluti vaxtanna bætist við stofnfé sjóðsins, jafnótt og þeir falla til. Ef ekki er, vegna einhverra ástæðna, veitt úr sjóðnum á hinum tilteknu tímum, bætist það, sem veita mátti, við sjóðinn.

6. gr.

Stjórnin skal auglýsa í öllum hreppum Austur-Skaftafellssýslu sex mánuðum áður en styrkur er veittur, hvenær og hve mikið fé verði fyrir hendi til styrkveitinga

122 úr sjóðnum og tiltaka umsóknarfrest. Styrkveiting skal ákveðin í byrjun þess árs,
2. des. þegar nota á styrkinn. Skal styrkveitingu svo hagað, að í fyrsta skipti fær styrk starfsmaður Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, í annað sinn bóndi úr sýslunni, eða annar maður eða kona, sem landbúnað stunda og líkleg eru til þess að stunda þann atvinnuveg áfram, og í þriðja sinn sjómaður eða verkamaður eða verkakona, sem einnig eru heimilisföst og starfandi í Austur-Skaftafellssýslu. Síðan skal veita styrk þessum aðiljum í sömu röð áfram, er næst kemur til styrkveitingar, en engum nema einu sinni, og skipta má styrk milli tveggja sama árið. Ef ekki koma umsóknir frá þeim aðiljum, sem nefndir voru, má stjórnin veita styrk í annari röð.

7. gr.

Styrkinn skal nota til náms og utanfara, bæði til greiðslu ferðakostnaðar og dvalar erlendis í nágrannalöndunum, einkum á Norðurlöndum. Skulu styrkþegar dvelja þar nokkurn tíma og kynnast þar af eigin reynd þeim greinum atvinnu sinnar, sem þeir óska og sem verða má til gagns við störf þeirra heima í héraði á eftir. Styrkþegar skulu að jafnaði kosta ferðir sínar og nám erlendis með ekki minna fé en styrknum nemur og eiga að gera skýrslu um ferð sína eftir heimkomuna og senda sjóðsstjórninni.

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir aukizt svo, að árlegir vextir hans nema eins miklu að verðgildi og fimm ára vextir nú, skal veita styrkinn annaðhvert ár eftir sömu reglum og áður.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

123 **REGLUGERÐ**
25. nóv.

um tollheimtu og tolleftirlit.

I. KAFLI

Tollumdæmin.

1. gr.

Landið skiptist í 24 tollumdæmi, og eru þau þessi:

1. Reykjavíkurtollumdæmi. Verzlunarstaðurinn Viðey heyrir að öllu leyti undir Reykjavíkurtollumdæmi um tollgæzlu.

2. Akranestollumdæmi. Það tekur yfir Ytri-Akraneshrepp.

3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að undanteknum Ytri-Akraneshreppi.

4. Snæfellsness- og Hnappadalstollumdæmi. Það tekur yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

5. Dalatollumdæmi. Það tekur yfir Dalasýslu.

6. Barðastrandartollumdæmi. Það tekur yfir Barðastrandarsýslu.

7. Bolungavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Hólshrepp.

8. Ísafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ísafjarðarkaupstað og Ísafjarðarsýslu, að undanteknum Hólshreppi.

9. Strandatollumdæmi. Það tekur yfir Strandasýslu.

10. Húnavatnstollumdæmi. Það tekur yfir Húnavatnssýslu.
11. Skagafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Skagafjarðarsýslu.
12. Siglufjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Siglufjarðarkaupstað, og heyrir Héðinsfjörður til hans.
13. Ólafsfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ólafsfjarðarhrepp.
14. Akureyrartollumdæmi. Það tekur yfir Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu, að undanteknum Ólafsfjarðarhreppi.
15. Þingeyjartollumdæmi. Það tekur yfir Þingeyjarsýslu.
16. Seyðisfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Seyðisfjarðarkaupstað og Norður-Múlasýslu.
17. Norðfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Neskaupstað.
18. Suður-Múlatollumdæmi. Það tekur yfir Suður-Múlasýslu.
19. Skaftafellstollumdæmi. Það tekur yfir Skaftafellssýslu.
20. Vestmannaeyjatollumdæmi. Það tekur yfir Vestmannaeyjakaupstað.
21. Rangárvallatollumdæmi. Það tekur yfir Rangárvallasýslu.
22. Árnestollumdæmi. Það tekur yfir Árnessýslu.
23. Keflavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Keflavíkurhrepp.
24. Hafnarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að undanteknum Keflavíkurhreppi, svo og Viðey, að því er tekur til tollgæzlu.

II. KAFLI
Tollstjórnin.

2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefir fjármálaráðherra. Fjármálaráðuneytið hefir umsjón með tollheimtunni og tolleftirlitinu.

3. gr.

Í hverju tollumdæmi er tollstjóri, og hefir hann stjórn tollmála í umdæmi sínu, en þar til heyrir tolleftirlit með skipum og flugtækjum, afgreiðsla skipa og flugtækja og innheimta skipakomugjalda, sóttvarnareftirlit gagnvart útlöndum, hvers konar eftirlit með aðflutningi og innheimta aðflutningsgjalda, hvers konar eftirlit með útflutningi og innheimta útflutningsgjalda, útgáfa vottorða um uppruna útflutningsvara, eftirlit með innflutningi og útflutningi íslenzks gjaldeyris, eftirlit með því, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, að svo miklu leyti sem eftirlit þetta er ekki hjá gjaldeyris- og innflutningsnefnd og bönkunum, og innheimta innlends tollvörugjalds og eftirlit með tollvörugerðum.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaðinu og gerir um það skrá, á hvaða höfnum tollstjórarnir hafi aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafi umboðsmenn og hverjir þeir séu. Verði á því breytingar auglýsir ráðuneytið það á sama hátt.

5. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar eftir því sem erindisbréf og reglur, sem tollgæzlumönnum eru settar, segja fyrir um.

Utan Reykjavíkur eru framangreindir tollgæzlumenn undir yfirstjórn sérstaks umboðsmanns fjármálaráðuneytisins, en í Reykjavík undir stjórn tollstjórans þar.

123 6. gr.
25. nóv. Tolleftirlitsmenn, samkvæmt reglugerð þessari, eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn.

Tolleftirlitsmenn, sem eru að störfum, eru einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum einkennismerki, sem þeir framvísa, ef þess er óskað, en einkennismerki þetta ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: Tollmerki Íslands.

Farartæki tolleftirlitsmanna hafa tollgæzlufánann, sem er ríkisfáninn, klofinn að framan, með stóru téi (T) í efri stangarreit fánans.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennisbúningum sínum, eða hafi þeir framvísað framangreindu einkennismerki eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

III. KAFLI
Tollhafnir.

7. gr.

Tollhafnir kallast þær hafnir, þar sem tollstjóri eða umboðsmaður hans hafa aðsetur, sbr. 4. gr. Tollafgreiðsluhafnir þær, sem um ræðir í 28. gr., teljast einnig til tollhafna.

IV. KAFLI
Tolllandhelgin.

8. gr.

Landhelgi, samkvæmt reglugerð þessari, er 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði og er talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur teljast í landhelgi 4 sjómílur á haf út frá línu, sem dregin er þar, sem 12 sjómílur verða milli nesja, næst fjarðarmynni.

V. KAFLI
Almennt um tolleftirlit, tollrannsóknir og afgreiðslu skipa.

a. Hvað sé skip.

9. gr.

Skip, samkvæmt reglugerð þessari, er sérhvert fljótandi far.

b. Hvaða skip eru háð tolleftirliti og hvað í því felst.

10. gr.

Öll skip, sem eru innan landhelginnar, hvort sem þau eru á höfnum inni eða utan hafna, eru háð tolleftirliti, og því geta tolleftirlitsmenn framkvæmt rannsóknir í slíkum skipum og sett þau undir eftirlit.

c. Stöðvunarskylda skipa.

11. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna innan landhelginnar til rannsóknar, og þegar tolleftirlitsmenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það, til þess að slíkt samband geti átt sér stað.

Ef tolleftirlitsmenn óska eftir því að komast á skipsfjöl eða frá borði, er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

d. Hvar og á hverjum tolleftirlitsmenn megi leita.

12. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alstaðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tolleftirlitsmönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum til að skjóta undan rannsókn, tollgreiðslu eða bannað er að flytja í land eða úr landi.

Auk þess, sem tolleftirlitsmönnum er heimilt að leita alstaðar í skipum, er þeim og heimilt að leita að tollsviknum vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum.

e. Stöðvunar- og aðstoðarskylda bifreiðarstjóra og stjórnenda annara farartækja á landi.

13. gr.

Bifreiðarstjórum og stjórnendum vagna og annara farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess, að tollrannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

f. Bannaðar samgöngur við skip og bann við því að leggja skipi að hafnarvirki eða að fara frá því.

14. gr.

Meðan stendur á afgreiðslu eða rannsókn í skipi, er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi koma á skipsfjöl eða fara frá borði, nema leyfi tolleftirlitsmanna komi til.

Þá er tolleftirlitsmönnum heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki eða fara frá bryggju eða öðru hafnarvirki með skip, fyrr en þeir segja til, að það megi.

g. Afkvíun skipa og ákveðnir umferðastaðir á skipi.

15. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagst er að eða liggur við bryggju, en þegar það er gert, er öllum óheimilt að fara inn fyrir eða út fyrir girðingar tolleftirlitsmanna, nema með þeirra leyfi.

Þá er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði og á skipsfjöl á tilteknum stað á skipinu.

h. Rannsóknarskálar.

16. gr.

Ef reistir verða rannsóknarskálar á höfnum hér á landi, og farþegar og aðrir, sem koma frá borði eða fara á skipsfjöl, eiga að fara í gegnum skála þessa, skal litið svo á, að menn séu ekki komnir af skipsfjöl, fyrr en þeir hafa farið í gegnum skálann, og að menn séu komnir á skipsfjöl, þegar þeir eru komnir í skálann.

i. Skyldur hafnsögumanna við tolleftirlitsmenn.

17. gr.

Hafnsögumenn skulu gefa tolleftirlitsmönnum upplýsingar um það, hvar þeir ætli að leggja skipi, ef tolleftirlitsmenn óska eftir slíkum upplýsingum.

123 25. nóv.

Þá skulu hafnsögumenn láta tolleftirlitsmenn vita, áður en þeir flytja skip úr höfn, enda hafi hlutaðeigandi tollstjóri óskað eftir því, að tolleftirlitsmenn væru jafnan látnir vita, þegar svo ber undir.

Ef sérstaklega stendur á, skulu hafnsögumenn fara eftir óskum tolleftirlitsmanna um það, hvar skuli leggja skipi.

j. Aðstoðar- og upplýsingaskylda skipstjóra.

18. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn gangi sem greiðast og án tafa og tálmana, svo og að gefa þeim upplýsingar um farmrúm, geymslurúm, farrúm, vistarverur skipverja, kjölfesturúm og aðra staði í skipi, um ferðalag skips, farþega, skipshöfn, vörur og annað það, sem tolleftirlitsmönnum er nauðsynlegt að vita, vegna rannsóknar eða starfa sinna í skipi.

Ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir, skal skipstjóri gefa skriflega yfirlýsingu um það, að hann hafi gefið tolleftirlitsmönnum upplýsingar um öll farmrúm og aðra staði í skipi, þar sem vörur eru geymdar, aðgang að þeim og staði, þar sem innsiglun myndi ekki koma að haldi, sbr. 19. gr.

k. Innsiglisréttur, aðstoð skipstjóra við innsiglun, bann við innsiglisrofi og innsiglisskrá.

19. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi, eftir því, sem þeim þykir þurfa.

Skipstjóra er skylt að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, sem þeir óska eftir við innsiglun, svo og að vekja athygli tolleftirlitsmanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun myndi ekki koma að haldi.

Innsigli þau, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar skipa, herbergi, hólf eða aðra staði í skipi, má enginn hreyfa eða rjúfa, nema tolleftirlitsmenn, enda ber skipstjóri ábyrgð á því, að þau séu ekki rofin eða hreyfð, meðan skipið er hér við land, nema af tolleftirlitsmönnum.

Ef tolleftirlitsmenn gera skrá yfir innsigli, sem þeir hafa sett í skipi, skal skipstjóri undirrita hana, ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir. Þá er skipstjóri skyldur, ef þess er óskað, að taka með sér skrá þessa og afhenda hana þeim tolleftirlitsmönnum, sem síðar afgreiða skipið eða eru að rannsókn í því. Enn fremur ber skipstjóra eða þeim, sem skipstjóri setur fyrir sig, að vera viðstaddur, ef tolleftirlitsmenn óska eftir því, þegar þeir setja innsigli sitt á innsiglisskrána.

l. Afhending skipsskjala.

20. gr.

Skipstjóra ber að láta tolleftirlitsmönnum í té, hvenær sem þeir þurfa, tollskjöl og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, sem það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn er erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár og aðrar vöruskrár, farmskrárútdrætti, farþegalista, farmskírteini, fylgibréf og önnur skjöl varðandi vörur í skipi.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt, þegar þeir hafa lokið við að afgreiða skip eða síðar, að taka í sínar vörzlur, þegar þeir telja þess þörf, þjóðernis- og mælingarskírteini skipsins, svo og skipshafnarskrána og önnur skjöl, eftir því, sem við á. Varðveita tolleftirlitsmenn síðan skjöl þessi, en er skipið hefir lokið erindum sínum, greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar skyldur, afhenda tolleftirlitsmenn aftur skjöl þessi til skipstjóra, sem ber að vitja þeirra, áður en skip leggur úr höfn, sbr. 75. gr.

m. Tollvörður í skipi.

21. gr.

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í, svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits, og ber í þeim tilfellum skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá tolleftirlitsmönnum endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

n. Rannsókn á vörum og hvar hún megi fara fram.

22. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins eða flytja á til útlanda, hvort sem það er flutt eða á að flytjast sem vörur á farmskrám eða öðrum vöruskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að flytja þetta allt til rannsóknar í tollgæzlustöð eða á annan stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt.

o. Skylda til að gefa skýrslur um aðfluttar vörur.

23. gr.

Tollstjóri hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

p. Tolleftirlit varðskipanna.

24. gr.

Foringjum varðskipanna hefir verið falið að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit, og hafa skipstjórar, formenn og skipverjar nefndra skipa við það eftirlit þau réttindi, sem tolleftirlitsmönnum eru veitt í þessum kafla.

VI. KAFLI
Aðkomuskip.

a. Hvaða skip séu aðkomuskip.

25. gr.

Aðkomuskip eru skip, sem koma hingað, og síðast hafa lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum, farangri eða öðrum vörum úr skipi eða farartæki, sem síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða hafa haft annað samband við skip eða farartæki, er jafnað verði við samband við útlönd. Er skipið aðkomuskip, þangað til það hefir verið afgreitt hér á landi af tolleftirlitsmönnum, og þeir hafa leyft samgöngur við skipið.

b. Hvar aðkomuskip megi taka land.

26. gr.

Aðkomuskip mega ekki, nema tilneydd séu, hleypa mönnum, vörum eða öðrum farangri á land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á tollhöfnum.

Um aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip koma auk þess til greina fyrirmælin í 28. gr.

123 25. nóv.

c. Íslenzk skip mega ekki hafa samband við aðkomuskip.

27. gr.

Íslenzk skip mega ekki, hvorki innan landhelginnar né utan, taka við mönnum, farangri eða öðrum vörum úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

d. Hvar aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip mega taka land, án fyrirfram tilkynningar. Tollafgreiðsluhafnir.

28. gr.

Frá 1. apríl 1939 skulu öll aðkomuvöruflutninga- eða aðkomufarþegaskip, sem ekki ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, koma á leið sinni frá útlöndum, nema tilneydd séu, á einhverja eftirtaldra tollaafgreiðsluhafna, til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi:

Reykjavíkurhöfn,
Hafnarfjarðarhöfn,
Vestmannaeyjahöfn,
Neshöfn í Norðfirði,
Seyðisfjarðarhöfn,
Akureyrarhöfn,
Siglufjarðarhöfn,
Ísafjarðarhöfn.

Ef skip þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, eiga hinsvegar að fá fyrstu afgreiðslu á öðrum höfnum en þeim, sem taldar voru, skal tilkynna það fjármálaráðuneytinu og skal senda tilkynningu þessa, sem skal tilgreina þau atriði, sem talin eru í 3. mgr., skriflega eða með símskeyti á þann hátt, að tilkynningin geti verið komin til ráðuneytisins, áður en skipið leggur úr erlendri höfn.

Í tilkynningunni skal tilgreina nafn skipsins, stærð þess, brottfarardag, hvaða tollhöfn skipið ætlar að taka fyrst hér á landi, hvaða farm skipið hafi, ef skipið hefir farm, tölu skipshafnar og tölu farþega, ef að farþegar eru í skipi.

Vöruflutningaskip eru þau skip, sem flytja hingað til lands vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu. Íslenzk veiðiskip, sem flytja hingað eigin veiði, sem á að flytjast hér úr skipinu, teljast ekki vöruflutningaskip í þessu sambandi.

Farþegaskip eru þau skip, sem flytja hingað til lands farþega, en farþegar eru allir þeir, sem ekki verða taldir til skipshafnar.

Til þess að farþega- eða vöruflutningaskip geti talizt ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, verða ferðir skipsins að vera ákveðnar minnst 3 mánuði fram í tímann, enda sé ferðaáætlunin birt opinberlega og send öllum tollstjórum mánuði áður en hafin er fyrsta ferð skipsins, sem áætlunin fjallar um.

Allar breytingar, sem gerðar verða á fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðuneytinu.

Ferðaáætlanir teljast opinberlega birtar, ef þær eru birtar í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti.

e. Vöruskrár aðkomuskipa og skipverjaskrá.

29. gr.

Öll skip, sem flytja hingað til lands vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu, skulu hafa meðferðis skrá yfir allar þessar vörur. Skrá þessi kallast í reglugerð þessari aðalvöruskrá eða farmskrá skipsins.

Ónauðsynlegt er að skráðar séu á farmskrá skipsins vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, ef vörur

þessar eiga ekki að flytjast hér úr skipinu og þær eru skráðar á skrár þær, sem um ræðir undir 1 og 2 í 30. gr. Þá þarf ekki að skrá á farmskrána hluti, sem farþegar, sem eru með skipinu, hafa meðferðis í ferðatöskum og umbúðum, þar sem föt þeirra eru geymd og almennt er ekki greitt sérstakt flutningsgjald fyrir, en séu töskur þessar og umbúðir ekki skráðar á farmskrána, en hinsvegar í geymslu í lestarrúmum skipsins eða öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þilfari, ber að skrá þær á farangursskrá þá, sem um ræðir undir 4 í 30. gr. Ennfremur er ónauðsynlegt, að settir séu á farmskrána hlutir, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í skápum sínum, skipskistum, fatapokum og þess háttar, ef hlutir þessir eru skráðir á skrá þá, sem um ræðir undir 3 í 30. gr.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að fara á hverja einstaka tollhöfn.

Ef farmskrár eru á erlendum málum, getur tolleftirlitsmaður krafizt þess af skipstjóra, að farmskrár séu þýddar á íslenzku af þar til hæfum manni. Ef farmskrár eru á öðrum málum en íslenzku, dönsku, ensku, norsku, sænsku eða þýzku, getur tolleftirlitsmaður synjað um leyfi til affermingar, fyrr en farmskrár hafa verið þýddar á íslenzku.

Farmskrá frá hverju landi og útdrættir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim séu greinilega tilgreindur fermingarstaður vörusendingar, stykkjatala, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hverrar vörutegundar, eða ef um trjávið er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald og affermingarstaður vörusendingar.

Vörusendingar frá hverju landi skulu tilfærðar á skrám og útdráttum í óslitinni töluröð, en í sama númeri skal skrá vörur, sem eru á sama farmskírteini eða fylgibréfi. Um leið og farmskrírteini eru gefin út, hvort sem þau eru gefin út í einu eða fleiri eintökum, skal skrá á þau farmskrárnúmerið. Farmskírteini telst gefið út við undirskrift skipstjóra eða þess, sem undirritar fyrir hans hönd. Þegar tekið er við fylgibréfi eða öðru samskonar skjali, skal skrá á það farmskrárnúmerið.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr skipinu, sem flutti þær hingað til lands.

Farmskrár yfir vörur, sem skip tekur frá hverju landi, skulu vera undirritaðar af skipstjóra og heftar saman, ef þær eru fleiri en eitt blað. Útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að flytjast úr skipinu á hverri tollhöfn, skulu einnig undirritaðir af skipstjóra og heftir saman, ef þeir eru á fleiri en einu blaði.

Allar útstrikanir og leiðréttingar á farmskrám og útdráttum skulu vera staðfestar af skipstjóra með áritun á farmskrárnar eða útdrættina. Ef því verður ekki við komið, skal fylgja farmskrám og útdráttum sérstakt vottorð skipstjóra um leiðréttingarnar og útstrikanirnar.

Það er bannað að strika út eða gera leiðréttingar á farmskrám eða útdráttum eftir að skip hefir fengið afgreiðslu hér á landi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans.

Ef vörusending er skráð á farmskrá að vera „in disput“ eða með öðrum samskonar fyrirvara, losnar skipstjóri ekki undan ábyrgð, ef vörusendingin er ekki með skipinu.

30. gr.

Auk farmskrár skulu vera í aðkomuskipi eftirtaldar skrár:

1. Skrá yfir nauðsynjavistir. Á hana skulu vera skráðar allar vörur, sem ætlaðar eru til neyzlu og notkunar skipverjum og farþegum í skipinu sjálfu.

2. Skrá yfir skipsnauðsynjar, aðrar en nauðsynjavistir. Á skrá þessa skulu vera skráðar allar vörur, sem ætlaðar eru til notkunar í skipinu í sambandi við siglingu þess, t. d. vélanauðsynjar.

123 25. nóv.

Skipstjóra er heimilt, ef honum þykir það hentugra, að gera eina skrá í stað þeirra tveggja, sem um ræðir undir 1 og 2.

3. Skrá yfir skipverja og hluti þeim tilheyrandi. Á skrá þessa skulu vera skráðir allir skipverjar. Áfengir drykkir, öl og aðrir drykkir, tóbaksvörur, vindlingapappír, hárvötn, andlitsvötn og ilmvötn, sælgæti, spil, skotvopn, skotfæri og aðrir hlutir, sem skipverjum tilheyra eða þeir hafa undir höndum, skulu einnig skráðir á skrá þessa, enda séu hlutir þessir ekki skráðir á farmskrá skipsins.

4. Skrá yfir allan þann flutning, sem farþegum skipsins tilheyrir og tekinn eða settur hefir verið til geymslu í lestarrúmi skipsins eða öðrum sérstökum geymslum þess, eða ef varningurinn er settur til geymslu á þilfari, enda sé flutningur þessi ekki skráður á farmskrá skipsins. Á skrá þessari skal tilgreina tölu, merki og tegund umbúða, innihald umbúða, ef við verður komið, nafn þess, sem umbúðirnar eða því líkt tilheyrir, í hvaða lest eða geymslu töskurnar, kisturnar, kassarnir, pokarnir eða því líkt er.

Á skrám þeim, sem taldar eru undir 1—3 skal getið tegundar, magns eða tölu vara þeirra eða hluta, sem þar eru skráðir.

Skipstjóra ber að sjá um, að allar þær skrár, sem taldar eru í þessari grein, séu gerðar, og telst vanræksla á því brot á reglugerð þessari. Honum ber að undirrita skrár þær, sem um ræðir undir 1, 2 og 4 hér að framan, og er það brot af hálfu skipstjóra, ef þær reynast rangar. Sama er ef skrár þær, sem um ræðir undir 1 og 2, eru sameinaðar í eina skrá. Hver skipverji — þar með talinn skipstjóri — skal rita nafn sitt við sína uppgjöf á skránni, sem um ræðir undir 3, en skipstjóra ber að votta, að viðlagðri sektarábyrgð, að þar séu allir skipverjar skráðir.

31. gr.

Nú eru í skipi vörur, sem ekki eiga að affermast hér úr skipinu, en eiga að fylgja því aftur til útlanda, og skal þá vera sérstök skrá yfir vörur þessar í minnst 2 eintökum, og eiga þær að vera undirritaðar af skipstjóra.

f. Farþegalistar aðkomuskipa.

32. gr.

Í öllum skipum, sem koma hingað til lands og í eru farþegar frá útlöndum, skal vera listi í minnst 3 eintökum yfir þessa farþega.

Farþegalistar skulu greina nöfn farþega, hvort sé karl eða kona, heimilisfang, hvar þeir komu í skipið, til hvaða hafnar þeir ætla með skipinu, á hvaða farrými þeir séu og í hvaða farklefa.

Farþegalistar skulu undirritaðir af skipstjóra, og er það brot af hans hálfu, ef þeir reynast rangir.

VII. KAFLI
Koma skipa.

a. Frá útlöndum eða eftir samband við farartæki, sem jafnað verður við samband við útlönd.

33. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig á íslenzkum höfnum, annast tolleftirlitsmenn afgreiðslu þeirra eftir því, sem ákveðið er í reglugerð þessari, tolllögum og öðrum lögum, sem í gildi eru og til greina geta komið.

Þar til afgreiðslu tolleftirlitsmanns er lokið má enginn fara í eða úr skipinu, nema með leyfi tolleftirlitsmanns, og eigi mega skipstjórar leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirði, fyrr en tolleftirlitsmenn segja til, að það megi.

Ef enginn tolleftirlitsmaður er kominn um borð í skipið innan sex klukkustunda 123
eftir að það hefir hafnað sig, skal skipstjóri gefa viðkomandi tolleftirlitsmanni 25. nóv.
komu skipsins til vitundar, en fara skal skipstjóri eftir sóttvarnarreglum, að svo miklu leyti, sem því verður framast við komið.

34. gr.

Þegar eftir komu aðkomuskips skulu skipstjórar afhenda tolleftirlitsmanni skipshafnarlista og eftir því, sem við á, vöruskrár þær, sem um ræðir í 29.—31. gr., og farþegalista, sem um ræðir í 32. gr., ef farþegar eru í skipi. Afhenda ber tvö eintök af farmskrá skipsins og tvö eintök af farþegalista. Annað eintakið af farmskránni skal fylgja skipinu til síðustu hafnar, sem það flytur vörur til, er það flutti hingað til lands, en annað eintakið af farþegalistanum skal fylgja skipinu til síðustu hafnar, sem skipið flytur farþega frá útlöndum til, sbr. 76. gr.

Þá ber skipstjóra, ef tolleftirlitsmaður óskar eftir því, að afhenda og undirrita vottorð um það, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri vörur, sem skrá beri á vöruskrár skipsins, en taldar eru á skrám þeim, sem hann hefir afhent tolleftirlitsmanni.

Ef um vöruflutningaaðkomuskip er að ræða, sem flytur vörur til fyrstu aðkomuhafnar, skal skipstjóri afhenda útdrátt úr farmskrá skipsins yfir þær vörur, sem þar eiga að flytjast úr skipinu, ásamt vottorði, ef tolleftirlitsmaður óskar eftir því, um það, að þar verði ekki fluttar úr skipinu aðrar eða meiri vörur, sem séu eða eigi að vera skráðar á farmskrá skipsins.

Einnig ber að afhenda útdrátt úr farþegaflutningsskránni (4. liður 30. gr.) yfir þann flutning, sem þar verður fluttur úr skipinu, ásamt vottorði, ef óskað er, um það, að þar verði ekki fluttur úr skipinu annar eða meiri flutningur en sá, sem sé eða eigi að vera á farþegaflutningaskránni.

b. Frá innanlandshöfnum.

35. gr.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig á til að afferma vörur og flutning, er það skip hefir flutt hingað til lands, ber skipstjóra að afhenda tolleftirlitsmanni útdrátt úr farmskrá og farþegaflutningsskrá (4. liður 30. gr.) yfir þær vörur og þann farangur, sem þar á að affermast, ásamt sams konar vottorðum, ef óskað er, og um ræðir í 3. og 4. mgr. 34. gr.

Ef um er að ræða skip, sem ætlar að afferma vörur eða farangur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, og einnig á að afferma úr því vörur og farangur, sem fermdur hefir verið í skipið innanlands, ber einnig að afhenda tolleftirlitsmanni skrár yfir allar þessar vörur og allan þenna farangur, sem tekinn hefir verið hér á landi, en skrár þessar skulu, eftir því sem við á, vera eins gerðar og tilgreina sömu atriði og farmskrár yfir innfluttar vörur (29. gr.) og skrá yfir innfluttan farangur í lestum og öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari (4. liður 30. gr.), og skulu skrár þessar vera undirritaðar af skipstjóra, en það er brot á reglugerð þessari, ef vanrækt er að afhenda skrár þessar, eða þær eru ekki samdar eins og mælt er fyrir.

36. gr.

Skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skulu, ef tolleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, en tolleftirlitsmenn tilkynna, þegar þeir koma á skipsfjöl, skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

123
25. nóv.

VIII. KAFLI
Afferming.

37. gr.

Aðeins á tollhöfnum er heimilt að flytja úr skipi vörur — þar með talinn farangur —, sem það skip, sem vörurnar eru í, hefir flutt hingað til lands, með þeim undantekningum, sem taldar eru í 3. mgr.

Einnig er óheimilt utan tollhafna að afferma úr skipi vörur og farangur, sem fermdar hafa verið í skipið hér á landi, ef ekki hafa verið affermdar úr skipinu allar þær vörur — leyfilegar nauðsynjavistir, og annar leyfilegur skipsforði ekki talinn með —, sem skipið flutti hingað til lands, með þeim undantekningum, sem taldar eru þegar hér á eftir.

Afferma má skip utan tollhafna, ef

1. skip er strandað eða er í neyð,
2. skip nær ekki ákvörðunarstað vegna ísa, grynninga eða annara tálmana af náttúrunnar hendi,
3. tollstjóri sá, sem í hlut á, leyfir það eftir framkominni beiðni.

38. gr.

Ekki má byrja að afferma skip, sem í eru vörur — leyfilegar nauðsynjavistir, og annar leyfilegur skipsforði ekki talinn með —, sem það skip hefir flutt hingað til lands, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

39. gr.

Ef sérstaklega stendur á, geta tolleftirlitsmenn fyrirskipað, að afferming fari fram á tilteknum stöðum, sem þeir vísa á.

40. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd eða öðrum, sem stendur fyrir affermingu, að hann eða starfsmenn hans ætli að telja vörur úr skipi, má ekki afferma neinar vörur úr skipi né ferma í skipið neinar vörur, nema tolleftirlitsmenn séu viðstaddir til að fylgjast með affermingunni eða fermingunni.

Annars skulu allir hlutaðeigendur skyldir til að hlýða fyrirskipunum tolleftirlitsmanna um það, að við affermingu sé í öllu gætt reglu og öryggis.

IX. KAFLI
Framvísun aðfluttra vara og farangurs, sem ekki er á skrám, og ef aðfluttar vörur finnast við tollleit í skipi.

41. gr.

Allir, sem hafa meðferðis aðfluttar vörur eða farangur, sem ekki er skráður á vöruskrár, skulu ótilkvaddir framvísa öllum slíkum vörum eða farangri fyrir tolleftirlitsmönnum, og má enginn án leyfis tolleftirlitsmanna flytja úr skipinu vörur eða farangur, sem ekki er skráður á vöruskrár, fyrr en slíkar vörur eða farangur hafa verið skoðaðar af tolleftirlitsmönnum.

Nú leita tolleftirlitsmenn í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, til þess að fullvissa sig um, að vörum eða farangri, sem er með skipi, sé öllum framvísað eða rétt skýrt frá um vörur eða farangur, og að allt sé rétt tilfært á vöruskrám, sem þar á að vera, og vörur, sem

framvísa bar eða á vöruskrám áttu að vera, finnast við slíka leit eða reynast að vera aðrar vörur, en upp var gefið, og skal þá litið svo á, að slíkum vörum hafi verið skotið undan eða rangt sagt til þeirra, sbr. 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. 123 25. nóv.

X. KAFLI
Bann við að selja eða gefa af skipsforða.

42. gr.

Aldrei má gefa eða selja úr skipinu af skipsforða, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

Það telst ekki að selja úr skipi, ef bryti skips selur farþegum skipsins, í sambandi við veitingastarfsemi sína um borð, af skipsforða vörur til neyzlu á staðnum.

Samkvæmt lögunum um veitingasölu, gistihúshald o. fl., má ekki án veitingaleyfis eða gistihúss selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

XI. KAFLI
Skýrsla um aðfluttar vörur og önnur skjöl, sem við koma aðfluttum vörum. Vanræksla á að afhenda slík skjöl, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur.

43. gr.

Áður en viðtakendur vitja aðfluttra vara, skulu þeir afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um vörurnar.

Skýrsla þessi skal tilgreina, hvenær og með hvaða skipi varan var innflutt, tegund hennar, magn og verð, sem aðflutningsgjöld eru ákveðin eftir, og ef hún er í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra, þyngd vöru með umbúðum og önnur atriði, sem tollheimtan og tolleftirlitið þarf að fá vitneskju um og eyðublöð þau greina, sem gerð verða til afnota undir aðflutningsskýrslur.

44. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskírteini, fylgibréf, innkaupsreikninga og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og tolleftirlitsmenn þurfa að nota vegna starfa sinna.

45. gr.

Vanræksla á að gefa aðflutningsskýrslur, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur eða tollskylt verð vara, telst til brota gegn 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 44. gr., eða ef lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, telst til brota á reglugerð þessari.

XII. KAFLI
Hvar skuli afhenda skýrslur um aðfluttar vörur og önnur aðflutningsskjöl og greiða aðflutningsgjöld.

46. gr.

Aðflutningsskýrslur og önnur skjöl um aðflutta vöru ber að afhenda og aðflutningsgjöld að greiða tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, þar sem

123 25. nóv.

vöru á, samkvæmt farmskrá skipsins, að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands, nema svo standi á, sem segir í 47. og 48. gr.

47. gr.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, er heimilt að senda vöru til hans eða áleiðis til hans, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

1. Varan sé send til tollhafnar.

2. Afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhendi tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, eintak af farmskírteini eða fylgibréfi, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því.

3. Eintakið af farmskírteininu eða fylgibréfinu, sem um ræðir undir 2, sé afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, að fram geti farið skoðun og innsiglun vörunnar, áður en hún er flutt um borð í skipið, sem flytja á vöruna til ákvörðunartollhafnarinnar.

4. Afgreiðslumaður sá, sem sendir vöruna áfram, eða skipstjóri, sendi með vörunni til afgreiðslumanns á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhendi skipstjóra eintak af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.

5. Að farmskírteinin eða fylgibréfin, sem gefin verði út fyrir vörunni, séu með þeirri sérstöku gerð, að þau séu rauð að lit og beri greinilega með sér áritunina um það, að öll aðflutnignsgjöld af vörunni séu ógreidd, og að ekki hafi verið fullnægt öðrum skilyrðum fyrir því, að afhenda megi vörurnar, svo og að ekki megi afhenda vörurnar viðtakendum, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans, að viðlögðum allt að 10 þús. króna sektum, og að ef skipstjóri eða afgreiðslumaður skips afhendi vörurnar án slíks samþykkis, beri þeim að greiða þau aðflutningsgjöld, sem á vörunum hvíli.

Bannað er að nota farmskírteini eða fylgibréf, sem eru eins eða svipuð að gerð og þau, sem getið var, nema í því skyni, sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

48. gr.

Viðtakendur vara, sem sendar eru milli tollhafna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 47. gr., skulu afhenda aðflutningsskýrslur og skjöl og greiða aðflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem vörurnar eru sendar til.

Um skýrslur, skjöl og aðflutningsgjöld af vörum í strönduðum skipum fer eftir lögunum um skipsströnd.

Í öðrum tilfellum, sem um ræðir í 1—3 í 37. gr. skal farið, að því leyti, sem við verður komið, eftir fyrirmælum tollstjórans í því umdæmi, sem affermingin á sér stað.

XIII. KAFLI

Gjalddagi aðflutningsgjalda og greiðsla þeirra af vörum í sama farmskrárnúmeri.

49. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar skip það, sem vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast.

50. gr.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

XIV. KAFLI
Afhending aðfluttra vara til viðtakenda.

51. gr.

Skipstjórar og afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur og vörur, sem flytja á til landsins á farmskrá eða farangursskrá þeirri, sem um ræðir í 4 í 30. gr., nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans.

Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis tollstjóra eða umboðsmanns hans, þá er viðtakandi skyldur að skýra tolleftirlitsmanni frá því þegar í stað, og greiði hann þá gjaldið um leið.

XV. KAFLI
Lögveð í vörum, fullnustu í þeim, og ef eigi næst í vöru.

52. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og málskostnaði, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyrr en búið er að greiða gjöld þessi, sektir og málskostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefir tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjöldin átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru.

XVI. KAFLI
Ef vara ónýtist á leið hingað eða við uppskipun. Ef sjóskemmdar aðfluttar vörur eru seldar á uppboði.

53. gr.

Nú vill svo til, að aðflutningsgjaldskyld vara hefir ónýtzt á leið hingað til lands, eða við uppskipun, og skal þá ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmenn til, þegar það kemur í ljós, að vara hefir ónýtzt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

54. gr.

Séu seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki það boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum. Séu hins vegar seldar á uppboði vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

123
25. nóv.

XVII. KAFLI
Endursending vara.

55. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendir vöruna, fengið skírteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefir aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem um ræðir í skírteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% frádregnum.

Þó eru ekki endurgreidd aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún er endursend úr landinu.

Nú er vara, sem ekki hefir verið vitjað, viðtakandi hefir ekki fundizt að eða neitað hefir verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skírteini þar að lútandi, sem fylgir vörunni til útlanda, þá eru ekki heimt af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendi vöruna, afhendir framangreint skírteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skírteininu greinir, sé þangað innflutt. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma, sem tolleftirlitsmaður tiltók, skírteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, sem tolleftirlitsmaður ákvað, áður en hann gaf skírteinið út.

XVIII. KAFLI
Útflutningsskýrslur og önnur skjöl, sem við koma útfluttri vöru.

56. gr.

Allir, sem ætla að flytja til útlanda vörur með skipi, skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu yfir vörur þessar.

Skýrsla þessi skal tilgreina hvenær og með hvaða skipi varan verður útflutt, landið, sem varan á að flytjast til, tegund og magn hennar, og ef varan er í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra, þyngd vöru með umbúðum, söluverð, ef selt er, annars fob. gangverð, og önnur atriði, sem tollheimtan og tolleftirlitið þarf að fá vitneskju um og eyðublöð þau greina, sem gerð verða til afnota undir útflutningsskýrslur.

Eigi þarf að gefa útflutningsskýrslur um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og ætlaðar eru til notkunar í sambandi við siglingu þess, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 58. gr.

Þá þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur farþega, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 58. gr., en með venjulegum farangri farþega er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem farþegarnir hafa með sér til eigin nota á ferðalaginu.

Enn fremur þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur skipverja, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 58. gr., en með orðunum venjulegur farangur skipverja er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem heyra til skipverjum og farangur þessi sé til eigin nota skipverjanna á skipinu.

57. gr.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskírteini, fylgibréf, reikninga, sem fylgja vörum til útlanda og önnur skjöl og skilríki, sem tolleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

XIX. KAFLI
Skoðun útflutningsvara og skýrsla um vörur til skipa, farþega- og skipverjafarangur.

58. gr.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að mæla svo fyrir, að öllum vörum, sem flytja á um borð í skip, sem ætlar til útlanda eða er í utanlandssiglingum, og eru ætlaðar skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, skuli framvísað, þær skoðaðar og um þær gefnar skýrslur í tollgæzlustöð eða á öðrum stað, sem tolleftirlit er framkvæmt á, áður en vörurnar eru fluttar um borð í skipið.

Þá geta tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, mælt svo fyrir, að öllum farþega- og skipverjafarangri skuli framvísað, hann skoðaður og um hann gefnar skýrslur, ef ástæða þykir til, í tollgæzlustöð eða á öðrum stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, áður en vörur þessar eru fluttar um borð í skipið.

Annars er skylt að framvísa fyrir tolleftirlitsmönnum vörum þeim og farangri, sem um ræðir í 56. gr. og í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, hvenær sem þeir óska og hvort sem vörurnar eða farangurinn hefir verið fluttur um borð í skipið eða ekki.

Fyrirmæli þau, sem tollstjórum er heimilt að gefa samkvæmt 1. og 2. mgr., skulu þeir birta í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti, svo og í B-deild stjórnartíðindanna, en fyrirmælin mega þó koma til framkvæmda, áður en þau hafa verið birt í stjórnartíðindunum.

XX. KAFLI
Hvar skuli afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi.

59. gr.

Afhenda ber útflutningsskýrslur og önnur skjöl um útflutningsvörur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörurnar fara um borð í skipið, er á að flytja þær til útlanda.

Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli tollhafna til umskipunar í útflutningsskip, að afhenda útflutningsskýrslur og skjöl, greiða útflutningsgjöld og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi varanna fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörurnar fara um borð í skipið, sem flytur þær til þeirrar tollhafnar, sem þær eiga að koma á vöruskrár, en vörum þessum skal fylgja vottorð frá tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem gerð voru skil á útflutningsskýrslum, úflutningsskjölum og útflutningsgjöldum, um það, að fullnægt sé þeim fyrirmælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörurnar til útlanda.

60. gr.

Skýrslu um söluverð afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu tollhöfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða, ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla til sölu á erlendum markaði, þegar það næst leitar tollhafnar hér á landi. Hafni skipið sig ekki fyrst á þeirri tollhöfn, sem það er skrásett og útgerð skips er, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra þar.

123 25. nóv.

XXI. KAFLI
Hvenær skuli afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi.

61. gr.

Afhenda ber útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi fyrird tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, áður en vörurnar eða farangurinn er fluttur um borð í skipið, sem á að flytja þær til útlanda, að fram geti farið skoðun á vörunum.

Þegar vörur eða farangur er fluttur milli tollhafna til umskipunar, ber að afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi svo tímanlega fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, sem umskipun á að eiga sér stað, að fram geti farið skoðun á vörunum, áður en vörurnar eru fluttar um borð.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirmælum 1. og 2. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um vörur er að ræða, sem hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Tollstjórar geta þó bundið slíkar undanþáguveitingar því skilyrði, að skipstjórar eða afgreiðslumenn séu skyldir til að afferma vörur aftur, ef tolleftirlitsmaður álítur það nauðsynlegt, vegna skoðunar varanna, ákvörðunar útflutningsgjalda eða ákvörðunar á verðmæti varanna.

XXII. KAFLI
Vanræksla á að afhenda útflutningsskýrslur og útflutningsskjöl, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur.

62. gr.

Sá — farmflytjandi, sendandi, skipverji, farþegi eða annar —, sem flytur um borð vörur eða farangur, sem gefa ber útflutningsskýrslur um, áður en vörurnar eru fluttar um borð, hefir gerzt brotlegur við 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 57. gr. eða það, að lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, telst til brota á reglugerð þessari.

XXIII. KAFLI
Ferming.

63. gr.

Aðeins á tollhöfnum er heimilt að flytja í skip vörur — þar með taldar vörur til skipsþarfa, farangur, fiskafli og önnur veiði —, sem það skip á að flytja til útlanda, en ekki á öðrum höfnum, nema með leyfi tollstjóra, sem í hlut á.

Einnig er óheimilt utan tollhafna að ferma í skip vörur, sem flytja á til innanlandshafna, ef í skipið hafa verið fermdar vörur, sem það á að flytja til útlanda, eða ef í skipinu eru óaffermdar vörur, sem það hefir flutt hingað til lands, nema með leyfi tollstjóra, sem í hlut á.

64. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki byrja að ferma í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, fyrr en þeir hafa tilkynnt tolleftirlitsmanni um ferminguna, hvar og hvenær hún eigi ða fara fram og í aðalatriðum, hvað eigi að ferma.

65. gr. 123

Nú eru vörur afhentar skipstjóra eða afgreiðslumanni til fermingar og útflutnings, og mega þessir menn eða starfsmenn þeirra ekki flytja vörurnar um borð, fyrr en þeir hafa sannfært sig um, að tollstjóra eða umboðsmanni hans hafi verið afhentar útflutningsskýrslur, og að fyrir þeim hafi verið fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörur til útlanda. 25. nóv.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirmælum 1. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um er að ræða vörur, sem hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Tollstjórar geta þó bundið slíkar undanþáguveitingar samskonar skilyrði og um ræðir í 4. mgr. 61. gr.

66. gr.

Ef fermdar hafa verið í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, má ekki flytja vörur þessar úr skipinu hér á landi, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

67. gr.

Ef sérstaklega stendur á, geta tolleftirlitsmenn fyrirskipað, að ferming fari fram á tilteknum stöðum, sem þeir vísa á.

68. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem er fyrir hans hönd, eða öðrum, sem standa fyrir fermingu, að hann eða starfsmenn hans ætli að telja vörur í skip, má ekki ferma vörur í skip eða afferma vörur úr skipi, nema tolleftirlitsmenn séu viðstaddir til að fylgjast með fermingunni eða affermingunni.

Annars skulu hlutaðeigendur skyldir til að hlýða fyrirskipunum tolleftirlitsmanna um það, að við fermingu sé gætt reglu og öryggis.

XXIV. KAFLI
Farmskrár útflutningsskipa.

69. gr.

Skipstjórar skulu gera farmskrá í minnst 4 samritum yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings frá hverri höfn.

Ónauðsynlegt er, að settar eru á útflutningsfarmskrár vörur, sem skip tekur hér og ætlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, enda séu vörur þessar ekki umfram það, sem almennt tíðkast, og þær skráðar á skrá þá, sem um ræðir í 70. gr. Þá þarf ekki að skrá á farmskrá hluti, sem farþegar, sem verða með skipinu, hafa meðferðis í ferðatöskum og umbúðum, þar sem föt þeirra eru geymd og venjulega er ekki heimt sérstakt flutningsgjald fyrir, en séu töskur þessar, umbúðir eða því líkt ekki skráð á farmskrána, en hinsvegar í geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þilfari, ber að skrá það á farangursskrá þá, sem um ræðir í 71. gr. Enn fremur er ónauðsynlegt, að skráðir séu á farmskrána hlutir, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í fatapokum sínum, töskum eða umbúðum, þar sem þeir geyma föt sín og ekki er venjulega heimt flutningsgjald fyrir, en ef skipverjar koma töskum þessum, pokum eða þvílíku til geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þilfari, ber að skrá þá á farangursskrá þá, sem um ræðir í 71. gr.

Farmskrár frá hverri höfn skulu vélritaðar eða greinilega skrifaðar, svo auðvelt sé að lesa þær. Á þeim sé greinilega tilgreindur fermingarstaður vörusendingar, stykkjatala, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti

123 og þungi hverrar vörutegundar, svo og flutningsgjald og affermingarstaður vöru-
25. nóv. sendingar.

Vörusendingar frá hverri höfn skulu tilfærðar á skrám og útdráttum í óslitinni töluröð, en í sama númeri skal skrá vörur, sem eru á sama farmskírteini eða fylgibréfi. Um leið og skipstjóri eða afgreiðslumaður tekur við skilríkjum, sem sýna, að útflytja megi vörur vegna tollstjóra eða umboðsmanns hans, skal skrá farmskrárnúmerið á skilríki þessi.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

Farmskrár þær, sem afhenda ber á hverri höfn, skulu vera undirritaðar af skipstjóra og afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum, og heftar saman, ef þær eru fleiri en eitt blað.

Eintak af farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skal vera í því, þar til er það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en tolleftirlitsmenn hafa ávallt aðgang að farmskrám.

Allar útstrikanir og leiðréttingar á farmskrám skulu vera staðfestar af skipstjóra með áritun á farmskrárnar. Ef því verður ekki við komið, skal fylgja farmskrám sérstakt vottorð skipstjóra um leiðréttingarnar og útstrikanirnar.

Það er bannað að gera leiðréttingar á farmskrám, sem fylgja skipi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans á þeirri höfn, þar sem vörurnar komu á farmskrá og skráin var afhent.

Ef vörusending er skráð á farmskrá að vera „in disput“ eða með öðrum samskonar fyrirvara, losnar skipstjóri ekki undan ábyrgð, ef vörusendingin er ekki með skipinu.

XXV. KAFLI

Skrá yfir vistaforða og aðrar skipsnauðsynjar, sem skip tekur hér á landi.

70. gr.

Skipstjórar erlendra skipa og íslenzkra skipa, sem eru í utanlandssiglingum, skulu gera tvíritaða skrá yfir þær vörur, sem teknar eru á hverri höfn skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í skipinu.

Skrá þessi skal tilgreina tölu, magn og tegund varanna, eða ef þær eru í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra.

Skipstjóra ber að undirrita skrá þessa og telst það til brota af hálfu skipstjóra, ef þær reynast rangar.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem teknar eru í hverri höfn, skal vera í skipi, þar til er það leggur úr síðustu höfn, en tolleftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að þessum skrám.

XXVI. KAFLI

Skrá yfir farþega- og skipverjafarangur í lestum, öðrum geymslum skips eða á þilfari, sem þar á að vera til útlanda.

71. gr.

Skipstjóra ber að gera tvíritaða skrá yfir allan þann farangur, sem farþegum skipsins og skipverjum tilheyrir og tekinn hefir verið til geymslu á hverri höfn í lestar, aðrar sérstakar geymslur skipsins eða á þilfari og þar á að vera í skipinu til útlanda, enda sé farangur þessi ekki skráður á farmskrá skipsins.

Á skrá þessari skal tilgreina tölu, merki og tegund umbúða, innihald þeirra, ef

við verður komið, nafn þess, sem umbúðirnar eða þvílíkt tilheyrir, í hvaða lest, geymslu eða hvar á þilfari þessi flutningur er. 123 25. nóv.

Skipstjóra ber að undirrita og hefta saman, ef fleiri en eitt blað er, skrá þessa, og er það brot af hans hálfu, ef hún reynist röng.

Annað eintakið af skránni yfir farangur, sem tekinn er á hverri höfn, skal vera í skipi, þar til það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en tolleftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að skránum.

XXVII. KAFLI

Skrá yfir innanlandsflutning í skipum, sem í eru innflutningsvörur, útflutningsvörur eða ferma á í útflutningsvörur.

72. gr.

Skipstjórar skipa, sem taka hér á landi vörur til innanlandshafna og í eru vörur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, eða vörur, sem það skip á að flytja til útlanda, eða í verða fermdar vörur til útflutnings, áður en allur innanlandsflutningurinn er fluttur úr skipinu, skulu gera tvíritaðar skrár yfir vörurnar, sem skipið á að flytja til innanlandshafnanna og skulu skrár þessar greina sömu atriði og farmskrár yfir útflutningsvörur og vera undirritaðar af skipstjóra og heftar saman, ef fleiri en eitt blað er, og er það brot af hans hálfu, ef þær reynast rangar, en tolleftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skrám.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem skip tekur til innanlandshafna skal vera í skipinu, þar til er allar þær vörur, sem á skránni eru, hafa verið fluttar úr því.

73. gr.

Skipstjórar skipa þeirra, sem um ræðir í 72. gr., skulu gera tvíritaða skrá yfir farangur, sem tilheyrir farþegum skipsins og skipverjum og tekinn er til flutnings í lestum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða á þilfari.

Skrá þessi skal tilgreina sömu atriði, sem skrár yfir farangur, sem verður í lestum, öðrum geymslum eða á þilfari til útlanda, sbr. 71. gr., og skal hún undirrituð af skipstjóra og samheft, ef hún er fleiri en eitt blað, en ef hún reynist röng, er það brot af hálfu skipstjóra. Tolleftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skrám.

Annað eintakið af skránni yfir farangur til innanlandshafna, sem er í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari skipsins, skal vera í því, þar til er allur slíkur farangur hefir verið fluttur úr því.

XXVIII. KAFLI

Farþegaskrár og skipverjaskrár.

74. gr.

Hvenær sem tolleftirlitsmenn þurfa, skulu skipstjórar skipa, sem eru í innanlandssiglingum, skyldir til að láta tolleftirlitsmönnum í té skrá yfir skipverja og farþega í skipi.

Öll skip, sem ætla að flytja héðan farþega til útlanda, skulu hafa skrá yfir þessa farþega, en skrá þessi skal tilgreina sömu atriði og farþegalistar aðkomuskipa, sbr. 32. gr.

Ef tolleftirlitsmenn óska, skulu skipstjórar skipa, sem ætla til útlanda, láta þeim í té eftirrit af skipshafnarskrá.

123
25. nóv.

XXIX. KAFLI
Brottför skipa.

a. Hvort sem skip ætlar til innanlandshafna eða til útlanda.

75. gr.

Áður en skip fer úr höfn, hvort sem það ætlar til innanlandshafna eða ekki, ber skipstjóra

a ð greiða skipakomugjöld og önnur gjöld, sem greiða ber af skipinu til tollstjórnarinnar, ef slík gjöld hafa fallið á,

a ð vitja skipsskjalanna, ef tolleftirlitsmaður hefir tekið þau í sínar vörzlur við komu skips eða síðar,

a ð afhenda farmskrá yfir vörur, sem fermdar hafa verið í skipið til útflutnings, ásamt skilríkjum, sem sýna, að skilað hafi verið útflutningsskýrslum og fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörurnar til útlanda, ef á hlutaðeigandi höfn hafa verið fermdar í skipið slíkar vörur,

a ð afhenda skrá yfir vörur, sem teknar hafa verið á hlutaðeigandi höfn, skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, enda hafi slíkar vörur verið teknar, og um sé að ræða erlend skip eða íslenzk skip, sem eru í utanlandssiglingum,

a ð afhenda skrá yfir farangur farþega og skipverja í lestum, öðrum sérstökum geymslum skipsins eða á þilfari, ef slíkur farangur hefir verið fluttur í skipið til þess að verða þar til útlanda.

b. Til innanlandshafna.

76. gr.

Áður en skip, sem á að fara til innanlandshafna, leggur úr höfn, ber skipstjóra

a ð vitja farmskrár yfir vörur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, ef ekki hafa verið affermdar úr skipinu allar slíkar vörur og farmskráin er í vörzlum tolleftirlitsmanna,

a ð vitja skipverjaskrár og annarra vöruskráa, sem eiga að vera í aðkomuskipi og um ræðir í 30. gr., ef í skipi eru vörur, sem taldar eru í þessum skrám,

a ð vitja farþegalista, ef að í skipi eru farþegar, sem komu með því frá útlöndum,

a ð vitja farmskráa yfir útflutningsvörur og skráa yfir farangur, sem á að vera í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari til útlanda, ef að slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum, og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörzlur, sbr. 7. mgr. 69. gr. og 4. mgr. 71. gr.,

a ð vitja skráa yfir vistaforða og aðrar skipsnauðsynjar, ef slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörzlur, sbr. 4. mgr. 70. gr.,

a ð vitja skráa yfir innanlandsflutning, ef slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum, og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörzlur, sbr. 72. gr. og 73. gr.,

a ð afhenda skrár yfir vörur og farangur, sem eiga að vera í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari til innanlandshafna, ef á hlutaðeigandi höfn hafa verið teknar slíkar vörur eða farangur, enda séu í skipi vörur eða farangur, sem innfluttur var í lestum þess, öðrum geymslum eða á þilfari, eða í skipið hafa verið fermdar vörur eða farangur í lestar, aðrar geymslur eða á þilfar til útflutnings eða í skipið á að ferma vörur, áður en allur innanlandsflutningur hefir verið fluttur úr því.

Skipstjóra eða þeim, sem hann setur fyrir sig, ber að vera viðstaddur, ef tolleftirlitsmenn óska eftir því, þegar þeir setja innsigli sitt á skrár þær, sem um ræðir í þessari grein og skipstjóra ber að hafa meðferðis til innanlandshafna.

77. gr.

Skipstjórar geta fengið hjá tolleftirlitsmanni tollvegabréf, sem sýnir að skipið hafi fengið lögfulla afgreiðslu til innanlandshafna á þeirri höfn, sem skipið er að fara frá.

c. Til útlanda.

78. gr.

Áður en skip leggur úr síðustu höfn hér á landi ber skipstjóra

a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem hefir fermt vörur til útflutnings á ýmsum höfnum hér á landi, samrit af farmskránum yfir vörur, sem skipið hefir tekið á hverri höfn, og vottorð um það, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri vörur til útflutnings en þær, sem taldar séu á viðfestum farmskrám,

a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem hefir tekið vörur til skipsþarfa á ýmsum höfnum hér á landi, samrit af skrám yfir þessar vörur, sem teknar hafa verið á hverri höfn, ásamt vottorði um það, að ekki hafi verið teknar eða verði teknar hér á landi aðrar eða meiri vörur til skipsþarfa en taldar séu á skránum,

a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem hefir verið tekinn á ýmsum höfnum farangur farþega og skipverja til geymslu í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari til þess að vera þar til útlanda, skrár yfir farangur þennan, ásamt vottorði um það, að ekki hafi verið tekinn eða verði tekinn til geymslu í lestum, öðrum geymslum eða á þilfari annar eða meiri farangur farþega eða skipverja til útlanda, en þar er talinn,

a ð afhenda tolleftirlitsmanni, ef farþegar eru í skipi, tvíritaða skrá yfir farþega, ásamt vottorði um það, að í skipi séu ekki aðrir eða fleiri farþegar til útlanda.

79. gr.

Skipstjórar geta fengið hjá tolleftirlitsmanni tollvegabréf, sem sýnir, að skipið hafi fengið hér á landi lögfulla afgreiðslu til útlanda.

XXX. KAFLI
Sérákvæði um skemmtiskip.

80. gr.

Skemmtiskip, sem koma hingað til lands með félög manna og farþega, sem halda áfram með skipinu, eru undanþegin því, að hafa meðferðis frá útlöndum vöruskrár og skipverjaskrár og undanþegin innsiglun á nauðsynjavistum og öðrum skipsforða. Undanþága þessi er þó því skilyrði bundin, að skipið hafi ekki meðferðis vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu, í skipi séu ekki farþegar, sem verða hér eftir, skipið taki hér ekki farþega eða aðrar vörur en þær, sem um ræðir í 2. mgr., tollvörður sé hér í skipinu og mönnum úr landi sé bannað að fara um borð, nema með sérstöku leyfi tolleftirlitsmanns.

Skemmtiskipum er heimilt að taka hér vörur til skipsþarfa, en þegar það er gert, skal farið eftir ákvæðum 70. gr., 75. gr. og 78. gr.

123
25. nóv.

XXXI. KAFLI
Sérákvæði um herskip.

81. gr.

Fyrirmælin í 5. kafla um það, að skip, sem eru í íslenzkri landhelgi, séu háð stöðvunarskyldu eða þurfi að hægja ferð sína og taka tolleftirlitsmenn um borð, ef þeir óska eftir því, svo og að skip séu háð tolleftirliti, innsiglun o. fl., taka ekki til herskipa.

Skip þessi eru undanþegin því að afhenda vöruskrá og skipverjalista, en skipsforingi er þó skyldur til, áður en nokkur afferming á sér stað, að afhenda skriflega skýrslu um það, sem afferma á, og eftir að fermt hefir verið eitthvað, skýrslu um það, sem fermt hefir verið.

XXXII. KAFLI
Flugtæki.

82. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda eftir því, sem við á, um flugtæki, sem eru í ferðum milli Íslands og annara landa eða í ferðum innanlands.

XXXIII. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

83. gr.

Brot gegn 11. gr., 2. og 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. varða samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit sektum, svo og fangelsi, ef brot er ítrekað, nema brotið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

Brot gegn 13. gr., 1. mgr. 18. gr. og 21. gr. varða samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit sektum, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

Að því leyti sem brot gegn 14., 15. og 20. gr. varða ekki sektum eftir 2. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit, varða þau sektum eftir reglugerð þessari, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

84. gr.

Í 1. mgr. 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að nú verði maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra tolleftirlitsmanni frá vörum, sem hann hefir innflutt, haft meðferðis eða tekið við, eða að hafa sagt rangt til um vörur, og skal hann þá sæta sektum, ekki lægri en 100 kr., svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru, eða ef brot er margítrekað.

Þá segir í 3. mgr. 36. gr. nefndra laga, að ennfremur sé jafnan heimilt að gera upptækar vörur, sem undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Loks segir í 4. mgr. nefndrar 36. gr. laganna, að auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1. og 3. mgr. greinarinnar, skuli sá, sem þrisvar hafi gerzt sekur um þar nefnd brot, sviftur leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt.

85. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að sá, sem komi því til leiðar með fortölum, fjárframlögum, heitum eða ráðum, að vörur séu ólöglega innfluttar eða tollsviknar, eða sá, sem fái annan til þess að flytja ólöglega inn fyrir

sig vörur eða tollsvíkja þær, enda þótt þessir menn verði ekki álitnir aðalmenn í verknaðinum sjálfum, skuli sæta sektum, svo og fangelsi, ef sakir séu miklar, eða ef brot sé margítrekað. 123 25. nóv.

Þá segir í 2. mgr. 37. gr. nefndra laga, að sömu refsingu skuli þeir sæta, sem aðstoði þá, sem hafi ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma.

Loks segir í 3. mgr. nefndrar greinar, að ennfremur sé heimilt að svifta þá menn, sem sekir verða eftir þessari grein, leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma, eða fyrir fullt og allt, ef brot sé margítrekað.

86. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að það varði sektum, ef vanrækt sé að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans útflutningsskýrslur.

Í 2. mgr. nefndrar 38. gr. segir, að ef slíkar skýrslur séu gerðar rangar, varði það sektum eða fangelsi, eða hvorutveggja, ef sakir séu miklar. Sömu refsingu sæti sá, sem hafi eða hefði hagnað af rangri skýrslugerð, og hin ranga skýrsla sé gefin með hans vitund, enda liggi ekki við brotum þessum þyngri refsing samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

87. gr.

Í 39. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að ef nokkur tregðist við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í 23. gr. þessarar reglugerðar, megi þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og megi tollstjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda. Aðför megi gera í eignum sökunauta fyrir sektum samkvæmt þeirri grein.

88. gr.

Samkvæmt 40. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit varðar það skipstjóra sektum, allt að 5000 kr., ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda farmskrár og útdrætti tolleftirlitsmanni. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur tolleftirlitsmaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður skips riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipi eða látið rannsaka skipsfarm á kostnað skipseiganda. Annars má tolleftirlitsmaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr eða í skip eða rannsaka skipsfarm, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talningu eða rannsókn.

89. gr.

Sé afferming byrjuð, án leyfis tolleftirlitsmanns, varðar það skipstjóra sektum eftir 41. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit.

90. gr.

Að því leyti sem brot gegn 47. gr. reglugerðar þessarar varðar ekki afgreiðslumennina eða skipstjórana sektum eftir 42. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, varða þau sektum eftir reglugerð þessari.

Nú eru vörur, sem sendar eru milli tollhafna, sbr. 47. gr. reglugerðarinnar, afhentar viðtakendum án samþykkis hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, og skulu þá afgreiðslumennirnir eða skipstjórarnir samkvæmt 42. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit greiða aðflutningsgjöld þau, sem á vörunum hvíla.

91. gr.

Nú eru aðflutningsgjaldskyldar vörur afhentar viðtakendum án samþykkis hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, og varðar það þá eftir 43. gr. lag-

123 anna um tollheimtu og tolleftirlit skipsjóra eða afgreiðslumann, ef hann er þar á
25. nóv. saðnum, sektum, allt að 5000 kr. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður eftir ákvæðum nefndrar 43. gr. ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 52. gr. þessarar reglugerðar.

92. gr.

Ef aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip taka fyrstu höfn á öðrum tollhöfnum en tollafgreiðsluhöfnum þeim, sem taldar eru í 1. mgr. 28. gr., án þess að hafa tilkynnt áður komu sína á þann hátt og innan þess tíma, sem segir í nefndri grein, skal skipstjóri greiða í viðurlög kr. 5.00 af hverri nettó smálest skipsins. Ef um er að ræða erlent skip, sem hér búsettur maður hefir leigt hingað, og hann hefir vanrækt að skýra útgerðarmanni skips eða skipstjóra frá ákvæðunum í 28. gr., skal skipstjóri eiga endurgjaldsrétt á hendur leigutaka skips út af viðurlögum þessum.

Ef aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaflugtæki tekur fyrstu höfn á öðrum tollhöfnum en tollafgreiðsluhöfnum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. 28. gr., skal flugstjóri greiða í viðurlög kr. 50.00 fyrir hvern farþega, sem flugtæki getur tekið, ef um farþegaflugtæki er að ræða, en kr. 25.00 fyrir hver 100 kg., sem flugtæki getur tekið af vörum, ef um vöruflutningaflugtæki er að ræða, en hæfilegar nauðsynjavistir, og aðrar nauðsynjar flugtækisins, teljast ekki vörur í því sambandi. Ef flugtæki er bæði farþega- og vöruflutningaflugtæki, skal ákveða viðurlögin eftir reglunum um vöruflutningaflugtækin, en í því sambandi skal litið svo á, að farþegarúm taki 200 kg. af vörum.

93. gr.

Önnur brot á reglugerð þessari en þau, sem ræðir um í 83.—92. gr. hér á undan, varða sektum frá 5—10000 krónum.

94. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, ef önnur málsmeðferð er ekki fyrirskipuð í lögum. Sektir allar og viðurlög renna í ríkissjóð. Samkvæmt 45. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit eru vörur, sem gerðar eru upptækar samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laganna, eign ríkissjóðs.

XXXIV. KAFLI
Gildistaka reglugerðarinnar.

95. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1939, að því leyti, sem þau komu ekki til framkvæmda með gildistöku laga nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 5 30. jan. 1935, um framkvæmd tollgæzlu, eru í gildi til 1. jan. 1939.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 48. gr. laga nr. 63 31. desbr. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga.

I. KAFLI
Aðflutningsskýrslur og aðflutningsskjöl.

1. gr.

Áður en viðtakendur vitja aðfluttra póstsendinga, sem teknar eru til tollmeðferðar, skulu þeir afhenda hlutaðeigandi póstafgreiðanda skýrslu um hvaða vörur séu í sendingunni, magn þeirra og verð, sem aðflutningsgjöldin eru ákveðin eftir, og um önnur atriði, sem póstmenn og tollmenn þurfa að fá vitneskju um, vegna tolleftirlits og tollheimtu og eyðublöð þau greina, sem verða til afnota undir aðflutningsskýrslur.

Þá eru viðtakendur skyldir að leggja fram fyrir póstmenn og tollmenn fylgibréf, innkaupsreikninga, tollskýrslur og önnur skjöl, sem við koma aðfluttri vöru í pósti, og póstmenn og tollmenn þurfa að fá vitneskju um, vegna tolleftirlits og tollheimtu.

Vanræksla á að gefa aðflutningsskýrslur, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur eða tollskylt verð vara, telst til brota gegn 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 2. mgr., eða ef lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, varðar sektum.

Samkvæmt lögum er, ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, þeim, sem heimtir inn tollinn af vörunni, rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

II. KAFLI
Tollmeðferðin.

a. Hvað skuli taka til tollmeðferðar og eftir hverju skuli farið.

2. gr.

Til tollmeðferðar skal jafnan taka þessar sendingar:

1. Bréfapóstsendingar og verðpóstsendingar með grænum tollmiða.
2. Bréfa og verðpóstsendingar, sem ætla má, að í séu lyfjavörur og eiturtegundir, svo sem ópíum, kókaín og morfín.
3. Bréfa- og verðpóstsendingar, sem ætla má að í séu aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á, eða vörur, sem ekki má flytja hingað til lands, nema fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, svo sem með innflutningsleyfi.
4. Alla póstböggla, nema böggla, sem samkvæmt utanáskrift eiga að fara til sendiherra erlendra ríkja og sendiræðismanna, enda sé við afhending bögglanna afhent yfirlýsing hlutaðeigandi sendiherra eða sendiræðismanns um, að vörurnar í bögglunum séu til eigin nota viðtakanda.

Þegar talað er um vörur í reglugerð þessari, er átt við alla hluti, hverja sem eru.

3. gr.

Til þess að ákveða, hvort aðflutt sending skuli tekin til tollmeðferðar, skulu póstmenn fara eftir þessum reglum:

124 1. Allar bréfasendingar með grænum tollmiða skulu sæta tollmeðferð.

29. nóv. 2. Öll önnur bréf skulu afhendast viðtakanda, án tollmeðferðar, nema ætla megi, að í slíkum sendingum séu vörur, sem aðflutningsgjöld ber að greiða af, vörur, sem bannaður er innflutningur á, eða vörur, sem ekki má flytja hingað til lands, nema fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, en þegar svo ber undir, skulu póstmenn tilkynna viðtakanda komu sendingarinnar og skora á hann að opna sendinguna í viðurvist póstafgreiðanda.

3. Allar opnar sendingar, svo sem verzlunarskjöl og prent, skulu rannsakaðar af póstmönnum. Ef ekki eru í þeim aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á eða ekki má flytja hingað til lands, nema með ákveðnum skilyrðum, skulu póstmenn afhenda viðtakendum sendingar þessar, án frekari aðgerða. Séu hinsvegar í þeim aðflutningsgjaldskyldar vörur, vörur, sem bannaður er innflutningur á eða ekki má flytja hingað til lands, nema með ákveðnum skilyrðum, eða ef póstmenn eru í vafa um það, hvort þannig sé ástatt um opnar sendingar, skulu þær sæta tollmeðferð.

b. Tollskoðun og tollflokkun.

4. gr.

Tollmenn skoða og tollflokka vörur, sem afhentar eru til tollmeðferðar á póststofuna í Reykjavík. Utan Reykjavíkur skulu, nema svo standi á, sem segir í 5. gr., sérstakir tollgæzlumenn, þar sem þeir eru, framkvæma störf þessi, ef þeir geta annað þeim, en ella og annarstaðar á landinu annast póstmenn störf þessi.

5. gr.

Nú skoða tollmenn í Reykjavík eða sérstakir tollgæzlumenn utan Reykjavíkur póstsendingar annarsstaðar en á ákvörðunarstað sendinganna, og þeim fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir nákvæmlega tegund, magn og tollverð varanna, og skulu þá þeir tollmenn, sem skoða innihald sendinganna, merkja við vörurnar á skjölunum eftir tollflokkum. Tollmaður sá, sem framkvæmir skoðunina, skal geta nafns síns á skjalinu, þar sem tollmerkt er við vörurnar

Nú skoða hinsvegar tollmenn, sem um ræðir í 1. mgr., utan ákvörðunarstaðar póstsendingar, sem ekki fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir nákvæmlega tegund, magn og tollverð vöru, og skulu þá þeir tollmenn, sem skoða innihald sendinganna eftir tollflokkum, svo og magn hverrar vörutegundar.

Tollseðill þessi, sem skal undirritaður af þeim, sem framkvæma skoðunina, fylgir síðan sendingunni til ákvörðunarstaðar og er þar lagður til grundvallar um innihald hennar, nema sérstök ástæða þyki til, að skoðun fari fram aftur.

c. Tollheimtan.

6. gr.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum skal greiða og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir innflutningi fyrir póstafgreiðanda, sem afhendir sendinguna til viðtakanda, og skulu gjöldin greidd og fullnægt skilyrðunum, áður en sendingin er afhent.

Nú hljóðar innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem verðtollar eru ákveðnir eftir, um fjárhæð í erlendri mynt, og skulu þá verðtollarnir á þeim stöðum, sem bankar eru, reiknaðir eftir því sölugengi á henni, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi póstsendingar til ákvörðunarstaðar, og er bönkum og útbúum þeirra skylt að gefa póstmönnum, sem innheimta aðflutningsgjöld, upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt og ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi

póstávísana, útfarinna héðan. Ef ekkert slíkt póstávísanagengi er skráð, skal ákveða verðtollinn eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður. 124 29. nóv.

Á þeim stöðum, sem engir bankar eru, og pósthúsum er ókunnugt um bankagengi, skal telja verðtollana eftir gengi póstávísana, útfarinna héðan, á komudegi póstsendingar til ákvörðunarstaðar. Ef ekkert slíkt póstávísanagengi er skráð, skal ákveða verðtollana eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

7. gr.

Þegar viðtakandi aðfluttrar póstsendingar, sem tekin hefir verið til tollmeðferðar, hefir afhent póstmanni aðflutningsskýrslu og önnur aðflutningsskjöl, athugar tollmaður eða póstmaður skjöl þessi, ber þau saman við vörur þær, sem í sendingunni eru, og tollflokkar vörurnar. Síðan gefur póstmaður út tollreikning fyrir sendingunni, en jafnframt því stimplar hann innkaupsreikninginn, tollskýrsluna eða annað skjal, sem tilgreinir það magn og þá fjárhæð, sem aðflutningsgjöldin voru reiknuð af, með tollstimpli þeim, sem um ræðir í 8. gr., og tölusetur það skjal því númeri, sem tollreikningurinn ber, en á tollreikningseyðublaðinu er fyrirvari um það, að hann, ásamt stimpluðum innkaupsreikningi, tollskýrslu eða öðru skjali, sem ber sama númer og tollreikningurinn, sé sú eina lögfulla kvittun fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum þeim, sem reikningurinn hljóðar um, enda skal þess getið á tollreikningnum, hvort innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal var stimplað og tölusett.

Ef um er að ræða sendingar, sem ekki fylgir innkaupsreikningur, tollskýrsla eða annað skjal, sem tilgreinir magn vara eða verð, vottar tollmaður eða póstmaður um það á aðflutningsskýrsluna, hvort þar sé rétt skýrt frá um innihald sendingar og magn, og hvort verð eða verðmæti vörunnar sé sennilegt.

8. gr.

Þegar póstmaður tekur á móti aðflutningsgjöldum, skal hann jafnan láta þeim, sem greiðir, í té kvittaðan tollreikning.

Póststjórnin lætur gera sérstök reikningahefti undir tollreikninga. Tollreikningar þessir eru tölusettir, og skal hver tollreikningur tvíritaður. Annað eintakið, sem tollgreiðandi fær, er rifgatað, en hitt eintakið er fast í heftinu. Að aflokinni notkun skulu reikningaheftin, ásamt aðflutningsskýrslum, send póststjórninni til endurskoðunar.

Þá lætur fjármálaráðuneytið gera til afnota fyrir póstmenn, sem innheimta aðflutningsgjöld, sérstaka stimpla, sem notaðir skulu við stimplun innkaupsreikninga, tollskýrslna og annara skjala, sem höfð er hliðsjón af við ákvörðun aðflutningsgjalda.

III. KAFLI

Ýms ákvæði.

9. gr.

Póstmönnum bera 4% af aðflutningsgjöldum í innheimtulaun. Setur póst- og símamálastjóri nánari reglur um þá þóknun, svo og um reikningsskil póstmanna fyrir aðflutningsgjöldum.

10. gr.

Af póstsendingum, sem ekki fara úr vörzlum póstsins og endursendar eru til útlanda eða frá útlöndum, skal ekki greiða aðflutningsgjöld.

Aðflutningsgjöld, hvort sem eru vörumagnstollar eða verðtollar, greiðast af gjöfum og öðru því líku.

124 11. gr.
29. nóv. Mál út af brotum á 4. mgr. 1. gr. sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í ríkissjóð.

12. gr.
Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í 47. og 48. gr. laga frá 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

125
29. júní

ERINDISBRÉF
fyrir síldarmatsmenn.

1. gr.
Síldarmatsmenn skulu leggja stund á að vera sem færastir í því að geta dæmt um gæði og flokkun síldarinnar. Þeir skulu, eftir því sem þeir eiga kost á, afla sér þekkingar í öllu, er lýtur að starfi þeirra, kröfum kaupendanna um vörugæði, og framförum í síldarverkun.

Matsmenn skulu hafa það hugfast, að tilgangur matslaganna er að auka vöruvöndun og afla vörunni álits og trausts kaupenda. Þeir skulu því eftir fremsta megni gera sitt til þess, að þessum tilgangi verði náð, með því að kveða upp réttlátan dóm um vöruna í hvert sinn. Þeir eiga að koma fram með stillingu og festu og varast að fara í kappræður við aðra um gæði og galla vörunnar. Þeir mega ekki taka tillit til álits annara á síldinni, hvort heldur er kaupanda, seljanda eða óviðkomandi manna, heldur skulu þeir byggja dóm sinn á eigin áliti, sem þeir þó verða að forðast að mynda sér, fyrr en þeir með nákvæmri skoðun hafa fengið glöggt yfirlit yfir gæði og galla vörunnar, en þá fyrst skulu þeir fella úrskurð sinn í fullu samræmi við það, sem tekið er fram í matsreglum.

2. gr.
Matsstjóri er yfirboðari matsmanna og ber þeim að hlýða fyrirskipunum hans um framkvæmd matsins. Í vandamálum, sem fyrir kunna að koma viðvíkjandi matinu, ber matsmönnum að ráðfæra sig við matsstjóra. Matsmenn skulu, eftir því sem tími þeirra leyfir, kynna sér verkun síldarinnar almennt í umdæmi sínu. Skulu þeir hafa frjálsan aðgang að söltunarstöðvum, og ber saltendum skylda til að sýna þeim það, er þeir krefjast, og veita þeim þær upplýsingar, er þeir fara fram á. Ef matsmaður verður þess áskynja, að verkuninni sé að verulegu leyti ábótavant, skal hann tilkynna það matsstjóra, sem þá athugar málið og aðstoðar saltendur, ef þeir óska þess, við að koma verkuninni í betra horf. Verði matsmaður var við, að matslögin séu brotin, skal hann ávallt tilkynna það matsstjóra, auk þess sem hann skal kæra fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef um verulegt brot á matslögunum er að ræða.

3. gr.
Matsmenn útbýta til saltenda eyðublöðum undir skoðunarbeiðnir og leiðbeina þeim, sem þess óska, um útfyllingu þeirra. Matsmenn skulu að jafnaði afgreiða beiðnir um mat í þeirri röð, er þær berast þeim, en þó er matsmanni heimilt að breyta röðinni, ef það upplýsist, að nauðsynlegt sé vegna útflutnings að afgreiða beiðnir, er síðar koma, á undan þeim fyrri. Það er brýnt fyrir matsmönnum að

gæta árvekni og dugnaðar í starfi sínu, svo að ónauðsynlegur dráttur á mati valdi ekki töfum eða erfiðleikum við útflutning. 125 29. júní

4. gr.

Matsmenn mega taka sér aðstoðarmann við framkvæmd matsins, sérstaklega þegar þarf að hraða mati vegna útskipunar. Aðstoðarmaðurinn starfar algerlega á ábyrgð matsmannsins og má ekki láta hann meta eða skera úr neinu atriði, er snertir gæðaflokkun eða hefir áhrif á synjun eða veiting matsvottorðs. Verksvið aðstoðarmanns er eingöngu að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum matsmanns sé fylgt; þó skulu matsmenn gæta þess að taka sér eingöngu þá aðstoðarmenn, er þeir geta fyllilega treyst.

Kaup aðstoðarmanns sé hið viðurkennda almenna taxtakaup verkamanna á staðnum, og greiðist eingöngu fyrir þann tíma, er þeir eru að starfi.

Séu fleiri en einn matsmaður í sama héraði, skulu þeir skipta með sér verkum, þannig, að þeir hafi sem jafnastan starfa.

Sé hægt að koma því við, og ef tími þeirra leyfir, skulu matsmenn aðstoða hvern annan við matið. Þó ber sá matsmaður, er kallaði hinn til aðstoðar, einn ábyrgð á framkvæmd matsins.

5. gr.

Þegar að loknu mati og merkingu á hverri stöð, skal matsmaður afhenda eiganda viðurkenningu fyrir, að matið hafi farið fram. En fullkomið matsvottorð skal hann gefa út um leið og síldin er flutt úr landi (sbr. þó 8. gr. reglugerðar um síldarmat). Matsmenn skulu útfylla matsvottorðin nákvæmlega. Þeir skulu ávallt taka eftirrit af hverju matsvottorði og semja sérstaka skýrslu í tveim eintökum yfir alla útflutta matjessíld, með hverju sérstöku skipi, og afhenda matsstjóra annað eintakið.

6. gr.

Fastur starfstími matsmanna byrjar 1. ágúst ár hvert og endar 1. desember. Á þessu tímabili ber þeim ávallt að vera til taks, ef framkvæma þarf matsstörf, og mega ekki á þessum tíma yfirgefa umdæmi sitt nema með sérstöku leyfi matsstjóra.

7. gr.

Matsmenn skulu færa dagbækur sínar nákvæmt og rétt. Þeir skulu geyma þær, ásamt öðrum skjölum viðkomandi matinu, á öruggum stað og varast að láta óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

8. gr.

Komi það fyrir, að matsmenn séu í vafa um eitthvert atriði, sem ekki er getið um í lögum eða reglugerðum um síldarmatið, eða matsstjóri hefir ekki gefið þeim neinar fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans og fá fyrirskipanir um, hvað gera skuli. En verði því ekki við komið, skulu matsmenn gera þær ráðstafanir til bráðabirgða, er þeir álíta réttastar vera og skýra matsstjóra frá því svo fljótt sem við verður komið. Þeir skulu og skýra matsstjóra frá, ef þeim er sýndur mótþrói eða torvelduð störf þeirra á einhvern hátt

9. gr.

Matsmenn undirrita eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt síldarmatslögunum og ákvæðum erindisbréfs þessa. Þeir mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist frá framleiðendum eða kaupendum síldarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnurekstur, er lýtur að síldarsöltun, síldarverzlun eða síldarútgerð. Þeir

125 29. júní

mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta síld fyrir, eða vera þeim háðir á annan hátt.

Matsmenn eru bundnir algerðri þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja í starfi sínu, og mega ekki láta neitt uppi um ástand vöru þeirrar, er þeir meta, annað en tekið er fram í skoðunarvottorði. Þeir mega ekki t. d. gefa síldinni einkunnir svo sem „góð 3. flokks síld“ eða „léleg 1. flokks“ o. s. frv. Þagnarskyldan nær þó ekki til upplýsinga, sem þeir eiga að gefa matsstjóra. Sannist þær misfellur á vottorði matsmanns, er álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust.

Erindisbréf þetta staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um matjessíld og skozkverkaða síld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

126 12. júlí

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt, og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Á heimilum má selja um kWst-mæli samkvæmt gjaldskrárlið B 2, þótt raforkan sé eingöngu notuð til ljósa.

2. Um kWst-mæli á 48 aura fyrstu 4 kWst/ári á hvern fermetra gólffflatar, en á 25 aura á kWst fyrir alla notkun þar framyfir.

3. Um hemilmæli á 60 kr. hvert árshektówatt (hW), og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hW. Umframnotkun skal hér seld á 48 aura hver kWst.

4. Um kWst-mæli á 23 aura hverja kWst til skóla, sjúkrahúsa og kirkna, og ennfremur til útilýsingar og auglýsingaljósa. Sé raforkunotkunin meiri en sem samsvarar 600 klst. notkunartíma, er verðið 10 aurar fyrir hverja kWst þar fram yfir.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kWst-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 48 aurar á kWst, en á hinn mælinn 10 aurar.

2. Um einn kWst-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 48 aura hverja kWst fyrstu 3 kWst á ári á hvern ferm. (m^2) gólffflatar, en á 4 aura hver kWst fyrir næstu notkun, þannig reiknað:

30	kWst/m^2	á	ári	fyrir	fyrstu	25 m^2
25	—	–	—	—	næstu	25 —
20	—	–	—	—	—	25 —
15	—	–	—	—	—	25 —
og síðan 15	—	–	—	á gólfflöt þar yfir.		

Umfram þetta greiðist með 4 aurum hver kWst.

Miða skal hér við gólfflöt allrar íbúðarinnar, sem telst íbúðarherbergi og eldhús.

Herbergi minna en 5 ferm. reiknast hálft, en stærri en 25 ferm. reiknast 2 herbergi. 126 12. júlí

3. Um einn kWst-mæli á 7 aura hver kWst. Notandi skal hér auk þess greiða fastagjald kr. 1,00 á mánuði fyrir hvert íveruherbergi íbúðarinnar, að meðtöldu eldhúsi, og ábyrgjast minnstu notkun sem hér segir:

1	herbergi	og	eldhús	600	kWst	á ári.
2	—	—	—	900	—	— —
3	—	—	—	1200	—	— —
4	—	—	—	1500	—	— —
5	—	—	—	1800	—	— —
6	—	—	—	2100	—	— —

Fyrir notkun umfram þetta greiðist 4 aura hver kWst.

4. Til hitunar á heimilum, auk annarar notkunar, má selja um tvígjaldsmæli eftir gjaldskrálið B 2 eða B 3, en þó þannig, að af þeirri raforku, sem samkvæmt þeim gjaldskrárliðum ætti að reiknast á 4 aura, sé sá hluti, sem notaður er á „ódýra tímanum", reiknaður á 2 aura hver kWst.

Ódýr tími skal reiknast að nóttu til frá kl. 23—8 og að degi til þá tíma, sem raforkunotkun er lítil, eftir nánari ákvörðun rafveitustjórnar. Hún getur sett sem skilyrði fyrir sölunni, að henni sé heimilt að taka straum af tækjunum, þegar nauðsynlegt þykir vegna annarar notkunar.

C. Vélar.

Þar sem raforka er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kWst-mæla á 20 aura á kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 30 kr.—50 kr. hvert uppsett kW vélanna.

2. Um hemilmæla á 240 kr. árskW og 10 aura á kWst öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilmælis í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

3. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 10 kWafl er að ræða og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst., á 40 aura á tíma mesta álags, en á 10 aura utan þess tíma.

Tími mesta álags skal talinn:

Í apríl	kl.	10½	—12½	og kl.	20½—22
- september og marz	—	10½	—12½	— —	19 —22
- október og febrúar	—	10½	—12½	— —	17½—22
- nóvember og janúar	—	10½	—12½	— —	16 —22
- desember	—	10½	—12½	— —	15 —22

Ef ársnotkunin er meiri en 10000 kWst, má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu	10000	kWst	utan	tíma	mesta	álags	÷	afsláttur	0%
— næstu	10000	—	—	—	—	—	÷	—	10%
— —	30000	—	—	—	—	—	÷	—	20%
— —	60000	—	—	—	—	—	÷	—	30%
— —	100000	—	—	—	—	—	÷	—	40%
og notkun þar yfir							÷	—	50%

D. Hitun.

Þar sem orkan er notuð til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri, má selja:

1. Um kWst-mæla á 4 aura á kWst, enda sé þá minnsta notkun 10000 kWst á ári.

2. Um tvígjaldsmæla á 3 aura á kWst frá kl. 23 til kl. 8, og 8 aura á kWst frá kl. 8 til kl. 23. Við sölu samkvæmt gjaldskrárliðum D 1 eða D 2 má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi, að rafmagnsnotkunin verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

126 *E. Þegar sérstaklega stendur á,*
12. júlí má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitunefndar.

F. Gjald fyrir götu og hafnarlýsingu
ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun bindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Ársleiga í krónum Upp að 30 amp.	35—75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa mælar og einfasa hemilmælar	7.20		
Þrífasa eingjaldsmælar og þrífasa hemilmælar ..	12.00	18.00	24.00
Tvígjaldsmælar	18.00	24.00	30.00
Lausar skriftiklukkur	6.00		

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 20% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við fasteignamatsverð á húsum með lóðum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Fasteignamatsflokkur: Nr.	Kr.	Heimtaugagjöld: Jarðlína kr.	Loftlína kr.
1	0— 2500	55.00	30.00
2	2500— 5000	110.00	60.00
3	5000— 7500	150.00	85.00
4	7500— 10000	190.00	115.00
5	10000— 12500	225.00	140.00
6	12500— 15000	255.00	165.00
7	15000— 17500	280.00	185.00
8	17500— 20000	300.00	210.00
9	20000— 25000	350.00	255.00
10	25000— 30000	390.00	300.00
11	30000— 40000	440.00	325.00
12	40000— 50000	490.00	350.00
13	50000— 60000	530.00	375.00
14	60000— 70000	550.00	395.00
15	70000— 80000	570.00	415.00
16	80000— 90000	585.00	435.00
17	90000—100000	600.00	450.00
18	100000—125000	625.00	475.00
19	125000—150000	650.00	500.00
20	150000—200000	700.00	525.00
21	yfir 200000	750.00	550.00

Ef stærð lóðar eða verð er sérstaklega mikið í samanburði við hús það, er á henni stendur, getur rafveitustjórn veitt afslátt frá ofangreindum heimtaugagjöldum.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en

40 m, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. 126 12. júlí

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjöld skulu greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tveimur árum, og fer fyrsta greiðsla fram um næstu mánaðarmót eftir að heimtaug hefir verið tengd. Sé allt heimtaugagjaldið greitt um leið og tenging fer fram, veitist 10% afsláttur á því.

IV. Ýms gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi verið lokað fyrir veitu, vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, eða samkvæmt ósk notanda, skal taka tveggja krónu gjald fyrir enduropnun veitunnar.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefir greitt tveggja krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 127 8. des.

um hundahald í Ólafsvíkurhreppi.

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Ólafsvíkurhrepps að halda hunda.

Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem vera kunna taldir að eiga heima utan hreppsins, en vitanlegt er, að eigendur þeirra eru búsettir í Ólafsvíkurhreppi, og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., og er hver hundur réttdræpur, sem fyrir finnst í hreppnum, eftir að reglugerð þessi hefir öðlast gildi, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

127 8. des. Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

128

REIKNINGUR

fyrir minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein árið 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi		kr. 365.85
Tekjur:		
Vextir 1937 af bankainnstæðu		— 14.60
Eign í árslok 1937		kr. 380.45

Forsætisráðherrann, 18. marz 1938.

Hermann Jónasson.

129

REIKNINGUR

sjóðsins Dýrleifarminning árin 1936 og 1937.

Tekjur:

1. Sjóður við árslok 1935 (Stj.tíð. 1936, B. bls. 491):			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 2307.10		
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 34.93		kr. 2342.03
2. Vextir 1936	kr. 119.59		
Vextir 1937	— 124.07		— 243.66
			Kr. 2585.69

Gjöld:

1. Varið samkvæmt skipulagsskránni 1936	kr. 34.93		
Varið samkvæmt skipulagsskránni 1937	— 33.92		kr. 68.85
2. Eign við árslok 1937:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 2482.04		
b. Hjá forstöðunefnd Dýrleifarminningar	— 34.80		— 2516.84
			Kr. 2585.69

Í forstöðunefnd Dýrleifarminningar, Skútustöðum, 7. apríl 1938.

Kristín Sigurðardóttir. **Kristjana Helgadóttir.** **Kristjana Hallgrímsdóttir.**

REIKNINGUR 130

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1937.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf @ kr. 500.00	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	86.53	kr. 4586.53
2. Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	215.00	
Vextir af innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks	—	3.90	— 218.90
			Kr. 4805.43

Gjöld:

1. Styrkur veittur 3 sjúklingum			kr. 200.00
2. Eignir í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf @ kr. 500.00	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	105.43	— 4605.43
			Kr. 4805.43

Sauðárkróki, 31. janúar 1938.

Álfheiður Blöndal. **Helga Guðjónsdóttir.** **Sigríður Sigtryggsdóttir.**

Reikning þennan höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Elínborg Jónsdóttir. **Stefanía Arnórsdóttir.**

STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA 131

Ársreikningur 1937.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi		kr. 6082.55
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	—	65.33
		Kr. 6147.88

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 240.33
	Kr. 240.33

Gjöld:

Styrkur til Sigurbjörns Einarssonar, stúdents, til náms við háskólann í Uppsölum	kr. 175.00
Lagt við höfuðstól	— 65.33
	Kr. 240.33

Forsætisráðherrann, 18. marz 1938.

Hermann Jónasson.

132

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld markaðs- og verðjöfnunarsjóðs árið 1937.

Tekjur:

1.	Eign samkvæmt birtum reikningi	kr. 2699.83
2.	Vextir af bankainnstæðum á árinu 1937	— 965.36
		Kr. 3665.19

Gjöld:

	Eign í árslok 1937	kr. 3665.19

F. h. stjórnar markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 10. janúar 1938.

Stefán Þorvarðsson.

133

REIKNINGUR

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsted árið 1936.

Tekjur:

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 689.22
2.	Vextir	— 35.29
3.	Afgjald af Hlíð	— 250.00
		Kr. 974.51

Gjöld:

1.	Styrkur veittur	kr. 250.00
2.	Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 724.51
		Kr. 974.51

Reykjavík, 12. desember 1938.

Páll Melsted. Vigfús Einarsson. Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

134
7. des.

fyrir garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI
Tilgangur skólans og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjunemum sérfræðslu, bóklega og verklega.

2. gr.

Námstíminn er tvö ár. Í skólanum eru tvær deildir, yngri og eldri deild. Í báðum deildum er kennslan bæði verkleg og bókleg. Frá 1. apríl til 1. október aðallega verkleg, og frá 1. október til 1. apríl aðallega bókleg kennsla.

Kennslan í báðum deildum hefst þann 1. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer og ekki fram 1. desember, laugardag næstan fyrir páska, 1. sumardag og 17. júní. Þá skulu nemendur skólans eiga kost á 12 daga sumarleyfi á þeim tíma, er forstöðumaður ákveður.

Sé þess eigi kostur, sökum húsnæðisskorts eða annara ástæðna, að báðar deildir starfi samtímis, er forstöðumanni heimilt, í samráði við landbúnaðarráðherra, að veita aðeins inntöku í skólann annaðhvort ár, þannig að deildirnar starfi til skiptis.

II. KAFLI
Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólann skal send forstöðumanni fyrir lok desembermánaðar ár hvert. Forstöðumaður veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjanda veitinguna.

4. gr.

Til inntöku í skólann útheimtist:

a. að umsækjandi sé fullra 17 ára. Þó getur forstöðumaður veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með,
b. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi,
c. að hann hafi unnið a. m. k. tvö ár við garðyrkjustörf á löggiltu garðyrkjubúi eftir að hann varð 14 ára,
d. að umsækjandi gefi skriflegt loforð fyrir því, að hann neyti ekki áfengra drykkja, meðan hann stundar nám við skólann.

Læknisvottorð, skírnarvottorð og skilríki fyrir því, að umsækjandi fullnægi framangreindum atriðum, skulu fylgja inntökubeiðninni. Frá ofantöldum skilyrðum má þó veita undanþágu, ef forstöðumaður mælir með og ráðherra samþykkir.

Umsækjendur, er hlotið hafa góða undirbúningsmenntun, sitja að öðru jöfnu fyrir við inntöku í skólann.

31. dag desembermánaðar 1938. Reykjavík — Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

134 7. des.

III. KAFLI
Kennsla.

5. gr.

Bóklega kennslan skal fara fram í fyrirlestrum og yfirheyrslum eftir ákvörðun forstöðumanns. Sama gildir um skrifleg úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendurna.

6. gr.

Við verklegu kennsluna skal leggja áherzlu á, að nemendurnir læri öll algeng garðyrkjustörf.

Í yngri deild læri nemendurnir aðallega garðyrkjustörf, er viðkoma útiræktun, en í eldri deild einkum ræktunarstarfsemi í gróðrarskálum.

Auk þess læra þeir verklega garðbyggingafræði, byggingu gróðrarskála, algeng jarðræktarstörf, meðferð verkfæra og fleira, er að jarðrækt og garðrækt lýtur, og þeim má að gagni koma.

Stúlkum skal kenna að matreiða og hagnýta grænmeti.

Leggja skal áherzlu á, að nemendurnir fái fullan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á, jafnhliða framkvæmd þeirra.

7. gr.

Til þess að nemendur hafi sem bezt not af hinni verklegu fræðslu og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi, skal þeim skylt að færa dagbók. Dagbókina skulu þeir sýna forstöðumanni vikulega, skal hann leiðrétta villur, og gefa viðurkenningu fyrir að dagbókin sé færð samkvæmt nánari kröfum, er hann setur.

Nemendur yngri deildar skulu safna a. m. k. 100 íslenzkum plöntum.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

		Yfir kennslumissirið:
a.	Yngri deild:	
	Íslenzka	66 kennslustundir
	Danska	66 —
	Stærðfræði	66 —
	Bókfærsla	22 —
	Efnafræði	88 —
	Eðlisfræði	66 —
	Grasafræði	110 —
	Steina- og jarðfræði	44 —
	Arfgengisfræði	22 —
	Viðskiptalandafræði	22 —
	Land- og hallamælingar	44 —
	Dráttlist	88 —
b.	Eldri deild:	
	Garðyrkjufræði	132 —
	Skógræktarfræði	44 —
	Matjurtafræði	66 —
	Blómaræktarfræði	66 —
	Ylrækt ávaxta og matjurta	88 —
	Jurtasjúkdómafræði	44 —
	Bygginga- og verkfærafræði	22 —
	Skrúðgarðsbyggingafræði	66 —
	Hagfræði og þjóðfélagsfræði	22 —

Auk ofantaldra námsgreina skal kenna leikfimi, sund og smíðar.

9. gr. 134

Auk hinnar reglulegu kennslu, er forstöðumanni heimilt að halda 3—4 mánaða 7. des.
námsskeið (verklegt) við skólann, frá 15. apríl til 15. september, fyrir byrjendur. Skal þar einkum kennd ræktun þeirra matjurta, blóma og trjáa, sem auðveldast er að rækta hér á landi. Í sambandi við námskeiðið skulu haldnir fræðandi fyrirlestrar, eftir nánari ákvörðun forstöðumanns.

10. gr.

Heimilt er einnig, með samþykki ráðuneytisins, að halda önnur námskeið við skólann, þegar ástæður leyfa, eins og t. d. garðyrkjunámskeið, jurtasjúkdómanámskeið, niðursuðu- og matreiðslunámskeið o. fl.

11. gr.

Neiti nemendur að vinna þau verkefni, sem þeim er falið að leysa, eða óhlýðnist þeim fyrirskipunum, er gefnar eru, er forstöðumanni heimilt að reka þá tafarlaust úr skólanum.

IV. KAFLI
Próf.

12. gr.

Í lok hvers kennslumissiris skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, er kenndar hafa verið á þeim tíma. Þó skal ekki prófa í söng, leikfimi né sundi.

Vor- og haustpróf nemenda í yngri deild eru inntökuskilyrði fyrir þá í eldri deild, og skulu þeir fá a. m. k. einkunnina 5 til jafnaðar í hverri grein, til þess að standast prófið. Sama gildir um nýsveina þá, er óska að setjast í eldri deild.

13. gr.

Í verklegu skulu gefnar þessar einkunnir:

1 fyrir dugnað,
1 — reglusemi og stundvísi,
1 — iðni og ástundun,
1 — verklægni,
1 — dagbók.

Auk þess skulu nemendum valin 5 verkefni til úrlausnar, og skal þeim gefin ein einkunn fyrir hvert þeirra. Meðaltal þessara 10 einkunna skal vera a. m. k. 5 til þess að sandast prófið.

Forstöðumaður og kennarar skólans gefa þessar einkunnir.

14. gr.

Í bóklegu námsgreinunum skal gefa þessar einkunnir:

a. Yngri deild:

2 einkunnir fyrir íslenzku,
1 einkunn — dönsku,
2 einkunnir — stærðfræði,
1 einkunn — bókfærslu,
1 — — efnafræði,
1 — — eðlisfræði,
2 einkunnir — grasafræði,
1 einkunn — steina- og jarðfræði,
1 — — arfgengisfræði,
1 — — viðskiptalandafræði,

134 7. des.

1 einkunn fyrir land- og hallamælingar.
1 — — dráttlist.

b. Eldri deild:

2 einkunnir fyrir garðyrkjufræði,
1 einkunn — skógræktarfræði,
2 einkunnir — matjurtafræði,
1 einkunn — blómaræktarfræði,
1 — — ylræktun ávaxta og matjurta,
1 — — jurtasjúkdómafræði,
1 — — bygginga- og verkfærafræði,
1 — — skrúðgarðsbyggingafræði,
1 — — hagfræði og þjóðfélagsfræði,

15. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0 til 10, heilum tölum og fimmtu pörtum.

Fullnaðareinkunnirnar	5—5,99	teljast þriðja einkunn,
—	6—7,24	— önnur einkunn,
—	7,25—8,99	— fyrsta einkunn,
—	9—10	— ágætiseinkunn.

Tvær aðaleinkunnir skulu gefnar, önnur fyrir bóklegar, hin fyrir verklegar námsgreinir. Skulu þær vera a. m. k. 5 til þess að nemandi standist prófið. Þó stenzt enginn próf, er fengið hefir 0 í einni grein né 1 í fleiri greinum en einni.

16. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðizt prófið, skulu fá skírteini, er sýnir einkunnir þeirra í hverri námsgrein og í hinum verklegu greinum (sbr. 13. gr.).

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara.

V. KAFLI
Námskostnaður.

18. gr.

Skólinn veitir nemendum sínum ókeypis kennslu, fæði, húsnæði, ljós, hita og þjónustu, einnig verkfæri og áhöld til afnota.

Þeir skulu sjálfir sjá sér fyrir fatnaði, þar með töldum sængurfatnaði og kennslubókum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 91 7. maí 1936, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

135
16. des.

um breyting á reglugerð frá 14. maí 1935, um viðauka við reglugerð frá 15. marz 1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur o. fl.

Í stað orðanna „merkt ógerilsneydd mjólk B“ komi: þeim lokað með ólituðum aluminiumlokum með áletruðu orðinu NÝMJÓLK, en gerilsneydd mjólk á flöskum, sem eru með samskonar lokum, aðgreinist frá hinni fyrrnefndu með rauðu bandi á lokinu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 1 7. janúar 1935, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

136
16. des.

fyrir Sauðárkrók.

I. KAFLI
Um takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Sauðárkrókshöfn tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness, innan beinnar línu, er hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.

II. KAFLI
Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarnefnd hefir, fyrir hönd hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnarmálefna, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

Í hafnarnefnd eiga sæti 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps og 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu.

Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára og gengur 1 úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmanna skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni.

136 16. des.

4. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Sauðárkróks. Sjóðnum skal verja til umbóta á höfninni og til bygginga mannvirkja, er höfninni tilheyra.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Hafnarnefnd ákveður, hvernig hafnarsjóður skuli ávaxtaður, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans.

Hreppsnefnd er skylt að láta endurskoða reikninga hafnarinnar einu sinni á ári.

5. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra. Hafnarnefnd kýs sér formann og gjaldkera til eins árs í senn. Formaður kallar saman fundi og stjórnar þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefir á hendi umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar í samráði við gjaldkera, og samþykkir reikninga til útborgana. Hann skal jafnan hafa aðgang að reikningshaldi hafnarinnar og skal gjaldkera skylt að gefa honum glögga skýrslu yfir inn- og útborganir, þegar hann krefst þess.

Gjaldkeri hafnarnefndar skal hafa á hendi reikningshald hafnarinnar, annast innheimtu á hafnargjöldum með aðstoð hafnarvarðar og hafa útborganir með höndum undir eftirliti formanns.

Þó má hann ekki greiða neina reikninga fyrir höfnina, nema formaður hafnarnefndar hafi áður ritað á þá samþykki sitt.

Hafnarnefnd hefir fundi svo oft sem þörf krefur. Formanni er skylt að kveðja til fundar, ef einn nefndarmanna fer fram á það við hann.

Fundur er ályktunarfær, þegar tveir nefndarmanna eru á fundi.

III. KAFLI
Um almannareglur.

6. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni, á bryggjum hafnarinnar og landi hennar. Er öllum skylt að hlýðnast boðum og banni hennar, hafnarvarðar, og annara þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar, hafnarvarðar eða annara starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum, ef út af er brugðið.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna.

Álíti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru eða sprengiefna, er henni heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er henni þykja nauðsynlegar.

Ekki má skjóta á höfninni né á landi hafnarinnar í nánd við kauptúnið, nema með leyfi hafnarnefndar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

7. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla

eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast við bryggju þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau frá að víkja, á meðan hin eru afgreidd. 136 16. des.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

Skip og bátar mega ekki liggja við bryggjur nema á meðan ferming eða afferming fer fram, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hvaða röð skip koma að bryggju.

8. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna.

Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

9. gr.

Skip og bátar mega ekki varpa akkerum á höfninni, nema þar sem hafnarvörður ákveður. Hafnarnefnd ákveður og úrskurðar um öll atriði viðvíkjandi legu skipa og báta á höfninni, ef ágreiningur rís um það, eða hafnarvörður telur þörf á breytingum í því efni. Eigi má festa skip við hafnargarð eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á hafnargarði og bryggjum.

Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr sé bætt tafarlaust.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður skips eða báta að hlýða boði hafnarnefndar eða hafnarvarðar, um að flytja skip sitt á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið flytja skip eða bát á kostnað og ábyrgð eiganda.

10. gr.

Hafnarnefnd hefir umsjón með bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar og áhöldum, er þeim fylgja, og er öllum áheimil notkun þeirra, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar komi til.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera neitt mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Seglfestu, ösku eða öðru því, er valdið getur skemmdum á höfninni, mega skip ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiða notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er, eða gert óskaðlegt á annan hátt.

Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

14. gr.

Allir sem nota hafnarbryggjuna, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana og tæki hennar.

136 16. des. Farist þetta fyrir að dómi hafnarvarðar, skal hann sjá um ræstingu, en afgreiðslumaður skips, skipstjóri eða bátsformaður, greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

Hafnarnefnd getur heimtað gjald fyrir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

16. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt er í lagi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera, og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó að það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

17. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þessum, sem lagt er í lagi á höfninni.

VI. KAFLI

Um lestagjöld og ljósagjöld.

18. gr.

Öll skip, hvort þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við smálestatölu skipsins, í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið, þó með þeim undantekningum, sem segir í 19. gr.

19. gr.

a. Skip og bátar 5 brúttósmálestir að stærð og stærri, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Sauðárkróki a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, eina krónu af hverri heilli brúttósmálest skips eða báts.

Vélbátar minni en 5 smálestir brúttó skulu ekkert lestagjald greiða.

b. Flóabáturinn, sem annast strandferðir milli Sauðárkróks og Akureyrar, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, eina krónu og fimmtíu aura af hverri heilli brúttósmálest skipsins. 136 16. des.

Um gjald þetta má semja, sbr. d-lið.

c. Innlend fiskiskip, hverju nafni sem nefnast (svo og skip, sem eru eingöngu í innanlandssiglingum), skulu greiða lestagjöld, 8 aura af hverri smálest af nettó burðarmagni skipsins, þó ekki minna en tvær krónur fyrir hverja ferð.

d. Öll önnur skip, sem á höfnina koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem talin eru undir staflið f. þessarar greinar, skulu greiða 20 aura í lestagjald af hverri heilli smálest nettó, í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

Heimilt skal þó hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

e. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur.

f. Af íslenzkum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald, 50 aura af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenzkum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenzkum dráttarskipum slíkra skipa.

Erlend skip (ef leyft yrði að safna í þau síld til verksmiðjuiðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

Gjalddagi lestagjalds samkv. a- og b-lið þessarar greinar skal vera 1. ágúst ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefir varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

20. gr.

Ef flutningsskip liggur lengur á höfninni en 10 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 10 daga eða brot úr þeim. Nú er skip veðurteppt og telst sá tími ekki með.

21. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí — að báðum dögum meðtöldum — og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjöld sem hér segir:

a. Skip, sem um getur í 19. gr. a-lið, greiði 10 krónur á ári. Vélbátar minni en 5 smálestir greiða þó aðeins 5 kr. á ári.

b. Skip, sem getur um í 19. gr. b- og c-lið, greiði 2 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

c. Öll önnur skip greiði: Undir 100 smálestir 4 kr., 100—200 smál. 8 kr., og yfir 200 smál. 20 kr. í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

Þó greiða farþegaskip yfir 200 smál. aðeins 2 aura af hverri smálest í hvert skipti.

Hafnarnefnd hefir leyfi til að víkja frá þessari gjaldskrá til lækkunar, ef sérstaklega stendur á, enda fái hún til þess samþykki hreppsnefndar.

22. gr.

Vélbátar 12 smálestir brúttó og minni, sem ekki eiga heima á Sauðárkróki, eða eru gerðir þaðan út, greiða sem lestagjald, bryggjugjald og ljósagjald 2 krónur í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

136
16. des.

VII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

23. gr.

Innfluttar vörur:

I. flokkur: Gjald kr. 0.45 fyrir hver 100 kg. af kornvöru, sykri, kolum, áburði og fóðurmjöli.
II. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hver 100 kg. af salti.
III. flokkur: Gjald kr. 0.30 fyrir hver 100 kg. af sementi.
IV. flokkur: Gjald kr. 0.55 fyrir hver 100 kg. af öllum öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd.
V. flokkur: Gjald kr. 1.25 fyrir hverja tunnu af olíu og benzíni.
VI. flokkur: Gjald kr. 0,05 fyrir hvert stykki af tómum tunnum uppsettum og óuppsettum.
VII. flokkur: Gjald kr. 0.10 fyrir hvert ten.fet af timbri.
VIII. flokkur: Gjald kr. 0.20 fet^3 hvert ten.fet af öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli.
IX. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvern stórgrip og kr. 0.75 fyrir hverja sauðkind.

Útfluttar vörur:

I. flokkur: Gjald kr. 0.09 fyrir hvern frystan kindarskrokk.
II. flokkur: Gjald kr. 0.10 fyrir hverja tunnu af saltsíld.
III. flokkur: Gjald kr. 0.40 fyrir hver 100 kg. af mjólk, skyri og heyi.
IV. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hver 100 kg. af saltfiski.
V. flokkur: Gjald kr. 0.30 fyrir hvert tonn af möl og sandi.
VI. flokkur: Gjald kr. 0.50 fyrir hver 100 kg. af öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
VII. flokkur: Gjald kr. 0.25 fyrir hvert stykki af tómum tunnum og öðrum umbúðum.
VIII. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvern stórgrip og 0.75 fyrir hverja sauðkind og geit.

24. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Nýr fiskur og síld.
b. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstur og smávægilegur farþegaflutningur. Ennfremur er undanþegið vörugjaldi, saltfiskur, sem fluttur er inn til verkunar og tómar tunnur til síldarverkunar.

Heimilt er hafnarnefnd, eftir samkomulagi við aðila, að endurgreiða hluta af greiddu vörugjaldi við innflutning af kolum og salti, ef sannað er, að vörur þessar hafi gengið til skips eða síldarverksmiðju.

25. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Hafnarnefnd á heimtingu á að fá afrit af farmskrá skipa.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips, ber ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum, unz vörugjaldið er að fullu greitt, og í skipi, unz hafnargjald er greitt. **136** 16. des.

VIII. KAFLI
Um bryggjugjöld.

26. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbryggjur eða hafnargarð, skal greiða bryggjugjald 4 aura af hverri nettósmál. skipsins.

Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti skal sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi. Heimabátar undir 10 smál. nettó greiði:

a. Vélbátar 10 krónur á ári.
b. Róðrarbátar 5 krónur á ári.

Heimilt er hafnarnefnd að láta skip og báta, gerða út af Sauðárkróki, 10 smálestir og þar yfir nettó, greiða eftir samningi fast gjald á ári.

Gjalddagi á bryggjugjöldum báta undir 10 smálestum og báta, er samning hafa um fast árgjald, er 1. ágúst ár hvert, önnur bryggjugjöld falla í gjalddaga, þegar skip hefir lagst við bryggju.

IX. KAFLI
Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

27. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

28. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá skipstjóra og útgerðarmanni og formanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni, eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá honum.

Gjöldin skulu greidd í hvert skipti, sem skip hafna sig á höfninni eða leggjast við bryggju. Þó getur gjaldkeri leyft skipum, sem stunda veiðar frá Sauðárkróki, að borga öll gjöldin í einu, áður en þau fara þaðan, og ber þeim að semja um það fyrirfram við gjaldkera.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að borga lögmæt hafnargjöld, og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá gjaldkera, hefir gert sig sekan um brot á reglugerð þessari, og fer um það brot sem önnur brot á reglugerðinni.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar um, hve oft skipið hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

X. KAFLI
Ýms ákvæði.

29. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

30. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

136 16. des.

31. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörumagn, og eigi er ætlandi, að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, og skal þá greiða tvöfalt vörugjald og sekt, sem um brot á hafnarreglugerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þrem óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnargjaldkeri tekur gilda.

34. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

35. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar. Beitutaka er bönnuð innan takmarks hafnarinnar, nema með leyfi formanns hafnarnefndar, er ákveðið getur gjald fyrir beitutökuna í samráði við hafnarnefnd.

36. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sauðárkróks.

37. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara sem almenn lögreglumál.

38. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá úr gildi felld bryggjureglugerð nr. 112 28. nóvember 1931.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. desember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

137
20. des.

um breyting á reglugerð nr. 132 28. desember 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr., 2, b-liður orðist þannig:

Nemandi leggi fram ökuskírteini sitt, ennfremur áreiðanleg vottorð um, að hann hafi ekið bifreið að jafnaði ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförnum 12 mánuðum. Nemandi leggi og fram vottorð skoðunarmanns bifreiða í lögsagnarumdæmi því, þar sem heimilisfang hans er, eða skoðunarmanns í Reykjavík um hæfni hans og reynslu sem bifreiðarstjóri, einnig að hann hafi prófað umsækjanda sérstaklega í akstri og telji hann færan til þess að ganga undir viðbótarprófið.

2. gr.

17. gr. Í síðustu meginmálsgrein, falli niður: „þó ekki forstöðumaður námskeiðsins".

3. gr.

18. gr. orðist þannig:

Við prófið skal gefa séreinkunn í hverju eftirgreindra atriða:

a. Þekkingu á mótorvélinni, með rafmagnskerfi, kælivatnskerfi, benzínkerfi og smurningskerfi, svo og gangtruflunum.
b. Þekkingu á vinnslukerfi bifreiðarinnar, svo sem tengslum, skiptihjólakassa, mismunadrifi, hemlum og stýrisumbúnaði, ásamt tilheyrandi smurningstækjum.
c. Prófakstri.
d. Bifreiðalögum og reglugerðum, svo og hvað gera skuli ef sérstök vandkvæði bera að höndum.

Einkunnir skulu gefnar frá 0—8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið er 4⅔ og má einkunn í prófakstri ekki vera lægri. Nú nær prófsveinn nægilega hárri meðaleinkunn, en ekki lágmarkseinkunn í prófakstri, og skal þá prófnefnd gefa honum kost á að ganga aftur undir próf í akstri, þó ekki fyrr en að 3 mánuðum liðnum.

Fyrir slíkt próf skal prófsveinn greiða 15 krónur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

138
23. des.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt Akureyrarkaupstaðar frá 11. jan. 1934.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Enginn má selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri, og ekki heldur hafa þar neitt um hönd, sem tálmað getur umferð. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum innan 14 ára aldurs heimilt að selja dagblöð eða fréttablöð, að fengnu leyfi barnaverndarnefndar, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng, frá náttmálum til dagmála (sbr. 4. gr.).

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. apríl til 15. sept., nema þau séu í fylgd með aðstandendum.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár eftir að umbót var lokið og tekin gild af bæjarverkstjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kveldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða að öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

139
23. des.

um skemmtanaskatt í Sandvíkurhreppi innan Árnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. l. nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Sandvíkurhreppi, og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
   b. Sjónleikir.
   c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
   d. Fyrirlestrar og upplestrar.
   e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
   a. Dansleikir.
   b. Danssýningar.
   c. Loddara- og fjölleikasýningar.
   d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af inngangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi innan sveitarinnar.

5. gr.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann. Nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna það oddvita hreppsnefndar eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða nægilega marga. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd. Sá kostnaður greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

139 23. des.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó varðveita fé þetta í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Sandvíkurhreppi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

140 28. des.

AUGLÝSING

um að falla frá innheimtu á vörutolli af salti og um endurgreiðslu vörutolls af kolum fiskveiðagufuskipa.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 95 11. júní 1938, til þess

a. að falla frá innheimtu á vörutolli af salti á árinu 1939,
b. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á árinu 1939.

Skilríki, sem þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan, eru þau, sem auglýst eru í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1938, birtri í 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 28. okt. 1938.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofannefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur skal á árinu 1939 samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12%.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

141 30. des.

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu frá 3. ágúst 1934.

1. gr. fiskveiðasamþykktarinnar orðist þannig:

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir:

1. janúar til 15. febrúar	kl. 1	141
16. febrúar til 15. marz	— 24	30. des.
16. marz til 31. marz	— 23	
1. apríl til 15. apríl	— 22	
16. apríl til 30. apríl	— 21	
1. maí til 15. maí	— 20	

Bátar, sem róa á sömu slóðir og samtímis Sandgerðingum, mega fara í róður frá Akranesi eftir eigin vild.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1938.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 142

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða 1937.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan. 1937			kr. 2431.96
2. Gestafé og gjafir	kr.	1055.00	
3. Tillög vitavarða	—	626.22	
4. Tillag ríkissjóðs	—	400.00	
5. Vextir	—	1295.77	
6. Útdregin verðbréf	—	1000.00	
			— 4376.99
			Kr. 6808.95

Gjöld:

1. Greiddur styrkur	kr. 1135.00
2. Í sjóði við uppgjör	— 5673.95
	Kr. 6808.95

Eignir 31. des. 1937:

6½% skuldabréf bæjarsjóðs 1923	kr.	500.00
6% — — 1925	—	1000.00
6% — — 1931	—	2000.00
4. fl. bankavaxtabréf Landsb.	—	2000.00
8. — — —	—	1000.00
9. — — —	—	1000.00
10. — — —	—	11200.00
Verðbréf Mjólkurfél. Reykjavíkur	—	3000.00
Hlutabréf Eimskipafél. Íslands	—	25.00
		kr. 21725.00
Í sparisjóði		— 5673.95
		Kr. 27398.95

Vitamálastjórinn, Reykjavík 17. marz 1938.

Emil Jónsson.

143

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1937.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr. 4139697.60
2.	Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:		
	a. Innlög á árinu	kr. 60140.52	
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 129403.72	
			— 189544.24
3.	Borgun fyrir viðskiptabækur, dráttarvextir o. fl.		— 7806.75
4.	Ábati af innleystum bankavaxtabréfum		— 200.00
5.	Endurgreiddur auglýsingakostnaður		— 24.00
6.	Vextir af útlánum 1937		— 218214.13
7.	Vextir fyrir 1937 geymdir til útborgunar		— 70179.12
8.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar		— 445.16
			Kr. 4626111.00

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1937:		
	a. Ársvextir, 5,2%	kr. 198230.30	
	b. Dagvextir, 4,7%	— 1352.54	
			kr. 199582.84
2.	Kostnaður		— 10576.24
3.	Vextir fyrir 1936, er biðu útborgunar		— 68016.33
4.	Höfuðstóll:		
	a. er beið útborgunar frá fyrra ári	kr. 538.65	
	b. er féll til útborgunar á árinu	— 145.06	
			— 683.71
5.	Afskrift af skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga til skuldalúkninga, 10% af kr. 80530.00		— 8053.00
6.	Sjóður í árslok:		
	a. Veðskuldabréf	kr. 2945675.45	
	b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	— 295689.42	
	c. Bankavaxtabréf, kr. 470100.00 ÷ 20%	— 376080.00	
	d. Jarðræktarbréf	— 2000.00	
	e. Ríkisskuldabréf	— 36559.09	
	f. Ýms verðbréf ríkistryggð	— 293333.33	
	g. Kreppulánasjóðsbréf bæjar- og sveitarfélaga kr. 322300.00 ÷ 10%	— 290070.00	
	h. Vextir 1937, ógreiddir en fallnir í gjalddaga	— 11308.89	
	i. Vextir 1937, ógreiddir, ekki fallnir í gjaldd.	— 17448.28	
	j. Skrifstofugögn	— 5230.00	
	k. Innstæða í bönkum í árslok 1937	— 58600.06	
	l. Í sjóði hjá gjaldkera	— 7204.36	
			— 4339198.88
			Kr. 4626111.00

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 24. febrúar 1938.

Vilhj. Briem. **Bjarni Ásgeirsson.** **Sig. Ólafsson.**

EFNAHAGSREIKNINGUR 144

Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1937.

Eignir:

1.	Veðskuldabréf	kr.	2945675.45
2.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	—	295689.42
3.	Bankavaxtabréf, kr. 470100.00 ÷ 20%	—	376080.00
4.	Jarðræktarbréf	—	2000.00
5.	Ríkisskuldabréf	—	36559.09
6.	Ýms verðbréf ríkistryggð	—	293333.33
7.	Kreppulánasjóðsbréf bæjar- og sveitarfélaga, kr. 322300.00 ÷ 10%	—	290070.00
8.	Vextir 1937, ógreiddir, en fallnir í gjalddaga	—	11308.89
9.	Vextir 1937, ógreiddir, ekki fallnir í gjalddaga	—	17448.28
10.	Skrifstofugögn	—	5230.00
11.	Innstæður í bönkum í árslok 1937	—	58600.06
12.	Í sjóði hjá féhirði	—	7204.36
		Kr.	4339198.88

Skuldir:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:			
	a. Í aðaldeild	kr.	3489865.12	
	b. – erfingjarentudeild	—	79314.10	
	c. – útborgunardeild	—	437108.12	
	d. – bústofnsdeild	—	8694.47	
				kr. 4014981.81
2.	Vextir fyrir 1937 geymdir til útborgunar			— 70179.12
3.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar			— 445.16
4.	Varasjóður í árslok 1937			— 253592.79
				Kr. 4339198.88

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 24. febrúar 1938.

Vilhj. Briem. **Bjarni Ásgeirsson.** **Sig. Ólafsson.**

REKSTURSREIKNINGUR 145

Byggingasjóðs Reykjavíkur árið 1937.

Tekjur:

1.	Tillag frá ríkissjóði árið 1937	kr.	68646.00
2.	Tillag frá bæjarsjóði Reykjavíkur árið 1937	—	68646.00
3.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu árið 1937	—	367.43
4.	Vextir af láni Byggingafélags alþýðu 1932	—	18249.08
5.	Vextir af láni Byggingafélags alþýðu 1935	—	17424.97
		Flyt kr.	173533.48

145

		Flutt	kr. 173533.48
Jafnframt tilkynnist, að frá 1. október 1937 er stjórn félagsins skipuð þannig: Guðrún Þorkelsdóttir, verzlunarstjóri, Freyjugötu 36, formaður. Meðstjórnendur: Soffía Jacobsen, frú, Sóleyjargötu 13 og Ragnar H. Blöndal, kaupm. Túngötu 51, Reykjavík.

Framkvæmdarstjóri félagsins er ungfrú Guðrún Þorkelsdóttir, og fer hún áfram með prókúruumboð félagsins, en prókúruumboð hr. Ragnars H. Blöndal afturkallast hér með.

Reykjavík, 20. apríl 1938.

Í stjórn Verzlunarinnar Egill Jacobsen h/f

Guðrún Þorkelsdóttir. Soffía Jacobsen. Ragnar H. Blöndal.

33. Hér með tilkynnist, að ráðuneytið afturkallar, frá deginum í dag að telja, prókúru þá, sem Jóni Á. Bjarnason, Reykjavík, var veitt fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins 16. marz s. l.

Fjármálaráðuneytið, 23. apríl 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

34. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/f. Litir og Lökk, sem haldinn var þ. 30. apríl, varð sú breyting á stjórn félagsins að í stað Gunnars Leó Þorsteinssonar, Miðstræti 12, var kosinn Ásgeir Stefánsson, framkvæmarstj., Hafnarfirði, og undirritar hann nafn sitt þannig:

Ásgeir G. Stefánsson.

Reykjavík, 12. maí 1938.

Pr. pr. H/f. Litir og Lökk

P. Ó. Johnson.

35. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, sem haldinn var 14. þ. m. voru kosnir í stjórn félagsins þeir:

Framkvæmdastjóri Valdimar Hansen, formaður. Meðstjórnendur: Lárus Fjeld-

sted, hrjm., Rvík og Ólafur Fr. Einarsson, frkvstj., Hafnarfirði. Það skal tekið 182
fram, að formaður félagsins, Valdimar Hansen, er um leið framkvæmdarstjóri þess.

Reykjavík, 16. maí 1938.
Hið íslenzka steinolíuhlutafélag
Vald. Hansen. Lárus Fjeldsted.

36. Á aðalfundi Bókaverzlunarinnar Mímir h/f, sunnudaginn 8. maí síðastliðinn, voru þeir hr. skólastjóri Helgi H. Eiríksson og hr. bóksali Guðmundur Gamalíelsson, endurkosnir í stjórn félagsins, en hr. forstjóri Halldór Stefánsson Reykjavík var kosinn í stað hr. fulltrúa Adolps Bergssonar.

Reykjavík, 19. maí 1938.
Pr. pr. Bókaverzlunin Mímir
Finnur Einarsson.

37. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum lithograph-prentsmiðju og pakkaframleiðslu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Lithoprent.

Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Lithoprent
E. Þorgrímsson.
Lithoprent
Guðm. Jóhannsson.

Reykjavík, 21. maí 1938.

Einar Þorgrímsson, Ljósvallagötu 8, Rvík.
Guðm. Jóhannsson, Öldugötu 40, Rvík.

38. Það tilkynnist hér með firmaskrá Reykjavíkur, að við undirritaðar höfum selt Margréti Hinriksdóttur, Hringbraut 159, verzlun okkar „Dettifoss“ frá 23. þ. mán. að telja. Eru okkur frá þeim tíma óviðkomandi allar skuldbindingar verzlunarinnar.

Reykjavík, 24. maí 1938.
Ágústa Ingimundardóttir. Ingibjörg Ingimundardóttir.

Samkvæmt framanrituðu, hefi ég undirritað 23. þ. m. keypt verzl. „Dettifoss“, og rek hana framvegis undir sama nafni, sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Verzlunin Dettifoss.
Margrét Hinriksdóttir.
Reykjavík, 23. maí 1938.
Margrét Hinriksdóttir,
Hringbraut 159, Rvík.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að herra Helga Lárussyni, Grettisgötu 64, veitist hér með prókúruumboð fyrir Verksmiðjuna Fram, Austurstr. 10 í Reykjavík.

182 Firmað ritar hann þannig:
pr. pr. Verksmiðjan Fram
Helgi Lárusson.
Reykjavík, 30. maí 1938.
M. Viglundsson. Margrét Þórðardóttir. Sveinbjörg Þórðardóttir.

40. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavkur, að vér höfum frá og með 1. janúar 1938, tekið að oss aðalumboðið á Íslandi fyrir Brand- og Lifförsäkrings Aktiebolaget Svea, Göteborg, vegna líftryggingarstarfsemi þess hér á landi.
Reykjavík, 30. maí 1938.
p. p. Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.
St. G. Björnsson. Kristján Reykdal.

41. Hér með tilkynnist firmaskrá Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum í dag selt bifreiðastöðina „Geysi" með öllum réttindum, þeim Finnboga Eyjólfssyni, Skólavörðustíg 36, frú Hólmfríði Baldvinsson, Freyjugötu 36, Magnúsi Bjarnasyni, Bræðraborgarstíg 10 A og Kjartani Sveinssyni, Ásvallagötu 69, Reykjavík, Berum við því enga ábyrgð á skuldbindingum bifreiðastöðvarinnar frá deginum í dag að telja.
Reykjavík, 31. maí 1938.
Bergur Arnbjarnarson. Magnús Bjarnason.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirrituð í dag keypt bifreiðastöðina „Geysi" í Reykjavík og rekum hana áfram undir óbreyttu firmanafni sem fullábyrgir félagar. En eldri skuldbindingar bifreiðastöðvarinnar eru okkur óviðkomandi, að undanskildum áhvílandi veðskuldum. Undirskrift allra okkar er nauðsynleg til að skuldbinda firmað.
Prókúruhafi er:
Zóphónías Baldvinsson.
Firmaritun: Bifreiðastöðin Geysir.
Hólmfr. Ó. Baldvinsson. Finnbogi Eyjólfsson.
Magnús Bjarnason. Kjartan Sveinsson.
Prókúruhafi ritar:
pr. pr. Bifreiðastöðin „Geysir"
Zoph. Baldvinsson.
Reykjavík, 31. maí 1938.
Hólmfr. Ó. Baldvinsson. Finnbogi Eyjólfsson. Kjartan Sveinsson.

42. Þar er ég hefi keypt hlut fyrrv. meðeiganda míns, Guðm. Gunnlaugssonar, í Prentsm. Viðey, verður hún framvegis rekin á mína ábyrgð eingöngu.
Í júní 1938.
Bjarni J. Jóhannesson.

Samkvæmt ofanskráðu hefi ég selt hr. Bjarna J. Jóhannessyni minn hluta í Prentsm. Viðey.
Guðm. Gunnlaugsson.

43. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firma-

nafninu: Jón St. Arnórsson & Co. Meðundirritaður Jón St. Arnórsson ritar einn 182
firmað þannig:

Jón St. Arnórsson & Co.
Reykjavík, 14. júní 1938.
Jón St. Arnórsson, Laufásveg 10, Reykjavík. Böðvar Jónsson, Óðinsgötu 13, Reykjavík.

44. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 8. júní s. l., gekk úr stjórninni hr. Jón Kaldal, ljósmyndasm., en í stað hans var kosinn Jón Kjartansson, framkvæmdarstjóri, Grettisgötu 8 í Reykjavík.

Framkvæmdarstjóri félagsins er Jón Kjartansson, og hefir hann prókúruumboð fyrir félagið. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem H. J. Hólmjárn hefir haft fyrir félagið.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

P. p. Svanur h. f.
Jón Kjartansson.
Reykjavík, 23. júní 1938.
Svanur h. f.
Jón Kjartansson. Lúðvík Jónsson.

45. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem á sínum tíma var veitt Páli Þorleifssyni fyrir Umboðs- og Raftækjaverzlun Íslands h.f., afturkallast hér með frá 1. marz 1938, en frá sama tíma er prókúruumboðið veitt hr. Huxley Ólafssyni, Hverfisgötu 39, Reykjavík.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Umboðs- og Raftækjaverzlun Íslands H/F
Huxley Ólafsson.
Reykjavík, 29. júní 1938.
Í stjórn Umboðs- og Raftækjaverzlunar Íslands h.f.
H. Þorsteinsson. Ó. Þorsteinsson. Huxley Ólafsson.

46. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/F „Ölgerðin Egill Skallagrímsson", sem haldinn var 30. júní 1938, gekk úr stjórninni Stefán Thorarensen, lyfsali. En í stað hans var kosinn Garðar Þorsteinsson, hrjm., Vesturg. 19, Rvík. Í varastjórn var kosinn í stað Garðars Þorsteinssonar, frú Agnes Tómasson, Bjarkargötu 2, Rvík.

Reykjavík, 1. júlí 1938.
Í stjórn H/f „Ölgerðin Egill Skallagrímsson"
Tómas Tómasson. Björn Ólafs. Garðar Þorsteinsson.
Kristinn Sigurðsson. Geir Sigurðsson.

47. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við Guðmundur Þorsteinsson, rafvirkjameistari, Bergstaðastræti 21, Rvík, og Andrés Ágúst Jónsson, rafvirki, Týsgötu 3 í Rvík, rekum hér í bænum rafvirkjaiðnað og sölu á rafvirkjavörum, undir firmanafninu: Rafvirkinn S.F., og berum við báðir ótak-

182 markaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, enda má hvor um sig rita firmað. Undirskriftum er hagað þannig:

Rafvirkinn S. F.
Guðm. Þorsteinsson.
Rafvirkinn S. F.
Ágúst Jónsson.
Reykjavík, 7. júlí 1938.
Guðmundur Þorsteinsson. Ágúst Jónsson.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá og með deginum í dag veitist herra Friðþjófi O. Johnson, forstjóra, Laufásv. 55, prókúruumboð fyrir O. Johnson & Kaaber h/f í Reykjavík, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. O. Johnson & Kaaber h/f
F. O. Johnson.
Reykjavík, 11. ágúst 1938.
Stjórn O. Johnson & Kaaber h/f
Ol. Johnson. A. Claessen.

49. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð hefi í dag selt þeim, frú E. Friðriksson og hr. mag. scient. Árna Friðrikssyni, báðum hér í bæ, verzlun mína „Sápuhúsið", sem rekin hefir verið í Austurstræti 17, hér í bænum. Hafa þau heimild mína til þess að reka hana framvegis undir sama nafni, en skuldbindingar hennar eru mér óviðkomandi frá þessum degi að telja.

Reykjavík, 19. ágúst 1938.
G. Skúlason.

Samkvæmt framanrituðu höfum við undirrituð keypt verzlunina „Sápuhúsið", Austurstræti 17, hér í bæ. Rekum við hana framvegis undir sama nafni — „Sápuhúsið" — sem fullábyrgir félagar og hefir hvort okkar um sig rétt til að rita firmað.

Firmaritun:

Sápuhúsið
E. Friðriksson.
Sápuhúsið
Árni Friðriksson.
Reykjavík, 19. ágúst 1938.
Árni Friðriksson. Eva Friðriksson.

50. Það tilkynnist hér með að úr stjórn Fasteignalánafélags Íslands hafa gengið Kristján Karlsson, framkv.stj. og Sig. Eggerz, bæjarfógeti. En í þeirra stað hafa verið kosnir: Björn Ólafsson, stórkaupm. og Guðm. Ólafs, bankafulltrúi. Fyrir er í stjórninni, Eggert Claessen, hrjmflm. Framkvæmdastjóri félagsins er Björn Ólafsson.

Reykjavík, 26. ágúst 1938.
Björn Ólafsson. Guðm. Ólafs.

51. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi „Steindórsprent“ h.f., sem haldinn var 4. þ. m., gekk hr. Kristján Ágústsson úr stjórninni, en í stað hans var kosinn Eggert Kristjánsson, stórkaupmaður. 182

Í varastjórn var kosinn Kristján Ágústsson, verkstjóri.

Í stjórn „Steindórsprent“ H.F.

Steindór Gunnarsson. Einar Jónsson. Eggert Kristjánsson.

52. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi Fiskveiðahlutafélagsins Hængs, þ. 14. apríl s. l., gekk úr stjórn félagsins Jóhann Þ. Jósefsson, alþm. Í stað hans var kosinn formaður félagsins Vigfús Guðmundsson, Laufásveg 43, Rvík.

Reykjavík, 5. sept. 1938.

Þorgr. Sigurðsson. Sverrir Sverrisson.

53. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá og með deginum í dag veitist herra Sigurði Magnússyni, rafvirkja, Garðastræti 19, prókúruumboð fyrir firmað Eiríkur Hjartarson, raftækjaverzlun, Laugavegi 20, Reykjavík, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. E. Hjartarson
Sig. Magnússon.

Reykjavík, 6. sept. 1938.

E. Hjartarson.

54. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum sápu- og snyrtivöruverzlun undir firmanafninu Sápubúðin, og berum við báðir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, og hefir hvor okkar um sig rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Sápubúðin
Egill Th. Sandholt.
Sápubúðin
Þorkell G. Sigurbjörnsson.

Reykjavík, 9. sept. 1938.

Egill Th. Sandholt, Laugaveg 36, Rvk.

Þorkell G. Sigurbjörnsson, Fjölnisveg 2, Rvk.

55. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að undir firmanafninu Fasteigna- og verðbréfasala, rekur Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður, Suðurgötu 4, með ótakmarkaðri ábyrgð, í sambandi við málaflutningsstarfsemi sína, sérstaka deild, sem annast kaup og sölu fasteigna, skipa, verðbréfa og annara kröfuréttinda, svo og ýmsa miðlarastarfsemi, og ritar hann firmað þannig:

Fasteigna- og verðbréfasalan.
Lárus Jóhannesson.

Reykjavík, 9. sept. 1938.

Lárus Jóhannesson.

182 56. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að vér höfum frá og með 21. þ. m. veitt eftirtöldum starfsmönnum vorum sameiginlegt (kollektivt) prókúruumboð:

Stefáni G. Björnssyni, skrifstofustj., Leifsgötu 11 og Agli Daníelssyni, ftr., Blómvallag. 7.

Ennfremur nefndum Stefáni G. Björnssyni og Runólfi Ó. Þorgeirssyni, ftr., Lokast. 24 A. Stefán G. Björnsson og Egill Daníelsson rita firmanafnið þannig:

p. p. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
St. G. Björnsson. E. Daníelsson.

Stefán G. Björnsson og Runólfur Ó. Þorgeirsson rita firmanafnið þannig:

p. p. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
St. G. Björnsson. Run. Ó. Þorgeirsson.

Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð þau, er vér þann 6. nóv. 1933 veittum þeim Stefáni G. Björnssyni, Brynjólfi Magnússyni, Stefáni G. Björnssyni og Kristjáni J. Reykdal standa óbreytt í gildi.

Reykjavík, 27. sept. 1938.
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
Brynj. Stefánsson.

57. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, gúmmískógerð og viðgerðastofu undir firmanafninu

Gúmmískógerð Austurbæjar.

Hvor okkar fyrir sig hefir rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Gúmmískógerð Austurbæjar
Jóhannes Bjarnason.
Gúmmískógerð Austurbæjar
Bjarni Kolbeinsson.

Reykjavík, 5. okt. 1938.
Jóhannes Bjarnason. Bjarni Kolbeinsson.

58. Á aðalfundi Kexverksmiðjunnar „Esju“ h.f., sem haldinn var miðvikudaginn 23. febr. s. l., gengu þeir Axel Ketilsson, kaupm. í Reykjavík, og Ingólfur Ketilsson, trésmiður á Ísafirði, úr stjórn félagsins. En í þeirra stað voru kosnir: Eggert Kristjánsson, stórkaupm., Túngötu 30, Rvík, sem formaður, og Steindór Gunnarsson, prentsmiðjustjóri, Suðurgötu 8 b, Reykjavík, sem meðstjórnandi. Stjórnin ritar:

Kexverksmiðjan Esja H/F
Eggert Kristjánsson.
Kexverksmiðjan Esja H/F
Eggert Kristjánsson. K. Ólafsson, læknir.
Kexverksmiðjan Esja H/F
Eggert Kristjánsson. Steindór Gunnarsson.

Reykjavík, 6. okt. 1938.
Eggert Kristjánsson. K. Ólafsson, læknir. Steindór Gunnarsson.

59. Hér með veitist herra Ólafi G. Einarssyni, Skólavörðustíg 31, Reykjavík, umboð sem prókúruhafa fyrir Kexverksmiðjuna Esju, hlutafélag, með öllum rétt-

indum og skyldum prókúruhafa samkv. lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903. 182
Ritar hann firmað þannig:
pr. pr. Kexverksmiðjan Esja H/F
Ó. G. Einarsson.
Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem cand. juris Sighvatur Blöndal, Reykjavík, hefir haft fyrir nefnt félag.
Reykjavík, 6. okt. 1938.
Eggert Kristjánsson. K. Ólafsson, læknir. Steindór Gunnarsson.

60. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að sú breyting varð á stjórn Umboðs- og Raftækjaverzlun Íslands h.f., þann 25. ágúst 1937, að stjórnina skuli nú skipa 5 menn í stað þriggja áður. Rita nú þrír firmað í stað tveggja áður. Stjórnin var endurkosin, en auk þess voru kosnir í stjórn þeir Hjálmar Þorsteinsson, Klapparstíg 28 og Huxley Ólafsson, Hverfisgötu 39. Til vara var kosinn Friðrik Þorsteinsson, Skólavst. 12.
Reykjavík, 12. okt. 1938.
Huxley Ólafsson. I. Guðmundsson. H. Þorsteinsson.

61. Þann 31. marz 1938 var haldinn aðalfundur í h/f Umboðs- og Raftækjaverzlun Íslands. Á fundinum gengu úr stjórn þeir Ólafur Þorsteinsson og Hjalti Jónsson, konsúll. Í þeirra stað voru kosnir Friðrik Þorsteinsson, Skólavst. 12, og Ingólfur Guðmundsson, Garðastr. 14. Stjórnina skipa nú: Björn G. Björnsson, Hávg. 38, formaður. Hjálmar Þorsteinsson, Klapparst. 28. Friðrik Þorsteinsson, Skólavörðust. 12. Huxley Ólafsson, Hverfisgötu 39. Ingólfur Guðmundsson, Garðastr. 14.
Varamenn í stjórn:
Gísli Finsen, Veltusundi 3 og Helgi Pálsson, Þórsgötu 17.
Reykjavík, 12. oktbr. 1938.
Huxley Ólafsson. I. Guðmundsson. H. Þorsteinsson.

62. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar rekum hér í bænum smásöluverzlun undir firmanafninu: Harðfisksala Vesturbæjar. Undirskrift okkar beggja þarf til þess að skuldbinda félagið og ritum við firmað þannig:
Harðfisksala Vesturbæjar
Elísabet Valdimarsd. Augusta Kolbeinsson.
Reykjavík, 25. okt. 1938.
Elísabet Valdimarsdóttir, Njálsgötu 20. Augusta Kolbeinsson, Amtmannsstíg 7.

63. Ég undirritaður, Samúel Ketilsson, Barónsst. 39, hér í bænum, leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi þ. 1. sept. síðastl., selt iðnfyrirtæki mitt Parfumerie d'Emal, hér í bænum, „Verksmiðjunni Trausta", hér í bæ, og eru allar skuldbindingar fyrirtækisins eftir þann tíma mér óviðkomandi. Jafnframt óskast firmanafnið Parfumerie d'Emal afmáð af firmaskrá.
Reykjavík, 27. okt. 1938.
Samúel Ketilsson.

182 Samkvæmt ofanrituðu hefir Verksmiðjan Trausti, hér í bænum, keypt iðnfyrirtækið Parmumerie d'Emal þ. 1. sept. s. l., og rekur starfsemi fyrirtækisins áfram undir sínu firmanafni og með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 27. okt. 1938.

Verksmiðjan Trausti

Skúli Jóhannsson. Samúel Ketilsson. Sigfús Bjarnason.

64. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum smásöluverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Verzlunin „Olympia".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Olympia
Jón Hjartarson.

Reykjavík, 5. nóv. 1938.

Jón Hjartarson,
Kárastíg 9, Rvík.

65. Við undirritaðir, Skúli Jóhannsson, stórkaupm., Sjafnargötu 8, Samúel Ketilsson, forstj., Barónsstíg 39 og Sigfús Bjarnason, stórkaupm., Hafnarstræti 10, allir hér í bæ, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum verksmiðjustarfsemi til framleiðslu á efnagerðar- og hreinlætisvörum, undir firmanafninu

„Verksmiðjan Trausti",

og berum við allir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins. Firmað rita allir eigendurnir sameiginlega, og rita þeir firmað þannig:

Verksmiðjan Trausti

Skúli Jóhannsson. Samúel Ketilsson. Sigús Bjarnason.

Prókúruumboð hafa þeir Samúel Ketilsson og Skúli Jóhannsson og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Verksmiðjan Trausti
Samúel Ketilsson.
pr. pr. Verksmiðjan Trausti
Skúli Jóhannsson.

Reykjavík, 12. nóv. 1938.

Skúli Jóhannsson. Samúel Ketilsson. Sigfús Bjarnason.

66. Það tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/f Bræðings, sem haldinn var 11. júlí 1938, voru kosnir í stjórn félagsins þeir Ólafur H. Jónsson, framkvæmdastjóri, Bergstaðastræti 67, Ólafur Johnson, stórkaupmaður, Esjubergi, Rvík, og Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri, Ingólfsstræti 8, Rvík.

Reykjavík, 29. nóv. 1938.

Ólafur H. Jónsson. M. Magnússon. Ól. Johnson.

67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðný Jóhannesdóttir, Laugavegi 54 B, hér í bænum, er orðin eigandi Hárgreiðslustofunnar Carmen, hér, að hálfu, og eigum við sinn helminginn hvor.

Firmað skrifum við báðar, hvor í sínu lagi þannig: 182
Hárgreiðslustofan Carmen
Guðný Jóhannesdóttir.
Hárgreiðslustofan Carmen
Ragnheiður Jóhannesdóttir.
Reykjavík, 5. des. 1938.
Ragnheiður Jóhannesdóttir.

68. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á fundi 6. des. 1938 í h/f Magna var samþykkt að auka hlutafé úr kr. 10000.00 upp í kr. 15000.00.
Hlutafé er allt innborgað.
Reykjavík, 13. des. 1938.
Jóh. Karlsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Þorgrímsson.

69. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum firma hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Chemia. Tilgangur félagsins er að framleiða allskonar kemiskar vörur. Firmað ritar hver félagsmanna fyrir sig þannig:
Chemia
Sverrir Magnússon.
Chemia
Tómas Magnússon.
Chemia
Sverrir Sigurðsson.
Reykjavík, 14. des. 1938.
Sverrir Magnússon. Sverrir Sigurðsson. Tómas Magnússon.

70. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðmundur Helgason, húsgagnasmíðameistari, Hallveigarstíg 8 A, hér í bænum, er genginn inn í félagið Hjálmar Þorsteinsson & Co., sem fullábyrgur félagi. Firmaritun óbreytt.
Reykjavík, 16. des. 1938.
Hjálmar Þorsteinsson & Co.
H. Þorsteinsson.
Samþykkur:
Guðm. Helgason, Hallveigarst. 8 A.

2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Hér með leyfi ég mér að tilkynna til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að í dag hefir sonur minn, Sturlaugur, gengið inn í firmað Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi, áður einkaeign undirritaðs, sem fullábyrgur félagi og meðeigandi með öllum réttindum og skyldum.
Hinn nýi eigandi hefir í dag greitt inn til firmans umsamið framlag af hans hálfu, kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — og eigum við þá firmað, Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi, að hálfu hvor okkar.
Hinn nýi meðeigandi ritar firmað þannig:
Haraldur Böðvarsson & Co.
S. H. Böðvarsson.

182 Ég rita firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson & Co.
Haraldur Böðvarsson.

Áður tilkynnt prókúruumboð Leifs Böðvarssonar fyrir firmað helzt áfram óbreytt.

Akranesi, 5. febrúar 1938.
Haraldur Böðvarsson.

2. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu skipa nú þessir menn:
Jóhann Magnússon, formaður, Magnús Jónsson, gjaldkeri, Tómas Hallgrímsson, Grímsstöðum, Sverrir Gíslason, Hvammi, Þorvaldur T. Jónsson, Hjarðarholti.

Formaður og gjaldkeri annast dagleg störf sjóðsins, undirrita kvittanir og skuldbindingar fyrir hans hönd samkv. ályktun stjórnarfunda.

Borgarnesi, 31. maí 1938.
Í stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu
Jóhann Magnússon. Magnús Jónsson. Sverrir Gíslason.
Tómas Hallgrímsson. Þorvaldur T. Jónsson.

3. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð herra Sigurðar Símonarsonar fyrir Pöntunarfélag Akraness, Akranesi, fellur niður frá og með 15. maí 1938 að telja.
Frá sama tíma veitist hr. kaupfélagsstjóra Jóni Gunnarssyni, Seyðisfirði, prókúruumboð fyrir Pöntunarfélag Akraness. Hann skrifar nafn sitt þannig:

Pr. pr. Pöntunarfélag Akraness
Jón Gunnarsson.
Akranesi, 1. júní 1938.
Stjórn Pöntunarfélags Akraness.
Sigurdór Sigurðsson. Guðbjarni Sigmundsson. Svafar Þjóðbjörnsson.
Sæmundur Eggertsson

3. Barðastrandarsýsla.

1. Á aðalfundi Kaupfélags Rauðasands s.f., Hvalskeri, sem haldinn var 27. apríl 1938, voru gerðar eftirfarandi breytingar á samþykktum og stjórn félagsins:
1. Ábyrgð hvers félagsmanns hækkar upp í kr. 300.00, auk stofnsjóðsinnstæðu.
2. Félagið starfrækir innlánsdeild.
3. Stjórn félagsins:
Gísli Ó. Thorlacius, bóndi, Saurbæ, formaður.
Þorsteinn Kristjánsson, prestur, Sauðlauksdal, varaformaður.
Ólafur Sveinsson, bóndi, Lambavatni, meðstjórnandi.

Firmað ritar stjórnin öll eða tveir stjórnendur þannig:

Kaupfélag Rauðasands s.f.
Gísli Ó. Thorlacius. Þorsteinn Kristjánsson.
eða
Kaupfélag Rauðasands s.f.
Gísli Ó. Thorlacius. Ólafur Sveinsson.
eða
Kaupfélag Rauðasands s.f.
Þorsteinn Kristjánsson. Ólafur Sveinsson.

Saurbæ, 28. apríl 1938.
Gísli Ó. Thorlacius. Ólafur Sveinsson. Þorst. Kristjánsson.

182

4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Samvinnufélags Ísfirðinga, sem haldinn var á Ísafirði 13. okt. s.l., var Eiríkur Einarsson, hafnsögumaður á Ísafirði, kosinn í félagsstjórnina í stað Haraldar Guðmundssonar, skipstjóra.

Stjórnina skipa nú: Eiríkur Einarsson, formaður, Hannibal Valdimarsson, varaformaður, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Kristján Bjarnason, og til vara: Guðm. G. Hagalín, Halldór Sigurðsson, Ólafur Ásgeirsson, Össur Valdimarsson, Sigurður Pétursson.

Á sama aðalfundi voru samþykktar nokkrar lagabreytingar.

4. gr. félagslaganna hljóðar þannig: „Ábyrgð hvers félagsmanns í félaginu er takmörkuð við 300.00 krónur."

Ísafirði, 12. janúar 1938.
Stjórn Samvinnufélags Ísfirðinga
Eiríkur Einarsson, p. t. formaður.
Ólafur Júlíusson. Kristján Bjarnason.

2. Samkvæmt ákvörðun félagsfundar í h.f. „Hávarður", hinn 12. þ. m., er ákveðið að auka hlutafé félagsins um kr. 9500.00 upp í kr. 42500.00. Hlutafjársöfnun er lokið og gert ráð fyrir, að allt hlutaféð verði greitt á þessu ári.

Engin sérréttindi fylgja hinu nýja hlutafé.

Ísafirði, 24. marz 1938.
Í stjórn h/f „Hávarður"
Grímur Kristgeirsson. Jens Hólmgeirsson. Ingvar Einarsson.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Ísafjarðar, að hr. skrifstofustjóri Ólafur Magnússon, Ísafirði, gegnir störfum framkvæmdarstjóra h/f „Hávarðar" í fjarveru hr. Finns Jónssonar, alþm., og hefir hann prókúruumboð. Nafn firmans ritar hann þannig:

p. p. H/f HÁVARÐUR
Ó. Magnússon.
Ísafirði, 23. marz 1938.
Í stjórn h/f „Hávarður"
Grímur Kristgeirsson. Ingvar Einarsson. Jens Hólmgeirsson.

3. Á aðalfundi Pöntunarfélags verkamanna á Flateyri, höldnum 20. febr. 1938, var samþykkt sú breyting á lögum félagsins, að 3% af viðskiptaveltunni skuli leggjast í stofnsjóð, sem skiptist á félagsmenn eftir viðskiptamagni þeirra og er hver félagsmaður ábyrgur gagnvart skuldbindingum félagsins um stofnsjóðsinnstæðu sína, þó ekki hærri upphæð en kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur.

Aðrar nauðsynlegar breytingar til að samræma lög félagsins lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937, voru samþykktar.

Stjórn félagsins skipa sömu menn og áður, og er Hjörtur Hjálmarsson kennari, ráðinn pöntunarstjóri fyrir árið 1938.

Þetta tilkynnist hér með til skráningar.

Flateyri, 4. apríl 1938.
Í stjórn Pöntunarfélags verkamanna
Guðm. Pétursson (formaður). Hjörtur Hjálmarsson. Halldór Vigfússon.

182 4. Það tilkynnist hér með, að húsfrú Ingveldur Benónýsdóttir á Ísafirði, ekkja sameignarmanns okkar, Bergsveins sál. Árnasonar, járnsmíðameistara, gengur úr firmanu Vélsmiðjan „Þór" á Ísafirði.

Áðurgreindur Bergsveinn sál. Árnason var prókúruhafi firmans þar til hann andaðist, en framvegis verður meðundirritaður, Þórarinn Helgason, prókúruhafi þess og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan „Þór"
Þórarinn Helgason.

Eigendur firmans eru nú aðeins við þrír undirritaðir og starfar firmað framvegis á sama hátt og áður.

Ísafirði, 4. maí 1938.
f. h. Vélsmiðjan „Þór", Ísafirði.
Þórarinn Helgason. Ingimundur Guðmundsson. Sigtryggur Guðmundsson.

5. Frú Sigríður Jónsdóttir, kaupmaður, og Kristján H. Jónsson, kaupmaður, bæði á Ísafirði, tilkynna, að þau reki með ótakmarkaðri ábyrgð verksmiðju undir nafninu Húfuiðjan Hektor. Framleiðsla er höfuðfatnaður o. fl. Að því er snertir daglegan rekstur hefir hvort um sig rétt til að rita firmað, en að því er snertir skuldbindingu firmans með lántöku, veðsetningu, kaup og sölu fasteigna þarf undirskrift beggja eigenda. Allar venjulegar daglegar framkvæmdir annast Kristján H. Jónsson.

Undirskriftum er hagað þannig:

Húfuiðjan Hektor
Kr. H. Jónsson.
Húfuiðjan Hektor
Sigríður Jónsdóttir.
Húfuiðjan Hektor
Kr. H. Jónsson. S. Jónsdóttir.

Ísafirði, 9. júní 1938.
Kr. H. Jónsson. S. Jónsdóttir.

6. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirrituð rek verzlun hér í bænum með útgerðarvörur, vinnufatnað o. fl., eftir látinn mann minn, Jón A. Þórólfsson, undir firmanafninu Verzlun Jóns A. Þórólfssonar, sem fullábyrgur einkaeigandi.

Ísafirði, 23. júní 1938.
Guðbjörg Gísladóttir.

7. Hér með tilkynnist, að ég hefi í dag selt sameignarmanni mínum, hr. kaupm. Vilhjálmi Skúlasyni, minn hluta í Verzluninni „Bræðraborg", Ísafirði, og eru mér því skuldbindingar verzlunarinnar óviðkomandi frá þessum degi.

Ísafirði, 13. sept. 1938.
Skúli K. Eiríksson.

Samkvæmt ofangreindu hefi ég keypt hluta Skúla K. Einarsson í Verzl-Bræðraborg, Ísafirði, og rek ég verzlunina eftirleiðis sem einkaeigandi undir sama nafni og á mína ábyrgð. Jafnframt tilkynnist, að ég hefi í dag veitt hr.

Skúla K. Eiríksson prókúruumboð fyrir greinda verzlun. Firmað ritar hann þannig: 182

p. p. Verzlunin Bræðraborg
Skúli K. Eiríksson.
Ísafirði, 13. sept. 1938.
Vilhjálmur Skúlason.

8. Með kaupsamningi, dags. 18. júlí s.l., höfum við undirritaðir selt hr. úrsmið Arne Sörensen, Ísafirði, úrsmíðavinnustofu Skúla K. Eiríksson, er við höfum rekið á Ísafirði, og eru skuldbindingar hennar eftir þann dag okkur óviðkomandi. Framvegis mun vinnusofan rekin undir nafninu: Úrsmíðastofa Skúla K. Eiríksson.

Ísafirði, 13. sept. 1938.
Vilhjálmur Skúlason. Skúli K. Skúlason.

Það tilkynnist, að ég hefi keypt ofangreinda vinnustofu og að ég mun reka hana framvegis á eigin ábyrgð undir nafninu: Úrsmíðastofa Skúla K. Eiríksson. Firmað rita ég þannig:

Úrsmíðastofa Skúla K. Eiríksson
Arne Sörensen.

Jafnframt tilkynnist, að ég hefi veitt hr. Skúla K. Eiríksson prókúruumboð. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Úrsmíðastofa Skúla K. Eiríksson
Skúli K. Eiríksson.
Ísafirði, 13. sept. 1938.
Arne Sörensen.

9. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi keypt verzlun Guðmundar Br. Guðmundssonar á Ísafirði, og rek ég hana sem fullábyrgur einkaeigandi frá 2. þ. m. að telja. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Guðmundar Br. Guðmundssonar
Páll Jónsson.
Ísafirði, 19. sept. 1938.
Páll Jónsson.

10. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að bú h/f Önundar á Flateyri, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. febr. s. l., og skiptum í búinu lokið í dag.

Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu, 25. okt. 1938.
Torfi Hjartarson.

11. Samkv. ákvörðun aðalfundar H/f Kaðall, Ísafirði, dags. 24. marz s.l., tilkynnist, að félagið er hætt störfum, og hefir því verið slitið.

Ísafirði, 26. nóv. 1938.
Í stjórn H/f Kaðall
Tryggvi Jóakimsson. Ing. Árnason. Skúli K. Eiríksson.

182

5. Strandasýsla.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Strandasýslu, að verzlun sú, er ég hefi undanfarin 9 ár rekið hér á Hólmavík undir nafninu Verzlun R. P. Riis, Hólmavík, hættir störfum frá og með 15. nóvember n.k.

Kröfur, er menn hafa á verzlunina, ber að snúa sér með til mín á Ísafirði, eins og ég mun innheimta allar útistandandi skuldir, er verzlunin á hjá viðskiptamönnum hennar.

Um leið afturkallast prókúruumboð það, er ég á sínum tíma gaf herra Friðjóni Sigurðssyni.

p. t. Hólmavík, 30. okt. 1937.
Jóh. Þorsteinsson.

6. Húnavatnssýsla.

1. Undirrituð stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga veitir hér með hr. Sigurði Gíslasyni, verzlunarmanni á Hvammstanga, prókúruumboð fyrir félagið. Hann undirritar þannig:

pr. pr. Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Sig. Gíslason.

Hvammstanga, 16. apríl 1938.
Í stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga
Skúli Guðmundsson. H. Jóhannss. Axel Guðmundsson.
Guðjón Jónsson. Guðm. Guðmundsson.

7. Siglufjörður.

1. Undirrituð stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, veitir hér með hr. verkfræðingi Jóni Gunnarssyni prókúruumboð fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Síldarverksmiðjur ríkisins
J. Gunnarsson.

Jafnframt afturkallast prókúra hr. verkfræðings Gísla Halldórssonar fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 14. jan. 1938.
Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins
Þormóður Eyjólfsson. Þorsteinn M. Jónsson. Finnur Jónsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður hefi selt meðeiganda mínum, hr. Jóni Ragnars, Siglufirði, minn hlut í firm. Veiðarfæraverzlun Siglufjarðar, og hefir hann tekið að sér allar skuldbindingar firmans, gamlar og nýjar. Afturkallast því um leið prókúruumboð það, er ég hefi haft fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 4. febrúar 1938.
N. Ísaksson.

3. Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að hr. byggingameistari Einar Jóhannsson hefir í dag gengið úr firmanu Einar Jóhannsson & Co., og eru skuldbindingar firmans héðan í frá honum óviðkomandi.

Rekur meðundirritaður Ólafur Ragnars firmað áfram undir sama nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð. 182

Reykjavík, 19. marz 1938.
Einar Jóhannsson. Ólafur Ragnars.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrárinnar, að á aðalfundi Verzlunarfélags Siglufjarðar, h.f., Siglufirði, sem haldinn var 26. þ. m., var fyrrverandi stjórn félagsins endurkosin, og skipa hana því Alf. Jónsson, lögfr., Siglufirði, Jón Jóhannesson, fiskimatsmaður, Siglufirði, og Þorsteinn Pétursson, kaupmaður, Siglufirði. Varamaður í stjórn var kosinn Þórhallur Björnsson, verkamaður, Siglufirði.

Innborgað hlutafé félagsins er kr. 15100.00 og varasjóður þess kr. 12631.27. Hlutafjársöfnun er ekki lokið.

Siglufirði, 29. marz 1938.
f. h. Verzlunarfélag Siglufjarðar, h.f.
Alf. Jónsson. Jón Jóhannesson.

5. Á löglegum hluthafafundi, höldnum í dag, í H/f „Hringur", Siglufirði, var samþykkt að uppleysa félagið og selja eignir þess. Jafnframt var á sama fundi hr. Jón Þórðarson, framkvstj., kosinn til þess að fara með öll mál félagsins meðan á skiptum og félagsslitum stendur. Ber að snúa sér til hans með allar kröfur á hendur félaginu, svo og greiðslur til félagsins.

Siglufirði, 30. apríl 1938.
Stjórn H/f „Hringur"
G. Þórðarson. Ólafur Ragnars.

6. Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga, er haldinn var þann 30. apríl s. l., gengu úr stjórn félagsins þeir Gunnlaugur Sigurðsson og Jónas Jónasson, en í þeirra stað voru kosnir: Arnþór Jóhannsson og Páll Ásgrímsson.

Stjórn félagsins er þannig skipuð: Erlendur Þorsteinsson, formaður, Aðalbjörn Pétursson, varaformaður, Friðleifur Jóhannsson, ritari, Páll Ásgrímsson, Arnþór Jóhannsson.

Siglufirði, 4. maí 1938.
F. h. Kaupfélags Siglfirðinga
Aðalbj. Pétursson.

7. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég rek verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Aðalbúðin. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Aðalbúðin
Kristján Jónsson.

Prókúru fyrir firmað hefir Lárus Þ. J. Blöndal, Grundargötu 7, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Aðalbúðin.
L. Blöndal.
p. t. Siglufirði.
Kristján Jónsson.

Vottar:
Jóhann Einarsson.
Óli Blöndal.

182 8. Það tilkynnist hér með firmaskrá Siglufjarðar, að sú breyting varð á stjórn Byggingarfélags verkamanna, Siglufirði, þann 18. þ. m., að hr. Ólafur Guðmundsson, bifreiðastjóri, var kosinn formaður í stað Jóhanns F. Guðmundssonar.

Nú skipa aðalstjórn þessir menn: Ólafur Guðmundsson, formaður, Arnþór Jóhannsson, ritari, Þorhallur Björnsson, gjaldkeri.

Siglufirði, 30. maí 1938.
F. h. félagsstjórnar
Þórhallur Björnsson.

9. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðar, að frá og með deginum í dag hefi ég undirritaður veitt herra Indriða Björnssyni prókúruumboð fyrir mig og ritar hann prókúruna þannig:

pr. pr. O. Tynes
I. Björnsson.
Siglufirði, 4. júní 1938.
Ole Tynes.

10. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að dánarbú Sveins Hjartarsonar er gengið úr firmanu „Verzlun Sveins Hjartarsonar", Siglufirði, og rekum við undirritaðir firmað áfram undir nafninu „Verzlunin Sveinn Hjartarson", sem fullábyrgir félagar. Ber því dánarbú Sveins Hjartarsonar hér eftir enga ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Siglufirði, 25. júní 1938.
Sig. Kristjánsson. Gústav Þórðarson.

11. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég rek kvenhattagerð og annan skyldan atvinnurekstur ásamt smásöluverzlun, hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlun Jenny Stefánsdóttur", og rita ég firmað þannig:

Verzlun Jenny Stefánsdóttur
Jenny Stefánsdóttir.
Siglufirði, 21. júlí 1938.
Jenny Stefánsdóttir.

8. Akureyri.

1. Ég undirrituð, ekkja Hallgríms Hallgrímssonar, Klapparstíg 1, Akureyri, veiti hér með hr. Jóni Sigurgeirssyni, til heimilis sama stað, prókúru fyrir dánarbú Hallgríms Hallgrímssonar, með öllum réttindum prókúruhafa skv. lögum, og riti hann prókúruna þannig:

pr. pr. Hallgrímur Hallgrímsson.
Jón Sigurgeirsson.
Akureyri, 16. júlí 1938.
Kristín Albertsdóttir.

2. Magister Geir Jónasson, Akureyri, rekur sem fullábyrgur einkaeigandi bókaútgáfufyrirtæki á Akureyri undir nafninu: Bókaútgáfan Edda.

Akureyri, 22. ágúst 1938.

9. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla. 182

1. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð hr. Ólafs Metúsalemssonar fyrir Kaupfélag Vopnfirðinga fellur úr gildi frá og með deginum í dag. Frá sama tíma veitum vér hr. Guðmundi Stefánssyni prókúruumboð fyrir Kaupfélag Vopnfirðinga og ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Vopnfirðinga
Guðm. Stefánsson.
Vopnafirði, 8. jan. 1938.
Stjórn Kaupfélags Vopnfirðinga
Met. Metúsalemsson. Gunnar H. Gunnarsson. Björn V. Metúsalemsson.

2. Í dag hefir herra Guðlaugur Jónsson, Seyðisfirði, fengið prókúruumboð fyrir firmað Jón G. Jónasson, Seyðisfirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Jón G. Jónasson.
Guðlaugur Jónsson.
Seyðisfirði, 26. febrúar 1938.
Jón G. Jónasson.

3. Samkvæmt aðalfundargerð félagsins „Síldarbræðslan h/f, Seyðisfirði" frá 3. apríl þ. á. skipa nú stjórn félagsins: Formaður Karl Finnbogason, varaformaður Ari Arnalds, stjórnarnefndarmenn Benedikt Jónasson, Gunnlaugur Jónasson og Jón B. Sveinsson, allir til heimilis Seyðisfirði.

Seyðisfirði, 12. apríl 1938.
Karl Finnbogason — formaður.

4. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að Johan Pettersen hefir selt Harald Johansen sinn hlut í firma Harald Johansen, Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar. Þar af leiðandi fellur niður prókúruumboð Johan Pettersens, einnig prókúruumboð Harald Johansens. Johan Pettersen ber enga ábyrgð á skuldbindingum firmans frá deginum í dag.

Harald Johansen heldur firmanu áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og skuldbindur hann firmað með undirskrift sinni:

Harald Johansen Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar.
Harald Johansen.
Seyðisfirði, 20. apríl 1938.
Harald Johansen. Johan Pettersen.

5. Hér með tilkynnist, að í dag hefir Jóhann F. Guðmundsson, forstjóri, Seyðisfirði, fengið prókúruumboð fyrir hlutafélagið Síldarbræðslan h/f., Seyðisfirði, og ritar hann nafn sitt fyrir hlutafélagið þannig:

Pr. pr. Síldarbræðslan h/f., Seyðisfirði,
Jóhann F. Guðmundsson.
Seyðisfirði, 15. júní 1938.
F. h. Síldarbræðslan h/f., Seyðisfirði.
Ari Arnalds.

6. Við undirritaðir, Johan Pettersen og Sverrir Sigurðsson, báðir til heimilis á Seyðisfirði, tilkynnum hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að við

182 rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum, aðallega með málningar- og byggingarvörur o. fl., undir firmanafninu „Verzlunin Ægir".

Firmað ritum við báðir saman eða annar þannig:

Verzlunin Ægir.
Johan Pettersen, Sverrir Sigurðsson.
Verzlunin Ægir.
Sverrir Sigurðsson.
Verzlunin Ægir.
Johan Pettersen.
Seyðisfirði, 6. september 1938.
Sverrir Sigurðsson. Johan Pettersen.

10. Neskaupstaður.

1. Hér með tilkynnist, að hr. Jónas Guðmundsson hefir látið af framkvæmdastjórastörfum við Togarafélag Neskaupstaðar h/f. frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma hr. Kristján Sigtryggsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Togarafélag Neskaupstaðar h.f.
Kristj. Sigtryggsson.
Neskaupstað, 8. des. 1937.
Stjórn Togarafélags Neskaupstaðar h.f.
Sigurjón Kristjánsson. Eyþór Þórðarson. Á. A. Pálmason.
Björn Ingvarsson. Kristj. Sigtryggsson.

2. Hér með tilkynnist, að herra Kristján Sigtryggsson hefir látið af framkvæmdastjórastörfum fyrir Íshúsfélag Norðfirðinga frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma herra forstjóri Níels Ingvarsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Íshúsfélag Norðfirðinga
Níels Ingvarsson.
Neskaupstað, 6. jan. 1938.
Stjórn Íshúsfélags Norðfirðinga
Jón Sveinsson. Kristj. Sigtryggsson. Vigfús Guttormsson.

3. Hér með tilkynnist, að herra Kristján Sigtryggsson hefir látið af framkvæmdastjórnarstörfum við Samvinnufélag útgerðarmanna, Norðfirði, frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma herra forstjóri Níels Ingvarsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna
Níels Ingvarsson.
Neskaupstað, 6. jan. 1938.
Stjórn Samvinnufélags útgerðarmanna
Ármann Magnússon. Benedikt Benediktsson. Ásmundur Guðmundsson.

182

11. Suður-Múlasýsla.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að á aðalfundi Kaupfélags Berufjarðar á Djúpavogi, sem haldinn var sunnudaginn 8. maí, var sú breyting gerð á samþykktum félagsins, að framvegis undirrita stjórnendur félagsins 3 saman firma félagsins.

Í stjórn félagsins eru:
Helgi Einarsson, Melrakkanesi, formaður.
Jón Stefánsson, Djúpavogi, varaformaður.
Þorfinnur Jóhannsson, Geithellum.
Hjálmar Guðmundsson, Fagra-Hvammi.
Ingólfur Gíslason, Djúpavogi.

Framkvæmdastjóri ritar firmað sem prókúruhafi þannig:
pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar
Jón Sigurðsson.
pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar
Jón Sigurðsson.

12. Vestmannaeyjar.

1. Samkv. tilkynningu til firmaskrárinnar er skrásett „Olíusamlag Vestmannaeyja", samlagsfélag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Heimili þess og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Tilgangur félagsins er að afla meðlimum sínum allskonar olíutegunda og hafa með höndum kaup og sölu á þeim, einnig til utanfélagsmanna. Lög félagsins eru dagsett 21. júlí 1937. Félagsmenn geta orðið allir eigendur og útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum og þeir aðrir þar, sem starfa með vélum og nota olíu. Stofnendur félagsins eru: Vilhjálmur Guðmundsson, Guðjón Hafliðason, Magnús Valtýsson, Stefán Björnsson, Jón Einarsson, Guðmundur Vigfússon, Runólfur Runólfsson, Halldór J. Einarsson, Vigfús Jónsson, Sigurður Ingimundarson, Ólafur Vigfússon, Vigfús Sigurðsson, Jón Guðjónsson, Gunnar M. Jónsson, Sigfús Scheving, Hannes Hansson, Ólafur Auðunsson, Eiríkur Ásbjörnsson, Kjartan Guðmundsson og Ástþór Matthíasson, allir útgerðarmenn til heimilis í Vestmannaeyjum. Stofnendur og félagsmenn, sem útgerðarmenn eru, greiða stofngjald kr. 40.00 fyrir brúttósmálest í vélbátum, er þeir eiga. Aðrir félagsmenn greiða stofngjald eftir því sem stjórn félagsins og félagsfundur ákveður. Ábyrgð félagsmanna takmarkast við stofntillag þeirra og sjóðaeign í félaginu. Tveir stjórnendur skuldbinda félagið, en samþykki félagsfunda þarf til sölu fasteigna. Í stjórn félagsins eru: Kjartan Guðmundsson, útgerðarmaður, Ástþór Matthíasson, verksmiðjueigandi og Ólafur Auðunsson, útgerðarmaður. Varastjórnendur: 1. Eiríkur Ásbjörnsson og 2. Hannes Hansson, útgerðarmenn. Tilkynningar til félagsmanna þarf ekki að birta í blöðum. Stofngjald félagsmanna, sem eru útgerðarmenn, greiðist árlega með 5% af lifrarinnleggi þeirra, þar til það er greitt að fullu.

Vestmannaeyjum, 10. des. 1937.
Olíusamlag Vestmannaeyja
Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

Stjórn félagsins, þeir Kjartan Guðmundsson, Ástþór Matthíasson og Ólafur Auðunsson, rita firmað þannig:
Olíusamlag Vestmannaeyja
Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

182 Kjartan Guðmundsson og Ástþór Matthíasson rita firmað þannig:
Olíusamlag Vestmannaeyja
Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson.
Kjartan Guðmundsson og Ólafur Auðunsson rita firmað þannig:
Olíusamlag Vestmannaeyja
Kjartan Guðmundsson. Ólafur Auðunsson.
Ástþór Matthíasson og Ólafur Auðunsson rita firmað þannig:
Olíusamlag Vestmannaeyja
Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að ég undirritaður, Einar Sigurðsson, Skólaveg 1, Vestmannaeyjum, rek frystihús hér í bænum undir firmanafninu „Hraðfrystistöð Vestmannaeyja". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita firmað þannig:
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja
Einar Sigurðsson.
Vestmannaeyjum, 16. febrúar 1938.
Einar Sigurðsson.

3. Samkvæmt tilkynningu til verzlunarskrár Vestmannaeyja er skrásett 29. apríl 1938 Neytendafélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Heimili og varnarþing Vestmannaeyjum. Dagsetning samþykkta 27. júlí 1936 og 25. febrúar 1938. Markmið félagsins er að útvega félagsmönnum allskonar vörur, sem beztar að gæðum og við sem vægustu verði, með pöntunarstarfsemi og rekstri sölubúðar eða sölubúða. Stjórn: Stjórnarformaður Steingrímur Benediktsson kennari, Hvítingaveg 6. Meðstjórnendur: Hjálmar Eiríksson forstjóri, Faxastíg 2. Herjólfur Guðjónsson verkstjóri, Einlandi. Jóhann V. Scheving, útvegsbóndi, Vilborgarstöðum. Pétur Lárusson fiskimatsmaður, Búastöðum. Framkvæmdastjóri: Guðlaugur Gíslason, Skólavegi 21. — Firmað rita þrír stjórnarmeðlimir og framkvæmdastjóri, sem hefir prókúru fyrir félagið. Er undirskriftum hagað þannig:
Neytendafélag Vestmannaeyja
Steingrímur Benediktsson. Hjálmar Eiríksson. Pétur Lárusson.
eða
Neytendafélag Vestmannaeyja
Steingrímur Benediktsson. Herjólfur Guðjónsson. Jóhann Scheving.
eða
Neytendafélag Vestmannaeyja
Hjálmar Eiríksson. Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson
eða
Neytendafélag Vestmannaeyja
Pétur Lárusson. Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson.
Prókúruhafi undirritar þannig:
pr. pr. Neytendafélag Vestmannaeyja
Guðlaugur Gíslason.
Félagsmenn bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Inntökugjald er 5 kr., sem rennur í stofnsjóð, ásamt 1% af viðskiptaveltu félagsins. Í varasjóð fer 1% af viðskiptaveltu félagsins. Félagið hefir útibú Skólaveg 21, undir stjórn sama framkvæmdastjóra.
Vestmannaeyjum, 22. apríl 1938.
Steingrímur Benediktsson. Hjálmar Eiríksson. Pétur Lárusson.
Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson.

13. Rangárvallasýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Rangárvallasýslu, að stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar, Arnarhvoli, skipa nú eftirtaldir menn:

Sigurþór Ólafsson, oddviti, Kollabæ, formaður.
Séra Sveinbjörn Högnason, Breiðabólsstað, varaformaður.
Guðjón Jónsson, bóndi, Tungu.
Jón Gíslason, oddviti, Ey, og
Valdimar Jónsson, bóndi, Álfhólum.
Arnarhvoli, 13. sept. 1938.
pr. pr. Kaupfélag Hallgeirseyjar
Ág. Einarsson.

14. Árnessýsla.

1. Samkvæmt tilkynningu til samvinnufélagaskrár Árnessýslu er Samlagsbú Gnúpverja í Stóru-Mástungu, Gnúpverjahreppi, hætt störfum og hefir verið strikað út af samvinnufélagaskrá.

2. Á aðalfundi Samvinnufélags Stokkseyringa 1. marz þ. á. gengu úr stjórn félagsins Helgi Sigurðsson og Nikulás Bjarnason. Var ákveðið, að stjórnin skyldi framvegis skipuð fimm mönnum, og hlutu kosningu Helgi Sigurðsson, Jón Þ. Ingimundarson, Ingimundur Jónsson og Jón Sv. Karlsson.

Stjórnina skipa nú: Helgi Sigurðsson, Sæbóli, formaður, Sigurður I. Gunnarsson, Götu, varaformaður, Jón Þ. Ingimundarson, Sólbakka, meðstj., Ingimundur Jónsson, Strönd, meðstj., og Jón Sv. Karlsson, Skálavík, meðstj.

15. Hafnarfjörður og Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar í Hafnarfirði, að á félagsslitafundi h/f „Belgaum", sem haldinn var í dag á skrifstofu Jes Zimsens, kaupmanns í Reykjavík, var lokauppgerð fyrir félagið lögð fram og samþykkt af öllum hluthöfum í félaginu og félaginu þar með slitið og undirritaðri félagsstjórn, er séð hefir um uppgerð félagsins, falið að tilkynna þetta.

Það skal tekið fram, að félagið hefir enga starfrækslu haft allt árið 1937.

Samkvæmt ofanrituðu ber að afmá félagið úr firmaskránni og auglýsa félagsslitin í Lögbirtingablaðinu.

Reykjavík, 10. des. 1937.
Jes Zimsen. Sveinn Sigurðsson. Hjalti Jónsson.

2. Á tveim fundum, sem haldnir voru í samvinnufélaginu „Björg" fimmtudaginn 13. október 1938, var samþykkt í einu hljóði að slíta félaginu.

Hafnarfirði, 15. okt. 1938.
F. h. s/f. „Björg"
Jón Halldórsson. Jóngeir D. Eirbekk.

182 3. Hér með tilkynnist, að ég undirrituð rek útgerð og verzlun með sjávarafurðir undir firmanafninu Guðmundur Þórðarson. Heimili og varnarþing er Gerðar í Gullbringusýslu. Ég ein ber ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Ég rita firmað þannig:

Guðmundur Þórðarson.
Ingibjörg Jónsdóttir.

Prókúru hefir Þórður Guðmundsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Guðmundur Þórðarson.
Þórður Guðmundsson.

Gerðum, 15. sept. 1938.

Ingibjörg Jónsdóttir.


183

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1938.

Skrás. 1938, nr. 1.

Tilkynnt 8. janúar 1938, kl. 12 á h., af Rafbylgjuofninum, iðnrekstur, Reykjavík, og skrásett 29. s. m.



Milli tveggja brotinna lína stendur orðið: RAF-BYLGJU-OFNINN og út frá orðinu á alla vegu eru átta brotnar örvar.

Merkið er skrásett fyrir rafmagnsofna og önnur raftæki.

Skrás. 1938, nr. 2.

Tilkynnt 21. janúar 1938, kl. 3 e. h., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Orðið:

ATO

Merkið er skrásett fyrir tilbúin blóm, prjónavörur allskonar, bursta, burstavörur, pensla, kamba, svampa, snyrtiáhöld, andlitsduft, andlitskrem, naglalakk, andlitsvötn og allskonar aðrar snyrtivörur, sápur allskonar, sápulög, lyf og allskonar lyfjavörur, kemiskar vörur og allskonar kemiskar samsetningar, hjúkrunargögn, sáraumbúðir, plástra, sótthreinsandi efni, málma, kítti, brons, garn allskonar, súkkulaði allskonar, konfekt, brjóstsykur, lakkrís, tóbaksvörur allskonar, lyftiduft, bökunardropa, eggjaduft og allskonar önnur bökunarefni, mjöltegundir allskonar, sykur, hunang, syrup, ávaxtamauk allskonar, gosdrykki, öl og aðrar drykkjarvörur, hármeðul, ilmvötn, og allskonar ilmefni, gúmmí og allskonar lím, málningu, fernis, umbúðir úr pappa, saum, gleraugu allar tegundir og gerðir, olíur, benzín, kerti, parafin, reiðhjól, blek, kornvörur allskonar, garn, tvinna, kaðal, smjörlíki, tólg, þurmjólk, sterkju, barnamjöl, kex, kökur, kaffibæti, te, marsipan, kryddvörur allskonar, edik, lýsi, skó-

svertu, gljávax, fægismyrsl, fægiduft, fægilög, baðlyf, serum, bréfspjöld, myndir, 183
pappír.

Ber að skoða orðið Ato sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1938, nr. 3.

Tilkynnt 5. febrúar 1938, kl. 10 f. h., af D. Ballantyne Brothers & Company, Limited, verksmiðjurekstur, Peebles, Skotlandi, og skrásett 23. s. m.

Orðið:

VIVASPORT

Merkið er skrásett í London 28. júlí 1937, 34. flokki, fyrir dúka og efni úr ull, kamgarnsspunninni, eða úr hári.

Skrás. 1938, nr. 4.

Tilkynnt 22. febrúar 1938, kl. 11 f. h., af Caterpillar Tractor Co., verksmiðjurekstur, San Leandre, Californíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. marz s. á.

Orðið:

CATERPILLAR

